# Landamerkjabók Árnessýslu
# [1883-1949]

№ 1.
Landamerkjabrjef

fyrir jörðunni Múla í Biskupstung[um]~~nahreppi~~ og kringumliggjandi jarða.

Á móti Austurhlíðarlandi ræður bein stefna úr litlum ós úr syðri Múla tjörn í stórann stein fyrir ofan háutorfu, úr þeim steini ræður bein stefna uppí Þvergilsbotna og svo í Keldu sem liggur milli Ringsháls og Pansara og upp í Stakksárbotna. Þaðan haldast mörkin á móts við Neðradalsland með Stakksá niður að eyrum og beina stefnu í Almenningsá, svo með Almenningsá þar til hún kemur í Túngufljót, rædur svo Fljótið mörkunum þar til H~~j~~oltakotaland tekur við og er þar hlaðin upp þúfa fyrir austan Nesholtin þaðan í Hól norðan til í Gamlar götur í nefndum holtum þaðan beina stefnu milli Lómatjarnar og Alptaflóða um Smalaskála austur í syðri Múlatjörn.

Þessu til staðfestu eru okkar nöfn undirskrifuð.

Múla 24 maí 1884

Anna Jónsdóttir ábúandi og eigandi jarðarinnar

Hjörtur Eyvindsson ábúandi á Austurhlíð

Eiríkur Eiríksson eigandi að Holtakotum

Páll Stefansson ábúandi á Neðradal.

Nº 2.
Landamerki

fyrir jörðunni Miðhúsum í Biskupstungum.

Frá vörðu sem stendur á Andarlæksbakka í Markarima, í þúfu á Ásnum við veginn. Þaðan að Lambhagalæk síðan ræður lækurinn að upptökum hans við jarðbrúna þar sem þjóðvegurinn er, þaðan í syðsta Gamla Hólinn svo í Blesá ~~þaðan í~~ og í Hrútána við upptök Seljamýrar.

Þau mörk aðskilja Miðhúsa og Brekkuland en á milli Úthlíðar og Miðhúsa úr vörðu sem er á Alsholtsenda þaðan beina leið Djáknaklett þaðan í vörðu á Fögrubrekku svo sjónhending framan til í Holtamannahóla í Kálfana móts við Arnarhól.

Miðhúsum þann 22 október 1883

fyrir hönd jarðareigandanna Björn Árnason, Magnús Halldósson, Guðmundur Eyjólfsson bændur í Miðhúsum.

Jón Kolín Þorsteinsson, Magnús Magnússon bændur á Úthlíð.

Jón Guðmundsson, Arni Þorvarðarson bændur á Brekku.

Nº 3.

Landamerkjabrjef

yfir jördina Brekku í Biskupstungum.

Á móti Miðhúsalandi við vördu hjá Andalæk yfir Markarima og beina stefnu að fremstu jarðbrúninni Lambhagalæknum, svo rædur hann að upptökum þar sem hann kemur undan Klöppinni við þjóðveginn þaðan beina stefnu í Blesá og í Hrútána við upptök Seljamýrarinnar svo ræður þar til hún fellur í Brúará fram í efra Vallarmynni þaðan beint í holma í Syðri Vallá fyrir ofan fremsta vaðið, þaðan beina stefnu í topt sem stendur fyrir framan Fullsæl, (þessi mörk frá Vallármynni að Fullsæl eru móti Efri Reykjum) svo ræður Fullsæll á móti tjörn að Grafarlækjarmótum svo móti Úthlíð Andarlækur að fyrgreindri vördu.

Staddir að Brekku 23 október 1883

fyrir hönd jarðeigandans Halldóra Brynjolfsdóttir, Hjörtur Eyvindsson, Árni Þorvardson, Jón Guðmundsson bændur á Brekku.

Magnús Halldórsson, Guðmundur Eyjólfsson bændur í Miðhúsum.

Vigfús Vigfússon bóndi á Efri Reykjum

Nº 4.
Landamerkjabrjef

fyrir jördina Efri Reyki í Biskupstungum, á móti Brekkum við Toptar rúst sem er að austanverdu við Fullsæl þaðan beina stefnu á hriggnum við Djúpasand og beina stefnu í fremsta hólmann í Sydri Vallá fyrir ofan fremsta vadið, þaðan beina stefnu í Ytri Vallarmynni við Brúará svo rædur Brúará þangað sem Fullsæll fellur í hana, svo rædur hann móti Sydri Reykjum að Sandlæk, svo rædur sami lækur móti Tjörn að fyrstgreindu Toptarbroti.

Þessum merkjum voru allir undirskrifadir samþykkir.

Staddir að Efri Reykjum 26 dag október 1883

Vigfús Vigfússon ábúandi á Efri Reykjum.

Jón Guðmundsson, Árni Þorvardsson bændur á Brekku

Hjörtur Eyvindsson sem mætti fyrir hönd eigenda Brekkunar

Nº 5.
Landamerkjabrjef

fyrir jörðunni Austurhlíð og hjál. Stritlu í Biskupstungum og kringumliggjandi jarda, samkvæmt yrkingu og þinglýstu lögfestubrjefi 4. júní 1840.

Á móti ~~A~~ Úthlíðarlandi ræður Sandfar það er rennur fyrir vestan Bjarnarvelli fram í Hnífagil fyrir vestan Breiðutungu og fram í Andarlæk, síðan ræður sá lækur fram að upptökum Stekkholtskeldu, sem rennur rjett fyrir nordan Stekkholtstún þaðan nefnd Kelda ræður suður í Arnarholtslæk, þaðan ræður sá lækur á moti Arnarholtslandi uppí Rústaflóð þaðan ræður lækurinn sem rennur norðan að því uppí Markaflóð, þaðan beina stefnu uppyfir það á móti Holtakotalandi og í Keldu er liggur upp úr því (Markaflóði), ræður sú kelda uppí litla ósinn í fremri Múlatjörnina, þaðan með nefndri tjörn að vestanverdu á móti Múlalandi upp að efri ósnum allt slægjuland, og bakkinn er kemur þar fyrir ofan uppað næsta ós, svo ræður bein stefna úr þeim ós uppí stórann stein einstakann fyrir ofann Háutorfu, úr þeim steini ræður bein stefna uppí Þvergilsbotnana og svo í keldu sem er á milli Byngshóls og Pansara og uppí Stakksárbotna. Þaðan stefnu á móti Neðradalslandi uppí Fögrulág, sem liggur ofan eptir heiðinni svo ur efri Fögrulágarbotni í framtána á Bjarnarfelli svo norður í Valahnúk eða Valagil, síðan stefnu úr því gili í áður nefnt Sandfar.

Þessu til staðfestingar eru undirskrifuð nöfn
16 desember 1883
Hjörtur Eyvindsson ábúandi í Austurhlíð
Jón Bjarnason ábúandi á Stritlu.
Magnús Magnússon og J. Kolín Þorsteinsson ábúendur í Úthlíð
Anna Jónsdóttir eigandi og ábúandi í Múla
Eiríkur Eiríksson eigandi að Holtakotum
Páll Stefánsson ábúandi í Neðradal

Nº 6.
Landamerkjabrjef

jarðarinnar Hóla í Biskupstungum.

Að suðvestan ræður landamerkjum Markagil frá Fljóti og austur Botn og úr Botni beint að vörðu í Lágumýri og þaðan beint í Steinsholt og svo þaðan inneptir og inn að Vörðu hjá Nígræðislæk við Skirvaðstorfu enda svo þaðan innað vörðu á Grjótöldu fyrir innan Nígræði vestur til við götur, svo ráða götur inn að Sandá og Sandá að norðan vestur í Sandárdrög að fyrstu upptökum hennar og svo beint fram fyrir vestan Brúntorfu fram að upptöku Ásbrandsár og svo ræður hún fram að Fljóti og Fljót fram að Markagili.

Holum 21 maí 1884
Þórður Þórðarson
fyrir Brattholt Tómas Tómasson,
fyrir Brú Guðni Runólfsson,
fyrir Kjóastaði Eigill Þorðarson og Steinn Jónsson,
fyrir Haukadal, Sigurður Pallsson

№ 7.

Þessi eru landamerki jarðarinnar Haukadals í Biskupstungum. Að norðan í Markagil fyrir framan Miðhlíð, úr Markagili í Lauga ræður hún svo fyrst suður eptir þar til hún rennur í Almennignsá sú á ræður eptir það fram í Fljót síðan Fljótið upp að Árbrandsá sú á ræður eptir það til upptaka. Síðan far það er rennur í hana úr Sandvatni fyrir norðan Árbrandshólma síðan Sandvatn, svo far það er í það rennur norður fyrir austur torfur svo beina línu að vestan við Torfurnar í skardið fyrir austan Sjónarhóla, þaðan í Sandfarið fyrir framan Hestabrekku austur í Markagilsbotn.

Haukadal 22 november 1883

Sigurður Pállsson

Framan og ofanskrifuðu landamerkjabrjefi erum við undirskrifaðir samþykkir.

Eigendur og ábúendur í Úthlíð Jón Kólín Þorsteinsson og M. Magnússon.

Fyrir hönd ómyndugra eigenda að jörðunni Helludal í Biskupstungnahreppi Halldór Halldórsson á Vatnsleysu.

Framan og ofanskrifuð landamerki samþykki jeg Páll Stefánsson Neðradal.

Framanskrifað landamerkjabrjef er jeg undirskrifaður samþykkur eigandi og ábúandi að Hólum. Þórður Þórðarson

№ 8.
Landamerki.

Jarðarinnar Hamra í Grímsneshreppi inna Árnessýslu eru þessi:

Að norðanverðu ræður frá Brúará Langatangagil úr því sjónhending um þufuna Syðrasmáholti í svonefnt Markagil fyrir ~~og~~ sunnan Kotholtsenda og þaðan beint vestur í austustu Flóðakeldu, síðan suður miðja Flóðakelduna til Helgalækjar, sem ræður til Slauku Hestlækjar og svo Slauka til Hvítáar, svo ræður að austan Hvítá og Brúará til áðurnefnds Langatangagils.

Samkvæmt samþykkt hlutaðeigenda á sáttafundi 26 júlí 1875 var áskýlið að jörðin Hamrar skyldi hafa frjálst og óátalið hellutak í svonefndum Hverakotsásum, en aftur skyldi jörðin Hverakot hafa að meðtaldri Laxanetalögninni við Langatanga er við skipti nefndann dag, fjell í hennar hlut, fá í viðbót laxanetalagnir við Brúará að rjettri tiltölu við jarðarmagn eða ¼ hluta á móts við Hamrana.

Þessi landamerki sem eru undirskrifuð af eigendum og umráðamönnum Hamra og allra kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn

Hömrum 16 maí 1884

Þorkell Jónsson Ormsstöðum

Halldór Sigurðsson eigandi Hverakotsins

Guðmundur Jónsson, Loftur Gíslason, Guðrún Sigurðardóttir eigendur Vatnsnesins.

Nº 9.
Landamerki.

Jarðarinnar Vatnsness í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Hestlækur sem öðru nafni nefnt Slauka ræður að ofanverðu að upptökum hins gamla farvegs svo ræður farvegurinn til Hvítáar fyrir austan Hestfjall, svo Hvítá í garð þann sem liggur frá ánni uppundir klettabrún, þaðan sjónhendingu vestur í Þreingslahól við Hestvatn svo ræður Hestvatn til áðurnefnds Hestlækjar.

Þessi landamerki sem eru undirskrifuð af eigendum Vatnsness og eigendum og umráðamönnum kringumliggjandi jarða skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn

Vatnsnesi 20 maí 1884

Loftur Gíslason, Guðrún Sigurðardóttir

Einar Einarsson fyrir Gíslastaði,

Þorkell Jónsson fyrir Ormstaði,

Guðmundur Jónsson fyrir Hamra.

№ 10.
Landamerki

jarðarinnar Ormsstaða í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Slauka, öðru nafni Hestlækur, sem rennur úr Hestvatni, fyrir austan eyrar, ræður að Helgalækjarminni þaðan til norðurs Helgalækur og svo austasta flóðakeldan í efsta botn á Volgaflóði, úr miðjum þeim flóðbotni áframhaldandi bein stefna um þúfu, sem skal hlaðast upp á ásunum þar norður af í Hornmarkssteininn í Litla-Kláfsholti, þaðan vestur í þúfu á Faxholti og áframhaldandi bein stefna í keldu sem rennur fyrir austan Engjarlækjartungu, og skal þar þúfu uppsetja, svo ræður nefnd kelda til Engjalækjar, Engjalækur til Grjótar og Grjótá til Hestvatns.

Þessi landamerki sem eru undirskrifuð af eigendum Ormsstaða og allra eigenda kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Ormsstöðum 22 ágúst 1883

Þorkell Jónsson, Hallgerður Egilsdóttir,

Guðrún Sigurðardóttir Eyvík.

Loftur Gíslason Vatnsnesi.

Magnús Magnússon Stærri Bæ

Guðmundur Jónsson fyrir Hamra

Kolbeinn Sigurðsson eigandi að Hverakoti.

Nº 11.

Landamerki

Svokallaðrar Hamratungu~~r~~ í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Að vestan ræður hinn gamli Farvegur, þá Hvítá austan við Hestfjall, norður í Hestlæk, sem svo ræður austur í Hvítá, og svo Hvítá til mynnisins á áðurnefndum Farvegi.

Til staðfestu undirskrifuðum vjer eigendur þessa landstykkis og hlutaðeigendur kringumliggjandi jarða.

Vatnsnesi og Gíslastöðum 20 maí 1884.

Loptur Gíslason, Einar Einarsson

Guðmundur Jónsson, Þorkell Jónsson vegna Hamra.

№ 12.
Landamerki

jarðarinnar Gíslastaða í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Úr Þreingslahól vestur við Hestvatn sjónhending austur í garð þann sem liggur austur í Hestfjalli að Hvítá, svo ræður Hvítá suður að Bleikhólahól við ána, þaðan sjónhending norður yfir Hestfjall í vörðu á vestur brún fjalsins, sem hlaðin er á jarðfasta hellu og á helluna klappað ártalið 1851, frá vörðunni afram haldandi bein stefna í Feldarvik í Hestvatni, svo ræður Hestvatn til aður nefnds Þreingslahóls.

Þessi landamerki sem eru undirskrifuð af eiganda Gíslastaða og kringumliggjandi jarða skulu vera oraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn

Gíslastöðum 20 maí 1884

Einar Einarsson, Loftur Gíslason,

Guðrún Sigurðardóttir fyrir Vatnsnes.

Nº 13.

Landamerki

jarðarinnar Kaldarhöfða í Grímsneshreppi eru þessi:

Að norðarnverðu í miðjan Sprænutanga hinn háa og þaðan beina stefnu í gil það í Driptinni er Stóra skriða kemur úr; verður þá línan sunnan til við svokallaða Brík, sem er á Miðfellslandi og norðan til við Hraunskignir, sem er í Kaldárhöfðalandi, svo úr Stóruskriðugili beina stefnu í miðborgina í Þrasaborgum. En að sunnanverðu, úr Stapanum miðjum norðanvert við Dæluna beina stefnu í há Moldásarenda vestri og ræður Moldás upp hjá stórum steini (Dagmálasteini) sjónhending norðan til við Kaplamýri í steina tvo sem eru vestan til í brúninni á Brúarskignir og þaðan beina stefnu í áðurnefnda Þrasaborg.

Fyrir jörð þessa sem er eign Grímsneshrepps, samþykkjast þessi landamerki af hreppsnefndinni.

Grímsneshreppsnefnd 3 maí 1884

Gunnlaugur Þorsteinsson

Þorkell Jónsson, E. Sigfússon, Bjarni Ögmundsson, Jón Ásmundsson, T. Guðbrandsson, S. Halldórsson.

Samþykkt af eigendum og umráðamönnum jarðanna Efri Brú og Miðfells, sem eiga land gagnvart ofan nefndri jörð.

Efri brún og Miðfell þann 21 maí 1884

Hannes Guðmundsson, Jón Guðmundsson, Pjetur Guðmundsson

Nº 14.
Landamerki

jarðarinnar Búrfells í Grímsnesi innan Árnessýslu eru:

Um þúfu í Þrengslás (sem skal endurbyggjast) bein stefna norður í há Grensás og aframhaldandi bein stefna í stein þann sem stendur á Nónhólataglinu, svo í klett þann sem stendur austan undir Tjarnarhólum og nefndur er „Hestur“. Þaðan í Gildruhólinn, svo í Hnífhól, þaðan bein stefna um Sauðadalinn í Gilfarveg, sem liggur niður úr Búrfellsfjalli úr vatninu á Vatnsásnum. Úr Vatnsásnum áframhaldandi bein stefna í vestur Gilklofann sem liggur ofan úr norðari Búrfellsfjallsenda vestur að austari brún á Búrfellshálsi, þaðan yfir Búrfellsdal upp eptir Lingdalsheiði Klapparhólinn við efri Beinugrófarenda, og þaðan í Þrasaborgir, þaðan aptur til suðurs í Markagil sem liggur vestan við Lingbrekku, þaðan bein stefna í norðurendann á Grænugróf, svo eptir miðri Grænugróf og þaðan í Berjaholtalæk, svo ræður hann til Búrfellslækjar, svo ræður hann (Búrfellslækur) til áðurnefnds Þrengsla-áss.

Hér að auki tilheyrir jörð þessari svokallaður „Hólmi“ fyrir sunnan Búrfellslæk, sem er afmarkaður í suðursíðuna með gömlum lækjarfarveg.

Þarað auki á jörðin skógarítak í Miðengislandi sem liggur innan þeirra ummerkja er nú skal greina: Frá kirkjuvaðinu á Búrfellslæk suður vestari kirkjugötuna suður á hraunbrún, svo ræður brúnin til landnorðurs í Kálfshóla, þaðan bein stefna norður í Búrfellslæk.

Þar á móti á jörðin Miðengi slægjuítak, sem kallað er „Ítala“ sem er þríhyrnd spilda siðst við Burfellslæk, sem takmarkist að austanverðu af litlum farveg sem liggur til vesturs, þvert yfir lækjarbakkann, og þaðan ræður bein stefna vestur í klett í hrauninu.

Landamerki þessi sem eru samþykkt og undirskrifuð af eiganda téðrar jarðar og öllum umráðamönnum kringumliggjandi jarða, skulu héðan í frá óröskuð standa.

Búrfelli 20. okt. 1884.

Magnús Sæmundsson eigandi Búrfellstorfunnar.

Ó. Guðmundsson bónda Ásgarði.

Þorkell Ásmundss. bóndi Ásgarði.

Jón Guðmundsson bóndi Efribrú.

Guðm. Jónsson bóndi Miðengi.

Hróbjartur Þorsteinss. bóndi Hæðarenda.

Steinunn B. Melsted á Klausturhólum.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. juni 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 15.
Landamerki

jarðarinnar Þóroddsstaða í Grímsneshr. innan Árnessýslu eru þessi:

Að norðanverðu úr Morulækjarminni vestan í þúfu á norðasta Tjaldhól, þaðan beina stefnu í þúfu á mið Hofmannahól, þaðan áfram haldandi stefnu um Melhól í þúfu norðast í syðstu Lingdalshæð beint í hornmark millum Klausturhóla og Neðra-Apavatns. Að austan og sunnan ræður Stangarlækur útí Áttungslækjarminni, þaðan bein stefna útí syðstu þúfu á Stelpuhæð, þaðan sjónhending í opinn Lingdalslæk fyrir austan Lingdal, þaðan bein stefna í áðurnefnt hornmark.

Þessi skráðu landamerki sem eru undirskrifuð af eiganda Þóroddsstaða og eigendum og umráðamönnum allra kringum liggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Þóroddsstöðum 15 maí 1885.

Árni Guðmundsson.

Guðm. Guðmundss.

Guðj. Vigfússon.

Jónas Sigvaldason.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 16.
Landamerki

jarðarinnar Kringlu í Grímsneshr. innan Árnessýslu eru þessi:

Úr hornmarksteininum á Litla Kálfsholti til þvernorðurs sjónhending um þúfu á Smalaskálaholti í hornmarksþúfu sunnan til í Svínholti; þaðan beint til austur landnorðurs í þúfu við Mógilsbotna; svo ræður gilið millum Kringlu og Bjarnastaða austur í Brúará, svo Brúará að Djúpármynni, svo ræður Djúpá til efsta botns hennar, þaðan í stein austur á Steinholtabrún, sem járnbolti er blísteiptur í; þaðan sjónhending að áðurnefndum hornmarksstein í Litla Kálfsholti.

Þessi landamerki sem eru undirskrifuð af eigendum og umboðsmönnum jarðarinnar Kringlu og allra kringum liggjandi jarða, skulu standa óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Kringlu 21 maí 1885.

umboðsmaður eiganda Þorkell Jónsson.

eigandi að Hverakoti Kolbeinn Sigurðsson.

vegna jarðarinnar Bjarnast. Jón Jónsson

vegna Stærrabæjar Hinrik Magnússon

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 17.
Landamerki

jarðarinnar Arnarbælis með hjál. Mýrarkoti – í Grímsneshr. í Árnessýslu.

Hornmark: Rústin austanvert við Heiðrimakeldu í suður frá Oddholtsmúla; þaðan sjónhending vestur í Héðinslækjarbotna, svo ræður Héðinslækur til Höskuldslækjar sem svo ræður til Hvítár. En á austurhliðina ræður frá ofannefndri Rúst Heiðrimakelda suður að Þverkeldu sem rennur í hana úr Galtartjörn; frá upptökum þeirrar þverkeldu beint í þúfu í hólma á nefndri tjörn; þaðan beint í opið á keldu, sem rennur suður og suðvestur úr úr tjörninni, og ræður keldan í Rauðkolluflóð, þaðan sjónhending í þúfu syðst á Langholtsenda og áframhaldandi bein stefna í Þúfu á Markholti, þaðan í botninn á Markakeldu, sem ræður til Hvítár, sem svo ræður að áðurnefndum Höskuldslæk.

Þessi landamerki gilda um aldur og æfi, og staðfest með undirskriftum eiganda og umráðamanna Arnarbælis og Mýrarkots, samt kringumliggjandi jarða.

Gjört í maímánuði árið 1884.

Eyjólfur Jónsson prestur á Mosfelli

Þorkell Jónsson, Sigurður Jónsson. Fyrir Mýrark.

Kolbeinn Sigurðsson. Fyrir Gölt.

Jón Asmundsson. Fyrir Stóruborg.

Guðrún Þórðardóttir fyrir Brjánstaði.

Guðrún Ólafsdóttir fyrir Hraunkot.

Eggert Einarsson fyrir Vaðnes.

Bjarni Ögmundss. Guðm. Þorsteinss. fyrir Arnarbæli.

Gunnl. Þorsteinsson fyrir Kiðjaberg.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 18.

Landamerki

jarðanna Reykjanes og Þorsteinsstaða í Grímsneshr. innan Árnessýslu eru þessi

Að sunnanverðu úr Þúfu sunnan við Keldudalsholt við Brúará; þaðan til norðurs sjónhending um Þúfu fyrir sunnan Syðrigróf, í Þúfu fyrir sunnan Nyrðrigróf sem verður hornmark Reykjaness og Minnamosfells við hliðarlínu jarðarinnar Þorisstaði; þaðan til landnorðurs sjónhending um hornmarksþúfu Stóramosfells og Minnamosfells-á-Litlu-holti í upptökin á Kaldos, svo ræður Kaldós til Brúarár, og Brúará að fyrstnefndri Þúfu, sem er millummark Reykjanes og Þórisstaða.

Þessi framanskráðu landamerki sem eru undirskrifuð af eigendum og umboðsmönnum jarðanna Reykjanes og Þorsteinsstaða og allra kringumliggjandi jarða skulu standa óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undriskrifuð nöfn.

Reykjanesi og Þorsteinsstöðum 18. maí 1885.

Jónas Sigvaldason, Guðjón Finnsson, Þorst. Jónsson

vegna jarðarinnar Þórisstaða. Þorkell Jónsson, Guðm. Jónsson.

Vegna Stóramosfells. St. Stefánsson.

Vegna Minnamosfells. Arnór Jónsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 19.
Landamerki

jarðarinnar Þórisstaða í Grímsneshr. innan Árnessýslu eru þessi:

Að austan og norðan, úr Þúfu við Brúará sunnan við Keldudalsholt, sjónhending um Þúfu fyrir sunnan Syðri Mýrargróf í Þúfu á næstu hæð þar norðar, sem er og hornmark Reykjaness og Minnamosfells; þaðan beint í Kvennagönguhól, við brúarvaðið á Mosfellsgili; svo ræður gilið vestur í Giljabotna; þaðan sjón hending í stórann stein norðast á Steinsholti, þaðan beint í miðju á Flókalækjarflóðinu; svo ræður Flókalækur til Stangarlækjar; svo Stangarlækur að Skálalækjarmynni, hvar Þúfu skal uppsetja; úr þeirri þúfu að vestan og sunnan sjónhending um Þúfu á Markahryggjum í Þúfu syðst á Steinsholti og aframhaldandi stefnu í Þúfu sunnarl. á Tjarnarholti. Þaðan beint um Þúfu fyrir sunnan Kirkjugötu í Tunguoddanum sem skérst á millum Þvergilsins og Bjarnarstaðagils. Svo ræður Bjarnastaðagil austur að Melhala við Kéldudal, þaðan beint um stein sem liggur í Kéldudal að Brúará, sem ræður að fyrstnefndri Þúfu, sem er millimark Þórisstaða og Reykjaness. – Þessi framanrituðu landamerki sem eru undirskrifuð af eigendum og umboðsmönnum Þórisstaða og allra kringumliggjandi jarða, skulu standa óröskuð um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Þórisstöðum 18. maí 1885.

Þorkell Jónsson, Guðm. Jónsson, Jón Jóhannsson.

Vegna Reykjaness og Þorsteinsstaða. Jónas Sigvaldason, Guðjón Finnsson, Þorst. Jónsson.

Vegna Minnamosfells. Arnór Jónsson.

Vegna Bjarnastaða Jón Jónsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 20.
Landamerki

jarðarinnar Minnibæjar í Grímsneshr. innan Árnessýslu eru þessi:

Úr hornmarksþúfu Minnibæjar og Eyvíkur við Stærribæjargil. Þaðan vestur beint í þúfu syðst á Selholti, þaðan sjónhending norður um þúfu efst á sama holti um þúfu við botninn á Markalág í hornmarkþúfu (við Stærribæjargil; svo ræður gilið til fyrstnefndrar hornmarksþúfu), á Smámýrarhæð; þaðan til austurs sjónhending um mörkin á tunum Minnibæjar og Stærribæjar, og þar beint í Þúfu við Stærribæjargil; svo ræður gilið til fyrstnefndrar Hornmarksþúfu. Þessi landamerki sem eru undirskrifuð af öllum eigendum og umboðsmönnum jarðarinnar Minnibæ og allra kringum liggjandi jarða skulu standa óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Minnibæ 21. maí 1885.

Bjarni Jörgensson, Jörgen Jörgensson, Þorkell Jónsson.

Eigandi Eyrvíkur. Jóhannes Einarsson.

Eigandi Brjanstaða Guðrún Þórðardóttir.

Vegna Stærribæjar: Hinrik Magnússon.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 21.
Landamerki

jarðarinnar Foss í Grímsneshr. innan Árnessýslu eru þessi:
Úr Arnarhreisi – sem er hornmark millum Hraunkots, Klausturhóla og Foss – til landnorðurs sjónhending Markakeldu við Engjalæk svo ræður Engjalækur til Höskuldslækjar og Höskuldslækur gagnvart Þúfu fyrir sunnan svonefndann Krók á móti norðurhorni á Stóruborgar-tungusporði; svo úr nefndri Þúfu bein stefna til suðvesturs vestur Hryggi yfir Borgardal í áðurnefnt hornmark, (Arnarhreisi) og skulu nú glögg hliðarmerki upphlaðast, sem sjáist hvort frá öðru, frá nefndu hornmarki á hliðarlínunum. – Þessi landamerki sem eru undirskrifuð af eigendum og umráðamönnum jarðarinnar Foss og allra kringum liggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.
Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.
Fossi 12. maí 1885.
Vegna Ingunnar Jónsdóttir: Þorkell Jónsson
Vegna Hraunkots Guðrún Ólafsdóttir, Jón Þorsteinsson.

Þar eð ég álít ofanskrifuð mörk samhljóða markabréf fyrir Klausturhólum dags. 20. júní 1830, samþykki ég mörkin.
St. Stefensen.
Vegna Stóruborgar Jón Ásmundsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 22.
Landamerki

jarðarinnar Stærribæjar í Grímsneshr. innan Árnessýslu, eru þessi:

Úr Hornmarkssteininum í Litla-Kláfholti til hávesturs sjónhending um Þúfuna á Farholti í upphlaðna Þúfu við kelduna austur við Stærribæjartungu; svo ræður keldan til Engjalækjar og Engjalækur til Stærribæjargils; svo til hálandnorðurs ræður Gilið upp fyrir Stórþúfnanes; þar að vestanverðu við gilið skal Þúfu uppsetja, þaðan beint til hánorðurs um túnmörkin millum Stærri- og Minnibæjar áframhaldandi bein stefna í Hornmarksþúfu á Smánúrarhæð, þaðan beint í þúfu á Brjámstaða-smalaskála sjónhending í Miðþúfu á Markahryggjum, sem er hornmark að vestan; þaðan sjónhending til austurs um efsta Grófarhöfðann í syðstu Markaþúfu á Svínholti; þaðan bein stefna um þúfu á Smalaskálaholti í fyrstnefndann Hornmarksstein á Litla-Kláfsholti. – Þessi framanskráðu landamerki sem eru samþykkt og undirskrifuð af eigendum og umboðsmönnum jarðarinnar Stærribæjar og allra kringumliggjandi jarða, skulu standa óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Stærribæ 2. júní 1885.

Jósep Sveinsson, Hinrik Magnússon

Vegna Ormsstaða. Þorkell Jónsson

Vegna Minnibæjar Bjarni Jörgensson, Jörg. Jörgensson, Þorkell Jónsson.

Vegna Bjarkar og Svínavatns Jónas Sigvaldason, Magnús Sæmundsson.

Vegna Kringlu. Þorkell Jónsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 23.
Landamerki

jarðarinnar Svínavatns í Grímsnesi innan Árnessýslu, eru þessi:

Þúfan framarlega á Svínholti hornmark, beint frá henni í þúfuna á Efstagrófarhöfða, beint frá henni í [mið] Þúfuna á Markahryggnum, bein stefna frá henni í Þúfuna á Stelpuhæð, frá henni beint í Gilmynnið sem fellur í Stangarlæk, svo ræður Stangarlækur austur þangað sem Skolalækurinn rennur í hann, svo beint úr Skolalækjarmynni fremra í áðurnefnt hornmark – Þúfuna framarl. í Svínholti. Þessi skráðu landamerki sem eru undirskrifuð af eiganda jarðarinnar Svínavatns og eigendum og umráðamönnum allra kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi. – Til staðfestu okkar undirskrifuðu nöfn.

Svínavatni 15. maí 1885.

Guðm. Guðmundsson.

Magnús Sæmundss.

Hinrik Magnússon.

Árni Guðmundsson.

Jónas Sigvaldason.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 24.
Landamerki

jarðarinnar Úteyjar í Grímsneshr. innan Árnessýslu eru þessi:

Frá Markós við Apavatn, ræður Apavatn að Grafarós. Þaðan ráða Djúpin ut að Sogum og Sogin norður að Djúpá, þaðan ræður Djúpá í Laugarvatns-vatn og vatnið að Hólaármynni og svo Hólaá austur á móts við Álptarós, þaðan bein stefna suður á áðurnefndann Markós. Þessi landamerki sem eru undirskrifuð af ábúendum jarðarinnar Úteyjar og öllum eigendum og umráðamönnum kringum liggjandi jarða skulu ver óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Útey 18. juní 1884.

Sigurður Sigurðsson.

Eiríkur Eyvindsson.

Þorst. Þorsteinsson frá Eyvindartungu.

Guðni Tómasson

Erl. Einarsson.

Eigendur ofanskrifaðrar jarðar, eru að nokkru leiti born Skafta sál. Skaftasonar og ég sem umráða- og eignarmaður að nokkrum hluta hennar.

Reykjavík 5. júlí 1884.

Einar Jónsson, trésmiður.

Þessi landamerki eru rétt tilfærð og borin undir kringumliggjandi jarða ábúendum og eru þeir samþykkir.

Laugardalshólum 7. maí 1885.

Grímur Jónsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 25.

Landamerki

jarðarinnar Eyvík í Grímsneshr. innan Árnessýslu eru þessi:

Úr Hestvatni að vestanverðu ræður Galtarlækur og úr honum Heiðrimakelda norður í Rúst, úr téðri Rúst beina stefnu í Markaþúfu í Eystra-Selholti sem upphlaðin skal verða, þaðan beina stefnu austur í Grjótá, í vörðu sem þar skal upphlaðin, sunnantil við Markakeldumynni; frá síðastgreindu marki ræður Grjótá til Hestsvatns, og Hestvatn til Galtarlæks.

Til staðfestu er undirskrifað nafn eiganda, og þeirra sem lönd liggja að.

Eyvík 22 maí 1885.

Guðrún Sigurðardóttir.

Guðrún Þórðardóttir Brjanstöðum.

Kolbeinn Sigurðsson Gölt.

Þorkell Jónsson Ormsstöðum.

Vegna Myrarkots St. Stefánsson, Þorkell Jónsson.

Vegna Minnibæjar Bjarni Jörgenson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 26.
Landamerki

Brjamstaða eru sem eptirfylgir:

Í Þúfuna á Markarimanum, þaðan bein lína í svonefndann Tíðhól, þaðan beina stefnu í Hól norðanvert við Úlfsteinshæðina, þaðan beina línu í Þúfuna á há Brjamstaðasmalaskála, þaðan í eystri Þúfuna á Smámýrarbotnum, þaðan beina leið eptir Markalautinni í Þúfuna fremst á eystri Selholtinu, þaðan beint í Markarústina austan við Heiðrimakelduna, þaðan með keldunni í dý fyrir austan Héðinslækjarbotninn, þaðan beina stefnu eptir miðri Margróf í Nýgræða-Þúfuna austan á Oddsholti, þaðan beina línu í fyrnefnda Markarimaþúfu. – Þessi landamerki eru þau elztu og vissustu, sem núlifandi menn þekkja, og samþykkt og undirskrifuð af öllum hlutaðeigöndum, og skulu því haldast um aldur og æfi.

Brjamstöðum 22. maí 1885.
Guðrún Þórðardóttir.
Ásmundur Þorgilsson Minniborg.
Guðrún Sigurðardóttir Eyvík.
Brynjólfur Eyjolfsson Stærribæ.
Magnús Magnússon s.st.
Bjarni Jörgensson Minnibæ.
Þorkell Jónsson.
Eyjólfur Þorleifsson Mýrarkoti.
Bjarni Ögmundss. fyrir Arnarbæli.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 27.
Landamerki

jarðarinnar Hraunkots í Grímsneshr. innan Árnessýslu, eru þessi:

Að norðanverðu, úr Arnarhreisi, sem er hornmark sjonhending til austurs, um Þúfu á vestri brúninni við Borgardal í Þúfu á Hryggjum fyrir norðan Stekkjarhraun og aframhaldandi bein stefna í þúfu fyrir sunnan Krók við Höskuldslæk gagnvart vesturhorni á Stóruborgartungusporði; svo ræður Höskuldslækur til Torfavaðs, þar norður af skal Vörðu uppsetja, úr þeirri vörðu til úthánorðurs sjónhending um Þúfu á Laungumýrarhæð, um vörðu í hrauninu í sömu stefnu beint í upphlaðna Vörðu á Fossleiti; þaðan til austlandnorðurs í áðurnefnt Arnarhreisi.

Þessi framanskráðu landamerki, sem eru samþykkt og undirskrifuð af eiganda jarðarinnar Hraunkots og öllum eigendum og umráðamönnum kringumliggjandi jarða, skulu standa óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Hraunkoti 2. júní 1885.

Guðrún Ólafsdóttir.

Vegna Vaðnes Eggert Einarsson.

Vegna Foss Jón Þorsteinsson, Þorkell Jónsson.

Vegna Arnarbælis og Mýrarkots Bjarni Ögmundsson, Þorkell Jonsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 28

Landamerki

jarðarinnar Hæðarenda eru:

Frá syðstu hæðinni á Þrasaborgum beina stefnu í Nýpuhól austast í Lingbrekkum, þaðan í Galgagil, og eptir þeim vatnsfarveg sem úr því er niður í Bauluvatn, þá eptir læknum sem úr því rennur (Hæðarendalæk) heilt af út fyrir Kálfshóla, þaðan eptir gömlu lækjarfari, sem byrjar við lækinn, að sunnanverðu og eptir því út í Búrfellslæk, þá eptir honum uppað gömlu lækjarfari að sunnanverðu við lækinn og eptir því þar til það liggur aptur að læknum, og þá eptir læknum aptur uppað lækjarmótum, þaðan eptir vestri læknum sem nefndur er Berjaholtalækur, eptir honum til enda, og þá eptir vatnsfarveg uppaf honum uppí Grængróf, eptir henni miðri til enda, þaðan beint á fyrstnefndan stað við Þrasaborgir.

Hæðarenda 24. maí 1885.

Hróbjartur Þorsteinsson.

Guðm. Jonsson Miðengi.

St.B. Melsted Klausturhólum.

Magnús Sæmundsson Búrfelli.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 29.
Lýsing

á landamerkjum kringum Helgastaða landseign í Biskupstungnahr. í Árnessýslu.

Fyrst hornmark í Stöðuvatni uppá Vörðufelli og ur Vatninu í Birnistaðaskignir, sem er hliðarmark á fyrgreindri jörðu, en hornmark frá Álfsstöðum, og úr Skignir í Valagilsgljúfur, og ur því í Hornmarksvörðu, sem er hornmark milli 4ra jarða: Helgastaða, Eiríksbakka, Ósbakka og Álfsstaða, og úr Hornmarksvörðu beina línu og í Merkjavörðu með 2ur merkjum á milli Hornmerkjavarða, sem er hornmark milli Helgastaða og Eiríksbakka, en hliðar mark frá Yðu, og úr Merkjavörðu beina línu í Merkjagilsgljúfur, og úr Markagilsgljúfri í Vörðu við Miðmundatjarnir og úr henni beina línu í Markás, og úr Markás í áður nefnt Stöðuvatn. Þetta eru þau réttustu mörk er við undirskrifaðir tilvitum að hafi verið. – Ofanskrifuð landamerki höfum við samþykkt.

Helgastöðum 20. maí 1885.

Eiríkur Jóhannsson ábúandi, umboðsmaður og eigandi að nokkrum deil.

Grímur Guðmundsson á Helgast. ábúandi.

Jón Magnússon, Einar Jónsson ábúendur á Álfsstöðum.

Lýður Þórðarson bóndi á Eiríksbakka.

Þorbjörg Jónsdóttir eigandi og ábúandi Osabakka

Guðm. Guðmundsson Yðu (ábúandi og eigandi að nokkrum deil)

Sigm. Friðrikss. (eigandi og ábúandi)

Ófeigur Ófeigsson Fjalli (ábúandi og eigandi að deil).

Jón Árnason Fjalli ábúandi.

[Ritað á spássíu] Þingl. 8. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 30.
Landamerki

fyrir jörðina Brattholt í Biskupstungum:

Að sunnan ræður landamerkjum, móts við Gýgjarhólsland, Launfitargil við Hvítá, og beint úr því vestur yfir Gýgjarhólsfjall í Vörðu sem stendur á fjallsbruninni, ur þeirri vörðu beint í Vörðu hjá jarðfalli fyrir sunnan Grafkeldu, og beint í vörðu við Gegnir, svo ræður lækur móts við Kjóastaðaland upp að botni, og þaðan ræður sjónhending upp í Steinsholt, og þaðan ræður sjónhending í Vörðu hjá Nýgræðislæk við Torfuenda, og þaðan beint í vorðu á Grjótöldu fyrir innan Nýgræði gagnvart Hólum og þaðan beint austur í Brattholtsgilsbotna, svo ræður Gilið austur í Hvítá, svo ræður Hvítá að austan fram að Launfitargili gagnvart Bræðratungu.

Brattholti 4. júní 1885.

Tómas Tómasson (ábúandi og eigandi jarðarinnar)

Ábúandi og eigandi Þórður Þórðarson Hólum.

Ábúandi og eigandi Sveinn Jonsson Kjóastöðum.

Ábúandi og eigandi Egill Þórðarson s.st.

Ábúandi og eigandi Guðm. Guðmundss. Gýgjarhóli.

Ábúandi Guðm. Pálsson Gýgjarhólskoti.

[Ritað á spássíu] Þingl. 8. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 31.
Landamerki

Stórafljóts í Biskupstungum:

Að Stórafljótslandi liggja þessi lönd:

1. Litlafljótsland; þar á milli ræður merkjum Mynni á keldu einni sem rennur í Flókatjörn, þaðan sjónhending í Vörðu eina í sundinu fyrir vestan svonefndann Borgarós, þaðan sjónhending í stórann Stein vestanvert við Stórafljótstún; þaðan sjónhending í Vörðu sem stendur á melunum fyrir vestan sama tún, þaðan í Vörðu hjá Moshóli, þaðan í Vörðu á Birtingarholti, þaðan í vörðu á Kistuholti, þaðan beina stefnu niður í Tungufljót, þar skal Vörðu hlaða, þaðan ræður fljótið merkjum til þess er við tekur.

2. Fellsland; þar á milli ræður merkjum Fellsgil, allt að upptökum þess; þaðan frá upptökum gilsins, – sjónhending um hólma í tjörninni – í Vörðu (hornmark) á Brattholti, þaðan í Vörðu á miðju Skipholtinu innra, þaðan í Vörðu sem stendur við Vatnsker við Flókatjörn.

Stórafljóti 6. júní 1885.

Guðm. Jónsson eigandi jarðarinnar.

Þessi landamerki samþykkjum við:

Arnfinnur Sveinsson ~~fyrir Fell~~ Litla-Fljót.

Pétur Einarsson fyrir Fell (sem eigandi ½ jarðarinnar)

Þórarinn Jónsson bóndi á Kervatnsstöðum.

Eiríkur Eiríksson Miklholti fyrir hönd jarðareiganda Kervatnsstaða.

[Ritað á spássíu] Þingl. 8. juní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 32
Landamerkjabréf

jarðarinnar Brúar í Biskupstungum:

Brúarlækur ræður framan frá Fljóti að sunnanverðu allt að upptökum hans hjá Vörðu efst í Skammakeldu, og þaðan beint að Vörðu í Lágumýri, og þaðan beint vestur í Markagilsbotn; svo ræður Markagil vestur að Fljóti og Fljótið fram að Brúarlæk. Hólmar sem eru í Fljótinu móts við Brúarland teljist eign jarðarinnar, og nefnast Brúar- og Vaðhólmar.

Brú 5. júní 1885.

Guðm. Runólfsson bóndi.

Þórður Þórðarson Hólum.

Sveinn Jónsson ábúandi og eigandi Kjóastaða.

Egill Þórðarson ábúandi og eigandi Kjóastaða.

Sigurður Pálsson ábúandi Haukadals.

[Ritað á spássíu] Þingl. 8. juní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 33.
Landamerki

fyrir jörðinni Einholti í Biskupstungum eru þessi:

Fyrst Blótpollur, og þaðan beina stefnu í Vörðu sem stendur á brúninni við Kálfholtshvamm (móti Gýgjarhóli). Þá ræður Hvítá niður að Markasteini, þaðan ræður stefna í Markabakka, þaðan stefna í Melgil norðan undir Réttatorfu (móti Drumboddsstöðum), þá ræður Tungufljót uppað Kjarnholtanessporði, þá ræður Einholtslækur uppað Blótpolli (moti Kjarnholtum).

Einholti 28. maí 1885.

Halldór Jónsson ábúandi.

Þórarinn Þórarinsson, Jón Þorsteinsson ábúendur Drumboddsstaða.

Guðm. Guðnason eigandi og ábúandi á Gygjarhóli.

Guðm. Pálsson ábúandi Gýgjarhólskoti.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 34.
Landamerkjabréf

fyrir jörðina Neðradal í Biskupstungum:

Við Haukadalsland, Almenningsá og Laugá að Markagili fyrir norðan Giljatungur sem ræður uppá fjallsbrún (móts við Helludalsland), þaðan stefnu í stóran Stein sem nefnist Blesi á Bjarnarvöllum og niður í Sandfar, sem ræður fram á móts við Valahnúk; þaðan sömu stefnu austur með fjallarótinni (við Austurhlíðarland) í Fögrulágarbotn efri, ofaneptir henni í Stakksárbotna, svo ræður hennar farvegur niður á Eyrar (við Múlaland) þaðan stefna niður í Almenningsá.

Neðradal 5. júní 1885.

Páll Stefansson ábúandi.

Fyrir hönd ómyndugra barna: Halldór Halldórsson Vatnsleysu.

Sigurður Pálsson ábúandi og eigandi Haukadals.

Hjörtur Eyvindsson, eigandi og ábúandi Austurhlíðar.

Anna Jónsdóttir eigandi og ábúandi Múla.

Jón Kollín Þorsteinsson, Magnús Magnússon eigendur og ábúendur Úthlíðar.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 35.

Landamerkjabr.

fyrir jörðina Helludal í Biskupstungum.

Markagil fyrir norðan Giljatungur sem ræður uppá fjallsbrún (við Neðradalsland) þaðan stefnu í stóran stein sem nefnist Blesi á Bjarnarvöllum og niður í Sandfar sem ræður norður móts við Hestabrekkur (við Úthlíðarland) þaðan stefnu austur með Hestabrekkum, sem liggja framan í Sandfelli austri Markagilsbotna fyrir framan Miðhlíð þaðan Gilið niður í Laugá (við Haukadalsland) þaðan Laugá að Markagili.

Helludal 5. júní 1885.

Fyrir hönd ómyndugra barna Halldór Halldórsson á Vatnsleysu.

Í umboði prófasts Sæm. Jónss. Hraungerði.

Páll Stefansson ábúandi Neðradals.

Sigurður Pálsson ábúandi og eigandi Haukadals.

Jón Kollín Þorsteinss., Magnús Magnússon ábúendur og eigendur Úthlíðar

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 36.

Landamerki

jarðarinnar Kjóastaða í Biskupstungum.

Úr Steinsholti beina stefnu í Vörðu sem að stendur vestur í Lágumýri, og úr henni í Skammarkeldubotn, svo ræður Brúarlækur og suður Kjóastaðatungusporð, svo ræður Kjóastaðalækur austur í Krók við Fótarholtstaglið og svo úr þeim krók beina stefnu í vörðu, sem að stendur á Grjótbrún við Gegnir, svo ræður Gegnir mörkum uppí Botn, og úr honum beint í Steinsholt.

Kjóastöðum 4. júní 1885.

Egill Þórðarson, Sveinn Jónsson ábúendur.

Þórður Þórðarson Hólum.

Tómas Tómasson Brattholti.

Guðni Runólfsson Brú.

Guðm. Guðmundsson Gýgjarhóli.

[Ritað á spássíu] Þingl. 6. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 37.
Landamerki

fyrir jörðinni Drumboddsstöðum í Biskupstungum:

Fyrst ræður Drumbroddsstaðagil mót Bergstöðum, þá stefnu í Vörðu á vestri Markhól, þá ræður stefna í vörðu á Hrísholti, þá ræður stefna í Vatnsleysufoss, þá ræður Tungufljót að vestanverðu að Melgili, sem er norðanundir Réttartorfu, mót Einholti, þá ræður stefna í Markabakka, þá ræður stefna í Markastein austur við Hvítá, þá ræður Hvítá suður að Drumboddsstaðagili.

Drumboddsstöðum 28. maí 1885.

Ábúendur: Þórarinn Þórarinsson, Jón Þorsteinsson.

Guðm. Ingimundsson Bergstöðum.

Halldór Jónsson Einholti.

[Ritað á spássíu] Þingl. 8. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 38.
Landamerkjabréf

yfir jörðina Úthlíð í Biskupstungum með, hjál: Stekkholti og Hrauntúni, samkvæmt yrkingu og landamerkjum Úthlíðarkirkjubók eptir Steingrím Biskup 1829, sem vísar til Vísitasíu-bók Mag. Brynjólfs 1646:

Að vestan milli Miðhúsa og Úthlíðar, frá Djáknasteini sjónhending í Fögrubrekku miðja fyrir norðan Hrúthagasel útí Kálfá stefnu í Arnarhól sem ræður fram í Brúará, Brúará ræður að upptökum vestur á miðjan Rótarsand, þaðan sjónhending norður í Hagavatn, síðan þaðan vatnsfall sem kallast Fax og rennur úr Hagavatni í Sandvatn, úr Sandvatni móts við Haukadal sjónhending fyrir austan Sjónarhóla fram með Sandfelli beina stefnu í Hnífugilsbotn móti Helludals, Neðradals og Austurhlíðar-löndum, svo ræður Hnífagil á móti Austurhlíð fram í Stekkholtskeldu-upptök, svo ræður nefnd Kelda suður í Arnarholtslæk, vestan Rústaflóð, síðan ræður Arnarholtslækur fram í Vötn, svo ráða Vötnin vestur í Grafklæk , sem ræður að lækjarmótum á þeim læk sem kallast Andarlækur, síðan ræður hann þangað til að áðurnefndur Djáknasteinn stefnir í Fögrubrekku. Til staðfestu eru undirskrifuð nöfn viðkomanda.

Úthlíð 14. maí 1885.

Magnús Magnússon, Jón Kollín Þorsteinsson eigendur og ábúendur.
Hjörtur Eyvindsson ábúandi á Austurhlíð.
Guðm. Magnússon ábúandi á Helludal.
Magnús Halldórsson bóndi á Miðhúsum.
Erl. Þorvarðsson bóndi á Arnarholti.
Páll Stefansson bóndi á Neðradal.
Árni Þorvarðsson bóndi á Brekku.

[Ritað á spássíu] Þingl. 8. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 39.
Landamerki

fyrir Bræðratungutorfunni í Biskupstungum.

Við Vatnsdalsminnið fyrir norðan Krókstún, þá ræður Vatnsdalurinn móti Borgarholti þar til Borgarholtskelda rennur í hann, þá ræður sú kelda móti Borgarholti og Bergstöðum í skarð það sem er á milli Hlíðarendans og Ásgeirsholts, þaðan eptir sömu Keldu í Skurð þann sem rennur í Hvítá, svo ræður aðaldýpi hennar fram fyrir austan Grámel og vestan Ísabakka og Hvítárholt fram svokallaða Hvítárholtsflúð, og svo einnig aðaldýpi áarinnar fyrir austan alla Tunguey fram fyrir báðar Krýjueyrar vestur í norðurkvísl áarinnar móts við Höfða, þá ræður Áin uppí Tungufljót, þaðan fljótið austan við Torfastaða hólma og austan við Fellshólma upp að fyrgreindum Vatnsdal. – Ofanskrifuðum mörkum erum við samþykkir.

Bræðratungu 27. maí 1885.

Fyrir hönd eigendanna: Hjörtur Eyvindsson, Eiríkur Einarsson.

Ábúendur: Þorleifur Þórðarson, Halldór Þórðarson, Eiríkur Jónsson, Björn Jónsson, Grímur Guðmundsson, Ögm. Ögmundsson, Þorst. Þorsteinsson.

Magnús Magnússon Hvítárholti.

Guðm. Ingimundsson Bergstöðum.

Gísli Ögmundsson Borgarholti.

[Ritað á spássíu] Þingl. 8. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 40.
Landamerki

fyrir jörðinni Bergstöðum í Biskupstungum:

Fyrst er Vatnsleysufoss, þá ræður stefna í Vörðu á Hrísholti, þá ræður stefna í Vörðu á Vestri-Markhól, þá ræður stefna í Drumboddsstaða-gilbotn, þá ræður Gilið austur í Hvítá, þá ræður Hvítá að austan fram að Markaskurði, þá ræður Markaskurður vestur fyrir Selás, þá ræður Kelda milli Ásgeirsholts og Tunguhlíðar í vestur Bergstaðakeldu, þá ræður Bergstaðakelda suður að Vörðu sem er hornmark milli Bergstaða og Borgarholts, þá ræður stefna í Stein fyrir vestan Ystri-Markadal, þá ræður stefna í Vestri-Markadal, þá ræður stefna í Markakeldu, þá ræður ~~stefnu~~ Markakelda vestur í Tungufljót, þá ræður Fljótið að vestan uppað Vatnsleysufossi.

Bergstöðum 28. maí 1885.

Ábúandi Guðm. Ingimundsson.

Þorl. Þórðarson, Halldór Þórðarson Bræðratungu.

Þórarinn Þórarinsson, Jón Þorsteinsson Drumboddsstöðum.

Gísli Ögmundsson Borgarholti.

[Ritað á spássíu] Þingl. 8. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 41.
Landamerki

fyrir Auðsholti í Biskupstungnahreppi:

Að vestanverðu ræður mið-farvegur Hvítár uppá móts við Höfðabæ, þaðan ræður mið-farvegur Markóskvíslar uppí Markós, þar sem hann fellur fram úr bakkanum til árinnar, þaðan ræður sjónhending í Ystripartsskurð er skorinn er ~~við~~ úr Markós austrí mýri, þaðan ræður bein lína í Markagarð í Litlu-Laxárbökkum, og liggja þau þá um stóra Vörðu sem er hornmark milli Hvítárholts og Seljanna; frá Markagarði á Litlu-Laxárbökkum, ræður mið-farvegur Litlu-Laxár fram í ármót.

Auðsholti 6. júní 1885.

Tómas Guðbrandsson, Kristján Snorrason, Jón Jónsson ábúendur á Auðsholti.

Þessum mörkum erum við undirskrifaðir nágrannar samþykkir:

Magnús Magnússon Hvítárholti

Jón Jónsson á Syðra-Seli.

Guðm. Jónsson á Efra-Seli.

[Ritað á spássíu] Þingl. 8. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 42.
Landamerki

jarðarinnar Vatnsleysu í Biskupstungum:

Boladæl sem er hornmark milli jarðanna Fells, ~~og~~ Vatnsleysu og Arnarholts, þaðan ræður bein stefna norður eptir á móts við Arnarholtsland í Flaghól, sem er hornmark, þaðan ræður bein stefna austur í Smjörflóð og sama stefna austur í Koðralækjarbotn, þar sem hann byrjar að renna í einu lagi, og svo ræður lækurinn móts við Holtakotaland niður í Tungufljót, svo ræður miðstraumslína Fljótsins suður í Vatnsleysugilsmynni, svo ræður gilið upp að Þverkeldumynni á móts við Fellskotsland, svo ræður Þverkeldan að upptökum hennar undir Víðirpallaenda, þaðan beint í Vörðu, sem er uppá fjallsbruninni fyrir austan Þrætugróf, þaðan beina stefnu á móts við Fellsland vestur í fyrnefnda Boladæl.

Vatnsleysu 2. maí 1884.

Halldór Halldórsson eigandi og ábúandi.

Fyrir hönd Arnarholts eiganda Magnús Magnússon Úthlíð.

Gísli Mattíasson ábúandi Vatnsleysu.

Eiríkur Eiríksson Miklholti, eigandi að Holtakotum.

Pétur Einarsson ábúandi á Felli.

Eiríkur Einarsson Fellskoti eigandi og búandi.

[Ritað á spássíu] Þingl. 8. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 43.
Landamerki

Unnarholtstorfunnar í Hrunamannahr. eru:

Frá Geldingaholtsósi, þar sem hann fellur í Litlu-Laxá ræður sjónhending í Vörðu austan á heiðinni, – þessi Varða er hliðarmark Efra-Langholtstorfunnar, en hornmark milli Unnarholts og Syðra-Langholts, – frá téðu hornmarki ræður bein stefna um Þúfuna á Heiðarkletti og í Pittinn hjá Lækjaróshólum; frá Pittinum ræður Lækjarós að Stóru-Laxá, en hún ræður þar til Litla-Laxá fellur í hana, þá Litla-Laxá allt uppað áðurnefndum Geldingaholtsós.

Unnarholti í júní 1885.

Vegna nokkurra af eigendunum Jón Jónsson.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við hér undirskrifaðir samþykkir.

Björn Jónsson vinnum. á Hrafnkelsstöðum einn af eigendumum.

H. Hannesson bóndi á Grafarbakka einn af eigendunum.

Á. Jónsson bóndi á Langholtskoti.

H. Bjarnason bóndi á Efra-Langholti.

H. Þorkellsson bóndi á Bolafæti einn af eigendunum.

J. Magnússon bóndi á Unnarholti.

Gísli Þórðarson bóndi á Unnarholtskoti.

Árni Eyjólfsson bóndi á Syðra-Langholti.

Sveinn Einarsson bóndi s.st.

Fyrir slæjuítak á á unnarholtshverfi beit í Syðra Langholtslandi.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 44.
Landamerki

fyrir Syðra-Langholtslandi:

Að austan ræður Langholtsós þangað til hann fellur í Stórulaxá, síðan Stóralaxá út að Lækjarósmynni, þá ósinn uppað Lækjaróshól, þaðan sjónhending í Þúfu á Heiðar~~holti~~-kletti í Markaþúfu, sem er hornmark að norðan milli Syðra-Langholts og Unnarholts, og er í sjónhending frá Geldingaholtsós í Markhellu austan á Langholtsfjalli, sem eru mörk að norðan milli Syðra- og Efra-Langholts, sama stefna ræður niður í Langholtsós.

Í umboði eiganda jarðarinnar
Kopsvatni 3. júní 1885.
S. Magnússon.

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir vegna ábýlisjarða okkar.
Helgi Magnússon bóndi á Birtingholti.
Hjörtur Þorkelsson bóndi á Bolafæti.
Ólafur Jónsson bóndi á Langholtskoti.
Jón Magnússon bóndi á Unnarholti.
Jón Jónsson bondi á Snússu.
Gísli Þórðarson bóndi á Unnarholtskoti.
Helgi Bjarnason bóndi á Efra-Langholti.

Syðra-Langholt á slæju ítak í Unnarholtsland frá Foraros að sunnan að Gvendaflóði að ofanverðu, frá því ræður Kelda sem rennur í Hestós, þá Hestós í Litlulaxá, þó svo að við Litlulaxá er Grashólmi, sem ekki fylgir ítakinu, sem nefndur er Unnarholtskotshólmi; að vestanverðu ræður Stóralaxá.
S. Magnússon.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 45.
Landamerki

Skipholts í Hrunamannahreppi.

Að sunnan ræður Skipholtsgil frá Sýrlæk fram að Markaskurði á Skjólgarðsmýri, svo skurðurinn upp að Steðja, frá honum bein stefna í Vörðu á Kambi, þaðan bein stefna í Vörðu í Úthagaskarði, frá henni bein stefna í Bergstaðakeldu, þar sem hún kemur í Hvítá, svo ræður áin þar til Haukholtagil kemur í hana, svo ræður Gilið uppað Alviðrugili, svo ræður það þar til það endar eða hefur upptök sín framan til á Steinbogamýri, frá því bein stefna í Vörðu við Steinboga í fyrgreindri mýri, þaðan bein stefna í Vörðu á Snotru á Vikraholti, frá henni bein stefna í Sýrlæk þar sem hann hefur upptök sín, framarlega í Skálpsvötnum, svo ræður hann vestur í Skipholtsgil.

Skipholti 6. maí 1885.

Jón Ingimundsson eigandi og ábúandi

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir nábúar samþykkir.

Magnús Þórðarson Skollagróf.

Þorsteinn Eiríksson Haukholtum.

Guðm. Bjarnason Jötu.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 46.

Landamerki

í kringum Haukholt í Hrunamannahr.

Hvítá ræður að vestan frá því að Haukholtagil rennur í hana, þar til að Fossá rennur í hana að norðan, svo ræður Fossá þar til Rauðilækur rennur í hana, og svo ræður Rauðilækur fram í botna, þaðan bein stefna í Vörðu sem er framan við Steinboga fyrir austan Steinbogamýri, úr þeirri vörðu aptur bein stefna í Alviðrudal, og svo ræður Alviðrudalsgil þar til það rennur í Haukholtagil, og svo ræður það, þar til það rennur í Hvítá.

Haukholtum 5. júní 1885.

Þorsteinn Eiríksson.

Þessum mörkum erum við undirskrifaðir samþykkir vegna ábýlisjarða okkar.

Ólafur Jónsson á Hlíð.

Guðlaugur Guðmundsson á Fossi.

Guðm. Bjarnason á Jötu.

Jón Ingimundsson Skipholti.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 47.
Landamerki

Skollagrófar í Hrunamannahreppi.

Að sunnan ræður Skipholtsgil (frá Markaskurði á Skjólgarðsmýri) og fram í Hvítá, svo ræður Hvítá innað Bergstaðakeldu þar sem hún kemur í Ána, þaðan bein stefna uppá Vörðu í Úthagaskarði, þaðan bein stefna í vörðu á Kambi, þaðan bein stefna í fyrnefndan Markaskurð, svo ræður hann fram í Skipholtsgil.

Skollagróf 6. Júní 1885.

Magnús Þórðarson ábuandi á Skollagr.

Þessum landamerkjum erum við undir skrifaðir nábúar samþykkir.

S. Magnússon bóndi á Kopsvatni.

Jón Ingimundason bóndi á Skipholti.

Jón Einarsson bóndi Kotlaugum.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 48.
Landamerki

Sólheima í Hrunamannahreppi:

Að norðan ræður Grindargil sem rennur í Stórulaxá, úr Grindargili sjónhending í Markatjörn, og úr henni sjónhending í há Markholtið, þaðan beint í Þrengslalækinn, sem rennur úr Álatjörn, ræður sá lækur í Steinbogakelduna, og hún vestur í Áslækjarbotna. Eptir þeirri keldu er nú greinilegur Markaskurður. Úr Áslækjarbotnum (Stórapitti) sjónhending í lækinn milli Skógarholtanna, úr þeim læk stefna eptir Vatnsdal og vestri Humalgróf í Húsfreyjusæti, þaðan bein stefna yfir fjallið í vörðu á Markás, og þaðan beint niður í Markagil, sem rennur í Laxá norðan undir Þorsteinsleiti, þaðan Stóralaxá uppað Grindargili.

Sólheimum 2. des. 1883.

Þetta samþykkja allir hlutaðeigandi nágrannar.

Hruna, Horgsholti, Grafarbakka, Galtafelli og Hrepphólum.

Steindór Briem, H. Hannesson, J. Bjarnason, Sigurður Jonsson, Guðm. Jónsson.

Samþykkur B. Einarsson Sóleyjarbakka.

Samþykkur St. Þórðarson Núpstúni.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 49.
Landamerki

fyrir Bryðjuholtslandi í Hrunamannahr.

Að norðan ræður bein stefna úr Kópsvatnsgili, þar sem það rennur í Hvítá, í Grahellu, þaðan sjónhending í Snasa, vestan í Grafarásnum, þaðan bein stefna í vörðu fremst á Bryðjuholtsmúla, þaðan sjónhending í vörðu á Surtteigsholti og í Þúfu syðst á Högnholti. Að vestan ræður Hvítá uppað Kópsvatnsgili.

Bryðjuholti 3. júní 1885.

Einar Einarsson eigandi meiri hluta jarðarinnar.

Þessu samþykkur vegna Kópsvatns S. Magnússon.

Jón Einarsson.

Þórður Guðmundsson.

Halldór Bjarnason Reykjadalskoti.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 50.

Jörðin Hellisholt í Hrunamannahreppi á land innan þeirra landamerkja sem hér skulu tilgreind:

Úr Stora-Helguhól, sem er austur á Miðfellsfjalli er bein stefna í Vörðu vestan í téðu fjalli, frá Vorðu þessari er sjónhending í hornmarkið sem er á Markakletti, rétt fyrir vestan Markatjörn; úr Markakletti bein stefna í Stóra-sandskarðir við Litlulaxá, þaðan ræður áin upp að Grafarhver, svo úr Grafarhver bein~~a~~ stefnu í fremsta klettinn á Hryggjarholti, úr klettinum í Flúðir í Hellu~~dals~~holtalæk, svo ræður lækurinn suður á móts við fyrstnefndan Helguhól.

Hellisholtum í maí 1884.

Vegna eiganda hálflendunnar Jón Jónsson.

H. Hannesson bóndi á Grafarbakka.

Gunnl. Gunnarsson bóndi á Dalbæ.

Einar Magnússon á Miðfelli.

Helgi Bjarnason bondi s.st.

Guðm. Ögmundsson Götu.

Jón Jónsson bondi Hellisholtum.

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir bændur samþykkir.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 51.

Jörðin Hrafnkelsstaðir í Hrunamannahreppi á land innan þeirra landamerkja er hér skulu til greind:

Austan fyrir Hrafnkelsstaðalandi ræður bein stefna úr austasta Sandskarðinu við Litlulaxá suður svonefndan Markaklett, sem er rétt fyrir vestan Markatjörn, þaðan ræður stefna í annan svonefndan Markaklett, sem stendur vestur við heiðina, rétt hjá alfaraveginum, svo þaðan stefna í Markós, sem rennur í Litlu-Laxá, svo ræður Litla-Laxá þaðan upp og austur að fyrnefndu Sandskarði við Litlu-Laxá.

Þessu erum við undirskrifaðir samþykkir.

Hrafnkelsstöðum 5. júní 1885.

Ö. Ögmundsson bóndi á Hrafnkelsstöðum.

Jón Jónsson bondi á Hellisholtum.

Helgi Bjarnason bóndi á Efra-Langholti.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 52.
Landamerki

fyrir Kotlaugalandi í Hrunamannahr.

Að vestan ræður Skipholtsgil, frá því Markaskurður (milli Kópsvatns og Kotlauga) kemur í það, og þangað til Sýrlækur fellur í það, síðan lækurinn upp í Skálpsvötn, þaðan stefna í Snotru á Vikarholti, þaðan stefna í Vörðu á áðurnefndu Vikarholti, þaðan í Vörðu á Gráskjóna og í Vörðu norðan til á Skignir og stein í Steinsdal, sem er hornmark, þaðan bein lína í Vörðu á Hádegisás og vestur yfir Koltaugahamar í Kópsvatnsskurð, sem síðan ræður mörkum vestur í Skipholtsgil.

Kotlaugum 5. júní 1885.

Jón Einarsson ábúandi.

Þessu framanskrifaða erum við undirskrifaðir samþykkir.

Jón Ingimundsson bóndi á Skipholti.

Guðm Bjarnason bóndi á Jötu.

Jón Magnússon í Reykjadal.

S. Magnússon bóndi á Kópsvatni.

Jón Einarsson bóndi á Laugum.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 53.

Galtafell í Hrunamannahreppi á land gagnvart kringumliggjandi jörðum, eins og hér greinir:

1. Milli Galtafells og Miðfellshverfisins ræður sjónhending úr Markasteininum í Hlöðubót og í botn keldu þeirrar sem liggur á milli téðra jarða. Suður ræður keldan svo langt sem hún nær frá keldunni ræður skorinn stokkur allt fram í Miðfellsgil.

2. Milli Galtafells og Hrepphólatorfunnar: Frá Miðfellsgili ræður bein stefna í skorinn stokk, sem liggur uppí svonefnt Stekkjargil, síðan ræður Gilið austur í Markagil þaðan sem aðskilur Hrepphóla og Sólheimaland.

3. Milli Galtafells og Sólheima ræður bein stefna úr Markagili í Húsfreyjusæti.

4. Milli Galtafells og Grafarbakka ræður bein stefna úr Húsfreyjusæti í Markasteininn í Hlöðubót, sem áður var nefndur.

Galtafelli í maí 1884.

Vegna eiganda hálflendu téðrar jarðar Jón Jónsson.

Sem eigandi hálflendunnar Jón Bjarnason.

Við landamerki þau, sem eru hér tilgreind milli Galtafells og Hrepphólatorfunnar hef ég ekkert að athuga.

Stóranúpi, 26. maí 1884.

Valdimar Briem.

Landamerki þau sem um var samið milli Galtafells og Miðfellstorfunnar þegar ég var viðstaddur þann ... í fyrra er ég fyrir mína eign fús að samþykkja.

Hæli 26. maí 1884

E. Gestsson.

E. Jónsson Sólheimum.

H. Hanness. Grafarbakka.

Jón Bjarnason Galtafelli

Einar Magnússon

Vegna Dalbæjar Sigurður Mattíasson eigandi hálflendunnar.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 54.
Landamerki

fyrir Grafarbakkalandi í Hrunamannahr.

Að vestan ræður Litla-Laxá frá Grafarhver uppað Áslækjarmynni, síðan Áslækur uppí upptök sín í Útburðarpytt, þaðan bein stefna upp á milli Skógarholtanna og Vatnsdal og fram fjallsbrún í Húsfreyjusæti, sem er hornmark, ur því er tekin bein stefna fyrir framan Hlöðubætur í Helguhól á Miðfellsfjalli og ræður hún mörkunum vestur að Hellisholtalæk, þá lækurinn niður í Hellisholtaflúð, þaðan bein stefna í klett framan í Hryggjarholtinu, úr þeim kletti sjónhending í Grafarhver.

Grafarbakka 4. júní 1885. Hróbj. Hannesson eigandi jarðarinnar

Þessum landam. erum við undirskrifaðir samþykkir:
Steindór Briem prestur í Hruna.
Sveinbjörn Jónsson bóndi Ási
Eiríkur Jónsson bóndi Sólheimum.
Jón Jónsson bondi Hellisholtum.
Jón Bjarnason Galtafelli.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 55.
Landamerki

fyrir Hörgsholtslandi í Hrunamannahr.

Að austan ræður Stóralaxá frá Vithalagilsmynni niður þangað sem grindargil fellur í hana, þá Grindargil upp í Markatjörn og bein lína yfir hana í vörðu sem fyrir vestan hana stendur, þaðan bein stefna í Vörðu austan til á hnakkhnyðju, þaðan sjónhending austan til um Álatjörn í Vörðu hæst á Nónás, þaðan bein stefna í Vörðu á Markakletti, á ásnum fyriri vestan Horgholtsbæ, þaðan sjónhending í botnana á Bjarnarholtsgili, þar sem það kemur úr flóðunum skammt þaðan er það skerst niður milli Bjarnarfellanna; síðan ræður Bjarnarfellsgil niður í Litlu-Laxá, þá Litla-Laxá upp á móts við Vörðu hæst uppá Skrautholtahlíðinni ytri, þaðan bein lína austur í Stóru-laxá Vithalagilsmynni, en í þeirri stefnu eru hlaðnar vörður framan í miðjum Máldagahnúk á Bangarholti, Smirillshamri og Markakistu, norðan á Árfellinu.

Hrunakirkja á beit í Hörgholtslandi 1 ½ mánuð öllu fé í annað mál, síðan lömb eru færð frá sauðum.

Hörgsholti 2. júní 1885.

G. Snorradóttir eigandi jarðarinnar.

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir:

Jón Jónsson, bóndi á Þverspirnu.

E. Jónsson bóndi á Sólheimum.

Brynjólfur Guðnason bóndi á Kaldbak.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 56.
Landamerki

fyrir Syðrasels og Efraselslandi, sem eiga óskipt land saman nema hvað slægjum er skipt í skákar milli bæjanna.

Merkjum ræður að framanverðu bein lína úr Ítaksgarði við Litlulaxá í vorðu sem stendur út á mýrinni og ber á milli Efra- og Neðra Miklaholtsbæjar, er sú varða þar hornmark, úr henni er tekin bein stefna í hornpytt í Selós, og eru í þeirri stefnu smávörður og einn stór steinn. Frá áður nefndum Hornpytti ræður Ósinn niður að Breiðavaði, þaðan bein stefna austur í smáholt fyrir austan Ölvesholt; er í þeirri línu Varða á Vörðuás. Úr smáholti sem er hornmark er tekin bein stefna í Hrafnkelsstaðatún austan til að Litlulaxá, sem síðan ræður morkum fram að aðurnefndum Ítaksgarði.

Í slæjuland þessara jarða á jörðin Gröf slæjuítak: Grafartjörn með tjarnarbakkanum og ½ svonefndan Þrætuspotta, aptur á móti eiga Selin beit í Grafarlandi.

Fyrir hönd eigenda jarðarinnar.

Syðraseli, Efraseli og Hruna 6. júní 1885.

Guðrún jónsdóttir, Guðm. Jónsson, St. Briem.

Þessum mörkum erum við undirskrifaðir nágrannar samþykkir:

Magnús Magnússon bóndi í Hvítarholti.

Tómas Guðbrandsson, Jón Jónsson og Kristján Snorrason ábúendur Auðsholti.

Guðni Þórarinsson bóndi á Gröf

Þórður Guðmundsson bóndi s.st.

Jón Einarsson bóndi á Högnastöðum.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 57.
Landamerki

Efra Langholtstorfunnar í Hrunamannahr. eru:

Sjónhending frá Geldingaholtsós. Þar sem hann fellur í Litlu-Laxá um Vörðu austur á heiðinni og í Markelluna austur á Langholtsfjalli, frá Hellunni ræður Markagarðurinn ofan að Birtingaholtsósi, síðan ræður ósinn allt uppí Ósbotn, síðan Götukelda meðan hún nær til, úr upptökum hennar sjónhending í Markatjörn, sem er hornmark fjögra jarða; frá téðri Vörðu ræður sjónhending í Markaklett og aptur frá Klettinum sjónhending vestur í Markós við Litlu-Laxá. Síðan ræður Litla-Laxá alt vestur að áðurnefndum Geldingaholtsós.

Ritað að Grafarbakka í júni 1884.

Í umboði eins eigandans: Jón Jónsson.

Ofanrituðum landamerkjum erum við hér undriskrifaðir samþykkir:

H. Hannesson bóndi á Grafarbakka einn af eigendum.

Ó. Jónsson bóndi á Langholtskoti.

Ö. Ögmundsson bóndi á Hrafnkelsstöðum.

Vegna Efra-Langholts: Helgi Bjarnason

Vegna Birtingaholts: Helgi Magnússon.

Vegna Syðra-Langholts: Árni Eyjólfsson

Sveinn Einarsson, Einar Magnússon Miðfelli.

Vegna Bolafóts: Hjörtur Þorkelsson.

Jón Magnússon bóndi á Unnarholti.

Gísli Þórðarson bóndi á Unnarholtskoti.

Jón Jónsson bóndi á Snússu.

Helgi Bjarnason bóndi á Miðfelli.

Guðm. Ögmundsson bóndi á Götu.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 58.
Landamerki

fyrir Þverspyrnulandi í Hrunamannahr.

Hornmark að austan er Varða á Markholtum fyrir vestan Markatjörn, þaðan bein stefna í Vörðu austan til á Hnakkhnyðju, þaðan sjónhending austan til um Álatjörn í Vörðu hæst á Nónás, þaðan í vorðu á Markakletti, á Ásnum fyrir vestan Hörgsholtsbæ, þaðan sjónhending í botnana á Bjarnarfellsgili, þar sem það kemur úr flóðunum skammt þaðan er það skerst milli Bjarnarfellanna; Síðan ræður Bjarnarfellsgil niður í Litlu-Laxá og svo áin þangað sem Keldudrag neðan undir Tinnubergi kemur í hana, þaðan sjónhending í Vörðu á Brenniklyfi, þaðan í Vörðu á Klyfás, þaðan í Vörðu á miðjum Skálahnúk, þaðan bein stefna í Vörðu þá á Markholtum, er fyrst var nefnd.

Hrunakirkja á beit í Þverspyrnuland ½ mánuð öllu fé í annað mál, síðan lömb eru færð frá sauðum.

Þverspyrnu 9. juní 1885.

Jón Jónsson eigandi og ábúandi jarðarinnar.

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir.

Steindór Briem prestur í Hruna.

Guðrún Snorradóttir eigandi Hörgsholts.

Guðm. Jónsson ábúandi.

Eiríkur Jónsson Sólheimum.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 59.
Landamerki

fyrir Kópsvatnslandi í Hrunamannahr.

Að austan er hornmark: Steinn í Steinsdal, úr honum ræður bein stefna austan á Kambi í Gráhellu, eða vörðu á henni, sem er hornmark; úr því hornmarki bein lína í Vörðu sunnarlega á Kópsvatnsás; úr þeirri Vörðu í Vörðu á Miðmundaholti, ofan við Snærnadý síðan bein sjónhending í Hvítá, þar sem Kópsvatnsgil fellur í hana. Svo ræður Hvítá upp þangað sem Skipholtsgil fellur í hana, síðan Gilið upp að Markaskurði, þá skurðurinn austur að Kotlaugahamar, síðan bein stefna úr skurðs endanum í Vörðu á Hadegisás, úr þeirri vörðu sjónhending í fyrnefndan Stein í Steinsdal.

Kópsvatni 3. júní 1885.

Sigurður Magnússon eigandi meiri hl. jarðarinnar.

Þessum mörkum erum við undirskrifaðir samþykkir vegna ábýlisjarða okkar.

Jón Magnússon bóndi Reykjadal.

Magnús Jónsson Bryðjuholti.

Halldór Bjarnason Reykjadalskoti.

Jón Einarsson Kotlaugum.

Magnús Þórðarson Skollagróf.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 60.
Landamerki

fyrir Miðfellshverfislandi (Miðfell, Götu og Dalbæ)

Hornmark að norðan og austan er Varða í Hlöðubót, úr henni ræður bein stefna í Miðfellskeldubotna, síðan Keldan fram í skorinn stokk og sá stokkur fram í Miðfellsgil, þá Gilið út að Götukeldu, síðan Keldan meðan hún nær til, en úr upptökum hennar bein stefna í Markatjörn, úr Markatjörn bein lína yfir Miðfellsfjall og í áðurnefnda Vörðu í Hlöðubót.

Kópsvatni 3. júní 1885.

Í umboði eiganda ½ Miðfells og Götu S. Magnússon.

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir vegna ábýlisjarða okkar:

Einar Magnússon Miðfelli

Helgi Bjarnason s.st.

Helgi Bjarnason bóndi á Efra-Langholti.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 61.
Landamerki

jarðarinnar Grafar í Hrunamannahr. eru þau sem hér skulu tilfærð:

Frá Vörðu við Litlu-Laxá – en hún er litlu norðar en á móts við Hrafnhelsstaðatúnið – er bein stefna á mýrarbrúninni austanvert við Markakeldu og í hæsta hólinn á Smáholtum austan við Ölversholt sem er hornmark; úr þessu hornmarki er bein stefna í Vörðu sem er fremst á Vörðuás; frá Vörðunni ræður bein stefna í Breiðavað á Ísabakkaós, síðan ræður Ósinn þar til hann fellur í Hvítá, þaðan ræður Hvítá uppá móts við Vörðu fremst á Högnholti; úr þeirri Vörðu er bein stefna í Vörðu norðast á Vörðuás; úr þessari Vörðu er sjónhending í Vörðuna sem er á kletti í vestanverðum Bryðjuholtsmúla, frá þessari Vörðu ræður bein stefna upp yfir múlann og í Snasa sem er klettur vestan í Högnastaða-ásinn, af Snasa ræður bein stefna í Skálmarhamar og aptur bein stefna af hamrinum ofan í Lækjarmynnið við Litlu-Laxá. Síðan ræður áin fram að hinum fyrst greindu mörkum. – Gröf á en fremur slæjuland í Litlu-Laxárbökkum, sem er innan landamerkja jarðanna Efrasels og Syðrasels, en það er Grafartjörn og tjarnarbakki til slægna á hverju ári og svo nefndur Þrætuspott til slægna annað hvort ár.

Gröf í maí 1884.

Í umboði jarðareigendanna Jón Jónsson og S. Magnússon.

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir vegna ábýlisjarða okkar.

Jón Jónsson bóndi á Syðraseli.

Magnús Jónsson bóndi á Bryðjuholti.

Guðm Jónsson bóndi á Efraseli.

Halldór Bjarnason bóndi á Reykjadalsk.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 62.
Landamerki

fyrir Tungufells, Jaðars og Hamarsholtslandslandi, sem er óskipt sameign:
Að framan ræður Dalsá, þaðan er hún fellur í Hvítá, norður þangað, er Rauðá rennur í hana; þaðan bein stefna í Vörðu á Dagmálakletti, þaðan sjónhending í Hlíðarfoss í Fossá, síðan Fossá í vörðu á Fossárdrögum, þaðan sjónhending í Vörðu við Melrakkaá framan við Stóraversöldu, síðan Melrakkaá þangað til hún rennur í Búðará, og Búðará þar til hún fellur í Hvítá og Hvítá niður að Dalsármynni.
Í umboði eiganda jarðanna H. Halldórssonar Vatnsleysu.
Kópsvatni 3. júní 1885.
S. Magnússon.

Hrunakirkja á skógarítak í Tungufellsland: svonefndan Þorsteinshöfða og Maríuhrís.
S.M.

Þessum landamerkjum erum við samþykkir vegna ábýlisjarða okkar:
Ólafur Jónsson Hlíð.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 63.
Landamerki

fyrir Fosslandi í Hrunamannahrepp:

Að vestan ræður Fossá frá Rauðalækjarmynni innað Markagili, síðan Gilið uppundir fjallsbrúnina, úr Gilklofningunum bein stefna í Vörðu uppá fjallsbrúninni og úr henni aptur í Vörðu við Fossá að vestanverðu; frá þeirri Vörðu ræður Fossá norður í Gráhól, sem er að austanverðu við ána, úr Gráhól bein stefna í Brunkollugil, þar sem það rennur í Litlu-Laxá, síðan Litla-Laxá niður að Vörðu sem við hana stendur innarlega á Fagradal, úr þeirri Vörðu sjónhending í Vörðu uppá Hábrún; þaðan sjónhending í Hornmarksvörðu austan í Dalholtum, þaðan bein stefna í Rauðalækjarbotn, síðan Rauðilækur þangað til hann fellur í Fossá.

Í landinu á Hlíð slæjuítak, sem byrjar við Rauðalækjarbotn og nær fram með Dalholtum að austanverðu fram að þvermörkum milli Foss og Jötu; að austan verðu ɫ markar Klettholtsgil það af. Aptur á móti á Foss skógarhögg í Hlíðarítakinu í Tungufellslandi milli Yrpugils og Gilsins við Rauðárkjölinn.

Í umboði eiganda jarðarinnar G. Jónssonar á Stórafljóti.

Kópsvatni 3. júní 1885.

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir vegna ábýlisjarða okkar.

Ólafur Jónsson Hlíð.

Þ. Eiríksson Haukholtum.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 64.
Landamerki

fyrir landi jarðarinnar Birtingarholts í Hrunam.hreppi.

Fyrst ræður Langholtsós frá því er hann kemur í Stórulaxá þangað til Miðfellsgil rennur í hann; þá Miðfellsgil þangað til austast í Markhöfða, sem er engjamark milli Miðfells og Götu; þaðan sjónhending í Rauðalækjarbotna, skammt fyrir utan Sóleyjarbakka; þaðan sama sjónhending í Laxá, úr því ræður áin út að Langholtsós, þó svo að Birtingaholti fylgja Eyjarnar: Óstangi við Langholtsós, austur af honum Litlaey, austur af henni Austurey, sem nú er orðin landföst við Birtingaholtsland, nema þegar mikill vöxtur er í ánni.

Birtingarholti 6. júní 1885.

Helgi Magnússon eigandi og ábúandi Birtingaholts (L.S)

Hinsvegarskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir:

Vegna kirkjujarðarinnar Sóleyjarbakka Valdimar Briem.

Vegna jarðarinnar Syðralangholts Árni Eyjólfsson, Sveinn Einarsson.

Vegna jarðarinnar Miðfells: Helgi Bjarnason, Einar Magnússon.

Vegna jarðarinnar Götu: Guðm. Ögmundsson.

Vegna jarðanna Sandlækjar og Sandlækjarkots: Guðm. Ámundason, Jón Bjarnason

Vegna jarðanna Efralangholts og Snússu Helgi Bjarnason.

[Ritað á spássíu] Þingl. 10. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 65.
Landamerki Hrunakirkjujarða:

1. Hruna, með hjál. Skrautasi og Ási byggðum úr heimalandi.

Fyrir austan Skálahnúk ræður lækur sá er neðar heitir Steinbogalækur, ræður hann mörkum að austan niður að Markaskurði, sem skorin er beint vestur yfir Skarðamýri, í Áslækjarbotna; síðan Áslækur vestur í Litlulaxá; svo Litlalaxá norður að Keldudragi niðurundan Tinnubergi; úr því bein stefna í Vörðu norðan til á miðjum Skálahnúk, og eru í þeirri stefnu Varða á Brennuklyfi og Klyfás; úr Vörðunni á Skálahnúk ræður bein stefna í austur, í læk þann er fyrst var nefndur.

2. Kaldbakur:

Að austan ræður mörkum Stóralaxá frá Vithalagilsmynni norður að Þverármynni, síðan Þverá upp fyrir Þverárgljúfur að Einbúa, þaðan bein lína vestur í Kluptaá, og er í þeirri stefnu Varða á Vörðuhól framan á Borgardalsás; ræður Kluptaá niður í Litlulaxá fram á móts við Vörðu hæst uppá Skrautholtahlíðinni ytri; þaðan bein lína til austurs í Stórulaxá við Vithalagilsmynni, en í þeirri stefnu eru Vörður framan á Máldagahnúk á Bangarholti, Smirilshamri og Markakistu, norðan á Árfellinu.

3. Kluptar:

Að vestan ræður Litlalaxá frá Kluptaármynni norður á móts við Vörðu á Moshól; úr þeirri Vörðu bein lína í Vörðu á Markhól, sem er fyrir norðan Launvatn að austanverðu; úr þeirri Vörðu bein lína í Kluptaá í Borgardalsgljufri þaðan Kluptaá niður í Litlulaxá.

4. Hrunakrókur:

Að austan ræður Stóralaxá frá Þverármynni, norður þangað er Stiggil fellur í hana, þaðan bein lína vestur að Þverá, í vörðu sem við hana stendur, að vestan Þverá niður í Stórulaxá.

5. Hildarsel:

Háhnúkur er hornmark að vestan; þaðan ræður bein lína til austur-landnorðurs um Blálæki í Litlulaxá, svo áin niður að Gili því, er í hana rennur fyrir framan Moldás, þá Gilið upp undir fjallið, þaðan bein lína upp fjallið í Háhnúk, er í þeirri stefnu Varða á Hildarselssniðum.

6. Berghylur:

Hornmark að norðan er Varða á Hildarselssniðum; úr henni er tekin bein lína í Krók á Gili, sem rennur austan undir fjallinu, þar sem það beygir frá fjallinu, þaðan ræður Gilið niður í Litlulaxá, þaðan af Litlulaxá vestur þangað er Lauga- eða Berghylslækur fellur í hana, síðan lækurinn uppað Vörðu þeirri, er við hana stendur í miðjum Þrætuspotti (þeim er aður var) þaðan bein lína til austurs í Vörðu fremst á Grænamúla, en í þeirri línu er Varða norðantil á Gráholtsenda og Steinn á Hádegisás; úr Vörðunni á Grænamúla ræður bein lína vestanvert við Skignir í Vörðu þá á Hildarselssniðum er fyrst var nefn; í þeirri stefnu er hlaðin Varða uppá háfjallinu.

7. Þórarinsstaðir:

Háhnúkur er hornmark að norðan; úr honum ræður Háhnúksgil, þangað til það kemur fram úr Þrengslunum fyrir austan Háhnúksás; þaðan bein lína í Vörðu norðanundir Smalaskála að vestanverðu, frá þeirri Vörðu Smalaskálagil, – sem neðar er kallað Hraktangagil, – vestur í Laugalæk, síðan lækurinn niður að Vörðu sem við hana stendur í miðjum Þrætuspotti; þaðan bein lína í Vörðu fremst á Grænamúla, en í þeirri stefnu er Varða á Gráholtsenda og steinn á Hádegisás; úr Vörðunni á Grænamúla bein stefna vestanvert við Skignir í Vörðu á Hildarselssniðum, þaðan bein lína í Háhnúk.

8. Reykjadalur með Reykjadalskoti:

Hornmark að norðan er Gráskjóni, þaðan ræður bein lína yfir Núpagerði í upptök Glæsisgils, síðan Gilið austur í Laugalæk, þá lækurinn niður í Litlulaxá, og áin niður að Keldudragi, sem í hana rennur í Markahvammi; þaðan bein lína í Skalmarhamar, þaðan bein stefna í Snasa austan við Stórugróf, þaðan bein lína í Grahellu norðan við Bryðjuholtsmúla, þaðan bein stefna í Gráskjóna, er fyrst var nefndur, er í þeirri línu steinn í Steinsdal.

Hruna 12. maí 1885.

Steindór Briem.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir:

S. Magnússon, bóndi á Kópsvatni og eigandi meiri hluta jarðarinnar.

Einar Einarsson, eigandi meiri hluta Bryðjuholts.

M. Jónsson bóndi á Bryðjuholti.

Einar Jónsson eigandi meiri hluta Lauga.

Jón Einarsson, bóndi á Laugum.

G. Jónsson bondi á Hörgsholti.

G. Snorradóttir, eigandi Hörgsholts.

E. Jónsson bondi á Sólheimum eigandi ½ jarðarinnar.

H. Hannesson bóndi á Grafarbakka, eigandi jarðarinnar.

Jón Jónsson bóndi á Þverspirnu, eigandi jarðarinnar.

Jón Einarsson bóndi á Hognastöðum.

En fremur á Hrunakirkja Hrunaheiðar, sem liggja milli afréttar og heimalanda, austan frá Stórulaxá norður að Heiðaá og Melrakkaá í upptökum þeirra beggja, og vestur að Fossá fyrir vestan Laxárklettsmýrar, allt fram að Gráhól.

Þessa skóga á kirkjan: Þorsteinshöfða og Maríuhrís í Tungufellslandi, Hellisskóga, Álptavelli og Knosa, Reykdæling og Lucíuhöfða, Kambinn og kringumliggjandi pláz.

Hún á og 1½ mánuð mánaðarbeit í Hörgsholtslandi og ½ mánaðarbeit í Þverspirnuland öllu fé í annað mál síðan lömb eru færð frá sauðum.

Hruna 12. maí 1885.

Steindór Briem.

Nº 66.
Landamerki

fyrir jörðinni Vestra-Geldingholti í Gnúpverjahr.

1. Milli Eystra-Geldingaholts og Vestra-Geldingaholts:

Í mýrarsundi austur af Tjarnarholti er Varða; frá þeirri vörðu ræður Kelda milli Tjarnarholts og Stekkholts, þar til hún fellur í Gil sem rennur fyrir austan Geldingaholtin, nefnt Bæjargil; svo ræður það gil til Þýfismarka, sem er Varða á vestari Gilsbakkanum; frá þeirri Vörðu er bein stefna í aðra Vörðu upp við tún í Eystra Geldingaholti; frá þeirri Vörðu ræður hryggur, sem lítur út fyrir að vera gamalt Garðbrot, meðfram sama túni suðaustanverðu, allt að Vörðu austan við sama tún. Svo ræður túngarðurinn fyrir Eystra-Geldingaholtstúni að norðanverðu, að túnmörkum, sem eru Vörður og Markalaut milli bæjanna, og enn fremur hryggur í miðjum Fornufjósum; þaðan bein stefna í stein neðst í túnmörkunum. ~~[að neðan]~~ Frá túnmörkunum að neðan og meðfram túninu að sunnan hefur Vestra Geldingaholts ábúandi rétt til að taka stungu í túngarð, eða grafa varnarskurð utangarðs, til útsuðurshorns á túninu; þaðan ræður sjónhending í Grjótvörðu, syðst á svokölluðum Nónásum; þaðan ræður sjónhending í þann krók á Markagili, sem ber í Markastein.

2. Milli Stórahofs og Vestra-Geldingaholts:

Fyrst ræður Markagil og Markakelda allt upp að Vörðu á Keldubakkanum; frá þeirri Vörðu bein stefna í aðra Vörðu, sem stendur á austurhorni á vestasta Grjótmel á Hnararholti; þaðan bein stefna í Grástein.

3. Milli Skarðs og Vestra Geldingaholts:

Úr Grásteini bein stefna í Vörðu við Glórugil.

4. Milli Glóru og Háholts annarsvegar, Vestra-Geldingaholts hinsvegar:

Þar ræður Glóru- og Haholtsgil upp á móts við Vörðu, sem er á Syðri bakka Háholtsgils.

5. Milli Hælis og Vestra-Geldingaholts:

Frá síðastnefndri Vörðu hér um bil bein stefna meðfram tveimur miðmörkum (Vörðum) í þá fyrstnefndu Vörðu austur af Tjarnarholti.

Vestra-Geldingaholti, 6. júní 1885.

Samkv. umboði eigandans dags. 14. maí 1885.

Ólafur Jónsson.

Framanskrifuðum landamerkjum erum vér hlutaðeigendi landaeigendur og þeirra fulltrúar samþykkir:

Eigandi Eystra-Geldingaholts: Ólafur Jónsson.

Vegna Stórahofs: Vigfús Pálsson, Illugi Árnason.

Vegna Skarðs: Jón Jónsson.

Vegna Hælis: Einar Gestsson.

Eigandi Glóru: Sigurður Hafliðason.

Eigendur Háholts: Bjarni Jónsson, Jón Jónsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 12. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 67.
Landamerkjalýsing

yfir Haholts- og Glórulönd í Gnupverjahr.

Að norðanverðu ræður svokallað Miðnesgil, þar sem það rennur í Stórulaxá, svo austur með því móts við Hlíðarland austur að Miðnestanga; þaðan meðfram (eyðijarðarinnar) Hlíðargerðislandi, austur og uppað Miðnesgilinu til upptaka þess; frá upptökum Gilsins austur Hlíðargerðiskeldu, þar sem mýrin er lægst, þar til stór þúfa stendur við Keldubotninn; úr Þúfunnni bein stefna í aðra Þúfu, austnorðan við Eyvindarholt; úr þeirri Þúfu beint í djúpan Þverskurð á ytri bakkanum við Hellnagil. – Að austanverðu fram með Hælislandi ræður Hellnagil niður í Þrætublett, svo ræður Gilstokkurinn suður mýrina í Markþúfu í efri hólmann í Flóðunum; úr þeirri Þúfu í aðra Merkjaþúfu fremst í syðri hólmanum, þaðan bein stefna í fossinn þar sem Flóðakeldan rennur í Háholtsgil; þaðan ræður Haholts- og Glórugil meðfram Hælis, Vestra-Geldingholts og Skarðs-löndum, þar til það rennur útnorður í Stórulaxá.

Háholti 11. júní 1885.

Framanskrifuðum landamerkjum eru hlutaðeigendur og þeirra fullmektugir samþykkir.

Eigandi og ábúandi ½ Háholti: Jón Jónsson

Eigandi að hálfu Háholti og fullmektugur af eiganda Glóru: Bjarni Jónsson

Gísli Jónsson, Jón Jónsson, L. Guðmundss., Einar Gestsson.

Vegna Geldingaholts: Ólafur Jónsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 12. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 68.

Landamerki

um Þrándarholtsland og örnefni sem mörkin eru kennd við:

Milli Sandlækjanna og Þrándarholts, fremst úr Stórabug við Þjórsá beina stefnu í Markaþúfu á austanverðum Rauðholtum; sama stefna um þúfu á mýrinni og beina línu í Hornmarksþúfu í Einfararholtsbrún.

Milli Skarðs og Þrándarholts ræður bein lína úr Einfararholtsþúfu, fremst í Milnubergshamar; úr Hamarnum bein stefna yfir fjallið í Hornmarksvörðu í Kirkjuskörðum. – Millum Miðhúsa og Þrándarholts úr Vörðunni í Kirkjuskörðum beina línu í Hvolpagil; þaðan ræður til Þjórsár gilið, þaðan ræður Þjórsá austan við Þrandarholtshólma til marka í Stórabug.

Framanskrifuðum landamerkjum eru undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir.

Þrándarholti 15. júní 1884.

Jón Bjarnason.

Þórður Oddsson.

Rannveig Gísladóttir.

Gísli Gíslason.

Gísli Jonsson.

Jón Jónsson.

G. Ámundason.

[Ritað á spássíu] Þingl. 12. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 69.
Landamerki

fyrir Sandlækjar og Sandlækjarkots-löndum.

Að austanverðu úr Þúfu á Laxárholti meðfram Skarðslandi beina línu í Þúfu á Einfararholtsbrún; þaðan sama lína meðfram Þrándarholtslandi um Þúfu á Rauðhólum beint í Stórabug við Þjórsá; þaðan ræður Þjórsá að Mánagarði, síðan ræður það Garðbrot meðfram Reykjalandi upp Sandlækjarós; þaðan ræður Ósinn (Sandlækjarós) upp Stórulaxá. – Líka fylgjir þessum sömu jörðum Neseyja~~r~~ og ræður þá norðurkvísl árinnar uppað Þverkvísl, sem skilur Kúhólma og Neseyju; síðan ræður suðurkvísl árinnar upp og austur Laxárholt.

Framanskrifuðum landamerkjum eru allir hlutaðeigendur samþykkir.

Sandlækjarkoti 3. júní 1885.

Eigandi og ábúandi Jón Bjarnason.

Fullmektugur af eiganda Sandlækjar og ábúandi Guðm. Ámundason.

Landeigendur:
Helgi Magnússon.
Brynjólfur Einarsson.
Jón Jónsson.
Gísli Jónsson.
Rannveig Gísladóttir.
Þórður Oddsson.
Þorst. Þorsteinsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 12. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº70.

Landamerki

fyrir Ósbakkalandi á Skeiðum.

Úr Svartaós í Hornvörðu á mýrinni; úr Hornmarksvörðu í Einbúahól; úr Einbúahól í Markavörðu á Ósbakkaeyri austarlega, beint upp í Laxá.

Ósbakka 10. júní 1885.

Þorbjörg Jónsdóttir.

Þessi mörk viðurkenna undirskrifaðir:

Þ. Þorsteinsson á Reykjum.

Lýður Þórðarson Eiríksbakka.

Einar Jónsson Álfsstöðum.

Jón Magnússon s.st.

[Ritað á spássíu] Þingl. 13. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 71
Landamerkjalýsing

kringum Álfsstaðaland liggjandi í Skeiðahreppi.

Fyrst hornmark, Birnustaðaskignir, milli Álfsstaða og Helgastaða; og úr Birnustaðaskignir beina línu í Valagilsgljúfur, og úr því beina línu í Hornmarksvörðu milli Helgustaða og Eiríksbakka, Ósabakka og Álfsstaða og úr fyrnefndri Hornmarksvörðu beina línu í Einbúahól, sem er hornmark milli Ósabakka og Reykja og Álfsstaða; og úr einbúahól beina línu um Ketilhól í Einbúa í Einbúafljóti, sem er hornmark milli Reykja, Brunavalla, Húsatópta og Álfsstaða, og úr fyrnefndum hól beina línu í Rauðaflag sem er hornmark milli Brúnavalla og Birnustaða, og úr fyrnefndu Rauðaflagi beina línu í Grenshliðsvörðu, og þaðan beina línu í fyrnefndann Birnustaðaskignir.

Þetta eru þau sönnustu og réttustu landamerki, sem ég undirskrifaður veit að eru og hafa verið:

Miðdal 27. maí 1884.

Guðm. Einarsson, sem eigandi og umráðamaður.

Jón Magnússon, Einar Jónsson Álfsstöðum ábúendur.

Eiríkur Jóhannsson Helgastöðum ábúandi og eigandi að deil.

Grímur Guðmundsson Helgastöðum búandi.

Lýður Þorvarðsson Eiríksbakka ábuandi.

Þorbjörg Jónsdóttir Osabakka eigandi og ábúandi.

Þ. Þorsteinsson Reykjum.

Halld. Halldórsson Brunavöllum ábúandi

Hafliði Jónsson Birnustöðum eigandi og ábúandi.

[Ritað á spássíu] Þingl. 13. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº72.

Landamerkjum

fyrir Efribrúnavallalandi, lýsum við undirskrifaðir jarðareigendur þessum:

Á milli Álfsstaða úr Rauðflagi í Einbúa; á milli Húsatopta úr Einbúa í Brenniþúfu; á milli Syðribrúnavalla, úr Brenniþúfu í Gíslaþúfu; á milli Vorsabæjar úr Gíslaþúfu í Þverrimaþufu; á milli Birnustaða, úr Þverrimaþúfu, í fyrnefnt Rauðaflag. Þessi landamerki hafa verið að fornu og nýju fyrir áðurnefndri jörðu.

Efribrunavöllum 10. júní 1885.

Þorleifur Jónsson Brúnavöllum.

Ólafur Hafliðason Birnustöðum, jarðeigendur.

Hafliði Jónsson Birnustöðum.

Einar Jonsson Álfsstöðum.

Jón Magnússon s.st.

Gestur Eyjólfsson Húsatóptum.

Jón Guðnason s.st.

Jón Einarsson Vorsabæ.

Gísli Vigfússon Syðribrúnavöllum.

Halldór Halldórsson Efribrúnavöllum.

[Ritað á spássíu] Þingl. 13. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 73.
Landamerki

fyrir Birnustaðalandi á Skeiðum:

Úr Þverrimaþúfunni í efsta hólinn fyrir norðan Vorsabæ og þaðan í Reiðingsrima í Stórastein og Birnustaðavörður, úr þeim í Úlfsvatn, og úr Úlfsvatni í Birnustaðaskignir, og úr Birnustaðaskignir í svonefnda Grenshliðsvörðu í Rauðaflag, úr Rauðaflagi í Þverrimaþúfu. – Þetta eru þau rettu landamerki er við vitum réttust vera.

Birnustöðum 1885.

Hafliði Jónsson ábúandi og eigandi.

Einar Jónsson Álfsstöðum og Jón Magnússon s.st. ábúendur.

Eiríkur Jóhannsson Helgastöðum ábúandi.

Grímur Guðmundsson s.st. ábúandi.

Jón Einarsson ábúandi á Vorsabæ.

Stefán Kr. Ólafsson ábúandi á Framnesi.

[Ritað á spássíu] Þingl. 13. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 74.
Landamerkjalýsing

fyrir Árhraunslandi í Skeiðahrepp.

Ráða skal úr Skollaþúfu, sem er hornmark bein stefna í Krossgil í Hestfjalli; og svo á hinn bóginn,úr Skollaþúfu fyrnefndri og í Linghól; svo úr Linghól og í Helgahól; svo ræður bein stefna úr Helgahól og í Vörðu sem er fyrir utan Sveltishóla svonefnda; og úr þeirri Vörðu og beint í Þverós, samt svo, að Úttverkabæ beri í hæsta hnúk á Högnhöfða, sem er við Úthlíðarhraun.

Árhrauni 4. júní 1885.

Eiríkur Ingimarsson.

Samþykkur Hjálmholti 4. júní 1885.

Ólafur Þormóðsson.

Samþykkur Ólafsvöllum 4. júní 1885.

St. Stefenssen.

[Ritað á spássíu] Þingl. 13. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 75.
Landamerkjalýsing

fyrir Framnesi á Skeiðum:

Að vestanverðu byrja mörkin við vestur kant á stöðuvatninu á Vörðufelli; þaðan sjónhending vestra Austurdalagil; þaðan í Nátthagagil þar sem það rennur niður á flötina; þaðan sjónhending í Markarimann sem liggur fyrir neðan flóðin, þaðan í stóra hólinn fyrir norðan Gráhelluhraun; þaðan í Reiðingsrimann sem liggur við flóðin; þaðan í Lingdalshnúk; þaðan sjónhending í austurkant á áðurnefndu stöðuvatni. – Þessi mörk eru samþykkt af okkur undirskrifuðum.

Framnesi 13. júní 1885.

Stefán Kr. Ólafsson ábúandi.

Jón Einarsson ábúandi á Vorsabæ.

Ófeigur Ófeigsson ábúandi á Fjalli.

Jón Árnason ábúandi s.st.

Eiríkur Eiríksson ábúandi Miðbýli.

Jón Stefánsson ábúandi Miðbýli.

Hafliði Jónsson ábúandi og eigandi Birnustaða.

[Ritað á spássíu] Þingl. 13. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 76.
Landamerki

fyrir Fjalli í Skeiðahrepp:

a, Milli Fjalls og Iðu: Markagarður Svartagil, úr því í Vorðuna sem er á Dalsásnum.

b, Milli Fjalls og ~~Framnes~~ Helgastaða: fram slakkann í háásnum framá Markás, úr Markás að Vatninu.

c, Milli Fjalls og Framness: frá Vatninu að vestra Austurdalagili, fram í Nátthagagil; úr því í stein á flötina neðanundir fjallinu; úr steininum í Markarima; hann er hornmark milli Fjalls, Framness og Miðbýlis.

d, Milli Fjalls og Miðbýlis: í Markarima í norðurhorn á Þorleifshólum, úr því bera þrjár vörður saman að ánni.

Þessi mörk eru samþykkt af okkur undirskrifuðum.

Fjalli 11. júní 1885.

Ófeigur Ófeigsson ábúandi.

Jón Árnason ábúandi.

Sigm. Friðriksson, Guðm. Guðmundss. ábúendur Iðu.

Eiríkur Jónsson Helgastöðum ábúandi og eigandi að nokkrum deil.

Grímur Guðmundsson Helgastöðum ábúandi.

Stefán Kr. Ólafsson Framnesi ábúandi.

Eiríkur Eiríksson Miðbýli ábúandi.

Jón Stefánsson sama.st. ábuandi.

[Ritað á spássíu] Þingl. 13. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 77.
Landamerki

jarðarinnar Vælugerði í Villingaholtshr. eru eptirfylgjandi: (8. júní 1885)

Hornmark á Flóðamosamýrinni er Varða sem þessar jarðir eiga: Vælugerði, Kampholt og Egilsstaðir, þaðan skilur sjónhending í Vörðu fram við Vatnið, að norðanverðu, úr henni sjónhending yfir miðju Vatnsins í Vörðu við Vatnavikið að framan; svo skilur sjónhending Vörðu af Vörðu fram í Vörðu fremst á Flatholti, sem er hornmark fyrir Vælugerði og Vatnsenda, en hliðarmark frá Villingaholti; svo skilur sjónhending milli Vælugerðis og Vatnsenda í Markakeltt, og úr honum í Vörðu á Grænsásunum, sú Varða er hornmark milli Vatnsenda og Önundarholts, og hliðarmark frá Vælugerði; svo skilur sjónhending milli Vælugerðis og Önundarholts í Klofstein, hann er hornmark frá Vælugerði og Hurðarbaki, en hliðarmark frá Önundarholti; þaðan skilur sjónhending milli Vælugerðis og Hurðarbaks í Vörðu á Láguholtunum fyrir framan Hnauskeldu, sem fjórar jarðir eiga í: Vælugerði, Hurðarbak, Hnaus og Kampholt; þaðan slilur sjónhendig milli Vælugerðis og Kampholts í fyrnefnda Vörðu á Flóðamosamýrinni.

Magnús Gíslason Hurðarbaki.
Jón Ámundason Vælugerði.
Þórður Guðnason Egilsstöðum.
Gísli Guðmundsson Egilsstöðum.
Helgi Eiríksson Villingaholti.
Jón Einarsson Egilsstaðakoti.
Bjarni Guðmundsson Önundarholti.
Jón Eiríksson Kampholti.
Vegna Hnauss Magnús Einarsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 15. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 78.

Landamerki

jarðarinnar Vatnsenda í Villingaholtshr. eru:

Milli Vatnsenda og Vatnsholts, úr Þúfunni við Vatnið, við Svartabakka; þaðan uppí Markalautina á Bæjarholtinu, þaðan bein stefna í Þúfu norðast norðast á Hrúfholti [Hrútholti]; þaðan bein stefna í Þúfu vestast á Flatholti, sem er hornmark milli Vatnsenda og Vatnsholts að vestan; þaðan milli Önundarholts og Vatnsenda bein stefan uppí Grensás, í hæstu Þúfuna á honum, sem er hornmark milli Vatnsenda og Önundarholts; þaðan milli Vatnsenda og Vælugerðis stefna í Markaklett í Þúfu á honum, og svo beina stefnu í Þúfu vestast á Villingaholtsflatholti, sem er hornmark milli Vatnsenda, Vælugerðis og Villingaholts; þaðan milli Vatnsenda og Villingaholts beina stefnu í Þúfu á holtinu fyrir ~~vestan~~ austan Vatnsenda; þaðan beint niður í Vatnið sem stenzt á við Skúfslæk, þar sem hann rennur úr Vatninu.

Vatnsenda 2. júní 1885.

Magnús Gamalíelsson.

Þórður Guðnason

Sigm. Jónsson.

Vegna Villingaholts: Helgi Eiríksson.

Vegna Vatnsholts: Þorleifur Jónsson.

Vegna Önundarholts: Bjarni Guðmundsson.

Vegna Vælugerðis: Magnús Gíslason.

[Ritað á spássíu] Þingl. 15. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 79.
Landamerki

jarðanna Kolsholts, Kolsholtshellis, Jaðarkots og Saurbæjar í Villingaholtshr. eru sem hér skrifast:

Lambaþúfa, sem er hornmark að norðan Kolsholts, Önundarholts og Vatnsholts; þaðan í Vörðu vestast í Gildruholti, þaðan í Þúfu á Holtinu fyrir sunnan Gæsatjörn, þaðan í Ketilhól, þaðan í Þúfu á Ólafshól, þaðan eptir Garðlagi í Þúfu fyrir ofan Kolsholtsfor; svo ræður Garðlag fyrir framan Grafarteigsflóð í Þúfu fyrir vestan Leirdæl, þaðan í Þúfu sem stendur á barðinu fyrir austan Sefdæl, þaðan í Vörðu við Skálatjörn, sem er hornmark milli Kolsholts, Villingaholts og Skúfslækjar, þaðan Loðnuvörðu, þaðan í Hamrasvorðu, sem er hornmark milli Kolsholts, Skúfslækjar, Gafls og Hamars; þaðan í Fuglaskersvorðu, þaðan í Gráhellu við lækinn fyrir austan Vorsabæjarhjáleigu, sem er hornmark milli Kolsholts og Hamars, svo ræður Vorsabæjarlækur milli Kolsholts og Vorsabæjarlands að Markhól, sem er hornmark milli Kolsholts, Vorsabæjar og Sviðugarða; þaðan ræður Kúalækur milli Kolsholts og Sviðugarðalands að Kúalækjarflóðum, þaðan í Vörðu við Kúatanga, þaðan í Þúfu við Tólfhundraðatjörn, sem er hornmark milli Kolsholts, Suluholts og Önundarholts, þaðan í fyrrnefnda Lambaþúfu.

Kolsholti 28. maí 1885.
Gísli Hallgrímsson, Sigurður Jónsson.
Þorsteinn Magnússon Kolsholtishelli.
Jón Þorsteinsson samast.
Hafliði Markússon Jaðarkoti.
Guðm. Jónsson Saurbæ.
Þorsteinn Þorkellsson Hamri.
Vilborg Jóhannsdóttir samast.
Gestur Guðmundsson Vorsabæ.
Ívar Guðmundsson Vorabæjarhjál.
Helgi Eiríksson Villingaholti.
Þorleifur Jónsson Vatnsholti.
Helgi Guðmundsson Súluholti.
Bjarni Guðmundsson Önundarholti.
Gestur Jónsson Sviðugörðum.
Gestur Gamalíelsson Skúfslæk.

[Ritað á spássíu] Þingl. 15. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 80.
Landamerki

jarðarinnar Kampholts í Villingaholtshr.

Úr Þúfu á Garðlegginu, sem er norður við Kelduklofa ræður Kampholtskelda milli Hnauss og Kampholts í Þúfu fremst við Kelduna; þaðan beina stefnu í Þúfu suður á heiðinni suður af [eyða milli orða] hver Þúfa er hornmark 4. jarða Kampholts, Hnauss, Vælugerðis og Hurðabaks, þaðan stefnu í Rannveigarsk ..., þaðan sömu stefnu í Þúfu á Flóðamosamýrinni upp af Vælugerðisvatni, sem er hornmark milli Kampholts og Vælugerðis að sunnan, þaðan Þúfu af Þúfu uppað Keldu, sem liggur austanundir Kampholtsbrúnum; sú Kelda ræður löndum milli Kampholts, Egilsstaða og Urriðafoss, austur í Þúfu hjá Rauðavaði á Fosslæk, sem er hornmark; úr Rauðavaði eptir Þúfum uppi með heiðarbrúninni, milli Kampholts og Skálmholts í Grástein framaní Grenjahraunsbrúninni milli Flatholts og Kérsholts, og er hann merktur með stöfunum, H.M. (hornmark). Milli Kampholts og Bitru úr nefndum Grásteini beina stefnu í Vörðu fremst á Litlakersholti; þaðan eptir Garðlagi í þá fyrstnefndu Þúfu, sem stendur á Garðlaginu við Kampholtskeldu.

Villingaholti 28. maí 1885.

Í umboði jarðeiganda: Helgi Eiríksson.

Framanskrifuðum landamerkjum er ég samþykkur: Jón Eiríksson.

Vegna Bitru: Gísli Guðmundsson.

Vegna Hnauss: Magnús Einarsson.

Vegna Vælugerðis: Magnús Gíslason.

Vegna Egilsstaða: Þórður Guðnason.

Vegna Urriðafoss: Einar Einarsson.

Vegna Skálmholts: Sveinn Teitsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 15. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 81.
Landamerki

jarðarinnar Villingaholts í Villingaholtshr.

Milli Villingaholts og Efrigrófar, úr Þúfu við Skúfslæk framanundir Skálatjörn, svo í Þúfu á rimanum þar austan undir; svo í Þúfu á Krókakeldubarði við garðleggið, þaðan í Þúfu á hryggnum framanundir Munnlaugarengi; þaðan bein stefna í Þúfu austur undir Þjórsárbakka; sem er hornmark að austan; svo stefnu í Ána, sem vísar skammt fyrir ofan Sauðholt. Milli Villingaholts og Egilsstaða við ána ræður Miðás í Þúfu, sem stendur á Hól fyrir ofan Ósinn, þaðan í Þúfu við Storagil, þaðan í Þúfu á Holtinu fyrir ofan Hestabrekku, þaðan beina stefnu í Þúfu ... á holtinu fyrir ofan Flatholt, sem er hornmark Villingaholts og Egilsstaða að ofan; þaðan milli Villingaholts og Vælugerðis beina stefnu suður Flatholt í Þúfu sem stendur vestast á því og er hornmark milli Villingaholts, Vælugerðis og Vatnsenda, svo beina stefnu í Þúfu sem stendur á holtinu fyrir austan Vatnsenda, og sem vísar beint í lækinn þar sem hann rennur úr Vatninu; svo ræður lækurinn milli Villingaholts og Vatnsholts í Þúfu efst í Kolsholtsfor, og svo eptir garðleggi fyrir framan Grófarteigsflóð, þaðan beint suður yfir Holtshalann, í Þúfu sem stendur vestanundir Leirdælinni, þaðan í Þúfu á Garðleggi austan undir Sefdælinni, þaðan beint í þúfu fram undir Skúfslæk fyrir vestan Skálatjörn sem er hornmark milli Villingaholts, Skúfslækjar og Kolsholts.

Villingaholti 28. maí 1885.

Helgi Eiríksson.

Gísli Hallgrímsson Kolsholti.

Vegna Vatnsenda: Sigm. Jónsson.

Vegna Efrigrófar: Gamalíel Gamalíelss.

Vegna Egilsstaða: Þórður Guðnason.

Vegna Vælugerðis: Magnús Gíslason.

[Ritað á spássíu] Þingl. 15. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 82.
Landamerki

jarðarinnar Vatnsholts í Villingaholtshr.

Vatnið ræður það sem það nær að Skúfslæk, svo lækurinn fram að Ólafshól – þó á Vatnsholt lítið horn fyrir austan lækinn við Kolsholtsfor – úr Ólafshól í Ketilhól, úr Ketilhól í Þúfu á holtinu fyrir neðan Gæsartjörn, þaðan í Þúfu fremst á Gildarás og þaðan beint í Lambaþúfu, sem er hornmark Kolsholts, Önundarholts og Vatnsholts að vestan, þaðan í Þúfu vestast á Flatholti sem er hornmark milli Vatnsholts og Vatnsenda að ofan þaðan í Þúfu norðast á hrútholti; þaðan beint í svonefnda Markalaut á Bæjarholtinu, þaðan í Vörðu niður við Vatnsvikið hjá Svartabakka.

Villingaholti 28. maí 1885.

Í umboði jarðeiganda: Helgi Eiríksson.

Þorleifur Jónsson Vatnsholti.

Vegna Kolsholts: Gísli Hallgrímsson.

Vegna Villingaholts: Helgi Eiríksson.

Vegna Vatnsenda: Sigm. Jónsson.

Vegna Önundarholts: Bjarni Guðmundss.

[Ritað á spássíu] Þingl. 15. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 83.
Landamerki

Egilsstaðatorfunnar í Villingaholtshreppi eru þessi:

Milli Egilsstaða og Villingaholts ræður sjónhending frá Markaþúfunni við Miðós þúfu af þúfu, í þúfu á Stórarimanum, næsta fyrir ofan Flatholtsenda, en hann er fremstur af hinum svokölluðu smárimum, síðast nefnd Þúfa er hornmark áður téðra jarða. Milli Egilsstaða og Vælugerðis ræður sjónhending frá hornmarksþúfunni og í vikið sem er fram úr Vælugerðisvatni, en þar er Þúfa sett, og frá henni ræður sjonhending yfir miðju Vatnsins í Þúfu sem er við norðurenda þess; þaðan ræður sjónhending í Þúfu uppá mýrinni, sem er hornmark Vælugerðis og Kampholts, sem hliðarmark Egilsstaðatorfunnar. Milli hennar og Kampholts ræður sjónhending frá téðu hliðarmarki þúfu af þúfu upp yfir Flóðamosamýrina og í Þúfu við Kampholtskeldubotna; síðan ræður Keldan austur að Auriðafossmörkum, sem er hornmarksvarða.

Milli Egilsstaða og Aurriðafoss ræður sjónhending frá hornmarksvörðunni þúfu af þúfu austur eptir Markalautinni, sem er fyrir framan Fossvirkistögl, og ræður sama sjónhending þúfu af þúfu austur yfir Tröllaskörð, enda ræður enn sama stefna austur í Þjórsá rétt fyrir framan Leyniskjaptinn; suður ræður Þjórsá, fram á móts við upphaflega nefndann Miðós.

En fremur eiga Egilsstaðir allmikið ítak til slægna í landi jarðarinnar Efrasýrlækjar gegn því að téð jörð á göngu fyrir 12 hross, frá haustnóttum meðan gengið geta án gjafar í Egilsstaðalandi.

Umhverfis téð slæjuítak eru þessi landamerki: Frá Vörðu við Markaflóðið á bærinn Mýrar að bera í Kögunarhól, og saman á að bera bæina Efrigrof og Hnaus; Frá téðu flóði ræður garðlag austur að Holmaflóði, en frá því ræður garðlagsmynd eða einkum stefna þess austur að Vörðu sem er við lækinn, þannig verður aðalstefna Garðlagsins vestur frá Markaflóði hér um bil mitt á milli Heklu og bæjarins í Nesi, frá téðri Vörðu ræður sjónhending uppað Vörðu á Lækjarbakkanum, en hún er hornmark milli Ítaksins og Mýra, en hliðarmark frá Syðri-gróf frá þessari Vörðu ræður dalardrag vestur að vörðunni við vestri lækinn, en frá henni er sjónhending í Vörðu sem stendur framanvert við flóðið, sem er næt fyrir ofan Stóra ítaksflóð, en héðan ræður sjónhending í Vörðu við Markaflóð, sem upphaflega var nefnt, enda ber þá stefnu beint í Arabæ.

Egilsstöðum í júní 1884.

Eigendur: Magnús Árnason, P. Jónsson, Magnús Einarsson.

Framanrituðum landamerkjum erum við samþykkir:

Vegna Villingaholts: Helgi Eiríksson.

Vegna Vælugerðis: Jórunn Þorgilsdóttir, Jón Ámundason.

Vegna Kampholts: Jón Eiríksson.

Vegna Aurriðafoss: Einar Einarsson.

Vegna Egilsstaða: Þórður Guðnason.
Vegna Egilsstaða Gísli Guðmundsson.
Vegna Egilsstaðakots: Jón Einarsson.
Vegna Syðrigrófar: Sigurður Sveinsson.
Vegna Efrisýrlækjar: Friðleifur Jónsson.
Vegna Mýra: Þórður Eiríksson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 15. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 84.
Landamerki

Skálmholts í Villingaholtshr. eru þessi:

Milli Skálmholts og Skálmholtshrauns ræður frá Gráhellu, sem er hornmark téðra jarða – gamall Markagarður þó ekki beinn allt fram að Gjánni, síðan ræður hún allt fram í Gjáarkjaptinn; þaðan ræður Garðleggur fram að Markavörðunni við Þjótandagötu, sem er hornmark Skálmholts Skálmholtshrauns og Þjótanda. – Milli Skálmholts og Þjótanda ræður sjónhending um Heiðarvörðu í Steinker.

Milli Skálmholts og Aurriðafoss ræður sjonhending úr Steinkeri í Vörðu á Dælukoti, þaðan í Þúfu hjá Rauðavaði á Fosslæk, og er þar hornmark Skálmholts, Foss og Kampholts. – Milli Skálmholts og Kampholts ræður sjónhending úr Þúfu hjá Rauðavaði í Garðlegg í Krókadælum, síðan ræður Garðleggurinn að Grásteini fremst í Grenjahraunsbrún merktur H.M. sem er hornmark Skálmholts, Kampholts og Bitru.

Milli Skálmholts og Bitru ræður sjónhending frá hornmarkinu er nefnt var í merktann stein við Merkilæk framan Selhús, steinninn er merktur M.

Milli Skálmholts og Hjalmholts ræður sjónhending frá hinum merkta steini í Axarhól, og þaðan í Skollaþúfu, sem er hornmark 5 jarða.

Milli Skalmholts og Kylhrauns ræður sjónhending frá Skollaþúfu að Syðri Kylhraunsskignir og aptur frá honum að Gráhellu, sem fyr var nefnd.

Skálmholt á ítak til slægna í Skálmholtshraunslandi, samt. 30 hesta slæju annað árið, en 20 fiskum annað, gegn átölulausri beit fyrir fénað frá Skálmholtshrauni sumar og vetur í Skálmholtslandi.

Skálmholti í júní 1885.
Sveinn Teitsson.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir:
Vegna Skálmholtshrauns: Hogni Jakopsson.
Vegna Þjótanda: Sigurður Egilsson.
Vegna Aurriðafoss: Einar Einarsson.
Auðunn Ólafsson bóndi á Kylhrauni.
Vegna Hjalmholts: Ólafur Þormóðsson.
G. Guðmundsson bóndi á Bitru.
Vegna Kampholts: Jón Eiríksson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 15. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 85.
Landamerki

Þjótanda í Villingaholtshreppi eru þessi:

Milli Þjótanda og Aurriðafoss ræður sjónhending frá Þjórsá um Grænhól í Steinker, sem er hornmark Þjótanda og Skálmholts. – Milli Þjótanda og Skálmholts ræður sjónhending úr Steinkeri um Heiðarvörðu og í Markavörðuna hjá Þjótandagötu, en hún er hornmark Þjótanda, Skálmholts og Skálmholtshrauns.

Milli Þjótandar og Skálmholtshrauns ræður sjónhending frá Markavörðunni við Þjótanda-götu um Vörðu á Þjórsárbökkum í Markavörðuna sem er í miðju Krýjuskeri, en þaðan í Þjórsá. – Téð Varða er mark milli Þjótanda og Skálmholtshrauns.

Þjótandi á ítak til slægna í landi jarðarinnar Kálfhóli á Skeiðum, en ummerki þess eru: að vestanverðu landamerkin á milli Kálfholts og Skálmholtshrauns, að sunnan og austan Þjórsá og Moldgróf, en að norðan Boladæl.

Þjótanda í júní 1885.

Vegna eigandans Jón Jónsson. Sigurður Egilss. ábúandi.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir:

Vegna Aurriðafoss: Einar Einarsson.

Vegna Skálmholts: Sveinn Teitsson.

Vegna Skálmholtshrauns: Högni Jakopsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 15. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 86.
Landamerki

Skálmholtshrauns í Villingaholtshr. eru þessi:

Milli Skálmholtshr. og Skálmholts, ræður frá Gráhellum, sem er hornmark téðra jarða, – gamall Markagarður, þó ekki beinn, allt fram að Gjánni, síðan ræður hún allt fram í Gjáarkjaptinn; þaðan ræður Garðleggur fram að Markavörðunni, að Þjótandagötu, sem er hornmark Skálmholtshr., Skálmholts og Þjótanda. Milli Skálmholtshr. og Þjótanda ræður sjónhending frá hornmarksvörðunni við Þjótandagötu um Vörðu á Þjótandaárbokkum í Hornmarksvorðuna,sem er á miðju Krýjuskeri, en þaðan í Þjórsá. Milli Skálmholtshr. og Kálfhóls ræður sjónhending frá Gráhellu eptir smá þúfnaröð allt að Þjórsá.

Skálmholtshraun á ótakmarðaða fénaðarbeit, sumar og vetur í landi jarðarinnar Skálmholts gegn afmörkuðu slægnaítaki í Skálmholtshr.landi, – samt. 30 hesta slæju í engjum annað árið en 20 fiskum annað.

Skálmholtshr. í júní 1885.

Högni Jakopsson.

Ofanrituðum landamerkjum erum við samþykkir:

Vegna Skálmholts: Sveinn Teitsson.

Vegna Þjótanda: Sigurður Egilsson.

Vegna Kálfhóls: Sveinn Halldórsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 15. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 87.
Landamerki

jarðarinnar Aurriðafoss í Villingaholtshr. eru þau sem nú skal greina:

Milli Aurriðafoss og Egilsstaða ræður stefna, sem tekin er frá Þjórsá um Þúfuna efst á Leynisholtinu, litlu fyrir framan Leynislækjarmynnið (eða Leyniskjaptinn, sem vanal. er kallað) og svo haldið áfram eptir Garðbrotum er merki sjást til í stefnunni, báðum megin við Tröllaskörð, og báðum megin við Ruddakrók; liggur merkjalínan yfir um þann krók þverann, og svo út yfir Hólana og Hólamýrina, þar sér enn merki til Garðsins. Í Hólunum liggur hún skammt fyrir norðan Stórhól, út í Markalaut, sem er nokkuð langt fyrir framan Fossvirkistagl, og svo áfram út Kampholtskeldu; er þessi stefna að mestu leiti bein, þó garðbrotin sýnist sumstaðar að stefna nokkuð óreglulega. Til tryggingar hinum fyrnefndu Garðbrotum höfum við undirskrifaðir hlaðið Markavörður með línunni.

Milli Aurriðafoss og Kampholts ræður Kampholtskelda, þangað til hún rennur í Fosslæk hjá Rauðavaði. Milli Aurriðafoss og Skálmholts ræður stefna sem tekin er úr Dælarkoti í Steinkér, – það er í hól fyrir austan og framan Dælarrétt á millum Aurriðafoss og Þjótanda, – beina stefnu úr Steinkeri haldið áfram í Grænhól, og svo austur í Þjórsá, og kemur stefnan að henni norðast á Sandholtinu. Þaðan af ræður Þjórsá til merkjanna milli Aurriðafoss og Egilsstaða, sem skýrt er frá hér að framan.

Framanskrifuð landamerki eignar og ábúðarjarðar minnar Aurriðafoss hafi ég tilgreint eptir því sem ég veit sannast og réttast.

Aurriðafossi 11. júlí 1883.

Einar Einarsson.

Að rétt og skýrt frá landamerkjum jarðarinnar Aurriðafoss hér að framan vottum við undirskrifaðir nágrannar.

Þórður Guðnason bóndi Egilsstöðum.

Gísli Guðmundsson bóndi s.st.

Jón Einarsson bóndi Egilsstaðakoti.

Jón Eíríksson bóndi Kampholti.

Sveinn Teitsson eigandi og ábúandi Skálmholts.

Sigurður Egilsson ábúandi Þjótanda.

[Ritað á spássíu] Þingl. 15. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 88.
Landamerki

jarðanna Vorsabæjar, Vorsabæjarhóls og Vorsabæjarhjál. (Vorsabæjarhverfis) í Gaulverjabæjarhr. eru sem hér skrifast:

Markhóll er hornmark að norðan, frá Markhól ræður Vorsabæjarlækur, – milli Vorsabæjar og Kolsholtslands suður í Markhól, sem er hornmark að sunnan á milli Galtastaða og Vorsabæjarhjál.; þaðan vestur í Gildru við Vallarlæk; þaðan ræður Vallarlækur vestur að dragi – sem liggur milli Hóls engja og Vallarhjál. og vestur í Seljatungulæk, svo ræður hann (lækurinn) upp á móts við Litlastelksholt, og þaðan beint í markhól sem fyrst er nefndur.

Vorsabæ 15. júní 1885.

Gestur Guðmundsson.

Samúel Jónsson Vorsabæjarhól.

Ívar Guðmundsson Vorsabæjarhjál.

María Friðfinnsdóttir Galtastöðum.

Gísli Hallgrímsson Kolsholti.

Sigurður Jónsson s.st.

Hafliði Markússon Jaðarkoti.

Þorsteinn Magnússon Kolholtshellir.

Jón Þorsteinsson s.st.

Sigurður Sigurðsson Efravelli.

Guðm. Vigfússon Seljatungu.

[Ritað á spássíu] Þingl. 16. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 89.
Landamerki

Seljatungu í Gaulverjabæjarhr.
Þorleifshóll hornmark að norðan, þaðan í Þorleifsbrú; svo ræður lækurinn gagnvart Sviðugörðum og Vorsabæjartorfunni í Forngarðinn er svo nefnist; svo ræður hann (Forngarðurinn) gagnvart Efravelli í Klofasteina, sem er hornmark við Gaulverjabæjarland; úr Klofasteinum gagnvart Gegnishólum í Berghól, Litlamarkhól og Stóramarkhól, sem er hornmark; þaðan beina stefnu gagnvart Rútsstaðatorfunni í Þorleifshól, sem fyr er nefndur.
Seljatungu 6. júní 1885.
Guðm. Vigfússon ábúandi.
Tómas Magnússon Efri Gegnishólum.
Árni Gíslason Rútsstöðum.
Páll Sigurðsson Gaulverjabæ.
Gestur Guðmundsson Vorsabæ.
Sigurður Sigurðsson Efravelli.
Samúel Jónsson Vorsabæjarhól.
Gestur Jónsson Sviðugörðum.

[Ritað á spássíu] Þingl. 16. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

[laust blað í bókinni, á bls.nr.]
Útaf ágreining um landamerki jarðanna Vallarhjáleigu og Efri Vallar annarsvegar og Gaulverjabæjartorfunnar hinsvegar, sjerstaklega þó jarðarinnar ½ Syðra Vallar sem er landssjóðsjörð, þá fór fram áreið um landamerki þessi 7. þ.mán.
Þar vóru komnir umboðsmenn fyrir nefndar jarðir. Þeir Friðrik Sigurðsson bóndi í Hafliðakoti á Eyrarbakka fyrir Vallarhjáleiguna, og Júníus Pálsson á Syðraseli fyrir Efra Völlum. Umboðsmenn þessir hresstu upp gamla fallna vörðu, sem þeir vilja telja hornmark með beinum línum til beggja hliða allt að næstu aðalhornum.
Samkvæmt landamerkjaskrá dagsettri 3ja október 1884 get jeg ekki fallist á þessi landamerki, en neita fyrir hönd landssjóðsjarðanna að samþykkja þau.
Bið yður að taka málið fyrir á þinginu, eða þegar þjer sjáið það fært, og gjörið áðurnefndum umboðsmönnum aðvart.
Virðingarfyllst
Gaulverjabæ 10. júní 1922
Dagur Brynjúlfsson.

Til sýslumannsins í Árnessýslu

№ 90.
Landamerki

Efri Vallar og Vallarhjál. í Gaulverjabæjarhreppi eru sem hér skrifast:
Milli Efrivallartorfunnar og Vorsabæjar ræður Vorsabæjarlækur.
Milli Efrivallart. og Vorsabæjarhóls ræður Keldudrag sem liggur vestur að Markarima.
Milli Efrivallart. og Seljatungu ræður gamallt Markagarðslag.
Milli Efrivallart. og Gaulverjabæjar ræður sjónhending frá Klofasteini og í Vörðu í Vörðuheiðinni, og aptur sjónhending frá téðri Vörðu í Langavað.
Efravelli í júní 1885.
Vegna jarðeigendanna: Jón Jónsson.

Ofanskráðum landam. erum við samþykkir:
Guðm. Þorkelsson.
Páll Sigurðsson.
Guðm. Vigfúss. Seljatungu.
Samúel Jónss. Hól.
Gestur Guðmundsson Vorsabæ.

[Ritað á spássíu] Þingl. 16. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 91.
Landamerki

Tungu í Gaulverjabæjarhr. eru sem hér greinir:
Milli Loptsstaða og Tungu; frá Klémusarvaði ræður lækurinn fram að Efra sýkinu, síðan ræður sykið vestur að Stóralæk, en hann ræður allt að Tunguhólmakeldu, en hún ræður að Baugstaðamörkum.
Milli Tungu og Baugstaða ráða frá Tunguholmakeldu hin gömlu mörk Baugstaða allt að Beinateigsodda; af téðum Odda ræður gamalt Garðlag eður stefna þess, upp að framanverðri tjörn þeirri, er Gola heitir, en hún er rétt fyrir framan túnið á Hólum; frá framanverðri Golu ræður sjónhending eptir miðri láginni, sem er milli Hólatúns og háu hólanna, austur í Hólatunslæk; síðan ræður Hólatúnslækur fram að Lækjartjörn.
Milli Tungu og Gaulverjabæjar ræður Lækjartjörn, og síðan Tungulækur, fram að Klemusarvaði.
Tungu í júní 1884.
Einar Jónsson.

Framanskrifuðum landamerkjum eru við eigendur og umráðamenn kringumliggjandi jarða samþykkir:
Vegna Loptsstaða: Jón Jónsson.
Jón Jónsson.
Gísli Jónsson.
Páll Sigurðsson prestur á Gaulverjabæ.

[Ritað á spássíu] Þingl. 16. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 92.
Landamerki

umhverfis jarðirnar Efri Gegnishóla, Gegnishólapart og Klængsel í Gaulverjabæjarhreppi eru, sem hér skrifast:

Úr Hróarsholtslæk ræður svonefnd Markakelda gagnvart austur meðalh. austur í Helgutótt – sem er hornmark, – þaðan móts við Rútsstaða land í Stóramarkhól, þaðan Gagnvart Seljatungu í Litlamarkhól, þaðan í Berghól, þaðan í Klofasteina, – sem eru hornmark á milli Gegnish. og Gaulverjabæjar – þaðan í Merkjaþúfu á svonefndum Kaplatanga suður með Bæjarkeldu, þaðan – milli Gegnishólanna – og í Skarðið á milli túna Gegnishólaparts og Hólshúsa; þaðan í garðlagið í Laundæl, sem ræður meðan fyrir því sést; þaðan beint út í Hólmann í Markaflóðinu, (sem er olnbogamark) þaðan í vestur í Markavörðu fyrir ofan Bauluskurð, og þaðan beint vestur í Hróarsholtslæk, sem svo ræður að fyrstnefndum takmörkum.

Efri Gegnishólum 6. júní 1885.

Tómas Magnússon, Sigurður Ívarsson ábúendur og umráðamenn.

Einar Guðmundsson Klængseli.

Páll Sigurðsson prestur Gaulverjabæ.

Jón Gíslason Austurmeðalholtum.

Árni Gíslason Rútsstöðum.

Guðm. Vigfússon Seljatungu.

Þórður Pétursson Hólshúsum.

[Ritað á spássíu] Þingl. 16. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 93.
Landamerki

umhverfis jarðirnar Efri-Gegnishóla, Gegnishólapart og Klængsel:

Úr Hróarholtslæk ræður Markakeldan austur í Helgutopt, sem er hornmark gagnvart Meðaholtum, þaðan gagnvart Meðalholtum og Rútsstöðum í Stóramarkhól, þaðan gagnvart Seljatungu í Litlamarkhól, Berghól og Klofasteina, þaðan gagnvart Gaulverjabæ í þúfu á Kaplatanga, suður við Bæjarkeldu; þaðan gagnvart Syðrigegnishólum í Kirkjuvörðuna og í skarðið millum túna sama stefna í hólmann í Markaflóðinu, þaðan vestur í Grjótvörðuna fyrir ofan Bauluskurð vestur í Hróarholtslæk, er svo ræður að fyrgreindum takmörkum.

Efri gegnishólum 12. júní 1885.

Tómas Magnússon

Einar Guðmundss. Klængseli.

Jón Gíslason Austurmeðalholtum.

Páll Sigurðsson prestur Gaulverjabæ.

Ámundi Ámundason Rútsstöðum.

Magnús Jónsson Syðrigegnishólum.

[Ritað á spássíu] Þingl. 16. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 94.
Landamerki

Stokkseyrarkirkjujarða: Skógness, Hamars og Hamarshjál., eru sem hér skrifast:

Úr Þrísteini – sem er hornmark að sunnanverðu á svæði því sem liggur að Partamýrinni – í Drottningarþúfu, úr henni í Gauta-Teigarvörðu, sem er hornmark að norðaustanverðu þeim megin; þaðan í Leirgjá – á móts við Mýrarland; þaðan á móts við Gaflsland – eptir Garðlagi uppí Gullvöll, úr þúfunni að austanverðu á Gullvelli í Gráugrjót, þaðan í Hamarsvörðu, þaðan – á móts við Saurbæjarland – í Vörðuna á Saurbæjarvatnsbakka; úr Saurbæjarvatni (syðst) í Fuglstapaþúfu, þaðan í Ferðamannahól, þaðan í Hamarsflóð – á móts við Galtastaðaland; – svo ræður Hamarslækur suðrí Djúpakrók, þaðan eru mörkin eptir svonefndri Gróf og vestast á Flathóla, þaðan austast í Keldhóla, úr Kelduhólavörðu í hornmark að sunnan sem stendur við Stararflóð, austur og upp af Miklavatni – og þaðan austur á Þrístein, sem fyrst er nefndur.

Landamerki Syðrivalla, sem einnig er Stokkseyrarkirkjujörð, eru sem hér skrifast:

Djúpikrókur í Hamarslæk er hornmark að austan svo ræður hann (lækurinn) að Garðhúsahólma; síðan aptur fram á móts við Tungusel, sem er hornmark að sunnan; þaðan í Teigsvörðu, sem er heimnantil við engjarnar. Á milli Tungusels og Teigsvörðu eru tveir rimar beint í mörkum – þaðan í Digravörðu sem er hornmark að norð-vestan. – Á milli Teigsvorðu og Digruvörðu er ein minni Varða. – Úr Digruvörðu í flóð á milli Efri- og Syðri-Valla, þaðan í Langavað í Vallarlæk; svo ræður Vallarlækur, – á milli Vallar og Galtastaða – fram að Gráhellu, þaðan eru mörkin eptir laut austur í Djúpavað í Hamarslæk rétt við Djúpakrók, sem fyr er nefndur.

Landamerki Hellna og Hellnahjál. – sem líka eru Stokkseyrarkirkjujarðir – eru, sem hér skrifast:

Milli Dalbæjar og Hellna, eru mörk úr Kalfaflóðum í Krúnuhól, sem á að bera í Bæjarkirkju. Milli Haugs og Hellna, frá Haugslæk, eiga 2 Vörður að bera saman í Grillugarðshorn. Milli Hellna og Loptsstaða er hornmark.

Þaðan í Vörðuna á Haugslækjarbakka, og svo ræður Haugslækur fram á Klöpp. Þessar jarðir eiga beitiland saman við Bæjarstað.

Athugasemd:

Fjórir búendur jarðanna Syðrivallar, Hellna og Hellnahjál., eiga hver til afnota, tvær mýrarskákar, innan þeirra landamerkja, sem töldust jorðunum: Skógsnesi, Hamri og Hamarshjál. hér að framan.

Syðravelli 3. okt. 1884.

Fyrir hönd prestsins séra Jóns Bjarnasonar Litlahrauni

Guðm. Þorkelsson.

Ofanskráðum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir:

Páll Sigurðsson prestur á Gaulverjabæ.
Sigurður Sigurðsson Efravelli.
Einar Þóroddsson Gafli.
Þórður Eiríksson Mýrum.
Magnús Magnússon Arabæ.
Þuríður Magnúsdóttir Króki.
Vegna Ragnheiðarstaða Grímur Gíslason.
Halldór Steindórsson Fljótshólum.
Guðm. Eyvindsson Ragnheiðarstöðum.
Gísli Jónsson Loptsstöðum.
Tómas Magnússon Gegnishólum.

[Ritað á spássíu] Þingl. 16. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 95.
Landamerki

Stokkseyrartorfunnar í Stokkseyrarhr. eru þessi:

Milli St.e.t. og Traðarholtstorfunnar eru merkin, frá Markavörðunni sem er á sjóarbakkanum fyrir austan Rauðarhól, liggja þar austan á Langarifi beint fram í brimgarð, eins og sjónhending ræður frá nefndri Markavörðu, ræður aptur sjónhending um bæinn Kotleysu – eða eldhúsið þar – uppundir, eða á móts við Andartjarnir, en þar um er hornmark Traðarholtstorfu og Brattholtstorfunnar.

Milli St.e.t. og Brattholtst. ræður frá því á móts við Andartjarnir sjónhending frá áðurnefndri Markavörðu í Brandhól, en frá honum liggja merkin beint í Ívarshól, en hann er hornmark milli Brattholts og Holtstorfunnar.

Milli St.e.t. og Holtst. ræður sjónhending frá Ívarshól í Gölt, en hann er hornmark 5 jarða nl. Stokkseyrar, Holts, Byggðarhorns Votmúla og Jórvíkur. Milli St.e.t. og ~~Jórvíkur~~ Byggðarhorns ræður sjónhending frá Gölt í Grástein.

Milli St.e.t. og Sandvíkurt. ræður sjónhending frá Grásteini í Trévörðu, og aptur frá henni ræður sjónhending í Markavörðuna við Blaktjarnir. Milli St.e.t. og Stórahraunst. ræður sjónhending frá Vörðunni í Hraunsflóð, og aptur úr því sjónhending í Vörðu sem aðskilur engjar Hafliðakots og Syðrasels, en frá téðri Vörðu ræður nýhlaðinn Markagarður allt suður að flóðunum, sem falla að austan í Skersflóð, en sunnan við þessi flóð ráða Garðlög sem öll vita í sömu stefnu og aðskilja þau engjar Foks og Stokkseyrar; frá Garðlögunum ræður sjónhending í Markastein, sem er vestanvert við Ferðamannagötu, og aptur frá honum í Markaklöpp, sem stendur í flæðarmáli; þaðan í Leirker fremst í fjörunni og svo fram í Markahlein.

Á Stokkseyrarmýri á Traðarholt selstöðu.

Inn fyrir ofannefnd landamerki liggur nokkuð af landeign jarðarinnar Kotleysu, sem virðist vera byggð í landamerkjum Stokkseyrar og Traðarholtstorfunnar; sama er um nokkuð af Keldnakotsengjum, og helst það eins og áður hefur verið.

Stokkseyri í júní 1885.

Eigendurnir: Kr. Adolpsson, Grímur Gíslason.

Fyrir hönd Þorl. sál. Þorleifss. eða hans bú:

Guðm. Thorgrímsson.

Ofanskráðum landamerkjum erum við samþykkir:

Fyrir hönd ekkjunnar Malfr. Þorleifsdóttir

Jón Jónsson.

Vegna Hraunstorfunnar: Jón Björnsson, Þorkell Jónsson, Einar Jónsson.

Vegna nokkurs hluta Brattholts, Sandvíkur og Hraunstorfunnar:

Þ. Guðmundsson, Þ. Pálsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 17. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 96.
Landamerki

jarðarinnar Hjálmholts, ásamt með hjál. Vesturkoti í Hraungerðishr., eru þessi:
Skollaþúfa er hornmark, ofarlega á austurbrún Merkurhrauns; úr nefndri Þúfu ræður sjónhending útað Hvítá í Krossgil í Hestfjalli, norðantil við Veiðinef, ræður síðan áin fram í Sandskörð á Brúna[staða]~~valla~~flötum; þaðan beina línu til útsuðurs í Markastein nyrðri, og úr honum í Markastein syðri, í Skagahrauni, þaðan beina línu í Grjótvörðu í Breiðateig, úr henni beina línu í Grjótvörðu á Gildruás austantil; úr henni ræður sjónhending, til suðurs, eptir gömlu Garðlagi í Runkamýri, í Vörðu sem er hlaðin úr mýrarhnausum; úr síðastnefndri vörðu í Klofastein, og úr honum í Mókelduvað, við Hróarsholtslæk; ræður svo lækurinn þar til Hjálmholtskelda rennur í hann; síðan ræður keldan, uppað Þúfu á vestari Keldubakkanum, norðvestur undan Bitruholti, þaðan sjónhending í Vörðu á Berghól, norðvestaní nefndu Holti, úr Berghól bein lína í Grjótvörðu fremst í Kotaviki; úr henni bein lína um Bitruskygnir, að Merkurlaut, ræður síðan Lautarbrúnin, austur á móts við jarðfastan stein, til suðausturs, skammt frá Lautinni, merktur M, síðan sjónhending úr nefndum steini í Axarhól, og úr honum sjónhending í fyrnefnda Skollaþúfu.
Vegna Ólafsvalla: St. Stefenssen.
Vegna Kilhrauns: Auðunn Ólafsson.
Vegna Skálmholts: Sveinn Teitsson.
Vegna Árhrauns: Eiríkur Ingimundsson.
Vegna Bitru: G. Guðmundsson.
Vegna Hraungerðis: Sæm. Jónsson.
Vegna Brúnastaða Jón Einarsson.
Vegna Ölvesholts: Vernh. Kristjánsson
Vegna Hryggjar: Guðm. Eiríksson.
Vegna Vesturkots: Hreinn Þorkelsson.
Hjálmholti 18. júní 1885.
Ólafur Þormóðsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 19. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 97.
Landamerki

milli jarðarinnar Bitru í Hraungerðishr., og nærliggjandi jarða, sem eru:

1. Hjálmholt: Framan í Grejnahraunsbrún er jarðfastur steinn – Grásteinn merktur H.M. (Hornmark) – úr honum beina línu í Grjótvörðu fremst á Litla-Kersholt; þaðan eptir gömlu Garðlagi niður að Kampholtskeldu, um Þúfu á Garðlagsendanum.
2. Hnaus: Frá áðurnefndum takmörkum bein lína í Þúfu á Einbúa, þaðan bein lína norðanvert um Gráatanga í hlaðna torfvörðu við lækinn, þaðan ræður Lækurinn að Gilvaði.
3. Gneistastaðir: Frá Gilvaði ræður lækurinn þar til Hjálmholtskelda rennur í hann.
4. Hjálmholt: Frá nefndum takmörkum ræður Hjalmholtskelda uppað Þúfu á vestari Keldubakkanum, norðvestur undan Bitruholti; þaðan bein lína í Berghól, norðvestan í nefndu holti, úr Berghól bein lína í Grjotvörðu fremst í Kotaviki, úr henni bein lína um Bitruskygnir að Merkurlaut; ræður síðan Lautarbrúnin austur á móts við jarðfastan stein til suðausturs, skammt frá Lautinni merktan M.
5. Skálmholt: Úr síðastnefndum steini bein lína í fyrstnefndan Grástein.

Bitru í júním. 1885.
G. Guðmundsson.

Vegna Skálmholts: Sveinn Teitsson.
Vegna Kampholts: Helgi Eiríksson.
Vegna Hnauss: Magnús Einarsson.
Vegna Gneistastaða: Magnús Eyjólfsson.
Vegna Hjálmholts: Ólafur Þormóðsson.

[Ritað á spássíu] Þingl. 19. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 98.

Landamerki

Ölversholts í Hraungerðishr. eru þannig:

Milli Ölversholts og Hryggjar: Úr Markhól, beina stefnu í suður í Grjót~~hól~~vörðu, er stendur norðan undir Hrafnabjörgum í Miklaholti, þaðan til landsuðurs í Garðlegg, sem er í mörkum milli Ölversholts og Hjálmholts.

Milli Ölversholts og Hjálmholts ræður garðleggur fram í hornmark milli Ölversholts og Miklaholtshellir.

Milli Ölversholts og Miklaholtshellis: úr téðu hornmarki í Grjótvörðu, er stendur á holtsbrúninni, sjónhending vestur yfir holtið, framan til í Skaufa vestur í Gráhellu, og þaðan vestur í hornmark í Föxum.

Milli Ölversholts og Lauga: Úr áðurgreindu hornmarki, bein stefna upp í Snögghól. – Milli Ölversholts og Brúnast: úr Snögghól sjónhending austur í fyrgreindann Markhól.

Þann 15. júní 1885.

Ólafur Þormóðsson Hjalmholti.

Jón Einarsson Laugum.

Jón Pálsson Brúnastöðum.

Guðm. Eiríksson Hrygg.

Sæm. Jónsson Hraungerði.

Páll Jónsson Syðraseli.

[Ritað á spássíu] Þingl. 19. júní 1885. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 99.

Árið 1884, 21. maí, hef ég samið landamerki fyrir jörðina Læk í Hraungerðishreppi, sem er eign Gríms Gíslasonar bónda á Óseyrarnesi:

Við Hróarsholti ræður Lækurinn frá Berghól ofan með Hróarsholtsklettum.

Við Arnarstaðamörk á að bera saman frá Einbúa, Klofsteinn í Hesteyru. – Við Hraungerðismörk, frá Berghól, á að bera saman Klofsteinn í Stokkhól.

Snorri Þórarinsson fyrir Læk.

Fyrir Hróarsholt: Halldór Bjarnason, Guðm. Tómasson.

Sem umráðamaður Hraungerðis undirskrifar: Sæm. Jónsson.

Einar Einarsson.

Þorbergur Helgason.

Guðfinnur Þorvarðsson fyrir Arnarstaði.

Jón Árnason fyrir Arnarstaði.

Þorbergur Helgason fyrir Arnarstaði.

[Ritað á spássíu] Þingl. 19/6-85. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 100.

Anno 1778 d. 5. september víseteraði biskupinn Hannes Finnsson kyrkjuna að Kaldaðarnesi í Flóa; hún á eptir máldögunum 20$^{hndr}$ í heimalandi en nú er jörðin Hospitalsgarður. Skipstaða um vertíð í Elliðahöfn, garða og naust skipverjum. Skipsöfn í Herdísarvík, og skreiðargarð og skálastöðu í Skálagerði. Viðarhögg í Geldingasteini. Fjöru í Keflavík að helmingi við Krísuvík. Hundrað sauðbeit í Krísuvík, og húsrum manni að geyma þar sauða. Selför í Breiðumýri til Sveinaskála og mánaðarbeit. Torfskurð í Auðsholtslandi svo mikinn sem þeir vilja er Kaldaðarnes halda. Hún á og skóg í Sauðafelli.

Eptir Mag$^{r}$ Brynjúlfs biskups Vísetatíu 1641 og Mag$^{r}$ Þórðar Þorlákssonar 1649, eru þessi landamerki jarðarinnar: frá Hábeinsstaðaborg og í Ketilvörðu, þaðan og í Blaktjarnir, þaðan og sjónhending í Einbúann í útsuður liggjandi frá skjólgarðinum, þaðan sjónhending í hólinn hjá Þórðarkoti, þaðan í austari endann á Rauðukeldu, þaðan í þá þúfu sem stendur við flóðsendann framundan skjólgarðinum fyrir vestan Hreiðurborg, þaðan og framanvert í Kálfhaga útgarð, síðan svo sem Ósinn sker vestur í aur.

Þá láu þar fyrir þessum landamerkjum vitnisburðir Jóns Þorsteinssonar, Jóns Sigurðssonar, ít. Sigurðar Þórarinssonar, Guðmundar Bergssonar, Jóns Þórðarsonar.

Kirkjubókarinnar 1$^{ta}$ blað tileinkar kirkjunni Lambastaði 80$^{al}$ landskuld og Kálfhaga með 1$^{hndr}$ og 2$^{al.}$ l.sk. og 1774 d. 4. júní hefur sýslumaðurinn Steindór Finnsson með dómi innfærðum í Kirkjubókina tilkent kirkjunni skipstöðu í Þorlákshöfn (sem meinast sama og Elliðahöfn í máldögum) fyrir áttæring frí fyrir undirgift og lóð fyrir 1 verbuð sem því skipi sambíður, en játar að vitnað sé, að 6 vertrunga fóður í Kaldaðarnesikirkjulandi skuli hafa komið móte þessari skipstöðu.

Actum utsupra.

Hannes Finnsson.

Gísli Ólafsson.

Einar Eiríksson.

Jón Grímsson.

Dómslutning

í Skipstöðumálinu milli Kaldaðarneskirkju og Þorlákshafnar afsögð d. 4. juní 1774.

Það er fyrir þessum rétti fullkomlega bevísað að Kaldaðarneskirkja hafi í tíð sira Gísla sál. Álfssonar átt frí Skipstöðu í Þorlákshöfn, og að sama skipstaða hafi af sama Gísla sál. Álfssyni átölulaust brúkuð verið með tilheyrandi lóð fyrir eina verbúð er sama skipi sambauð; hver skipstaða eptir öllum rímilegheitum, má vera sú hin sama, sem máldagarnir kirkjunnar tileinka í Elliðahöfn, en ei er af Contrapörtunum gofgjört með hverri aðkomst Þorlákshöfn hafi þessi Kaldaðarmeskirkja Rettigheit frá henni unnið. Því dæmist fyrir rétti:

Kirkjan að Kaldaðarnesi skal eiga og brúka skipstöðu í Þorlákshöfn fyrir einn 8 æring frí fyrir undirgift, og lóð fyrir eina verbúð sem því skipi sambíður; en bændunum í Þorlákshöfn stendur frítt fyrir að sækja sitt regress til Kaldaðarneskirkju, áhrærandi þau 6 vetrungsfóður í Kaldaðarneskirkjulandi, sem vitnað er að skuli hafa komið á móti þessari skipstöðu sem hennar andvirði.

Steindór Finnsson. (L.S)

№ 101.
Landamerki

fyrir Stóraarmótslandi í Hraungerðishreppi.

Fyrst byrja ég á svokölluðum Stóra Lambhaga, sem skerst fram á við að Hvítá að suðvestan, þar sem aðaláll áarinnar ræður utanvert við 3 hólma í henni og ýmsar eyrar og grynningar allt uppað þeim efsta ferjustað, sem nokkurntíma hefir stað haft móts við Stóraármótsland, sem kallast sá Gamli eða Öndverðarnes-ferjustaður, þaðan ræður áin uppeptir og uppfyrir lítinn hólma sem kallast Djúphólmi.

Þaðan liggja mörkin með Langholtslandi, beint suður eptir Langhólum að vestan og beina línu í Lambaþúfu, er stendur á kletti; eru þar með mörk skilin við Langholtsland.

Frá Lambaþúfu liggja mörkin með Minnaármots-landi, fyrir austan Svartarima og í þúfuna á Litluheiði (fyrir norðan Minnaármótstún) og svo beina stefnu vestur yfir heiði og Hábrekkur í garð þann er hlaðinn er á Teigunum, og er þar með skilin mörkin við Minnaármótsland. – Þaðan liggja mörkin með Laugardælalandi frá fremri enda garðs þess er áður er nefndur, þaðan sem hann er að fullu upphlaðinn, og þaðan í útnorður fast við Hrossatanga og í Lambhagatá. Enda þar mörk með Laugardælalandi.

Stóraármóti í maí 1886.

Jón Eiríksson jarðareigandi.

Magnus Einarsson Halakoti

Guðm. Guðmundsson Laugardælum

Sigurður Sigurðsson Langholti

Guðm. Hannesson s.st.

Guðrún Helgadóttir Hallanda.

[á spássíu]: Þingl. 10/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 102.

Landamerki Langholts í Hraungerðishreppi eru sem hér greinir:

Frá hornmarkinu í Miðey ræður sjónhending Markaklett og Markhól í Álptaból, sem er hornmark; frá Álptabóli ræður sjónhending um Markavörðu í Smalaskála, sem aptur er hornmark; frá Smalaskála ræður sjónhending í Klettastrýtuna, sem er efst á efri enda Miðholts; þaðan ræður sjónhending í Lambaþúfu; frá Lambaþúfu ræður sama stefna að Hvítá austanvert við Djúphólma; síðan ræður Hvítá uppað áðurnefndu hornmarki í Markey.

Langholti í Flóa vorið 1884.

Vegna eigenda: Þorkell Jónsson.

Jón Eiríksson á Stóraármoti

Oddur Ögmundsson Oddgeirshólum.

Sæm. Jónsson

Þorkell Ögmundsson Króki

Þórður Þóroddsson.

Vegna Minnaármóts og Halakots Magnús Einarsson.

Vegna Hallanda Einar Bjarnhéðinsson.

Vegna Langholts Guðmundur Hannesson

Vegna Langholtsparts Úlfhildur Eiríksdóttir.

[á spássíu]: Þingl. 10/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 103.
Landamerki

jarðarinnar Kroks með hjál. Krokskoti í Hraungerðishreppi.

Landnorður hornmark á Sortanum er Varða ~~er varða~~ fyrir utan Álptahól, þaðan beina línu í Strokkhól, þaðan í Digrahól, þaðan í Smalaskála, það beint í fyrstnefnda Vörðu.

Króki 1. juní 1886.

Þorkell Ögmundsson, Þórður Þóroddsson.

Ofanskrifuð landamerki samþykkja undirskrifaðir nágrannar.

Vegna Hraungerðis: Sæm. Jónsson.

Vegna Túns Bjarni Eiríksson.

Vegna Arnarstaða Guðfinnur Þorvarðsson, Magnús Gamalíelsson.

Vegna Langholts Sigurður Sigurðsson, Guðm. Hannesson.

[á spássíu]: Þingl. 10/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

112-113

Nº 104.

Landamerki Hraungerðis með hjáleigum.

Utasta mark á Sortanum er Alptaból, þaðan sjónhending í Þúfu Titlingaholti, þaðan í helluna sem stendur í Bleikholti, þaðan í Foxuvörðu, þaðan í Gráhellu, þaðan í fremra hornið á Skaufa á Miklaholti; svo beint yfir holtið í Vörðu sem stendur austan á því, þaðan í Garðlagsvörðu í mýrinni fyrir austan holtið, þaðan sjónhending í Vaðhelluna þar sem Mókeldan fellur í Hróarsholtslæk; ræður svo lækurinn allt fram á móts við Berghól; Þaðan sjónhending í Klofstein, þaðan í Strokkhól ~~og~~ fyrir norðan Arnarstaðkot, þaðan eptir vörðunum milli Króks og Bollastaða í Alptaból.

Hraungerði 27. febrúar 1886.

Sæm. Jónsson.

Ofanskrifuð landamerki samþykkja undirskrifaðir nágrannar:

Snorri Þórarinsson Læk.

Ólafur Þormóðsson, Hjalmholti.

Jón Einarsson Laugum

Oddur Ögmundsson Oddgeirshólum.

Vernharðr Kristjánsson Ölversholti.

Þorbergur Helgason Arnarsstöðum.

Úlfhildur Eiríksdóttir Langholtsparti.

Magnús Eyjólfsson Gneistastöðum.

Þorkell Ögmundsson Króki.

Halldór Bjarnason Hróarsholti

Jón Hannesson Stórureykjum.

Sigríður Gísladóttir Hurðarbaki.

[á spássíu]: Þingl. 10/6-86. Þingl. kr. 0,75, bókun kr. 0,25

№ 105.

Við undirskrifaðir eigendur jarðarinnar Arnarstaða í Hraungerðishreppi, með hjál. Arnarstaðakoti lýsum hér með landamerkjum þeirrar jarðar samkvæmt landamerkjalaganna 3.gr.

Að sunnanverðu ræður landamerkjum jarðarinnar sjónhending milli „Einbúa“ og „Gráhellu“. Einbúi er lágur hóll, hér um bil í hádegisstað frá Arnarstöðum, og lenda þar saman landamerki fjögra jarða, nefnilega: Arnarstaða, Lækjar, Hróarsholts og Sölfaholts; en Gráhella er Grjotvarða, sem ber frá Einbúa í „Inghól“ á Ingólfsfjalli. Að vestanverðu ræður sjónhending frá Gráhellu að „Digralækjarvörðu“; sem er grjótvarða austan við „Túnskeldu“; á þeirri sjónhendingu eru smærri grjótvörður í beinni línu. Að norðanverðu eru mörkin frá „Digralækjarvörðu“ bein lína að „Strokkhól“, sem er norðan af Arnarstaðakoti og þaðan sjónhending að „Klofstein“ sem er grjótvarða í austur-landnorður frá Arnarstöðum. Að austanverðu ræður sjónhending frá „Klofsteini“ að áðurnefndum „Einbúa“.

Arnarstaðaland er því ferhyrnd spilda, en jarðir þær, sem eiga land að því eru þessar: að sunnanverðu: Sölfaholt, frá Einbúa að Gráhellu; að vestanverðu: Tún, frá Gráhellu að Digralækjarvörðu; að norðanverðu: Krókur með Krókskoti, frá Digralækjarvörðu að Strokkhól, og Hraungerði með hjáleigum, frá Strokkhól að Klofsteini; að austanverðu: Lækur, frá Klofsteini að Einbúa.

Ási í Holtum 20. nov. 1884.

Vegna Arnarstaða: Vigfús Eiríksson, Jón Jónsson, Magnús Gamalíelsson, Guðfinnur Þorvarðsson.

Vegna Solfholts Magnús Þorkelsson.

Vegna Túns Bjarni Eiríksson.

Vegna Hraungerðis Sæm. Jónsson.

Vegna Læks Snorri Þórarinsson.

[á spássíu]: Þingl. 10/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 106.
Landamerki

Flóagaflstorfunnar í Sandvíkurhreppi eru þau sem hér greinir:

Úr Efri-Einbúa er bein stefna í hólinn „Mundastekk“ hjá Þórðarkoti, og frá honum sjónhending um Rauðukeldu í „Markhólinn“, sem er vestur frá Hreiðurborg. Úr Markhólnum ræður sjónhending út í „Kalfhagaútgarð“ og er þá stefnan frá téðum Markhól í norðanverðan Meitil. Frá Kalfhaga-útgarði ræður sjónhending yfir „Kalfhagaopnu“ þar sem skurðurinn skerst úr henni og ræður sama stefna fram í miðja Ölvesá. Frá greindri stefnu ræður Ölvesá fram að „Vörðu“ sem stendur við ána, þar sem Hallskotsengjar (í Flóagaflstorfunnar landi) mæta Einarshafnar-ítakinu (í Óseyrarneslandi). Frá þeirri vörðu ræður sjónhending eptir „rananum“ sunnan við „Rauðopnu“, þaðan í „Lænuna“ (dragið) norðan við hornið á „Skúmstaða ítakinu (í Óseyrarneslandi), gagnvart Hallskotshólma (Flóagaflsmegin), þaðan í „Vörðu“ við skurðinn sunnan til við Seiglu, og frá henni sjónhending í Vörðu á Svartarima (sem er grjótflag) norðaustur frá Efra-Stakkholti. Þaðan ræður skurður austur í „Hallskotskeldu“ og þaðan sjónhending austur í „Markauga“ á brunni og svo sömu stefnu áfram norðan við Efri-Nesborg til „grjotvörðu“ á mýrinni, sem þannig er miðuð: að standi maður við Markavörðu sjavarkampinum, milli Óseyrarnes og Einarshafnar þá ber „Blika“ – sem er varða í vötnunum fyrir austan Óseyrarnes-rétt í þessa grjótvorðu, sem áður er um talað og ber þær saman við eystri öxl Ingólfsfjalls. Frá þessari áðurnefndu vörðu ræður sjónhending í „Syðri-Einbúann“ og þaðan aptur uppí „Efri-Einbúann“, sem er hornmark milli 4. jarða nfl: Stóru-Háeyrar, Kaldað$^{ar}$nes, Einarshafnar og Flóagafls.

Ritað að Flóagafli 3. júní 1886.

Vegna Flóagafls og Þórðarkots: Þorsteinn Guðmundsson, Hallbjörg Bjarnadóttir.

Vegna Hallskots: Grímur Gíslason.

Vegna Gerðiskots. St. Bjarnarson.

Vegna Kaldaðarnes: Einar Ingimundsson.

Vegna Óseyrarnes: Þorkell Jónsson.

Vegna Stóruháeyrar: pr. G. Ísleifsson, Guðni Jonsson.

Vegna Valdakots: Jón Sveinbjörnsson.

Vegna Einarshafnar og Skumstaða: pr. GTorgrimsen, P. Nielsen.

[á spássíu]: Þingl. 11/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 107.
Landamerki

Bygðarhorns í Sandvíkurhreppi eru þessi:

1. Milli Bygðarhorns og Sandvíkanna ræður bein lína úr „Virkisvörðu“ í „Gráhellu“ þaðan bein lína um „Kakkavörðu“ í „Grástein“.
2. Milli Bygðarhorns og Stokkseyrar ræður ~~bein lína úr „Virkisvörðu“ í „Gráhellu“~~ bein stefna úr Grásteini í „Gölt“.
3. Milli Bygðarhorns og Jórvíkur ræður bein stefna bein stefna úr Gölt í vörðu milli Bygðarhorns og Jórvíkur; þaðan bein stefna í „Lomhól“; þaðan bein stefna í „Þrívörður“; þaðan bein stefna í ofannefnda „Virkisvörðu“.

Ritað í Bygðarhorni 11. maí 1885.
Grímur Gíslason, eigandi Bygðarhorns.
Gunnar Bjarnason, ábúandi.

Ofanskrifuð landamerki hafa undirskrifaðir nágrannar ekkert út á að setja, þareð þeir hafa ekki heyrt að þau séu öðruvísi:
Guðmundur Hannesson, Jórvík.
Sigríður Þórdardóttir s.st.
Bjarni Guðmundsson Geirakoti.
Guðmundur Einarsson Eyðisandvík-ábúendur.
Sem eigandi og ábúandi nokkurs hluta Sandvíkurtorfunnar
Þ. Guðmundsson á Litlu Sandvík.
Sem eigandi hálfrar Eyði-Sandvíkur.
St. Bjarnarson.

[á spássíu]: Þingl. 11/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 108.
Landamerki

milli Þjórsárholts í Gnúpverjahreppi og kringumliggjandi jarða, eru þau, er hér segir:

1. Milli Þjórsárholts og Núpanna (Stóranups og Minnanúps): Úr „Markavörðu“ austan á Þjórsárholts-holti skammt frá Þjórsá bein stefna í „Sauðarklett“.
2. Milli Þjórsárholts og Skaptholts: bein stefna úr Sauðakletti í Vörðu á Knararholti og þaðan bein stefna í „Svartaklett“.
3. Milli Þjóðrsárholts og Hofslands: bein Stefna úr Svartakletti í „Eystri Smalaskála“ og þaðan sama stefna í Þjórsá.
4. Milli Þjórsárholts og Landmannahrepps ræður Þjórsá.

Hóli í Kaplaskjóli 26. maí 1886.
Rögnvaldur Teitsson.

Eigandi Minnahofs: JGíslason.
Vegna Minnanúps: Jón Jónsson.
Vegna Stóranúps: Valdimar Briem.
Vegna Skaptholts: Þorvaldur Jónsson.

[á spássíu]: Þingl. 19/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 109.
Landamerki

milli Skaptaholts í Gnúpverjahreppi og kringumliggjandi jarða, eru þessi:

1. Milli Skaptaholts og Stórahofs: bein stefna úr „Nónsteini“ við Kalfá í „Efri-Snjódís“ og þaðan sama stefna í „Svartaklett“.
2. Milli Skaptaholts og Þjórsárholts: bein stefna úr Svartakletti í vörðuna á Knararholti og þaðan bein stefna í „Sauðaklett“.
3. Milli Skaptaholts og Núpanna (Stóranúps og Minnanúps): bein stefna úr Sauðakletti í vörðu á „Markhól rétt fyrir sunnan skógargöturnar í Núpsheiði og þaðan bein stefna yfir „Svarthól“ í Steinkerið á heiðinni.
4. Milli Skaptaholts og Ása: bein stefna úr Steinkerinu í vörðu á eystri bakka Kálfár, móts við Bolholt.
5. Milli Skaptaholts og Austurhlíðar og
6. Milli Skagpholts og Hamra ræður Kálfá móts við áðurnefndan Nónstein.

Skaptholti, 8. maí 1886.
Vegna mín og sameiganda míns að Skaptaholti, Valgerður Gunnlaugsdóttir í Nesi.
Þorvaldur Jónsson, ábúandi.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir:
Vegna Stóranúps og Austurhlíðar: Valdimar Briem.
Vegna eiganda Þjórsarholts: G. Guðmundsson.
Vegna Stórahofs: Vigfús Pálsson, Illugi Árnason.
Vegna Hamra: Guðmundur Ámundason.
Vegna Minnanúps: Jón Jónsson.
Vegna Ása: Guðmundur Þormóðsson.

[á spássíu]: Þingl. 19/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 110.

Landamerki Minnahofs í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu:

Á milli þjórsárholts og Minnahofs: úr Svartakletti í húsið „Smalaskála fram á heiðinni, svo úr húsinu í Þjórsá; sú lína liggur í hásuður.

Á milli Stórahofs og Minnahofs úr fyrnefndum Svartakletti í „Tvísteina“. Úr Tvísteinum í þúfuna á „Titlingaholti“, úr Titlingaholti í „Miðholtið“ fyrir norðan Minnahof, úr því ræður gamall „Garðleggur út í Þjórsá.

Minnahofi 17. júní 1886.

JGíslason, Vigfús Pálsson, Illugi Árnason.

Vegna eiganda Þjórsárholts. Guðm. Guðmundsson.

[á spássíu]: Þingl. 19/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 111.

Landamerki jarðarinnar Miðhúsa í Gnúpverjahreppi, eru þessi:

Frá „Kálfarmynni“, þar sem hún kemur í Þjórsá ræður svo Kálfá upp að þeirri „keldu“ sem rennur í Kálfá sunnanvert við Skammbeinsstaðatún; þaðan beina stefnu í „Stein“ framan í Smáholtabrúninni, og svo í „Grástein“, sem er hornmark þriggja jarða; úr Grásteini sjónhending í Tröllkonuhamar; þaðan samhliða Skarðslandi sjónhending fram „Ásana“ milli Skarðs og Miðhúsa-tjarna og fram um „Skignir“ í vörðu í Kirkjuskarði sem er hornmark milli jarðanna Skarðs og Þrandarholts; ur vörðu þessari í Hvolpagil, sem kemur í Þjórsá vestanvert Miðhúsahólma, og ræður svo Þjórsá eða sú kvísl af henni sem er sunnanvert við Miðhúsahólma upp að áðurnefndu Kálfármynni.

Framanskrifuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir eigendur næstliggjandi jarða og þeirra fullmagtaðir samþykkir.

Staddir að Miðhúsum 24. maí 1884.

Jón Jónsson, Ólafur Jónsson. Eigendur jarðarinnar.

Vigfús Pálsson, Illugi Árnason. Eigendur Stórahofs.

Jón Jónsson, Gísli Jónsson. Fyrir hönd eigenda að Skarði.

Fyrir hönd eigandans að ½ Þrandarholti: H. Jónsson á Hrauni.

Einar Gestsson. Eigandi að ¼ af Þrándarholti. Þórður Mattíasson.

Fyrir hönd eigandans að ¼ af Þrándarholti Jósep Sveinsson Hvaleyri. Jón Bjarnason.

[á spássíu]: Þingl. 19/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 112.
Landamerki

jarðarinnar Ferjuness í Villingaholtshreppi eru talin þessi:

1. Milli Sýrlækjar og Ferjuness eru þessi mörk: úr „Nesútgarði“ sjónhending í Þjórsá sem miðast í miðjan Ferjuhamar. Nesútgarður er hornmark milli Mjósunds og Ness, þaðan ræður „Rifið“ beint í „Ísólfstott“ eður Vörðu á henni, og standa hin síðastnefndu landamerki á línu, þaðan þúfu af þúfu beint í Þjórsá sem miðast í mitt Vörðufell.

Landamerki þessi eru í alla staði rétt, eptir því sem maður veit. Eigendur eru:
Þórður Eiríksson, Jón Pétursson.
Mýrum þann 16. júní 1886.
Þórður Eiríksson.

Nágrannar: Gestur Guðnason. Friðleifur Jónsson.

[á spássíu]: Þingl. 17/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 113.
Landamerki

jarðarinnar Mjósunds í Villingaholtshreppi eru talin þessi ásamt með Forsæti:

1. Milli Efri-Grófar í „Þrasbarða“ við Þjórsá þar til árbakkann þrýtur, svo eptir hriggnum að „Markakeldu“, svo ræður Keldan milli Grófanna og nefndrar jarðar. Þegar Kelduna þrýtur, bein stefna, bein stefna í „Smalaskála“ fyrir sunnan Mjósundsforað, sem er hornmark á milli Mjósunds, Syðri Grófar og Sýrlæks. Þá úr „Smalaskála“ beint í „Nesútgarð“, sem er hornmark á milli Mjósunds og Ness, úr Nesútgarði og beint uppeptir rifinu í „Ísólfstótt“ eður vörðu á henni og standa hin síðastnefndu Landamerki á línu, þaðan þúfu af þúfu beint í Þjórsá.

Landamerki þessi eru í alla staði samhljóða lögfestum Bjarna sál. Ólafssonar af 23. október 1789.

Litlu Sandvík 16. maí 1886.

Eigandi að nokkrum hluta Mjósunds Þ.Guðmundsson, sömuleiðis Jón Eiríksson.

Nágrannar:
Þórður Eiríksson.
Jón Jónsson.
Einar Hannesson.
Gestur Gudnason.
Gamalíel Gamalíelsson.
Magnús Ormsson.
Sigurður Sveinsson.
Friðleifur Jónsson.

[á spássíu]: Þingl. 17/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 114.
Landamerki

fyrir jörðinni Skúfslæk í Villingaholtshreppi:
Gagnvart Gafli ræður sjónhending úr „Rosakrók“ við Skúfslæk um „Gráklett“ í Hamarsvörðu.
Gagnvart Saurbæ, sjónhending úr Hamarsvorðu í „Loðnuvörðu“.
Gagnvart Kolsholti, sjónhending úr Loðnuvorðu í „Skálatjörn“.
Gagnvart Villingaholti og Grófunum ræður Skúfslækur („Holtshalalækur“)
Skúfslæk 30. maí 1886.
Gestur Gamalíelsson.
Guðbrandur Guðbrandsson bóndi á Gafli.
Guðmundur Jónsson bóndi á Saurbæ.
Helgi Eiríksson.
Gísli Hallgrímsson fyrir Kolsholt.
Sigurður Sveinsson Fyrir Syðri-Gróf.

[á spássíu]: Þingl. 17/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 115.
Landamerki

milli jarðarinnar Gneistastaða í Villingaholtshreppi og kringumliggjandi jarða:
Milli Bitru og Gneistastaða ræður Hróarsholtslækur frá „Gilvaði“ þar til hann beigist til útsuðurs, þá er Hjalmholtsland að norðanverðu þar til það endar og Hraungerðisland tekur við og ræður lækurinn morkum þar til „Garðlag“ kemur á sydri bakka lækjarins til útsuðurs af bænum á Gneistastöðum, og sem liggur uppeptir mýrinni, það Garðlag ræður mörkum milli Hurðarbaks og Gneistastaða, til þess það endar, eptir það ræður bein lína mörkum úr Garðlagsendanum efri austur að þúfu, sem er fremst á Gneistastaðaholtum og er hún hornmark milli Hnauss og Gneistastaða en hliðarmark frá Hurðarbaki; þaðan liggja mörkin milli Hnauss og Gneistastaða eptir hæstu holtahriggjum innað „Dagmálahólm (nefnt „Miðaptansskarð“ frá Hnausi) og þaðan eptir holtahriggjunum inná „Jarðfallaklett“ og þaðan bein lína í áðurnefnt „Gilvað“.
Gneistastöðum 20. maí 1886.
Magnús Eyjólfsson.

Vegna Bitru: G. Guðmundsson.
Vegna Hraungerðis Sæm. Jónsson.
Vegna Hurðarbaks Árni Palsson.
Vegna Hnauss: Magnús Einarsson.

[á spássíu]: Þingl. 17/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

№ 116.

Landamerki milli Jarðarinnar Hnauss í Villingaholtshreppi og næstliggjandi jarða, sem eru:

1. Bitru: Frá Gilvaði ræður lækurinn upp að þúfu sem er hlaðin á sydri bakka lækjarins á bý við norður horni á Gráatanga, úr nefndri þúfu ræður bein lína um Gráatanga-enda í þúfu á Einbúa og beint í Kompholtskeldu („Einbúi“ er stakur hóll í mýrinni fyrir vestan Kelduna).
2. Kampholt: Frá nefndum takmörkum ræður keldan („Aðalkeldan“) alla leið í hlaðna þúfu við „Breiðukeldu“, þaðan bein lína í þúfu sem er suðvestur á heiðinni, framundan Bósvöxum (sú þúfa er hornmark).
3. Vælugerði: Það á hornmark einnig í nefnda þúfu.
4. Hurðabak: Frá síðastnefndri þúfu ræður bein lína, í þúfu, sem ber í norðurhorn á Ingólfsfjalli, er stendur á Háholtahriggnum fyrir vestan Bósöx. (Nefnd þúfa er hornmark Hnauss og Gneistastaða.).
5. Gneistastaðir: Úr nefndri þúfu ræður sjónhending, í þúfu norður hja „Miðaptaskarði“ (Frá Gneistastöðum er það kallað Dagmálaskarð eða Dagmálahólar, sem skarðið er í milli); frá nefndum þúfum ræður sjónhending norður eptir Háholtinu í þúfu á Jarðfallakletti; þaðan bein lína norður í fyrnefnt Gilvað, sem er hornmark.

Hnausi í júním. 1886.
Magnús Einarsson.
Vegna Bitru: G. Guðmundsson.
Vegna Kampholts: Helgi Eiríksson.
Vegna Vælugerðis Jón Ámundason, Árni Pálsson.
Vegna Hurðabaks Árni Pálsson.
Vegna Gneistastaða Magnús Eyjólfsson.

[á spássíu]: Þingl. 17/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. 1,00 kr.

Nº 117.
Landamerki

Önundarholts í Villingaholtshreppi eru, sem hér greinir:

Frá „Grenás“ er sjónhending í „Lambafellsþúfu“, og úr henni aptur sjónhending í „Tólfhundraðatjörn“ úr Tólfhundraðatjörn sjónhending í „Lútandavatn“, og aptur úr því sjónhending í „Maurholt“, úr Maurholti sjónhending í „Klofastein“ og aptur úr Klofasteini í „Grensás“, sem fyr var nefndur.

Enn fremur á Önundarholt afmarkað ítak til slægna í engjalandi jarðarinnar Sulholts, sem árlega falla af hér um bil 100 hestar. Þetta gegn því að Súlholt á í Önundarholts-landi fénaðarbeit norðanholta upp Lútanda, þó mega Súlholtsmenn ekki beita stórgripum sínum lengra upp eptir, en að stefnulínu þeirri, sem er frá Vörðunni, sem er í útsuður af Önundarholts-stekkjartúni og í efri Ingólfsfjallsenda.

Önundarholti 24. maí 1886.

Gísli Guðmundsson: jarðareigandi.

Bjarni Guðmundsson Önundarholti.

Ingimundur Jóhannsson Súlholti.

Halldór Bjarnason: vegna Hróarholtstorfunnar.

Árni Pálsson: Vegna Hurðarbaks.

Jón Ámundason: Vegna Vælugerðis.

Sigmundur Jónsson Vatnsenda.

Gísli Hallgrímsson fyrir Kolsholt.

[á spássíu]: Þingl. 17/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 118.

Landamerki jarðarinnar Syðri Sýrlækjar byrja á Þúfu við Þjórsá, þar sem „Grænhól“ ber í „Gautateigsvörðu“ beina stefnu í Skálafell; svo þaðan Þúfu af þúfu beint í „Ferjunes“ þar til Mýrar ber í Búrfell í Grímsnesi; svo ræður keldudrag (sem er sagt að sé gamli Skúfslækur) þar til Efra-Sýrlækjar-land tekur við, þar er þúfa, og svo beina stefnu fremst í tána á „Eyjafjallajökli“ austur í Ána, svo ræður hún til þeirrar fyrstnefndu þúfu.

Hér að auki er eyja útí Þjórsá, sem fylgir báðum jörðunum (Sýrlækjunum); í henni eru mörk sem hér segir: Það eru þrjár þúfur í beinni stefnu milli Skálafells og fremri endans á fyrnefndum Jökli.

Efri-Gróf 25. maí 1886.

Magnús Ormsson eigandi.

Tómas Magnússon.

Þórður Eiríksson.

Friðleifur jónsson.

[á spássíu]: Þingl. 17/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 119.
Landamerki

Súluholtstorfunnar í Villingaholtshreppi eru þessi:

Milli Súluholts og Önundarholts ræður sjónhending frá Lútandavatni, sem er hornmark 3ja jarða, nl: Súluholts, Önundarholts og Hróarholts í „Jarðfallahól“ og aptur úr honum sjónhending í „Tólfhundraðatjörn“.

Milli Súluholts og Kolholts ræður sjónhending úr hólmanum í Tólfhundraðatjörn í vörðu við Kúalæk. Síðan ræður lækurinn fram að Sviðugarðalandi, þangað sem „Múlakelda“ kemur í hann, þaðan ræður sjónhending í „Markaþúfuna“ við Rútstaðaland; Milli Súluholts og Rútstaða ræður sjónhending úr Markaþúfunni í Þúfu á „Brynkarima“ og þaðan aptur í Garðsendann, sem er á vestri bakka Langhólalæksins, síðan ræður Garðlagið allt vestur í Strokkhólalæk.

Milli Súluholts og Austurmeðalholta ræður sjónhending úr Garðlags-endanum út í „Markhól“, sem er hornmark 4 jarða. – Milli Súluholts og Hróarsholts ræður úr Markhól upp að Lútandavatni, sú stefna að sunnan beri (samjadri) fremri rönd húsanna í Oddagörðum. Enn fremur á Súluholt frjalsa beit fyrir stórgripi og fé í Önundarholtslandi, vestanholta upp lútanda, þangað til bein stefna er frá Vörðunni sem er í útsuður af Önundarholts-stekkjartúni og í efri Ingólfsfjallsenda, en lengra uppeptir fyrir sauðfénað. – Önundarholt á aptur á móti ítak til slægna í Súluholts-landi, sem árlega fellur af hér um bil 100 hestar.

Súluholti 25. ágúst 1885.

Jarðarinnar vegna: Jón Jónsson, Grímur Gíslason, Þorvarður Guðmundsson.

Vegna Hróarsholtstorfunnar: Halldór Bjarnason.

Bjarni Guðmundsson fyrir Önundarholt.

Gísli Hallgrímsson fyrir Kolsholt.

Gestur Jónsson á Sviðugörðum.

Ámundi Ámundason, Árni Gíslason fyrir Rútsstaði.

Jón Magnússon fyrir Austurmeðalh.

[á spássíu]: Þingl. 17/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 120.
Landamerki

jarðarinnar Sydri-Grófar í Villingaholtshreppi, eru talin þessi:
1. „Smalaskáli“, sem er hornmark millum Sydri-Grofar, Sýrlækjar og Mjósunds og beint uppí Markakeldu og uppí kelduna sem eru mörk Sydri-Grófar og Mjósunds með Forsæti og uppí djúpadrag í Vörðu sem stendur þar við, sem eru mörk millum Grófanna svo stefnu til vesturs út í hinn forna farveg Skúfslækjar og á túngarðshornið á Sydri-Gróf að norðan og heygarðshornið á Skúfslæk að bera saman; svo ræður hinn forni farvegur mörkum milli Sydri-Grófar og Skúfskækjar og Gafls móts við hið fyrstnefnda hornmark „Smalaskála“ og beina stefnu á hann.

Litlu Sandvík 16. maí 1886.
Eigendur. Þ. Guðmundsson, Sigurður Sveinsson, Högni Jacobsson.
Nágrannar:
Magnús Ormsson.
Þ. Eiríksson.
Guðbrandur Guðbrandsson.
Jón Jónsson.
Vegna Egilsstaða ítakanna: Jón Einarsson Egilsstaðakoti.
Gestur Gamalíelsson.
Friðleifur Jónsson.

[á spássíu]: Þingl. 17/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 121.

Landamerki

jarðarinnar Mýra í Villingaholtshreppi í Arnessýslu, eru þau sem hér segir:

1. Milli Mýra og Gafls er fyrst tekin stefna frá Skúfslæk, á þeim stað móts við „Markaflagið“, sem grjótvarða austast í flaginu og hæsta þúfan vestast í því bera saman (frá þeirri vörðu ber nes í Þríhyrning). Stefnu þeirri sem tekin er um Vörðuna og Þúfuna, er haldið beint áfram yfir Langaflóð og í Þúfu við norðurenda Markaskurðarins. Síðan ræður skurðurinn meðan hann endist og svo rásin fram úr honum; síðan miðja lautar þeirrar er frá rásinni liggur til „Leirgjár“, sem nefnd er í Gaulverjabæjar-máldögum.
2. Milli Mýra og Skógsnes ræður bein stefna frá „Leirgjánni þúfu af þúfu til „Gautataksvörðu“.
3. Milli Mýra og Sýrlækjar ræður fyrst bein stefna frá Gautataksvörðu, þúfu af þúfu í Þúfu þá sem svo er miðuð að Mýrar bera vestanhalt við Búrfell í Grímsnesi, en Nes norðanhalt við Búrfell á Hreppamannaafrétti. Þaðan bein stefna þúfu af þúfu í þúfu við norðurhornið á Markaflóði og bera þá Mýrar vestanhalt við Ingólfsfjall, en Efri Gróf um Hnaus.
4. Milli Mýra og Egilsstaða-ítakanna, ræður bein stefna frá nýnefndri þúfu við Markaflóð, í þúfu á vesturbakka flóðs þess, sem næst er fyrir austan Stóra-ítakaflóðið. Þaðan bein stefna þúfu af þúfu í þúfu á vesturbakka Skúfslækjar sem svo er miðuð, að Sydri-Gróf ber í Hnaus, en stekkatunshóllinn á mýrum við heygarðshornið þar.
5. Milli Mýra og Sydri-Grófar ræður Skúfslækur, það er að segja, sá farvegur sem hann hefir haft til þessa, síðan menn vita fyrst til. – frá þúfu þeirri sem nú var nefnd til þess staðar móts við Markaflagið er Grjótvörðuna ber í þúfuna og Landamerki Mýra og Gafls taka við, sem að framan segir.

Ritað á Mýrum 21. maí 1885
Fyrir Mýrar Þórður Eiríksson.
Einar Þóroddsson fyrir Gaflinn.
Magnús Stefansson fyrir Skógsnes.
Magnús Ormsson fyrir Syðri-Sýrlæk.
Friðleifur Jónsson fyrir Efri-Sýrlæk.
Jón Einarsson fyrir Egilsstaðakot.
Þórður Guðnason fyrir Egilsstaði.
Gísli Guðmundsson fyrir Egilsstaði.
Sigurður Sveinsson fyrir Sydri Gróf.

[á spássíu]: Þingl. 17/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 122.
Landamerki

Borgarkots í Skeiðahreppi eru, sem hér greinir:

Milli Borgarkots og Háholts ræður sjónhending frá „Ullarhól“ í „Kjalkhól“.

Milli Borgarkots og Löngumyrar samt Arakots, ræður sjónhending frá Kjálkhól sem er hornmark í Grjótvörðuna, sem er framan Markhellu; Varðan er hornmark Borgarkots, Kilhrauns og Löngumýrar. – Milli Borgarkots og Kilhrauns ræður sjónhending frá Hornmarksvörðunni í Ullarhól, sem áður var nefndur.

Borgarkoti í juní 1885.

Vegna eigandans: Guðm. Halldórsson.

Ofanrituðum landamerkjum erum við samþykkir

Vegna Háholts: Jón Jónsson.

Vegna Kilhrauns: Auðunn Ólafsson.

Vegna Löngumýrar: Árni Guðmundsson.

Vegna Kálfhóls: Sveinn Halldórsson.

[á spássíu]: Þingl. 18/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 123.

Landamerki

Húsatopta á Skeiðum eru eins og hér skal greina:

Úr þúfu við efri „Votamýrar-Sandskorð“ á Þjórsárbökkum sjónhending í Markhólinn út í hæðunum, frá honum er sama stefna vestur í „Grautarvörðu“, en frá henni beint í „Markhól“ og frá honum í „Brenniþúfu“, frá henni beint í „Einbúa“ og frá honum sjónhending (að Þjórsá) í „Helgahól“ (hann er austan Árinnar í Holtum). Síðan ræður Þjórsá fram að áðurnefndri þúfu við Votamýrarsandskörð.

Húsatoptum í júní 1885.

Vegna jarðeigendanna: Jón Jónsson.

Þessum landamerkjum erum við samþykkir:

Vegna Sydri-Brúnavalla fyrir hönd annars eigandans Jón Jónsson.

Vegna Sydri-Brúnavalla: Gísli Vigfússon.

Vegna Hlemmiskeiðis-eiganda: Br. Brynjólfsson.

Vegna Reykja sem eigandi: Þorst. Þorsteinsson.

Vegna Efri-Brúnavalla: Halld. Halldórsson.

[á spássíu]: Þingl. 18/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 124.

Landamerki fyrir Reykjalandi:

Fyrst milli Húsatopta og Reykja: Úr Einbúa sjónhending í „Helghól, aptur úr „Einbúa“ í „Ketilhól“, úr „Ketilhól“ í „Einbúa“ í „Einbúamýri“, úr þessum „Einbúa“ í „Markavörðu“ á „Ósabakkaeyri“ austarlega og beint uppí „Laxá“, svo ræður hún austur að „Sandlækjarós“, svo ræður Ósinn sem mark, eins og hann rennur nú á Milli Sandlækjarkots og Reykja og austur að „Mánagarði“ svo er hann landamerki milli Sandlækjar og Reykja. Reykjahólmi, í Laxá fylgir Reykjalandi.

20. maí 1885.

Þ. Þorsteinsson á Reykjum.

Jón Bjarnason Sandlækjarkoti.

Einar Jónsson Álfsstöðum

Jón Magnússon s.st.

Guðm. Ásmundarson Sandlæk

Þorbjörg Jónsdóttir Ósabakka.

Jón Guðnason Húsatóptum.

[á spássíu]: Þingl. 18/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 125.

Landamerki jarðarinnar Kálfhóls í Skeiðahreppi í Árnessýslu, eru þau sem hér segir:

Milli Kálfhóls og Skálmholtshrauns er tekin stefna úr víkinni við Þjórsá fyrir framan „Moldgróf“ í „Markavörðu“ og þaðan í „Markhól“ og þaðan í „Gráhellu“. – Milli Kálhóls og Kilhrauns er tekin stefna úr „Gráhellu“ í Svartastein og þaðan aptur í Vörðuna á „Ullarhóli“.

Milli Kálfhóls og Skeiðháholts er tekin stefna frá „Ullarhól“ beint að Þjórsá þannig: að stefnt er í klettinn fyrir ofan bæinn Kamb í Holtasveit.

Þjótandi á engjaítak í Kálfhólslandi, það liggur ofan við landamerkin milli Kálfhóls og Skálmholtshrauns, frá „Moldgróf“ við Þjórá til „Boladælar“ og upp að vörðum þeim sem hlaðnar eru í röð þar í rimunum fyrir ofan.

Þessum landamerkjum til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn.

Kálfhóli 1. nov. 1883.

Sveinn Halldórsson: bóndi á jörðinni Kálfhóli og meðeigandi.

Guðm. Þormóðsson: meðeigandi að jörð.

Vegna Skeiðháholts: Jón Jonsson.

Vegna Borgarkots: Guðm. Halldórsson ábúandi á téðu koti

Högni Jakobsson: eigandi og ábúandi Skálmholtshrauns.

[á spássíu]: Þingl. 18/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 126.
Landamerkjabréf 1. júní 1886.

Brjámstaða landamerki eru þessi:

1. „Heydælarþúfa“ er hornmark á Milli Hlemmiskeiðis og Brjámsstaða svo er bein lína til landsuðurs í
2. „Ketilhól“, sem er hornmark Brjámsstaða, Votamýrar og ~~Blesastaða~~ Hlemmiskeiðis þaðan bein líná til
3. „Steinteigsvörðu“, sem er hornmark Brjamstaða, Votamýrar og Blesastaða svo er sjonhending í
4. „Blikhellu“, sem er hornmark Brjámstaða, Arakots og Blesastaða, fra Blikhellu bein sjónhending að
5. „Stelpuþúfu“, sem er vestanvert við Sléttakot, en frá Stelpuþúfu er bein lína til „Heydælarþúfu“ landamerki Brjámstaða og Ólafsvalla.

Þessi landamerki samþykkjum við undirskrifaðir:
Hjörtur Eyvindsson: eigandi Brjámstaða.
Guðm. Halldórsson: ábúandi.
Vegna Hlemmiskeiðis: Brynjólfur Brynjólsson.
Magnús Sigurðsson.
Gísli Erlendsson.
Samhljóða Ólafsvallamörkum. Jón Jónsson.

[á spássíu]: Þingl. 18/6 86. Þingl. 0,75 bókun 0,25 er ein króna.

Nº 127.
Landamerki

Kaldaðarnestorfunnar í Sandvíkurhreppi, eru sem hér greinir:

Frá „Hábeinsstaðaborg“ beint í „Ketilvörðu“ og aptur frá henni beint í „Smalaskála“, sem stendur austnorðanvert við „Blaktjarnir“ og mjög nærri þeirri „Blaktjörninni“, sem nú er að nokkru leiti vaxin blástargresi frá Smalaskála ræður bein stefna vestrí efri „Einbúann“, sem er hornmark Kaldaðarness, Stóruháeyrar, Skúmstaða og Flóagafls; Frá „Efri Einbúa“ ræður bein stefna í „Holinn“ hjá Þórðarkoti („Mundastekk“) og aptur frá honum bein stefna vestur yfir Rauðakeldu í „Markhólinn“, – en hann er framan Skjólgarðinn, sem er fyrir austan Hreiðurborg, en frá Markahólum ræður bein stefna Vestur í „Kálfhagaútgarð“, frá honum ræður aptur sjónhending útyfir „Kálfhagaopnu“ þar sem skurðurinn skerst úr henni og allt vestur í miðja Ölvesá; þar sem téð sjónhending fellur yfir eyjuna er nú hlaðin „Markavarða. Frá ofannefndri Hábeinsstaðaborg ræður að Ölvesá sjónhending í bæinn Gljúfur í Ölveshreppi; síðan ræður Ölvesá, allt fram að Flóagafls mörkum. Í Ölvesá liggja nokkrir hólmar og eyjar sem tilheyra Kaldaðarnesi, samkv. framanrituðum landamerkjum.

Eptir gamalli venju hefir ábúandinn á Kaldaðarnesi frítt, allan flutning, sem hann með þarf á ferjustaðnum Kotferju, gegn því að Kotferjumaðurinn fær að hafa nokkurn heyskap á ofanverðri Kaldaðarnesmýri. Auk þess á Kaldaðarnes eða kirkjan þar nokkur ítök í annara jarða löndum bæði nær og fjær, eins og Máldagar kirkjunnar votta. (sjá Nº 100).

Kaldaðarnesi 26. maí 1886.

Einar Ingimundsson.

Vegna Flóagaflstorfunnar: Þorsteinn Guðmundsson.

Vegna Stóru-háeyrartorfunnar: Guðm. Ísleifsson.

Vegna Skúmsstaða í umboði eiganda: Jón Jónsson.

Vegna Gerðiskots í Flóagaflshverfinu: St. Bjarnarson.

Ábúandi Kotferju: Gísli Hannesson.

Vegna meiri hluta Sandvíkur torfunnar, sem eigandi, mótmæli ég þessum landamerkjum.

Þ. Guðmundsson.

[á spássíu]: Þingl. 11/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 128.

Landamerkjabréf 15. maí 1886 Löngumýrar og hjáleigunnar Arakots.

Í landsuður frá Arakoti er „Blikhella“ hornmark Löngumýrar, Brjámstaða og Blesastaða, svo ræður sjónhending í „Kjálkhól“ sem er hornmark Löngumýrar, Blesastaða, ~~og~~ Skeiðháholts og Borgarkots, svo er bein lína í svokallaða „Hraunvörðu“, sem er hornmark Löngumýrar, Borgarkots og Kilhrauns, svo sjónhending í „Hrútshól“, sem er hornmark Löngumýrar og Kilhrauns við Ólafsvallaland; frá „Hrútshól“ bein lína að „Stelpuþúfu“, sem er hornmark Löngumýrar, Ólafsvalla og Brjamstaða; svo sjónhending í fyrsttalda „Blikhellu“ sem er hornmark Löngumýrar, Brjámstaða og Blesastaða.

Þessi landamerki samþykkjum við undirskrifaðir.

Þorsteinn Pálsson: eigandi.

Páll Þórðarson: eigandi og ábúandi.

Arni Guðmundsson, Gísli Erlendsson ábúendur.

Guðmundur Halldórsson Borgarkoti.

Auðunn Ólafsson Kilhrauni.

Guðmundur Halldórsson Brjámstöðum.

[á spássíu]: Þingl. 18/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 129.
Landamerki

Hlemmiskeiðs í Skeiðahreppi.

1. Úr „þúfu“ er stendur á Bakkanum austur við Þjórsá við efri „Votamýrar-Sandskörð“ beint vestur í „Ketilhól“, þaðan í „Heydælaþúfu“ milli Ólafsvalla og Hlemmiskeiðs, úr Heydælaþúfu í „Grágæsarhól“ ur Gæsarhól í „Grautarhól“, svokallaðan, úr Grautarhól austur í Markhól og svo bein stefna þaðan í fyrnefnda þúfu á Þjórsárbakka.

1. júní 1886
Samþykkur: P. Pétursson eigandi.

Þessum landamerkjum samþykkir
Jón Guðnason: ábúandi á Húsatóptum.
Guðm. Halldorsson.
Magnús Sigurðsson.

Samhljóða Ólafs-vallamörkum
Jón Jónsson.
Hafliði Þorsteinsson.

[á spássíu]: Þingl. 18/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 130.
Landamerki

fyrir Ólafsvallahverfi á Skeiðum:

A. „Gráhella“: Hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Útverka, Miðbýlis og Vorsabæjar á hina.
B. „Seyðisholl“: hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Vorsabæjar, Syðribrúnavalla og Brúnavallakots á hina.
D. „Grágæsarhóll“: hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Brúnavallakots og Hlemmiskeiðis á hina.
E. „Heydælarþúfa“: hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Hlemmiskeiðis og Brjamstaða á hina.
F. „Stelpuþúfa“: hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Brjámstaða og Arakots á hina.
G. „Hrúthóll“: heiðarmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Löngumýrar og Kilhrauns á hina.
H. „Áshildarhóll“: hliðarmark milli Ólafsvallahverfis og Kilhrauns.
I. „Skollaþúfa“: hornmark milli Ólafsvallahverfis á aðra hlið og Kýlhrauns, Skálmholts, Hjálmholts og Árhrauns á hina.
J. „Lynghóll“: hliðarmark milli Ólafsvallahverfis og Árhrauns.
K. „Helgahóll“: Sömuleiðis. – Milli framangreindra marka eru engin millimörk og á því ætíð að dragast bein lína.
L. Úr „Helgahól“ er bein lína í Þverósbotn ~~og Bauluós~~ og úr því ræður (áframhald sjá bls. 142) „Þverós“ og „Bauluós“, en fyrir austan „Bauluósbotninn“ ræður milli Útverka og Ólafsvallahverfis bein lína milli „Þverósbotns“ og fyrstnefndrar „Gráhellu“.

Samþykkir þessum mörkum erum vér.
Eiríkur Ingimundsson: ábúandi Árhrauni
Jón Einarsson: ábúandi Vorsabæ
Hafliði Þorsteinsson: ábúandi á Brúnavallak.
Brynjólfur Brynjólfsson: ábúandi á Hlemmiskeiði
Hans Stefansson: ábúandi s.st.
Auðunn Ólafsson: eigandi og bóndi Kylhrauni.
Árni Guðmundsson: bóndi Löngumýri
Guðm. Halldórsson: á Brjámstöðum ábúandi
Sveinn Teitsson: eigandi og bóndi á Skálmholti
(10. maí 1885).

[á spássíu]: Þingl. 18/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 131.

Landamerki jarðarinnar Efri Grófar liggjandi í Villingaholtshreppi byrja á „Þúfu“ við „Skúfslæk“, framundan Skálatjörn, svo í Þúfu á rimanum þar austur undan, svo í þúfu á „Krókakeldubarði“ við garðlegginn. Þaðan í Þúfu á hriggnum fram undan „Munnlaugarenginu“, síðan beina stefnu í Þúfu austur undir Þjórsárbakka uppundan draginu og er hún hornmark, síðan er þetta nefnda drag Mörk milli Mjósunds og Efrigrófar þar til kemur í það að vestan annað drag, sem nefnt er „Mjóadrag“ það ræður mörkum milli Efri- og Syðri-Grófar þar til bæiinn Skúfslæk ber norðan til í túngarðinn í Syðri-Gróf, þar er þúfa og svo er þúfa við fyrnefndan Garð, síðan ræður gamall Garðleggur beina stefnu í nefndan bæ allt að þeim Vatnsfarvegi sem nefnist Skúfslækur, Síðan er hann mörk á milli Skúfslækjar og Efri-Grófar allt að þeirri fyrstnefndu þúfu. Þessu ofanskrifuðu erum við samþykkir, sem hér undirskrifum.

Skrifað að Efri-Gróf 25. maí 1886
Gestur Gamalíelsson.
Sigurður Sveinsson.
Þ. Guðmundsson
Högni Jakopsson.
Jón Jónsson.
Helgi Eiríksson.

[á spássíu]: Þingl. 17/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 132.
Landamerki fyrir Hvítárholtslandi.

Að norðan ræður „Ísabakkaós“ upp að Hornpytti, þaðan bein lína suður mýri í vörðu sem á henni stendur og er hornmark milli Hvítárholts og Selja, Úr þeirri vörðu bein lína í eystir part Skurðs sem skorinn er úr „Markós“. Þaðan bein lína í Markós, þar sem hann fellur í Ána, þaðan upp suðurkvísl Hvítár og ræður þar dýpi árinnar upp að „Hvítárholtsflúð“; Síðan áðaláin uppað Ísabakkaós, þar sem hann fellur í ána.

Hvítárholti 6. júní 1886.
Arndís Erlendsdóttir: eigandi jarðarinnar.
Magnús Magnússon: bóndi á Hvítárholti.

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir.
Tómas Guðbrandsson, Jón Jónsson, Kristján Snorrason: ábúendur í Auðsholti.
Jón Jónsson Syðra-Seli.
Guðmundur Jónsson Efra-Seli.
Halldór Þórðarson Bræðratungu.

Nº 133.
Landamerkjalýsing jarðarinnar Stórahofs í Gnúpverjahreppi.

Landamerki eyðijarðarinnar Skammbeinsstaða, sem fylgir Stórahofi eru sem hér greinir: að sunnanverðu byrja mörkin við Kálfá um svokallaða „Hjáleigusundskeldu“ móts við Miðhúsaland, sú Kelda ræður í lítin hól vestanvert við sundið, sem þúfa stendur á, úr þeirri Þúfu sjónhending í stein framan í Smáholtabrúninni, úr þeim steini beint í Grástein, sem er hornmark. – Milli Vestra-Geldingaholts og Skammbeinsstaða úr Grásteini í vörðu austan á Knararholti, úr þeirri vörðu í torfvörðu við Markakeldu, frá henni ræður keldan fram í Markagil, síðan ræður gilið fram í Markastein. Úr Markasteini móti Eystra-Geldingholtslandi bein stefna norðan til í „Hraunnefið“.

Stórahofslandi ræður Kálfá frá Þjórsá upp að „Nónsteini“. Milli Skaptholts og Stórahofs, úr Nónsteini beina stefnu í „Snjódýs“ (vörðu), úr Snjódýs beint í „Svartaklett“, sem er hornmark. – Milli Minnahofs og Stórahofs úr „Svartakletti“ fram í „Tvísteina“, frá Tvísteinum bein stefna í Þúfu á „Tittlingsholti, þaðan fram í Miðholt fyrir norðan Minnahofs-tún, Þaðan ræður gamall garðleggur fram í Þjórsá; að útsunnan ræður Þjórsá til Kálfár.

Stórahofi 31. maí 1886

Eigendur jarðarinnar Vigfús Pálsson, Illugi Árnason?

Framanskrifuðum landamerkjum erum við eigendur næstliggjandi jarða og þeirra fullmegtugir samþykkir.

Fyrir Eystra-Geldingholt: Ó. Jónsson.

Fyrir Skaptholt: Þorvaldur Jónsson.

Fyrir Minnahof: JGíslason.

Fyrir Miðhús: Gísli Gíslason.

Fyrir Vestra-Geldingh. Ólafur Jónsson.

[á spássíu]: Þingl. 18/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 134.
Landamerki Loptsstaða í Gaulverjabæjarhreppi:

Milli Loptsstaða og Ragnheiðarstaða ræður sjónhending frá hornmarkinu „Nauthól“, en hann er í Kollsgarði um vörðu sem er norðan í Kampinum austan Skothus og í Markasteininn í fjörunni, en hann er merktur: M.S.T., enda ræður sama stefna á sjó fram. – Milli Loptsstaða og Gaulverjabæjar ræður sjónhending frá hornmarkinu Nauthól efst í Kleppsvatn og þaðan sjónhending efst í Kálfaflóð þaðan aptur sjónhending í þúfu sem er í miðri Reiðdal, og aptur sjónhending frá téðri þúfu og í Haugslæk, síðan ræður lækurinn að Klapparkelduflóði, en frá flóðinu ræður sjónhending í „Klemusarvað“ á Eystri-Tungulæk, þaðan ræður lækurinn fram að Efra-Sýkinu, síðan ræður sýkið vestur í Stóralæk, en hann ræður allt að „Tunguhólmakeldu“, eptir það ræður keldan, allt að Baugstaðamörkum. – Milli Loptsstaða og Baugstaða ræður sjónhending frá ~~Baugstaðamörkum~~ keldunni við Baugstaðamörk – sem áður var nefnd – og í vörðubrotið, sem er á Háamel, frá vörðubrotinu ræður sjónhending í Arnarklett, sem stendur við Þverá (Bryggjulón) og með henni austur í Sýkis-útfall fyrir austan Bleikalónstanga og beint í Selós við Brimgarð.

Ritað að Loptsstöðum í júní 1886.

Jón Jónsson.

Jón Jónsson.

Gísli Jónsson.

Ofanskráðum landamerkjum erum við eigendur og umráðamenn hlutaðeigandi jarða samþykkir.

Vegna Baugstaða Grímur Gíslason

Vegna Tungu í umboði eigandans Jón Jónsson.

Nº 135.
Landamerki

Gaulverjabæjarstaðar með hjáleigum og kirkjujörðum er prestakallinu fylgja.
Gagnvart Ragnheiðarstöðum ræður Miklavatn og úr því sjón-hending úr vörðunni á vesturbakkanum. Um „Illukeldu" í „Nauthól" (ɔ: ekki „Nýja Nauthól", heldur þann vestari með grjóthrúgunni).
Gagnvart Loptsstöðum sjonhending úr „Nauthól" í „Kleppsvatn" og yfir um þver „Kálfaflóð", þaðan í „Deildartjörn", síðan í „Klapparkeldu" og út í „Tungulæk í „Klemusarvað".
Gagnvart Tungu, að því er snertir óskipt beitiland Bæjarhverfis, ræður Tungulækur úr Klemusarvaði, sem er fyrir sunnan og austan Tungu, með litlum hólma grasivöxnum í, í „Lækjartjörn".
Gagnvart Hólum ræður „Hólakelda" í „Áladælu" og er hornmark í steini, sem stendur upp úr dælunni.
Gagnvart Arnahól, úr „Áladælusteini" sjónhending í „Kormupoll" (Hundapolli).
Gagnvart Syðrigegnishólum, sjónhending úr „Kormupolli" um þúfuna (vörðuna) þar fyrir austan og um „Valhallarflóð" í þúfuna á „Kaplatanga" við „Bæjarkeldu"; frá þeirri þúfu ber Körmupoll í bæinn á Hólum.
Gagnvart Efrigegnishólum, sjónhending úr Kaplatangaþúfu í „Klofsteina" (tvo stóra jarðfasta steina, sem ber vestantil við Bjarnarfell.
Gagnvart Seljatungu eru mörk úr „Klofasteinum" eptir gömlu Garðlagi fyrir ofan „Lambhaga" í „Vörðuvaðslæk" fyrir neðan „Stóruáladæl"
Gagnvart Efravelli, ræður sjónhending úr áðurnefndum mörkum við Vörðulæk í „Markaflóðið" milli Efri og Neðri-Vallar og þá í Breiðavað (Langavað) á Vallarlæk.
Slægnamörk milli jarða Gaulverjabæjar og Stokkseyrarprestakalls eru:
Gagnvart Hellum (ɔ: milli Dalbæjar og Bæjar á aðra hönd og Hella á hina) sjónhending úr „Kaplaflóðum" í „Krúnuhól" (í Haugsvelli) sem á að bera í Bæjarkirkju; en milli Haugs og Hella sjonhending úr Haugslæk um 2 vörður, sem bera saman í „Grillu garðshorn".
Gagnvart Syðravelli, sjónhending um „Leirgrafarhól" suður fyrir austan Bæjarborg í „Teigsvörðu", þaðan í „Tungusel", þá í „Stóralæk" og ræður hann uppað Garðhúsahólma (Úthólmanum) og er honum sleppur, ræður aptur „Stórilækur" að „Djúpakrók".
Gagnvart Hamri og Skógsnesi ræður Merkjalína bogin eptir Keldudragi austur í „Keldhólaþúfu" (vörðu) fyrir framan Skógsnes, þaðan sjónhending suður í „Stararflóð" austur og upp af „Miklavatni" og þaðan í „Miklavatn".

Framanrituð landamerki Gaulverjabæjar hafa verið notuð átölulaust að undanförnu.
Gaulverjabæ 26. maí 1885.
Páll Sigurðsson.

Þessum landamerkjum eru samþykkir undirritaðir ábúendur og umboðsmenn framantaldra jarða.

J. Stefánsson á Skógsnesi.

G. Stefánsson í Arnarhóli.

Þorsteinnn Þorkelsson Hamri.

Þórður Pétursson Hólshúsum.

Guðm. Vigfusson Seljatungu.

S. Einarsson Hólum.

Vegna Syðrivallar: Guðm. Þorkelsson.

Vegna Efrigegnishóla: Tómas Magnússon.

Vegna Tungu: Guðm. Hannesson.

Ítök

Gaulverjabæjarkirkju í annara jarða lönd eptir Vilkins og Gísla máldögum.

„Kirkjan á akurland undir sælding korns á Loftsstöðum árlega og þar á með, sem nægir. Hún á vetrarbeit í Loftsstaðaland verkhestum tveimur folöldum og hryssum og sauðum fyrir vestan götu. Sú beit hefst þá sauðir koma frá réttum og til þess er lömb fara frá sauðunum á vor; nautabeit til þess sex vikur eru af sumri. Hálfan Hvalreka um allar fjörur eiga Gaulverjabæjar við Loftsstamenn og svo að fara að veiðum. En fjara skiftist að veturnóttum og eiga aðrir austur frá húsi, en aðrir vestur, viðreka, en fiskreki skrifist að „Kasarskerjum“ og eiga Gaulverjar~~bæjar~~ sín missiri hvoran fjörur. Gaulverjar eiga allan þara vestur frá húsum er vetur kemur uns fjórar vikur eru af sumri, en síðan eiga Loftsstaðamenn þara allan til Þvottdags í fardögum á þeim hluta fjöru, er þeir hafa haft annað sumar áður. Gaulverjar eiga Sölvanum og þangskurð vestur fjörurnar, ef ei kemur þari, og svo teðja þriggja mæla land, Þeir eiga skipshöfn, naust og fjós handa skipverjum, og korngarð á Loftsstöðum árlega. Þeir skulu ráða fyrir beit er á Gaulverjabæ búa, á allr mýri og á Völlum við þá er sambeit eiga; láta finna hreiður öll, hvar sem finnast í Galtastaðalandi eða og Vallarlandi. Selför á Neðravöll og skal þeim fá er á Bæ búa, hross, söðul og kvíar. Fertugan köst í Gerðalandi. Allir þeir menn sem beit eiga uppá Völl, skulu hafa í tröð fénað sinn upp frá Ólafsmessu. Eitt tré skal fara til brúar á Gerðalæk. Í Nesi er stóðhrossabeit, en á Hamri tveggja Geldhestabeit. Tveggja Geldhestabeit á Galtastöðum í álögum.

Samkvæmt visítazíu meistara Brynjólfs frá 1641 á kirkjan „Fagraskóg“ fyrir norðan Skriðufell og Maríutorfu þar í nánd.

Þessi ítök Gaulverjabæjarkirkju rétt rituð eptir Gaulverjabæjar-kirkjubók.

Vottar

Gaulverjabæ 26. maí 1885.

Páll Sigurðsson.

[á spássíu]: Þingl. 16/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 136.
Landamerki

á milli Syðrigegnishola, Hólshúsa og kringumliggjandi jarða.

Á milli Gaulverjabæjar- og Gegnishólahverfis: „Markaþúfan“ á „Kaplatanga“ úr henni í Vörðuna á „Fuglsetaþúfu“, sem er í suðvestur af Eilífsskjóli, úr þeirri vörðu beina línu á Hólabæ í Kormupoll, sem er hornmark á milli Bæjarhverfisins, Arnarhóls og Syðrigegnishóla, úr Pollinum í „Vörðu“ eða bala í „Sandskörðunum“, úr þeirri vörðu út í „Uppsprettuauga“ sem er í „Miðlæknum“, svo ræður hann út í Stóralæk (Hróarsholtslæk) sem ræður svo mörkum upp að „Affallsvaðinu“. Á milli Hólshúsa og Syðrigegnishóla engjamörk, úr vaðinu austur í „Dringshól“, úr hólnum beint ofan til við Grásteinsdæl og þaðan beint heim í tún morkin á milli nefndra jarða.

Á milli Hólshúsa og Gegnishólaparts úr fyrnefndri Þúfu á „Kaplatanga“, beint í skarðið á milli túnanna á þeim jörðum, þaðan engjamörk útí „Garðlagið“ í Laundæl, sem ræður meðan fyrir því sést, þaðan út í „Hólma“ í Markaflóðinu, sem er olbogamark á milli Hólshusa og Efrigegnishóla, svo úr Hólmanum vestur í „Markavörðu“ fyrir ofan Bauluskurð, svo úr henni beint vestur í „Hróarsholtslæk“, sem ræður fyrir Holshúsalandi fram fyrir nefnd „Affallsvað“.

Að Syðri-gegnishólum í apríl 1886.

Magnús Jónsson.

Vegna Hólshúsa: Þórður Pétursson.

Vegna Arnarhóls: Guðm. Stefánsson.

Páll Sigurðsson prestur.

Vegna Gegnishólaparts: Sigurður Ívarsson.

Vegna Efri-Gegnishóla: Tómas Magnússon.

[á spássíu]: Þingl. 16/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 137.
Landamerki

á milli Austurmeðalholta og kringumliggjandi jarða.

1. Við Súluholtsland: úr „Markhól“ beint í vörðu fyrir austan Lækinn (Strokkholslæk).
2. á milli Rútstaða: ræður lækurinn framúr.
3. Við Klængselsland: Ur læknum fyrir framan Lambabyrgið beint vestur í „Helgutótt“, úr henni í miðja Markadælina, úr henni ræður dragið vestur í Hróarsholtslæk.
4. Á milli Meðaholta og Meðalholtahjál: úr læknum ræður „Markakeldan“ (smálækur uppá móts við Markarimann, úr steininum vestur í Kelduna, beina stefnu í „Einstíg“ þar sem hann fer úr Hróarsholtslæk, svo úr Markarimasteininum, beint í túngarðsendann, úr efri túngarðsendanum, svo beint upp „Markhól“.

Austurmeðaholtum í maí 1885.
Vegna umráðamanns jarðarinnar: Jón Jónsson.

Ofanskráðum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir:
Vegna Miðmeðalholta:
Þó mér finnist það ekki rétt að sleppa beinni línu, sem er ofan frá Markhól um túngarðinn milli Austur og Miðmeðalholta, ofan að Markarima; en í stað þess að fara úr honum sjónhending í Hróarsholtslæk, er farinn þver krókur þrjátíu faðma vestur í keldu og eptir henni skáhalt í lækinn tuttugu föðmum vestar, heldur en hefði línan verið bein undirskrifa ég samt fyrir miðmeðalholt.
Halldór Bjarnason.

Helgi Guðmundsson: Vegna Súluholts.
Jónas Jónsson Rútstaða-norðurskoti.
Vegna Meðalholtahjál: Magnús Brynjólfsson.
Vegna Klængsels: Einar Guðmundsson.
Fyrir Austaurmeðalholt: ábúendur Jón Magnússon. JGíslason.

[á spássíu]: Þingl. 16/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 138.
Landamerki

Rútsstaða í Gaulverjabæjahreppi eru þessi:

Milli Rútsstaða og Sviðugarða ræður frá hornmarkinu, sem er Þrístrend þúfa ~~milli~~ fyrir vestan Múlabrúna, sjónhending í „Ráðsmannshól“, frá honum er bein stefna í „Þorleifshól“, sem er hornmark téðra jarða. – Milli Rútsstaða og Seljatungu ræður sjónhending úr „Þorleifshól“ í „Stóramarkhól“, sem er hornmark. – Milli Rútstað og Klængssels ræður sjónhending úr Stóramarkhól í Vörðu við lækinn, en hún á að bera í Helgutópt og er þessi varða hornmark; Síðan ræður Meðalholtalækur allt að Markagarðsendanum. – Milli Rútsstaða og Súluholts ræður Markagarðurinn austur að „Langhólalæk; en úr Markagarðsendanum ræður sjónhending í „Hornmarksþúfuna“ vestan „Múlabrúna“, sem áður er nefnd.

Norðurkoti í Rútsstaðahverfi í júní 1885.

Fyrir hönd jarðareigendanna: Jón Jónsson.

Ofanrituðum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir, vegna eigna okkar og ábýla er að Rútsstaðalandi liggja:

Ábúendur hinsvegar nefndra jarða:

Jón Magnússon, JGíslason Austurmeðholtum.

Einar Guðmundsson Klængseli.

Guðmundur Pétursson Brennu.

Ám. Ámundason, Árni Gíslason Rútsstöðum.

Jón Guðnason Rútstaðahjáleigu.

Ingimundur Jóhannsson Súluholti.

Guðmundur Vigfússon Seljatungu.

Gestur Jónsson Sviðugörðum.

[á spássíu]: Þingl. 16/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 138.
Skrá

yfir landamerki jarðarinnar Sviðugarða í Gaulverjabæjarhreppi móts við kringjumliggjandi jarðir:

Frá fyrsta hornmarki „Þorleifshól“ réttlínis í „Ráðsmannshól, aptur réttlínis í „Markaþúfu“, sem stendur við „Súluholtskeldu“, vestan til við „Súluholtsmúla“ og eiga þessi 3 merki að standa á línu; aptur frá greindri þúfu austur með keldunni, nl: „Súluholtskeldu“, þar til hún rennur í læk, sem kallast „Kúalækur, og nú fram með honum þangað til hann endar við „Hríshólmaflóðin“ aptur úr þessu hans mynni eða enda réttlínis í „Markhól“, það óefanlega hornmark á millum þriggja jarða og úr henni beint í „Kotin“ og „Litlastelshól“ og nú síðast réttlínis í „Seljatungulæk“, hver lækur að heyrir til marka, allt að fyrgreindum „Þorleifarhól“.

Landamerki þessi eru í alla staði samhljóða lögfestu Bjarna sál. Ormssonar af 21. maí 1793.

Sviðugörðum 15. okt. 1884.

Eigendur: Þ. Guðmundson, Þorlaug Bjarnadóttir.

Nágrannar: Gísli Hallgrímsson Kolsholti.
Sigurður Jónsson s.st.
Jón Guðnason Rútstaðahjáleigu.
Jón Jónsson Súluholtshjáleigu.
Ingimundur Jóhannsson, Helgi Guðkmundsson Súluholti.
Guðm. Pétursson Brennu.
Guðm. Vigfússon Seljatungu.
Gestur Guðmundsson Vorsabæ.
Gestur Jónsson ábúandi.

[á spássíu]: Þingl. 16/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 140.
Landamerki

fyrir jörðinni Ragnheiðarstöðum í Gaulverjabæjarhreppi, eins og þau voru ákveðin við áreið 18.d. júní 1883 og samþykkt af hlutaðeigendum:
Milli Ragnheiðarstaða og Fljótshóla ræður merkjum stefna úr vestasta „Þrísteini“ suður í „Markaskurðsendann efri“ og skal frá Efri-Markaskurðsendanum „Þrístein“ bera í skarðið í Hagafjalli. Síðan ræður mörkum skurðurinn að „Markarifi“ og stefnan frá Markarifi fram í „Markavörðu“ (austustu vörðuna) á Öldunni, og ber hún frá sjó að sjá í Skógnes eða sem næst í Eystri enda Vörðufells.
Mill Ragnheiðarstaða og Syðrivallar ræður merkjum stefna frá vestasta „Þrísteini“ beint vestur í „Vatnsvikið“ í landnorðurshorni „Miklavatns“.
Milli Ragnheiðarstaða og Gaulverjabæjar ræður merkjum „Miklavatn“, síðan frá vatninu stefna bein úr Vörðunni á vestursbakkanum í „Nauthól“ (ɔ: eystri hólinn).
Milli Ragnheiðarstaða og Loftsstaða ræður bein stefna úr sama hól í „Markastein“ í fjörunni, sem er merktur: M.S.t.

Páll Sigurðsson í Gaulverjabæ.
Vegna Ragnheiðarstaða: Grímur Gíslason.
Vegna Loptsstaða: Jón Jónsson, Jón Jónsson, Gísli Jónsson.
Vegna Fljótshóla Halldór Steindórsson.

[á spássíu]: Þingl. 16/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 141.

Galtastaðir í Gaulverjabæjarhreppi, eiga land innan þeirra landamerkja, sem hér getur: Frá „Gildru“ austur í „Markhól“, þaðan beint í „Ferðamannahól“, þaðan suður í „Byrgisflóð og eptir „Hamarsflóðunum í „Hamarslæk“ svo ræður lækurinn suður í „Djúpavað, svo beint eptir sléttri laut í „Gráhellu“, eptir það ræður Vallarlækur beint uppá móts við „Gildru“ sem áður er nefnd.

Galtastöðum 25. okt. 1884.

Vegna jarðareigandans: Sumarliði Jónsson

Ívar Guðmundsson. Vorsabæjarháleigu.

№ 142.
Landamerki

fyrir jörðinni Fljótshólum í Gaulverjabæjarhreppi, eins og þau voru ákveðin við áreið 18.d. júním. 1883 og samþykkt af hlutaðeigendum.

Milli Fljótshóla og Arabæjar liggja mörkin frá Þjórsá við Keldudrag í útnorður beina stefnu að Krákuvatni, norðarlega í „Markaþúfu“ sem þar er, og er stefnan bein frá þeirri þúfu í næsta melinn við Háfsnes, þegar til austurs er litið.

Milli Fljótshóla og Króks ræður stefna úr „Krákuvatni“ norðan til eptir gömlu garðlagi fyrir vestan Krókstún og er sú stefna sjónhending frá vatninu yfir efsta (austasta) „Þrístein“ í Galtastaðabæ.

Milli Fljótshóla og Syðrivallar ráða merki úr austasta Þrísteini í vestasta Þrístein.

Milli Fljótshóla og Ragnheiðarstaða ræður merkjum stefna úr suður í Markaskurðsendann efri, og skal frá efri Markaskurðsendanum Þrístein bera í skarðið á Hagafjalli. Síðan ræður mörkum skurðurinn fram að „Markarifi“ og stefnan frá Markarifi fram í Markavörðu (austustu vörðuna) á Öldunni, og ber hún frá sjó að sjá í Skógasnes, eða sem næst í eystri enda Vörðu-fells.

Þegar komið er út að Krákuvatni og litið er til austurs, bera merkjavörðurnar saman og helst sú stefna austur eptir ánni, til þess er bærinn Selpartur er laus við Traustsholtshólma-hornið vestara; ber þá og svo bæiinn Sandhólaferju í hæsta hnúkinn á Hestfjöllum á Flóamannaafrétti; ræður svo bein lína fram að Sjávarkampi til marka þeirra, sem alla tíð hafa verið á milli Fljótshóla og Háfsfjöru, sem eru: bærinn Fljótshólar jarði vesturhornið á Búrfelli í Grímsnesi.

Ofanskráðum Landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir.
Halldór Steindórsson Fljótshólum
Bernharður Vigfússon s.st.
Guðm. Þorkelsson Syðravelli.
Þuríður Magnúsdóttir Króki.
Guðm. Eyvindsson, Oddur Oddsson Ragnheiðarstöðum.

[á spássíu]: Þingl. 16/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 143.
Landamerki

Arnarhóla í Gaulverjabæjarhreppi eru sem hér greinir:

Sjónhending í „Kormupolli í hornmarkssteininn í Áladæl og aptur sjónhending frá honum í stein á Vestri bakka téðrar dælar og aptur sjónhending frá þessum steini í Þúfu á Lambatanga og ræður hann stefnu að „Skammalæk“; aptur ræður sjónhending frá fyrnefndum Kormupolli í „Bullauga“ og þaðan ræður „Miðlækur“ að „Hæringstaðalæk“.

Arnarhóli í júní 1884.

Vegna eigandanna: Jón Jónsson.

Guðm. Stefánsson, Steinþór Eiríksson Arnarhól.

Sigurður Einarsson, Jón Einarsson Hólum.

Sigríður Vigfúsdóttir Syðrigegnishólum.

[á spássíu]: Þingl. 16/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 144.
Landamerki

Einarshafnar í Stokkseyrarhreppi eru þessi:
1. Milli Einarshafnar og Óseyrarness ræður bein stefna frá Vörðu í sjóarkampinum um Bleka í eystri Ingólfsfjalls-öxl, sama stefna ræður að sjó fram.
2. Milli Einarshafnar og Skúmstaða ræður sjónhending úr ósnum, sem er milli Bóndaskers og Einarsskers um vörðu á Skúmstaðaseli uppað Flóagaflsmörkum og er þar hornmark milli Einarshafnar og Skúmstaða.

Einarshöfn á enn fremur afmarkað ítak til slægna í Óseyrarnesengjum, þetta gegn því að Óseyrarnes á frjálsa beit fyrir fénað í Einarshafnarlandi (eptir ágezkum falla árlega af téðu ítaki hér um bil 120 hestar).
Einarshöfn í júní 1884.
Fyrir hönd jarðareigandans: Jón Jónsson.

Framanrituðum landamerkjum erum við samþykkir:
Vegna Óseyrarness: Grímur Gíslason, Þorkell Jónsson.
Vegna Flóagafls: Þorsteinn Guðmundsson.

[á spássíu]: Þingl. 15/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 145.
[Landamerki]

á Votamýri á Skeiðum eru sem hér segir:

1. Frá Þjórsá um vörðu ofan Árbakkann og úr henni í Grænhól og sömu stefnu á Ketilhól, sem er hornmark Votumýrar, Hlemmiskeiðis og Brjámstaða.
2. Svo úr Ketilhól í „Grjótvörðu“ í „Steinteig, sem er hornmark að framanverðu.
3. Ur Grjotvörðu um „Grasþufu“ hjá Heiðardal og sömu stefnu austur í Þjórsá.

Votamýri í júní 1886.
Magnús Sigurðsson.
Guðmundur Halldorsson.
Brynjólfur Brynjólfsson.
Guðni Jónsson.
Jón Guðnason.

[á spássíu]: Þingl. 18/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 146.
Landamerki

Stórahrauns í Stokkseyrarhreppi eru sem hér greinir:
Milli Stórahraunst: og Háeyrart: ræður sjónhending frá Smalaskála við Blaktjarnir í klettinn milli „Hrauns og Háeyrarþufna, svokallaðra, sama stefna ræður á sjó fram (um hellu í fjörunni).
Milli Stórahraunst: og Stokkseyrart ræður sjónhending frá áðurnefndum Smalaskála, í mitt „Hraunsflóð“, en það er í útsuður frá vestasta Stokkseyrarselsbænum, í téðu flóði er lítil þúfa við norðurbakkann, frá Hraunsflóði ræður sjónhending í vörðu, sem aðskilur engjar Hafliðakots og Syðrasels, en frá vörðunni ræður nýhlaðinn Markagarður allt suður að flóðunum, sem falla að austan í Skersflóð, sunnan við flóðin ráða Garðlög, sem öll vita í sömu stefnu og aðskilja þau engjar Foks og Stokkseyrar, frá Gaðrlögunum ræður sjónhending í Markaklettinn vestan ferðamannagötu, frá honum ræður sjónhending um „Markahlein“ til sjóar.
Stórahrauni í júní 1884.
Þórður Pálsson.
Einar Jónsson.

Ofanskráðum landamerkjum erum við hér undirskrifaðir samþykkir.
Vegna Stóruháeyrar: Guðm. Ísleifsson.
Grímur Gíslason, Kristinn Adolpsson: vegna Stokkseyrar.
Vegna eignar minnar í Sandvíkurtorfunni ósamþykkur. Þ. Guðmundsson.

[á spássíu]: Þingl. 15/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr.

Nº 147.
Landamerki

Traðarholtstorfunnar í Stokkseyrarhreppi eru þessi:

1. Úr „Barnasetslækjarkjapti“ ræður ræður bein stefna í Vörðu í Vaðhólum, og aptur frá henni í Graán stein fyrir ofan Grímsdæl, og frá henni í Flóðkýl fyrir austan Grjótlækjartún, og svo þaðan í jarðfastan stein á sjóarbakka, síðan ræður sjónhending í Bollasker, sem er fram í Brimgarði.
2. Úr Barnanesslækjarkjapti; ræður fyrst Barnanesslækur, þá „Hörpuhólslækur“ allt upp í Leiðólfsstaðavatn, síðan ræður lækurinn, sem Toptahlöð eru á, beint vestur í „Brattsholtsvatni“, en frá „Seigludragi“ liggja mörkin fram í „Glámu“, þaðan ræður „Nesslækur“ fram að Kirkjubrú, en frá henni sjónhending um „Andatjarnir“ út í Stokkseyrarmörk en þau eru frá Brandhól, sjónhending um Kotleysu eða eldhúsið þar í markavörðuna sem er á sjóarbakkanum austan Rauðárhól og liggja síðan austan á Langarifi beint fram í brimgarð. – Innan þessara téðu landamerkja liggur talsvert af landi jarðarinnar Kotleysu, sem virðist hafa verið byggð bæði úr Stokkseyrar og Traðarholtslandi. Traðarholt á rétt til Selstöðu á Stokkseyrarmýri, gegn reiðingsristu í Blönduleir í Traðarholtsengjum.

Traðarholti í maí 1886.
Fyrir hönd eigendanna: Jón Jónsson.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir:
Vegna Skipanna: Jón Jónsson.
Vegna Stokkseyrartorfunnar: Grímur Gíslason, Jón Jónsson.

[á spássíu]: Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 148.
Landamerkjaskjal

fyrir Asgautsstaði í Stokkseyrarhreppi.

1. Að sunnan: móti Stokkseyrarhverfi ræður svokölluð Langadæl frá Selslækjarmynni austur úr, síðan úr austurenda Löngudælar sjónhending yfir heiðina í „Ásgautsstaðavatn við „Árkvarnarlækjarós“.
2. Að austan: móti Syðstakekki bein lína yfir „Ásgautsstaðaeyju“ frá vörðu á Suðurbakka Eyjarinnar í Klöpp fyrir norðan vatnið í útnorðurstefnu.
3. Að norðan: Ásgautsstaðavatn fyrir norðan Eyjuna, svo langt sem hún nær.
4. Að vestan Selslækur alla leið úr Ásgautsstaðavatni, þar til hann rennur útí hina fyrnefndu „Löngudæl“.

NB. Þess utan eiga Ásgautsstaðir fríja beit á Stokkseyrarmýri, torfristu og mótak; einnig slægjur að tiltölu við kringliggjandi jarðir. Enn fremur þangrif við sjó og fjörubeit.

Sem umboðsmaður jarðarinnar
Litlahrauni 1. júní 1886.
Jón Björnsson sóknarprestur.

Fyrir Stokkseyrartorfu undirskrifa:
Kr.A. Adolphsson, Grímur Gíslason.
Fyrir Selin: Páll Jónsson.
Fyrir Syðstakökk: Jóhann Þorkelsson.

Mér sýnd h. 15. júlí 1886
MnJónassen.

[á spássíu]: Þingl. 15/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

164-166

Nº 149.
Landamerki

jarðarinnar Óseyrarnes í Stokkseyrarhreppi eru þessi:

Milli Óseyrarnes og Flóagaflstorfunnar er tekin stefna frá Ölvesá þar sem varða er hlaðin milli Hallskotsengjanna (Flóagaflsmegin) og Einarshafnar ítaksins sem síðar verður fráskýrt liggur sú stefna sjónhending eptir rananum sunnan við „Rauðopnu“ í lænuna (dragið norðan við hornið á Skúmstaðaítakinu, sem einnig verður síðan skýrt frá, þar sem Hallskotshólmi er gagnvart (flóagaflsmegin). Þaðan í vörðu í skurðinn sunnantil við Seiglu; þaðan bein stefna langs með suðurjaðrinum á Finnbjarnarrima sjónhending í vörðu á Svartarima, sem er grjótflag norðaustan frá Efra-Stakkholti; þaðan ræður skurður austur að „Hallskotskeldu“ og þaðan sama stefna í Markaugað á Brúnni, er svo sömu stefnu haldið áfram norður við Efri-Nesborg í Grjótvörðu á mýrinni, sem er hornmark jarðarinnar. Milli Óseyrarnes og Einarshafnar er tekin stefna úr nýnefndri hornmarksvörðu í Blika, sem er varða í Vötnunum fyrir austan Óseyrarnes, sömu stefnu er haldið áfram fram í sjó, um Markvörðu sem hlaðin er í sjavarkampinum. Frá henni að sjá ber Blika og hornmarksvörðuna saman við eystri öxlina á Ingólfsfjalli; þaðan ræður landhelgi ~~til~~ sjavar til Ölversár, og hún eptir miðju, þaðan uppá móts við vörðu þá er fyrst var talin, þar sem hefjast landamerki milli Óseyrarnes og Flóagaflstorfunnar.

Jarðirnar Einarshöfn og Skúmstaðir á Eyrarbakka eiga engjaítök í Óseyrarneslandi móti því að Óseyrarnes á beit í Einarshafnarlandi og skipauppsátur á Skúmstaða-landi. Ítök þessi liggja norðvestur af Óseyrarnesengjum, í horni því er verður milli Ölvesár og landamerkjanna, sem hér var fyrst skýrt frá. Liggur Einarshafnarítakið utar, og skilst það frá Skúmstaðaítakinu við Einarshafnar ós er kemur úr Rauðopnu. Skúmstaða ítakið liggur austan við Óseyrarnesengjarnar og skilst frá þeim við Skúmstaðaós, til opnu þeirrar, sem hann kemur úr (sem er rauðleit að lit), en þaðan ræður skurður að Vörðunni við Seiglu sem áður er getið. Útfall Skúmstaðaoss er vestan við „Brennimanns-hólma“.

Ritað að Óseyrarnesi 3. maí 1886.

Grímur Gíslason, Þorlell Jónsson eigendur og ábúendur jarðarinnar

Samþykkur fyrir Einarshofn og Skúmstaði Guðm. Thorgrímsen.

Fyrir hönd Gerðiskotsins í Flóagaflshverfinu samþykkur: St. Bjarnarson.

Fyrir hönd Hallskots: Grímur Gíslason

Þorsteinn Guðmundsson á Flóagafli

Hallbjörg Bjarnadóttir s.st.

№ 150.
Landamerki

Skúmstaða í Stokkseyrarhreppi eru eins og hér greinir:

1. Milli Skúmstaða og Stóru háeyrar þessi landamörk: Úr efri Ein búa, sem er hornmark Skúmstaða, Stóru-háeyrar, Flóagagls og Kaldaðarness ræður bein stefna í Klofaklettinn sem liggur vestarlega að sjá fyrir framan Markasker fram í sjónum hvar svokallaðir Markósar fram ganga, eða í upptök þess innri að innanverðu og í útfall þess syðri austan miðju Hrafnaskers og austan miðju Þvottakletts.
2. Milli Skúmstaða og Einarshafnar eru mörkin úr ósnum sem er á milli Bóndaskers og Einarshafnarskers ræður sjónhending um vörðuna á Skúmstaðaseli uppað Flóagaflsmörkum og er þar hornmark milli Skúmstaða og Einarshafnar.

Skúmstaðir eiga ítak til slægna í Óseyrarneslandi, sem árlega falla af hér um bil 150 hestar; en aptur á Óseyrarnes skipsuppsátur í Skumstaðalandi.

Skúmstöðum í maí 1886.

Fyrir hönd jarðareigandans: J. Jónsson.

Framan og ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir vegna hlutaðeigandi eigna okkar.

Vegna Óseyrarness: Grímur Gíslason, Þorkell Jónsson.

Vegna Háeyrartorfunnar: Guðm. Ísleifsson.

Vegna Flóagafls: Þorsteinn Guðmundsson.

Nº 151.
Landamerki

jarðarinnar Minniborgar í Grímsneshreppi eru, sem hér segir:

Um Markalaut austanvert við Stóruborgartún, fyrir austan Stórhól í þúfu á Farkjaptshæð; þaðan í Þufuna á „Brjámstaða-Smalaskála“, þá beina línu um Einhól á Tíðhól og þúfuna á Markarima; þaðan sjónhending í Nýgræða Þúfuna austan á Oddsholti, þaðan í dý fyrir austan Héðinslækjarbotninn, þaðan eptir Héðinslæknum vestur í Héðinsholtið, þaðan um Eystritóptir í götuna á há-Oddsholti beina línu í áðurskrifaða Markalaut. Þessi landamerki eru samþykkt og undirskrifuð af hlutaðeigendum og skulu því standa um aldur og æfi.

Minniborg 1. maí 1886.

Ásmundur Þorgilsson: ábúandi.

Guðrún Sigurðardóttir: eigandi.

Vegna Brjámstaða: Guðrún Þórðardóttir.

Vegna Stóruborgar: Jón Ásmundsson.

Vegna Bjarkar: Jónas Sigvaldason.

№ 152.
Landamerkjabréf

fyrir jörðinni Björk í Grímsnesi.
Syðsta Þúfa á Skógarholti er hornmark milli jarðanna Stóruborgar, Klausturhóla og Bjarkar; þaðan sjónhending í stóran stein (Stóristeinn) austarlega á Langamel; þaðan sjónhending í þúfu sem er fyrir ofan austasta Lyngdalsmýraroddann. Þessi þúfa er hornmark milli Klausturshóla, ~~og~~ Bjarkar og Þóroddsstaða. Þaðan sjónhending í Þúfuna í Stelpuhæð, sem er hornmark milli Bjarkar, Þóroddsstaða og Svínavatns; Þaðan sjónhending í þúfuna á Stóruhólahæð; úr þeirri þúfu aptur sjónhending í þúfuna á Miðmarkahrigg; sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Svínavatns og Stærribæjar; úr þeirri þúfu aptur sjónhending í þúfuna á „Smalaskála“, sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Stærribæjar og Brjámstaða; Þaðan sjónhending í þúfuna á Hlauphól, sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Minniborgar og Stóruborgar, þaðan sjónhending í fyrstnefnda Þúfu á Skógarholtum.
Björk 1. júní 1886.
Vegna jarðarinnar: Jónas Sigvaldason.

St. Stefenssen umboðsmaður Klausturhóla.
Vegna Minniborgar: Ásmundur Þorgilsson.
Vegna Stóruborgar: Jón Ásmundsson
ábúandi: Guðj. Vigfússon.
Vegna Þoroddsstaða: Árni Guðmundsson.
Vegna Stærrabæjar: Jón Guðmundsson og Hinrik Magnússon.
Vegna Sveinavatns Jón Þorleifsson.
Vegna Brjámstaða. Guðrún Þórðardóttir.

[á spássíu]: Þingl. 24/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 153.
Landamerki

Fyrir jörðunni Árbæ í Ölvershreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Að austanverðu í Markaþúfu á Markhól við Ölvesá, þaðan til norðurs beina stefnu í Markaflag í Seilunni og áframhaldandi bein stefna í Markastein við veginn uppundan Ingólfsfjalli. Að vestan úr skorunni í miðjum „Markahamri" sunnan í Ingólfsfjalli sjónhending til suðurs um þúfu á Markabrúninni fremri og austanvert við Arnartanga við Ölvesá, svo ræður Ölvesá að áðurnefndum Markahól.

Þessi framanskráðu landamerki eru samþykkt og undirskrifuð af eigendum og umráðamönnum jarðarinnar Árbæjar og allra kringumliggjandi jarða skulu standa óraskanleg um aldur og æfi.

Árbæ 31. nóvemberm. 1886.

Margrét Þorleifsdóttir.

Vegna jarðarinnar Þórustaða: Sveinbjörn Filippusson, Steindór Steindórsson.

Vegna jarðarinnar Hellis: Þorsteinn Guðmundsson.

[á spássíu]: Þingl. 29/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 154.
Landamerki.

Jarðarinnar Þórustaða liggjandi í Ölveshreppi, eru þessi:

Að austanverðu: úr austanverðum Arnartanga til norðurs í Þúfu á fremri brúninni, þaðan áframhaldandi bein stefna í Þúfu á Markabrúninni, þaðan sama beina stefna, þaðan sama beina stefna í skoru eða klauf í Markahamri sunnan í Ingólfsfjalli. Að vestan: úr svokallaðri Ámundarétt vestan undir Múlanum Sunnan undir Ingólfsfjalli, úr henni bein stefna til suðurs í gilið niður við Ölvesá, sem er næst fyrir austan Kotferju-ferjustað; svo ræður Ölvesá í miðju móts við áðurnefndan austanverðan Arnartanga, enn fremur land á Ingólfsfjalli.

Þórustöðum 31. maí 1886

Eigendur nefndrar jarðar: Steindór Steindórsson, Sveinbjörn Filippusson.

ábúandi: Hannes Steindórsson

Vegna Árbæjar samþykkt: Margrét Þorleifsdóttir.

Vegna Hvols samkv. fullmakt frá s[ra] Odds Gíslasonar dags. 18.sept. 1884.

Ísleifur Gíslason.

[á spássíu]: Þingl. 29/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 155.
Landamerki

jarðarinnar Eystri-Þúrár í Ölveshreppi eru þau er hér greinir:

1. Milli Eystri Þurár og Núpa ræður frá „Strút“ garðlag austur við Þorleifslæk (Varmá) aptur ræður sjónhending frá „Strút“ í Vatnsskarð og svo til afréttar.
2. Milli Eystri-Þurár og Arnarbælis ræður Þorleifslækur (Varmá) frá áðurnefndu Garðlagi að Þurárósi.
3. Milli Eysti-Þurár og Ytri-Þurár ræður sjónhending frá Þurárósi um þúfu vestan Eystri-Þurár-túnenda í Markaklett á Þurárflötum (brekkum) og ræður sú stefna til afrettar. Hvaðmörk milli túnanna áhrærir þá er áin látin ráða merkjum.

Ritað að Eystri-Þurá í maí 1885.
Grímur Gíslason.
Jón Jónsson.
Björn Jörinsson.
Eyjólfur Eyjólfsson.
Sameigendur að jörðinni Eystri Þurá.

Að framanskrifuð landamerki séu rétt og gild gagnvart hinum tilgreindu nágrannajörðum, viðurkennum við undirskrifaðir.
Vegna Núpa: Þorgeir Þórðarson, Sæm. Gíslason.
Vegna Ytri-Þurár: Þorgeir Þórðarson.

[á spássíu]: Þingl. 29/6-86.

№ 156.
Landamerki

sem nú eru fyrir Laugarbakkalandi eru þessi:

I. Gagnvart Tannastöðum: úr Þúfu á Einbúa, er stendur niður við Ölvesá, sem hann er hæstur, beina línu í stein, sem nefnist Grákollur neðri og beina línu á Ingólfsfjallsbrún, ur Vörðunni beina línu í vörðu, sem er á melhrigg á miðju Ingólfsfjalli, sem er hornmark.

II. Gagnvart Hellir úr áðurnefndri vörðu á Melhrigg beina línu í vörðu, sem stendur á Vesturgilklofningsbrún á Brennigili, þaðan niður Brennidalsgil í vörðu á Fjallstóttum, úr sömu vörðu á Fjallstóttum beina lína í Miganda Þúfu, úr Migandaþúfu ræður Hellisgil til Ölvesár.

Laugarbokkum 26. maí 1886.
Þorsteinn Guðmundsson
Aldýs Vigfúsdóttir.
Eigendur: Magnús Ólafsson, Jón Þ. Einarsson.

[á spássíu]: Þingl. 29/6-86.

Nº 157.
Máldagi.

Við undirskrifaðir eigendur að jörðinni Tannastöðum liggjandi í Ölveshreppi í Árnessýslu gjörum hér með kunn landamerki á teðri jörðu eptir þeirri ýtrustu upplýsingu, sem við höfum af mörgum mönnum nú lifandi og svo líka sem eru dauðir. Enginn gamall skriflegur máldagi fyrirfinnst fyrir jörðunni Tannastöðum.

Landamerki jarðarinnar eru:

Úr Þúfu á Einbúa sem hann er hæstur í stein sem nefnist Gráhella í Vörðumyndaðan stand í miðjum Eggjum; þaðan í vörðu á brún á „Eggjum“, þaðan bein stefna í vörðu sem er auðkend sem hornmark og er á Melhrygg á miðju fjalli, þaðan sjónhending í hánorður í vörðu auðkenda sem hornmark við Alviðrulandi, úr þeirri vörðu bein stefna í vörðu á Brún, þaðan í stein ofan á steini utan í fjallinu þaðan í Markastein þaðan í Hrútastein, þá ræður Sog, og svo eptir Hvíta fellur í það Ölvesá alla leið að Einbúa sem áður var nefndur.

14. maí 1886.
Magnús Gíslason.
Gísli Magnússon.

Samþykkur Magnús Ólafsson Laugarbökkum
sömul. Jón Arnarson á Alviðru.
Sömuleiðis eigendur Þórustaða: Steindór Steindórsson, Sveinbjörn Filippusson.

[á spássíu]: Þingl. 29/6-86.

Nº 158.
Landamerki

Kirkjuferju í Ölveshreppi eru sem hér skal fráskýrt.

Milli Kirkjuferju og Auðsholts ræður bein stefna frá Mókeldunni um Votadý í Arnardis, (það 3 faðmar fyrir austan Mókelduna) sem er hornmark Kirkjuferju og Auðsholts, en hliðarmark Bakkarholts. Milli Kirkjuferju og Bakkarholts ræður frá Arnadis; Bein stefna í Ferjuborg, sem er hornmark Bakkarholts og Hvols, en lint horn eða hliðarmark Kirkjuferju. Milli Kirkjuferju og Hvols ræður bein stefna frá Ferjuborg í Grjótvorðu í Hádegisholti fyrir framan Hvol, þaðan ræður bein stefna um Tótubrún austur að morkunum milli Hvols og Þórustaða og verður þar hornmark, sem verður á Hádegisholti ber í miðjan syðri „Meitil“ á Lágaskarðsfjallvegi. Milli Kirkjuferju og Þórustaða ræður bein stefna úr Moldargili við Ölvesá fyrir ofan ferjustaðinn á Kotferju í hið fyrgreinda hornmark á Tótubrún og sem er í sjónhending frá Moldargili í múlann fyrir austan Ámundarétt, sunnanundir Ingólfsfjalli.

Kirkjuferju 26. julí 1885.

Eiríkur Bjarnarson.

Vegna Kirkjuferju og Hjáleigunnar: Árni Steindórsson, Grímur Gíslason, Jón Jónsson.

Vegna Auðholtstorfunnar: Jakob Árnason, Hjörtur Sigurðsson.

Vegna Bakkarholts Jón Árnason.

Vegna Þórustaða: Steindór Steindórsson.

Vegna Hvols: Samkv. fullmakt síra Odds Gíslasonar á Stað í Grindavík.

Ísl. Gíslason prestur á Arnarbæli.

[á spássíu]: Þingl. 29/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 159.
Landamerki

jarðarinnar Miðengi í Grímsneshreppi innan Árnessýslu, eru úr Gráhellu á Markabrekkum beint í Þúfu á vestri Vatnsskersbrún á Tjarnarhólum, þaðan sjónhending í Vörðu á Rauðhólshrauni og þaðan bein stefna í þúfu norðan í Finnheiði og þaðan beint í Farklöpp, þaðan norðanhalt við Rauðvíkurhól þar sem Miðvaðlækur fellur í Alptavatn, svo til norðurs með Álptavatni í Þúfu á Smalaskála, þaðan áframhaldandi stefna í Alfhól, frá honum í Þrengslaþúfu, svo ræður Búrfellslækur uppað Lækjarfarveg, sem liggur yfir Grásteinsvelli, úr þeim farveg bein stefna í þúfu á Kálfhólakeri og þaðan sjónhending í áðurnefnda Gráhellu.

Svo á jörðin Miðengi slæjuítak í Búrfellslandi, sem nefnist Ítala, ummerki hennar eru að sunnanverðu Búrfellslækur, en að norðan ræður laut sem byrjar á Bakkanum á nefndum læk og ræður hún í Dælina, þaðan sjónhending beint í stóran Stein hinumegin við lækinn.

Þar á móti á jörðin Búrfell Skógarhögg í Miðengislandi á því svæði sem nú skal greina:

Frá Kirkjuvaðinu á Búrfellslæk um vestri Kirkjugötu, suður á leitisbrún, svo brúnina til landnorðurs í Kalfshóla, þaðan bein stefna norður í Búrfellslæk ~~um vestri Kirkjugötu~~. Þessi landamerki sem eru undirskrifuð af eiganda Miðengis og allra eiganda og umráðamanna kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Miðengi 24. maí 1885.

Þorkell Jónsson, Guðm. Jónsson.

Vegna Búrfells og Ásgarðs: Magnús Sæmundsson.

Jón Magnússon Snæfoksstöðum.

Vegna Klausturhóla: St. Stefensen.

Guðm. Vigfússon Norðurkoti.

Vegna Hæðarenda: Hróbjartur Þorsteinsson.

[á spássíu]: Þingl. 29/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 160.
Landamerkjaskrá.

Fyrir jörðinni Holtakotum í Biskupstungnahreppi.

Koðralækur, sem rennur í Tungufljót ræður merkjum milli Holtakota og Vatnsleysu til þess er hann greinist þá ræður lína um smjörflóð í Flaghól, sem er hornmark milli Vatnsleysu og Arnarholts, en hliðarmark við Holtakot, þaðan ræður bein lína í Vatnsstæðið í svonefndu Markaflóði sem er hornmark milli Holtakota og Arnarholts, þaðan bein sjónhending eptir skurði þeim sem grafinn er úr Syðri-múlatjörn þá úr efri enda hennar, um svonefndan Smalaskála er stendur norðanvert við útholtin, þaðan bein stefna um Álptaflóð og milli Lómatjarna í hól þann sem er norðanvert við gamlar götur í Nesholtunum, úr þeim hól í Þúfu Fljótið, síðan ræður það merkjum til Koðralækjaróss, sem fyr er getið.

Merki þau er rituð eru hér að framan eru gjörð í
Holtakotum 29. sept. 1885.
Eiríkur Eiríksson (eigandi jarðarinnar).

Framanrituð merki samþykkjum vér.
Anna Jónsdóttir: eigandi Múla.
Hjörtur Eyvindsson: Eigandi á Austuhlíð.
Halldór Halldórsson: eigandi á ½ Vatnsleysu.
Einar Guðmundsson: eigandi hálfrar Vatnsleysu.
Magnús Magnússon á Úthlíð fyrir hönd Arnarholtsins.

[á spássíu]: Þingl. 29/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 161.
Landamerki

jarðarinnar Höfða í Biskupstungum liggja frá vörðu, sem stendur á Holtsrana í sundi, sem gengur yfir þvert Langholt milli Sauðahústoptar frá Laugarási og Sauðahúss frá Höfða, þaðan eptir upphlöðnum vörðum niður í Undapoll í beina stefnu á norðuröxlina á Mosfellsfjalli, svo aptur frá Vörðunni í áminnstan Holtsrana austur í Hvítá, beint að sjá í norðurendann á nyrðra Selholtinu á Auðsholtsmýri, somuleiðis eptir upphlöðnum vorðum; síðan ræður Hvítá og Tungnafljót að Rifinu. Um þvert Rifið frá Víkinni inní Illaflóð ræður sú beina lína, er vörðu þá, sem stendur í Mýrinni fyrir austan Hrosshagatún, ber í adra vorðu, sem stendur fyrir norðan Hrosshagatún. Síðan ræður Illaflóð og víkin að mynninu á Hrosshagalæk; Þaðan ræður miður farvegur Langasundskeldu fram að áðurnefndum mörkum við Undapoll.
Höfða 19. júní 1886.
Guðmundur Jónsson: eigandi Höfða.

Þessi landamerki samþykkjum vér:
Magnús Helgason: prestur á Torfastöðum.
Guðmundur Vigfússon: búandi á Laugarási.
Halldór Halldórsson: búandi á Hrosshaga.
Einar Kjartansson, Grímur Eiríksson ábúendur Skálholts.

[á spássíu]: Þingl. 22/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 162.
Landamerki

Litlafljóts í Biskupstungum.
Að Litlafljótslandi liggja þessi lönd:
1. Stórafljótsland; þar í milli ræður merkjum bein stefna frá Mynni á Keldu einni, sem fellur austan í Flókatjörn að vörðu sem stendur á sundinu fyrir vestan Borgarós, þaðan í stóran stein vestanvert við Stórafljótstún, þaðan í vörðu á melnum fyrir vestan sama tún, þaðan í vörðu hjá Moshól þaðan í vörðu á Birtingaholti, þaðan í vörðu á Kistuholti, þaðan í vörðu á Tungufljótsbakka þá ræður Fljótið unz við tekur
2. Reykjavallaland; þar í milli ræður merkjum bein stefna frá vörðu sem stendur á Fljótsbakkanum, að vörðu norðanvert í Hrosshól; þaðan í vörðu á Mangabrún, þaðan í Titlingshol, þaðan í Einbúahyl í Litlafljótslæk; þá ræður lækur sá upp að vörðu þeirri, er stendur vestan við hann vestur undan bænum á Litlafljóti, þá tekur við
3. Torfastaðaland, og ræður þar merkjum í milli Litlafljótslækur alt þangað er hann fellur úr Flókatjörn, sem fyr er nefnd.

Ítök:
Litlafljót á tvítuga gröf til torfskurðar við Einbúa í Torfastaðalandi. Torfastaðir eiga stóðhrossabeit á vetrum í Reykholt hið neðra (Kistuholt eða Birtingaholt) í Litlafljótslandi.
Litlafljóti 1. okt. 1885.
Arnfinnur Sveinsson: í umboði eiganda.

Landamerki þau og ítök er rituð eru hér að framan, samþykkjum vér, er hér ritum nöfn vor undir
Magnús Helgason: prestur að Torfastöðum.
Ingim. Ingimundsson: eigandi Reykjavalla.
Guðm. Jónsson: eigandi að Stórafljóti.

[á spássíu]: Þingl. 22/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 163.
Landamerki

Reykjavalla í Biskupstungum.

Að Reykjavallalandi liggja þessi lönd:

1. Litlafljótsland; þar í milli ræður merkjum Litlafljótslækur ofan frá vörðu er við hann stendur að vestnverðu vestur undan bænum að Litlafljóti, niður að Einbúahyl; þaðan ræður bein stefna í Titlingshól, þaðan í vörðu á Mangabrún, þaðan í vorðu norðanvert á Hrosshól, þaðan í vörðu á Tungufljótsbakka, þá ræður Fljótið sjálft unz viðtekur
2. Torfastaðaland, þar í milli ræður merkjum bein stefna ~~að vaði því á~~ frá vörðu á Fljótsbakkanum ofan til við Torfastaðahólma vestan til við Víkurholtskletta; þaðan bein stefna að vaði því á Litlafljótslæk sem er litlum spöl fyrir neðan bæinn á Reykjavöllum; þar er tópt að austanverðu við vaðið, þá ræður Litlafljótslækur þar til er Kotslækur kemur í hann, þá ræður Kotslækur allt þar til er austan í hann rennur Keldudrag lítið litlu fyrir norðan efsta fossinn í læknum; þaðan ræður bein stefna austur að vörðu þeirri við Litlafjótslæk, sem sefnd er í upphafi þessa bréfs.

Ítök.

Reykjavellir eiga slæjuítak í Torfastaðalandi og nefnist það víkurmýri; nær það austan frá línu þeirri, sem liggur beint frá vörðunni við Fljótið að vaðinu fyrir neðan Reykjavelli, sem hvortveggja er fyrri nefnt, að línu þeirri, sem vörður sýna frá Manarenda á Þrætunefi að vaði því hinu sama. Fyrir þetta ítak er ábúandinn á Reykjavöllum skyldur að verja engjar þær, er Torfastaðir eiga við víkina og í Múlatúnsmýri. Beit eiga Reykjavellir einnig í annað mál inn við Flókatjörn í mánuð, og hrísryf á 10 hesta í Hrísholti; þar er nú hríslaust.

Reykjavöllum 1. okt. 1885.

Ingim. Ingimundasson: eigandi:

Landamerki þau og ítök er nefnd eru hér að ofan, samþykkjum vér er hér ritum nöfn vor undir.

Magnús Helgason: prestur að Torfast.

Arnfinnur Sveinsson: í umboði eiganda Litlafljóts.

[á spássíu]: Þingl. 22/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 164.
Landamerki

jarðarinnar Bóls í Biskupstungum.

1. Milli Bóls og Kervatnsstaða liggja merkin úr vorðu við Arnarfellslæk beina línu um flóðkýlinn í Mýrinni í stóra steininn, sem er í veitunni milli fyrnefndra bæja, þaðan sjónhending í Hrosshól, þaðan sömu línu í vörðu þá, sem hlaðin er, þar sem Augnalækurinn fellur í Flókatjörn.
2. Meðfram Torfastaðalandi ~~Torfa~~ ræður Augnalækur til Startjarnar og svo yfir hana og beina stefnu í Vörðu, sem er á svonefndum Markagarði á Hryggholtum sem er hornmark milli Bóls og Tjarnar.
3. Millum Tjarnar og Bóls ræður bein lína frá Markagarði austanvert á Svínholti og um stóran stein sem er vestanvert við Bólsstekk og svo ræður sama lína til Graflækjar í vörðu þá sem þar er hlaðin.
4. Því næst ræður Graflækurinn móti Úthlíðarlandi til Bólsvatna og yfir þau í lækjarmynnið, þar sem það kemur í Arnarholtsvötn.
5. Þá liggja merkin móts við Arnarholt eptir læknum í svonefnda Tvíbytnu, svo úr henni beina stefnu í Arnarholtslækjarmynni og svo eptir honum til Vörðu þeirrar sem hlaðin er á Lækjarbakkanum og fyr er getið.

Bóli 1. júní 1886.
Eiríkur Eiríksson (fyrir hönd eiganda)

Framanskrifuð merki samþykkjum vér:
Bjarni Hallgrímsson: ábúandi á Tjörn.
Magnús Hallgrímsson ábúandi Tjarnarkots.
Eiríkur Eiríksson (fyrir hönd Kervatnsstaðanna).
Erlendur Þorvarðsson: ábúandi Arnarfells.
Magnús Helgason prestur á Torfastöðum.
Þórarinn Jónsson á Kervatnsstöðum ábúandi.

Nº 165.

Þessi voru landamerki Skálholts sem Einar Briti Bjarnason sagði okkur undirskrifuðum hefðu þá verið höfð og haldin alla þá tíð, sem hann var og vissi til í Skálholti að vestan og sunnan kringum Skálholtstungu og hvað ráða báðar Árnar Brúará og Hvítá; úr Hvítá ræður Hundapollur og kelda allt upp fyrir „Skyrvaðs“ (eða „Smiðju“) hóla, að Markasteini þeim sem stendur austur undan Skyrvaði, úr Skyrvaði aptur er, bein stefna í Digrusiggu norðast á Ásendum, þaðan sjónhending suður í Fjárhús sundið og niður í Kerslækjar-upptök, hvar lækur síðan ræður landi vestur í nyrðri þúfuna á Réttarholti, en þaðan er tekin sjonhending að sjá úr Skálholtskirkju allt vestur í Brúará.

Frá Skálholti var haft til forna fjárborg og Smalaskáli fyrir sunnan Klukkugil, einnig fjárhús uppundan Kerslæk Spóastaðamegin. Skálholt hafði og 50 hrossa beit í Miklaholtsnesi frá vertíðarlokum til fardaga móti því að ljá engjastykki ofan til í Rettarholtskeldu.

Skálholti 22. ágúst 1804.

Steingrímur Jónsson

Halldór Guttormsson.

Samhljóða frumriti í eign Skálholtseigenda.

27. júní 1878.

Á Thorsteinsson.

Framanskrifuð landamerki eru samþykkt á ný eptir hinum nýju landamerkjalögum af ábúendum og eigendum Skálholts.

Reykjavík 19. október 1885.

Eigendur fyrir frú Þórunni.

Ábúendur: E. Kjartansson, Grímur Eiríksson.

Guðmundur Vigfússon Laugarási.

Sigmundur K. Friðriksson Iðu.

Páll Þórðarson Spóastöðum.

Halldór Halldósson Hrosshaga: fyrir hond eiganda.

Guðm. Jónsson Stórafljóti: eigandi jarðarinnar Höfða.

[á spássíu]: Þingl. 22/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 166.
Landamerkjabréf

fyrir jörðunni Spóastöðum í Biskupstungum: að vestan ræður miður farvegur Brúarár uppað Klofnagili. Svo ræður það til upptaka þess, þaðan ræður bein lína suðrí svokallaða „Digrusiggu“, sem er standklettur norðast í Skálholtsásum, þaðan ræður bein lína ofan Markasund í Kerslækjarupptök, svo ræður Kerslækur Kerslækur suðrí nyrðri þúfuna á Réttarholti, þaðan ræður bein lína vestrí Brúará.

Spóastöðum 19. júní 1886.
Páll Þórðarson ábúandi á Spóastöðum.

Ofanskrifuðum morkum erum við undirskrifaðir nágrannar samþykkir.
Halldór Halldórsson á Hrosshaga ábúandi
E. Kjartansson, Grímur Eiríksson: ábúendur á Skálholti.
Eiríkur Eiríksson ábúandi á Miklaholti.

[á spássíu]: Þingl. 22/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 167.

Landamerki milli jarðanna Laugarás og Höfða: Varða sem stendur á Holtsrana í sundi, sem gengur yfir þvert Langholt, milli Sauðahústóttar frá Laugarási og Sauðahúss frá Höfða, úr þeirri vörðu eptir upphlöðnum vörðum niður í Undapoll í beina stefnu á norðuröxlina á Mosfellsfjalli. Svo aptur úr vörðunni á Holtsrananum austur í Hvítá beint að sjá í norðurendann á Selholtunum, sömuleiðis eptir upphlöðnum vörðum. Svo ræður Hvítá að austan og sunnan vestur í Undapoll; svo Undapollur milli Skálholts og Laugarás.

Laugarási 19. júní 1886.

Guðm. Vigfusson.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir nágrannar samþykkir.

E. Kjartansson, Grímur Eiríksson Skálholti.

Guðm. Jónsson á Stórafljóti, Eigandi jarðarinnar Höfða er þessu samþykkur.

[á spássíu]: Þingl. 22/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 168.
Landamerki

jarðarinnar Fellskots í Biskupstungnahreppi, eru þessi:

Varðan austan við Þrætugróf bein stefna niður í Þverkeldur undir Víðispallaenda og svo ræður Þverkeldan niður í Fljót, móts við Vatnsleysuland, svo ræður Miðstraumslína Fljótsins, suður á móts við Vörðu norðan á Fellshornum, þaðan beina stefnu móts við Fellsland vestur í Grjótlæk neðan undir veginum beina stefnu uppá fjall í hornmark upphlaðna vörðu fyrir sunnan Fellsvatn þaðan beina stefnu norður Fláana í áðurnefnda vörðu fyrir austan Þrætugróf.

Þessi framanrituðu landamerki sem eru samþykt af eigendum og ábúendum jarðanna.

Fellskoti 10. juní 1886.

Eiríkur Einarsson: ábúandi og eigandi jarðarinnar.

Halldór Halldórsson: eigandi og ábúandi Vatnsleysu.

Einar Guðmundsson: eigandi hálfrar Vatnsleysu.

Pétur Einarsson: eigandi og ábúandi að hálfri jörðinni á Felli.

[á spássíu]: Þingl. 22/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

№ 169.

Uppskrift á Landamörkum yfir Borgarholtsland í Biskupstungum.

Millum Borgarholts og Bergsstaða: frá fljótinu í austur ræður Markakelda uppí Vestur Markadal. Upp úr vestur Markadalnum þvert yfir austur í Austur-Markadal og svo í Borgarholtskeldu, er liggur til suðurs og svo vestur í Pollengi; Svo ræður Vatnsdalur norður í fljótið að vestan. Milli Borgarholts og Bræðratunguhverfis ræður Borgarholtskelda útí Pollengi. Milli Króks og Borgarholts ræður Vatnsdalur norður í Fljótið að vestan.

Frá fyrri tíð hafa verið léðar slæjur frá Króki að Borgarholti í svokölluðu Pollengi, mót beit í Borgarholtslandi, eptir gömlum skriflegum samningum.

Ár eptir Krists fæðing þ. 5. maí 1886.

Páll Jónsson: Eigandi að hálfri jörðinni

J.M. Voger: Eigandi að hálfri jörðinni

Gísli Ögmundsson: ábúandi.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir:

Guðm. Ingmundsson á Bergsstöðum.

Björn Bjarnarson á Galtalæk.

Þorbjörn Ásbjarnarson Króki.

[á spássíu]: Þingl. 22/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 170.
Landamerkjabréf

fyrir Hrosshaga í Biskupstungum.

Þessi eru landamerki jarðarinnar Hrosshaga: Á milli jarðarinnar Hrosshaga og Torfastaða ræður sjónhending frá steini þeim er greinir lönd Höfða og Torfastaða á nú svonefndu Rifi í Víkinni, beint í vörðu þá sem hlaðin er í Mýrinni fyrir austan Hrosshaga, þaðan sjónhending í vörðu þá sem stendur á ofanvert við fyr nefnda mýri; þaðan sjónhending eptir vörðum þeim sem hlaðnar eru á heiðinni fyrir norðan Hrosshaga, beina stefnu til vestur-útnorðurs í vorðu þá sem stendur við Klukknagilsbotna beint í norður frá Markhól, sem er hornmark milli Torfastaða, Hrosshaga og Spóastaða. Milli Spóastaða og Hrosshaga ræður bein sjónhending úr áðurnefndri vörðu austanvert við Markhól suður í standklett þann, með hundaþúfu á sem nefnist Digrasigga, sem er hornmark milli Skálholts, Hrosshaga og Spóastaða; frá Digru-Siggu sjónhending í Skyrvaðskeldu, þaðan bein stefna í stein þann er stendur austur undan Skyrvaði og úr Markasteini þeim austur í Miðja Langasundskeldu, er svo ræður merkjum milli Höfða og Hrosshaga, uppí mynnið á Hrosshagalæk.

Framanskrifað landamerkjabréf samþykkja hlutaðeigendur með undirskrift sinni.

Hrosshaga í Biskupstungum 11. maí 1884.

Jakob Bjornsson: prestur á Torfastöðum

Jón Halldórsson á Bræðratungu, eigandi jarðarinnar Hrosshaga

Páll Þórðarson: bóndi á Spóastöðum.

E. Kjartansson, Grímur Eiríksson ábúendur Skálholts.

Guðm. Jónsson bóndi á Stórafljóti, eigandi jarðarinnar Höfða.

[á spássíu]: Þingl. 22/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 171.
Landamerki

jarðarinnar Fells í Biskupstungnahreppi í Árnessyslu, eru þessi:

Frá Tungufljóti ræður að vestan Fellsgil að upptökum þess, og svo Keldan sem í það rennur í holma í tjörn þeirri, sem keldan rennur úr. Ur nefndum hólma sjónhending um jarðgróin Grjóthól sunnan á Brattholti í grjótvörðu á sama holti og áframhaldandi bein stefna í hornmark Álptaþúfu í Boladal; þaðan til landsuðurs í Grjótvörðu norðan í Skógarholti, í sömu stefnu í vörðu á Gjóstubrún, yfir Gjóstuna í vörðu á brúninni fyrir norðan Þrætugróf yfir Grófina í hornmarksvörðu, sem stendur skammt frá Grófinni; þaðan til suðurs bein stefna fram fláabrúnina um 2 upphlaðnar vörður á þúfu fyrir austan og sunnan Fellsvatn; þaðan til landsuðurs yfir brúnina niður á jafnsléttu í Grjóturðardý fyrir neðan veginn, sem liggur með fellsjaðrinum og áframhaldandi bein stefna efst á Hvammabrún við fljótið, svo ræður Fljótið fyrir austan Fellshólma, sem liggur um flotinn á vatninu, að áðurnefndu Fellsgili.

Þessi framanrituðu landamerki sem eru samþykkt og undirskrifuð af eigendum jarðarinnar Fells og eigendum og umboðsmönnum allra kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Felli 26. nóvember 1884.

Ábúandi og eigandi að ½ jörðinni: Pétur Einarsson.

Fyrir hönd eiganda að ½ jörðinni: Þorkell Jónsson.

Framanskráðum landamerkjum erum við samþykkir:

Eigandi jarðarinnar Stórafljóts: Guðmundur Jónsson.

Fyrir hönd jarðarinnar Kervatnsstaða: Eiríkur Eiríksson.

Eigendur jarðarinnar Vatnsleysu: Einar Guðmundsson, Halldór Halldórsson.

Eigandi Fellskots: Eiríkur Einarsson.

[á spássíu]: Þingl. 22/6-86. Þingl. 0,75 kr. bókun 0,25 kr. er 1,00 kr.

Nº 172.
Landamerkjaskrá

fyrir Hólatorfunni í Hrunamannahrepp eða jörðunum Hrepphólum, Hólakoti, Sóleyjarbakka og Núpstúni, er allar hafa sameiginlegt beitiland.

1. Milli Hólatorfunnar annarsvegar og Birtingaholts hinsvegar ræður Rauðilækur frá Stórulaxá upp í Rauðalækjarbotna, og þaðan bein stefna í Markhöfða fyrir norðan Miðfellsgil.
2. Milli Hólatorfunnar og Miðfellshverfis, eða jarðanna Götu, Miðfells og Dalbæjar, ræður Miðfellsgil frá Markhofða austur í Markakeldu fyrir norðan gilbotninn.
3. Milli Hólatorfunnar og Galtafells ræður bein stefna úr keldunni við gilbotninn upp í skurð, sem grafinn er úr Stekkjargili; síðan ræður Stekkjargilið inn í gilbotninn.
4. Milli Hólatorfunnar og Sólheima ræður bein stefna úr Stekkjargilsbotninum að upptökum Markagils; síðan ræður Markagilið niður í Stórulaxá.
5. Milli Hólatorfunnar annarsvegar og jarðanna Hlíðar, Háholts, Glóru, Skarðs og Sandlækjanna, í Gnúpverjahreppi hinsvegar ræður Stóralaxá; fyrst frá Markagilsósi niður að Laxárholti; þaðan suðurkvísl árinnar út fyrir Kúhólma; úr því ræður norðurkvísl árinnar út að áðurnefndum Rauðalæk.

Selstöðu í svonefndum Seldal í Galtafellslandi á Hrepphólakirkja eða prestakallið en eigi neinar jarðir Hólatorfunnar.

Stóranúpi, 15. maí 1887
Valdimar Briem.

Vegna kringumliggjandi jarða undirskrifa:
Vegna Hlíðar L. Guðmundsson.
Vegna Háholts J. Jónsson.
Vegna Háholts Oddur Árnason.
Vegna Glóru Bjarni Jónsson.
Vegna Skarðs Jón Jónsson.
Vegna Skarðs Gísli Jónsson.
Vegna Sandlækjar Guðm. Ámundason.
Vegna Sandlækjarkots Jón Bjarnason.
Vegna Birtingaholts Helgi Magnússon.
Vegna Götu Guðm. Ögmundsson.
Vegna Miðfells Einar Magnússon.
Vegna Miðfells Helgi Bjarnason.
Vegna Dalbæjar Jóhann Einarsson.
Vegna Galtafells Jón Bjarnason.

Vegna Sólheima Eiríkur Jónsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 1,00 kr.

Nº 173.
Landamerkjabréf

milli Ness í Selvogshreppi og Hlíðarenda í Ölveshreppi: Þrívörður í sjó, hornmark þaðan beina stefnu í Markhól, sem er vestur af Hlíðarenda fjallsenda og er mektur með L III. Úr honum beint í Fálkaklett.

Fyrir Nes: Guðmundur Ólafsson.

Fyrir Hlíðarenda: Jón Jónsson.

20. september 1886.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 1,00 kr.

Nº 174.
Landamerki

Skipa í Stokkseyrarhreppi eru sem hjer greinir:

Milli Skipa og Baugstaða ræður bein stefna frá Hörpuholtslæk um Markaflóð og í gráan stein með þúfu á, frá téðum steini er bein stefna og í Markaþúfu og aptur frá henni bein stefna og í Skruggudæl, en frá henni er bein stefna í Markaklett, og frá honum bein stefna í Máfaklett, enda ræður sama stefna í sjó fram.

Milli Skipa og Traðarholts ræður fyrst Hörpuholtslækur, þá Bjarnarnesslækur allt að lækjarkjaptinum, en þaðan ræður bein stefna og í vörðu á Vaðhólum, frá tjeðri vörðu ræður bein stefna og í gráan stein fyrir ofan Grímsdal, en frá steininum ræður bein stefna í Flóðkýl fyrir austan Grjótlækjartún, þaðan ræður bein stefna í jarðfastan stein fram í sjávarbakka og aptur frá steninum ræður bein stefna í Bollasker, sem er frammi í brimgarði.

Skipum í október 1884.

Vegna eigandanna: Jón Jónsson.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir:

Vegna Baugsstaða: Grímur Gíslasnon.

Vegna Traðarholts: í umboði eins eigandans: J. Jónsson, Þórður Pálsson, Þórður Þorvarðarson.

Vegna Skipa: Guðm. Thorgrímssen.

Símon Símonarson handsalað Guðm. Thorgrímsen.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 175.

Lýsing á landamerkjum jarðarinnar Alviðru í Ölvershreppi:

Að austanverðu fyrst norðast eptir miðju Álptavatni, svo eptir mestu dýpi í Soginu suður á móts við Hrútastein (fjarska stór klettur niður við Sogið) úr þúfu á Hrútasteini í hæstu hyrnu á markasteinum (kletta í miðri mýrinni) úr markasteinum í markastein (stóran klett er stendur ofan á öðrum kletti) neðst í Ingólfsfjalli, svo í vörðu upp á Ingólfsfjallsbrún, svo sömu stefnu eptir vörðum vestur yfir svokallaða Tannastaðadali upp á hrygg þar hornmark í grjóthól er vestur af fer að halla, þaðan í Inghól aptur úr Inghól beina stefnu í hornmark á Grenhólshæð þaðan austur af Ingólfsfjalli í vörðu á fjallsbrúninni svo niður í Hádegisholtsgil þar sem nyrðra gilið rennur niður úr eggjunum svo í grjótvörðu í móanum norðanvert við preststanga svo í þúfu á bakkanum á Álptavatni að norðanverðu við Preststanga svo í þúfu í miðjum svo kölluðum Arnarhólma í Álptavatni, og sömu stefnu austur í mitt Alptavatn.

Hjer ofanskrifuð landamerki jarðarinnar Alviðru hefi jeg sem ábúandi og umboðsmaður eigandanna að tjeðri jörð skoðað, ásamt meðeigöndum eða umboðsmönnumum eigandanna að jörðum þeim sem land liggur saman við

Gamlir máldagar hafa engir fundist

Alviðru 25. dag október 1886.

Jón Árnason.

Samþykkir eigendur Tannastaða: Gísli Magnússon, Magnús Gíslason

Samþykkir fyrir hönd eiganda Torfastaðanna og Litlaháls: Jón Ögmundsson.

Fyrir Hvammsland: Steindór Steindórsson eigandi Gísli Guðmundsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 176.

Landamerki Leiðólfsstaða í Stokkseyrarhreppi eru þau, sem hjer greinir:

Milli Leiðólfsstaða og Hóla ræður sjónhending frá Vörðunni í Blástragróf og fremst í Grjóttjörn.

Milli Leiðólfsstaða og Baugsstaða ræður sjónhending frá fremri enda Grjóttjarnar og í Leirvík.

Milli Leiðólfsstaða og Traðarholts ræður Hörpuhólslækur upp í Leiðólfsstaðavatn.

Milli Leiðólfsstaða og Tópta ræður Laskalækskelda upp á móts við Skiggnirana.

Milli Leiðólfsstaða og Holts ræður Laskalækurinn allt upp á Holtsnef.

Milli Leiðólfsstaða og Lölukots, ræður sjónhending af ofanverðu Holtsnefi og í áðurnefnda Vörðu í Blástrá Gróf.

Leiðólfsstöðum í júní 1884.

Vegna jarðareigendanna Jón Jónsson.

Ofanrituðum landamerkjum erum við hjer undirskrifaðir samþykkir.

Vegna Baugsstaða Grímur Gíslason.

Vegna Hóla Þorkell Jónsson.

Vegna Traðarholts Þ. Pálsson.

Vegna Hræringsstaðatorfunnar Grímur Gíslason.

Vegna Hræringsstaðatorfunnar Magnús Gunnarsson.

Vegna Holts Guðm. Thorgrímssen.

Vegna Topta Jón Jónsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

Nº 177.
Landamerkjabrjef

fyrir Hurðarbaknum.

Á Bógsagsaheiði er varða sem fjórar jarðir eiga í, Hnaus Hampholt, Vælugerði og Hurðarbakur. Þaðan skilur sjónhending á millum Vælugerðis og Hurðarbaks, í klofastein, sem er hornmark millum Vælugerðis og Hurðarbaks, en hliðarmark við Önundarholt, þaðan ræður sjónhending í vörðu á Maurholti, sem er hornmark á millum Önundarholts og Hurðarbaks, en hliðarmark við Hróarholtstorfuna, þaðan ræður sjónhending í vorðu við þverlækinn, miðað Ölfusholt austanhalt við túnið á Hesti í Hestfjalli, svo ræður þverlækurinn í Hróarsholtslæk, svo ræður Hróarholtslækur uns kemur á eystri bakka hans varða sem er hornmark á millum Gneistastaða og Hurðarbaks, frá þessari vörðu er garðlag til austurs landsuðurs upp undir holtin; svo skulur sjónhending austur yfir holtin í þá fyrnefndu vörðu á Bágsagsaheiði.

Hurðarbaki 8. júní 1885.

Vegna Hurðarbaksins Árni Pálsson.

Vegna Hnauss Jón Eiríksson.

Vegna Hampholts Jón Eiríksson.

Vegna Vælugerðis Jón Ámundason.

Vegna Önundarholts Valgerður Eiríksdóttir.

Vegna Hróarhóltstorfunnar Halldór Bjarnason.

Vegna Gneistastaða Magnús Eyjólfsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 178.

Skrá yfir landamerki fyrir Hróarholtstorfunni:

Efst í Lambhaga fyrir sunnan Skeggjastaði þar sem þverlækur fellur í Hróarholtslæk ræður þverlækurinn þar til varða kemur fyrir framan hann og Ölvaðsholtsbæ ber framan til við Hestbæ í Hestfjalli, frá þessari vörðu sjónhending í vörðu á landssuðurhorninu á Maurholti, sem er hornmark millum Hurðarbaks og Önundarholts en hliðarmark við Hróarsholtstorfuna, þaðan sjónhending um austasta vikið á Lútandavatni, svo frá vörðu við útsuðurshlið Lútandavatns á að bera saman varða fremst á Skurðarlangholti við Markhól framan til við bæinn Oddagarða frá Markhól sjónhending í vörðu út við Hróarsholtslæk, svo ræður lækurinn þar til Bárarborg ber í skúta framan í Sölfholtsklettum, þeim miðum er haldið út eptir engjunum milli Hróarholts og Bárar þar til Einbúa ber í klofstein á Oddgeirshólaklettum, þeim miðum er haldið upp að Einbúa, sem er hornmark millum Hróarsholtstorfunnar, Sölfholts, Arnastaðar og Lækjar, svo á Einbúi að bera í skútu fremst á Sölfholtsklettum, þeim miðum er haldið austur í Hróarsholtslæk, svo ræður lækurinn upp fyrir áðurnefndan lambhaga þar sem þverlækurinn fellur í Hróarsholtslæk. – Þess skal getið að samkvæmt vísitasíu Biskupsins yfir Íslandi af 10. Ágúst 1829 á kirkjan að Hróarsholti 12 hesta af við í Öndverðarnesskógi á ári og 12 ungneita beit á sumrum, aptur á Öndverðarnes slægjublett í Hróarsholts eigninni.

Hróarsholti 28. júlí 1884.

Eigendur Hróarholtstorfunnar:

Halldór Bjarnason, Markús Bjarnason, Guðmundur Tómasson, Guðleif Einarsdóttir, Sveinn Árnason, J.Gíslason fyrir hönd ekkjunnar Þórlaugar Bjarnadóttur.

Þeir sem búa næstir Hróarsholtstorfunni:
Magnús Gíslason, Hurðarbaki.
Bjarni Guðmundsson, Önundarholti
fyrir Súluholtshverfið: Helgi Guðmundsson í Súluholti
fyrir Sölfholt: Magnús Þorkelsson
fyrir Læk: Snorri Þórarinsson
Sæm. Jónsson, vegna Hraungerðistorfunnar.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 179.

Landamerki jarðarinnar Hests í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Úr Feldarvík norður við Hestvatn í vörðu á fjallsbrúninni, hlaðna á klöpp er klappað er á ártalið 1851, þaðan sjónhenda í Bleikáluhól suður við Hvítá, ræður svo Hvítá í vestra Laugarás-nefið, þaðan bein stefna austast yfir Laugarásinn sjónhendu í Hestvatn ræður svo það vatn í áður nefnda Feldarvík.

Þessi landamerki eru samþykkt af undirskrifuðum ábúendum kringumliggjandi jarða.

Hesti 22. maimánaðar 1887.

Einar Einarsson eigandi jarðarinnar Hests.

Gunnl. Þorsteinsson fyrir Kiðjaberg.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 180.

Landamerki jarðainnar Efri Sýrlækjar, byrja á vörðum tveimur á milli Sýrlækjanna, sem miðast í Skálafell bein stefna í vörðu þá, sem er við gamla Skúfslækjarfarveg, og er það hornmarksvarða milli Syðri og Efri Sýrlækjar landa, en hliðarmark fyrir Mírarland, frá þeirri vörðu ræður á milli Mírarlands og Efri-Sýrlækjar lækjarfarvegurinn upp í Stóraflóð, sem er framan undir Egilsstaða ítaki (Egilsstaða ítak er tekið úr Efri-Sýrlækjar landareign fyrir hrossbeit á Egilsstöðum). Við Stóraflóð stendur varða á Garðleggsbroti, frá þeirri vörðu ræður Garðleggurinn beina stefnu í Ferju-Nes þar til kemur að vörðu, sem stendur á Flóðsbakka. Sú varða er hliðarmark á milli Egilsstaða ítaks og Efri-Sýrlækjar; frá þeirri vörðu ræður bein stefna í Forsæti þar til Syðri-Grófarland tekur við. Þar er hornmarksvarða (á milli Efri-Sýrlækjar lands og Egilsstaða ítaks og hliðarmark fyrir Syðri-Grófar landi) sem stendur í Skúfslækjarbakka. Úr hornmarksvörðunni ræður bein stefna í Smalaskála og svo austur í Nesútgarð og svo þá í stefnu í Þjórsá (fyrir austan Syðra-Grófar land liggur Mjósundisland þá Forsætisland og Ferju-Nes landareign þar fyrir austan að Þjórsá; lönd allra þessara bæja liggja fram að Efri-Sýrlækjar landi)

Hjer að auki er eyja úti í Þjórsá, sem fylgir báðum Sýrlækjunum, í henni eru mörk sem hjer segir: Það eru þrjár vörður sem miðast í beinni stefnu á milli Skálafells og fremst í tána á Eyjafjallajokli.

Efri-Sýrlæk, dag 7. Mai 1887
Friðleifur Jónsson ábúandi.
Magnús Ormsson í Efri-Gróf eigandi Syðri Sýrlækjar
Þórður Eiríksson á Mírum
Einar Hannesson Nesi
Jón Jónsson Mjósundi
vegna Syðstu-Grófar: Sigurður Sveinsson
vegna Egilsstaðaítakanna: Jón Einarsson Egilsstaðakoti
vegna Egilsstaða: Gísli Guðmundsson

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 181.

Umhverfis jarðirnar Krók og Ölvisvatn með hjáleigunni Hagavík innan Grafningshrepps í Árnessýslu liggja landamerki þessi:

Norðaustan að löndum þessara jarða liggur Þingvallavatn, sunnan frá mynni „Villingavatns-ár“ eður „Króks-ár“, og norður í lægð þá, er liggur milli svonefndra „Grámela“ við Þingvallavatn. Þá hefjast landamerkin á landi í gjáarmunna þeim, er liggur út í Þingvallavatn milli nýnefndra „Grámela“, og liggja þau eptir gjáardrögum þeim, er þaðan liggja upp í „Rauðhólsgjáarenda“ hinn nyrðri, svo ræður Rauðhólsgjá mörkum til enda; síðan ráða bein stefna úr „Rauðhólsgjáarenda hinum syðri í „Ölvisvatns-skygnir, og úr honum aptur bein stefna í hrygg þann ofanverðan, er liggur upp á milli „Ölvisvatnslaugar“ og „Köldulaugar“. Af hrygg þessum ræður merkjum bein stefna í bergeggjar eða brúnir þær, er mynda svonefndar „Hengilsyllur“ (austan í Henglinum); síðan liggur merkjalínan eptir eggjum þessum, og úr þeim í mel einn, bleikrauðan til að sjá, er liggur upp af „Raufarbergi“, og þaðan í „Raufarberg“ sjálft. Úr „Raufarbergi“ liggja mörkin síðan yfir miðjan „Brúnkollublett“ beina stefnu í „Grjóthól“ sunnan í „Tjarnarhnúknum“, þaðan í bergnef eitt sunnanvert við „Álptatjörn“, þaðan beina stefnu austur yfir „Folaldaháls“ í grjóthól, er stendur einstakur í „Killis-fells-mýri“, og síðan sömu beinu stefnu austur í miðjan slakkann, er liggur milli „Killifells“ og „Klóarfells“. Skal haldið uppi hornmarksvörðu í miðjum slakka þessum, þar eð þar er hornmark Villingavatnslands og Ölvisvatnslands, er þar mætast, en land Reykjakirkju. Ölvesi liggur fyrir báðum þessum löndum að sunnan. Frá hornmarksvörðu þessari, eður sunnan frá merkjalínu Reykjarkirkjulands í miðjum slakkanum milli „Killisfells“ og „Klóarfells“, þar sem hann er lægstur, liggja merkin svo milli Ölvisvatns og Krókslanda annars vegar en Villingavatnslands hinsvegar norður lægstan slakka þenna miðjan niður úr „Laxárdalsbotni“. Síðan ræður merkjum alla leið til Þingvallavatns á sú er rennur eptir dal þessum endilöngum, og síðan norður í Þingvallavatn milli jarðanna „Króks“ og „Villingavatns“, og nefnist hún neðan verð ýmist „Króksá“ eða „Villingavatns-á“.

Eyjan „Sandey“ í Þíngvallavatni liggur undir jörðina Ölvisvatn og tilheyrir henni að öllu leyti sem hver annar hluti af landi hennar.

Landamerki þessi, sem jeg undirskrifaður prestur ~~á~~ Jens Pálsson á Þingvöllum samkvæmt fullmakt, gefinni með umboðsbrjefi prófasts, sjera Jóh. Kr. Briems, ridd.af dbr. Í Hruna, eigandanna jarðanna Króks og Ölvisvatns með hjáleigunni Hagavík, dagsettri 28. júní 1884, samþykkti við áreið, er gjörð var á hjerumrædd landamerki 8. og 9. júlí sama ár, – tel jeg í alla staði rjett vera, og skora jeg, samkv. 3. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882, á alla eigendur og umráðamenn þeirra landa, er liggja umhverfis þessar jarðir (Krók og Ölvisvatn með hjáleigunni Hagavík), að samþykkja landamerki þessi, sem þau, er standa skuli óraskanleg um aldur og æfi, eins og jeg hjer með samþykki landamerkjaskrá þessa með eiginhandar undirskript fyrir hönd og í umboði eiganda nýnefndra jarða prófasts sjera Jóh. Kr. Briems, samkvæmt þeirri fullmakt, sem hjer að framan er vitnað til.

Þingvöllum 15. ágúst 1885
Jens Pálsson.

Ofanskrifuð landamerki móti Reykjatorfulandi eru af mjer undirskrifuðum samþykkt.
Sæmundur Sæmundsson Elliðavatni
og mjer Gísla Guðmundssyni í Reykjakoti.

Vegna 5/8 úr Úlfljótsvatnseigninni: Þórunn Magnúsdóttir
1/8 úr sömu eign: Gísli Þorðarson
1/8 úr sömu eign: Sigríður Þórðardóttir
1/8 úr sömu eign: Ingveldur Pjetursdóttir
eigandi Nesjavalla: Jóhann Grímsson
vegna afrjettarlandi Ölvislands samþykkt Jón Árnason, oddviti.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 182.

Landamerki jarðarinnar Vatnsholts er að austanverðu milli Sels og Vatnsholts úr stóra steinum á hagaflatholti beina stefnu suður í „Lat“, að sunnan milli Mosfells og Vatnsholts úr „Lat“ bein stefna í ölnbogan í Vatnsholtslæk, svo ræður lækur að Svartós í Apavatnsvatn, Apavatnsvatn ræður að vestan norður að borgum, að norðan milli Haga og Vatnsholts eru mörkin úr borgum og stefna austur í stóru steina á Hagaflatholti (samþykkt af hlutaðeigendum).

Seli, 25. mai 1887
Hjörleifur Steindórsson
St. Stephensen prestur að Mosfelli
Magnús Guðmundsson Haga
Þorkell Jónsson vegna Vatnsholts.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 183.

Landamerki fyrir jörðinni „Sel“ eru að austan: frá norðasta markalæk ræður Brúará suður að Selsós, að sunnan milli Sels og Mosfells eru mörk úr Selsós beina stefnu vestur yfir míri og vestur yfir fjallið þar sem það er hæst og svo áfram yfir Smirlakletta í stóran stein fyrir neðan fjallið, sem kallaður er „Latur“ að vestan milli Sels og Vatnsholts eru mörk úr „Lat“ beina stefnu norður í Stórusteina siðst á Hagaflatholti, að norðan milli Sels og Haga eru mörk úr Stórusteinum, stefna í upptök á norðasta Markalæk, svo ræður hann austur í Brúará (samþykkt af hlutaðeigendum).

Seli 25. mai 1887
Hjörleifur Steindórsson
Gróa Hjörleifsdóttir
St. Stephensen prestur Mosfelli.
Magnús Guðmundsson Haga.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 184.

Landamerkjabrjef fyrir Haga í Grímsnesi.
Að norðan ræður Hagaós í Brúará og svo Brúará að norðasta Markalæk og svo milli Sels og Haga norðasti Markalækur til upptaka og þaðan bein stefna í Stórusteina siðst í Hagaflatholti, milli Haga og Vatnsholts eru mörk úr Stórusteinum og út í Miðborg við Apavatnsvatn.
Samþykt af hlutaðeigendum.
Haga 26. mai 1887
Magnús Guðmundsson
Hjörleifur Steindórsson Seli.
Þorkell Jónsson

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 185.

Landamerki Minna-Mosfells í Grímsnesi.
Milli Minna-Mosfells og Stóra-Mosfells ræður Fagrilækur frá því hann rennur í Stangarlæk og að upptökum sínum. Frá Fagralækjarbotni er sjónhending í útnorður hornið á Minna Mosfellstúngarði, síðan ræður túngarðurinn að vindauga í Stóra Mosfells tröðum og þar við hlaðna vörðu. Úr vörðunni er aptur sjónhending í Skiptikrók og þaðan sama bein stefna í vörðu, sem nú er hlaðin á svokölluðum Vesturrima. Síðast nefnd varða hornmark milli Mosfellanna en hliðarmark frá Reykjanesi. Úr Vesturrima vörðunni er aptur sjónhending í vörðu hlaðna í Heiðarbrúninni og er sú varða hornmark milli Minna-Mosfells og Reykjaness en hliðarmark frá Þórisstöðum. Úr næstnefndri vörðu sjónhending í Kvennagönguhól. Frá Kvennagönguhól ræður Mosfellsgil að Giljabotnum. Úr Giljabotnum er aptur sjónhending í Landamerkjastein í Steinsholti; úr þeim steini sjónhending í Flókalækjarbotn; ræður svo Flókalækur mörkum þar til hann fellur í Stangarlæk, og síðan Stangarlækur að fyrstnefndu Fagralækjarminni.

Minna-Mosfelli 25. Mai 1887
Arnór Jónsson
St. Stephensen prestur Mosfelli
Guðjón Finnsson eigandi Reykjaness.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 186.

Landamerki jarðarinnar Efri-Brúar í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Millum landa Efri-Brúar og Syðri-Brúar liggja landamerkin úr Soginu eptir Kaldalæk einum, er rennur í Sogið fyrir sunnan Ljósafoss og ræður sá lækur upp að krók þeim, er á honum er fáum föðmun neðar en hann greinist og hverfur í tvær keldur. Úr þessum krók á læknum ræður bein [lína] austur yfir Hallinn til Draugagils, þá ræður gilið mörkum norðan við nyrðra Hallvelli til Brúar-ár gegnt Gunnlögslækjar minni í Svartabakka austan við ána, frá Gunnlögslæk í Svartabakka ræður bein stefna í Dagmálagil við Búrfellsrætur, og eptir því gili upp eptir fjallshlíðinni, og efst úr gljúfri þess beina stefnu í Vatnsás upp á Búrfelli.

Millum Efri-Brúar og Búrfells úr áðurnefndum Vatnsás í sömu stefnu í vestari gilklofann, sem liggur úr norðari Búrfells-fjallsenda, vestan við eystri brún í Búrfellshálsi. Þaðan yfir Búrfellsdal upp eptir Lingdalsheiði á Klapparhólinn í efri Beinugrófarenda og þaðan í Þarsaborgir.

Millum Efri-Brúar og Kaldárhöfða, úr miðjum Stapanum, við Sogið, norðanvert við dæluna, beina stefnu í há-Moldásarenda vestri, og ræður Moldás upp hjá stórum steini (Dagsmálasteini) sjónhending norðan til við Kaplamýri í steina tvo, sem eru vestan til á brúninni í Brúarskyggir og þaðan bein stefna í áðurnefndar Þrasaborgir.

Þessi landamerki, sem eru samþykkt og undirskrifuð af öllum eigendum og umráðamönnum jarðarinnar Efri-Brúar og allra kringumliggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Efri-Brú 4. mai 1887.

Vegna jarðarinnar Kaldárhöfða Þorkell Jónsson.

Vegna Siðri-Brúar Sigurður Halldórsson

eigandi Jón Guðmundsson

eigandi Pjetur Guðmundsson

eigandi Ólafur Þorvaldsson.

Vegna jarðarinnar Búrfells: Magnús Sæmundsson

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 187.

Landamerki jarðarinnar Grafar í Grímsneshreppi, eru þessi:

Frá minni Urriðalækjar ræður Urreðalækurinn út að Grákletti, þaðan bein stefna til vesturs í syðstu vörðuna á Grenjabrekkum, og svo áframhaldandi sjónhending vestur Lingdalsheiði, í vörðu þar sem kemur að Laugarvatnslandi, sem er hornmark, þaðan bein stefna í Blönduhálsgil í Blönduhálsgilklofa, sem og svo er hronmark. Svo ræður Blönduhálsgil ásamt Djúpá austur að Garðatjörn; þaðan ræður Sognlækur ásamt Djúpánum austur í sporð, þaðan til suðvesturs ræður Grafará að áðurnefndum Urreðalækjarminni.

Þessi framanskráðu landamerki, eru samþykkt af eigendum og umráðamönnum jarðarinnar Grafar og allra kringumliggjandi jarða; og skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Gröf 24. mai 1886.

Erlendur Einarsson.

Þorkell Jónsson.

Það framanskrifaða samþykkist hjer með með nöfnum undirskrifaðra.

Fyrir hönd sveitapartsins í Efra-Apavatni Gunnl. Þorsteinsson. Árni Guðmundsson.

Fyrir hönd Efra-Apavatns eigenda St. Stephensen.

Vegna jarðarinnar Laugarvatns: Eyjólfur Eyjólfsson.

Vegna jarðarinnar Úteyjar fyrir hond eiganda: Sigurður Sigurðsson

eigandi jarðarinnar Eyvindartungu Þorsteinn Þorsteinsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 188.

Landamerki jarðarinnar Bjarnastaða í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Að sunnan frá Brúará ræður Kringlugil vestur í Gilbotn, sem þúfa er hlaðin við þaðan sjónhending vestur í syðstu þúfu á Svínholti sem hornmark – þaðan norður á Skolalækjar upptök í stefnu á Þoroddstaðabæ, svo ræður Skolalækur til Stangarlækjar í þúfu á eystri bakka lækjamótanna, sem er hornmark; þaðan bein stefna til austurs-landsuðurs um þúfu á Markahryggjum í þúfu syðst á Steinsholti; þaðan beint í þúfu sunnarlega í Tjarnholti, þaðan beint í Tangaoddann, sem skerst á millum þvergilsins og Bjarnastaðagils. Svo ræður Bjarnastaðagil að melhala við Kaldadal, þaðan sjónhendig um stein í Keldudalnum í Brúará, sem svo ræður að austanverðu til áðurnefnds Kringlugils.

Þessi landamerki, sem eru samþykkt og undirskrifuð af umboðsmönnum, eiganda Bjarnastaða og kringumliggjandi jarða eptir fullmakt eiganda, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Bjarnastöðum 6. Júní 1886

Fyrir hönd eiganda Jón Jónsson

Vegna jarðanna Kringlu og Þórisstaða Þorkell Jónsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

Nº 189.

Landamerki jarðarinnar Snorrastaða, í Grímsneshreppi innan Árnessýslu, eru þessi:

Á milli jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns byrja landamerki, niður að Hjálmstaðaá, þar sem bera saman vörðurnar í Flóðakeldubakka og ofantil á Vestraholti, fyrir sunnan ána, þaðan sjónhending í Markapitt um Markavík og Markalág upp í Marka-gilið uppi í Fjallsbrún, þaðan sama sjónhending til Afrjettarlínu, frá sömu línu að austanverðu sjónhending um Grensásinn vestan til á Jafnafelli, suður yfir Mosana og austantil yfir Fagradal í ána við vestri Hryggsendann, svo ræður áin niður að fyrstnefndum vörðum.

Þessi landamerki sem eru undirskrifuð af umráðamönnum jarðarinnar Snorrastaða og öllum eigöndum og umráðamönnum kringum liggjandi jarða skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Snorrastöðum 24. Mai 1887.

Eyjólfur Magnússon

St. Stephensen vegna Laugarvatnseiganda.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 borgað 1,00 kr.

№ 190.

Landamerki jarðarinnar Hjálmsstaða í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Á milli Hjálmsstaða og Laugarvatns skilur úr svokallaða Hjálmstaðaá þar sem hún rennur í Laugarvatns-vatn, þaðan frá og uppá millum Hjálmstaða og Snorrastaða, ræður sú sama á allt til sinna upptaka við vestri Hryggsendann, það stefnu austan til yfir Fagradal og sama stefna yfir Mosana í Grensásinn vestan til á Jafnafelli norður í Afrjettarlínu, að austan verðu ræður Hnúkurinn á Mjóudalabrú vestri, þaðan sjónhending um vörður niður á Hæðunum og austanverða Kringlumíri í Bitruós niður við Skillandsá, svo ræður áin niður að Miðdalsengjavaði, þaðan um göturnar vestur Rotubakkann sjónhending úr vestanverðum Hrístanga í Ósfarið við Laugarvatns-vatn, svo ræður vatnið vestur að fyrnrfndri Hjálmstaðaá.

Þessi landamerki, sem eru undirskrifuð af eigendum jarðarinnar Hjálmsstaða og öllum eigendum og umráðamönnum kringum liggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn
Hjálmsstöðum 24. mai 1887
Guðmundur Pálsson
St. Stephensen ráðamaður Miðdalsjarða
vegna Snorrastaða Eyjólfur Magnússon

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 Borgað 1,00 kr.

№ 191.

Landamerki jarðarinnar Efstadals í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Beina sjónhendingu norður af Grásteini, og upp í svonefndar Þrívörður, þaðan beina stefnu í stóran einkennilegan stein austan undir Grensás, þaðan beina stefnu norður um Vatnsheiðarvatn, í vestustu nýpuna á Rauðafelli og þaðan beina stefnu norður í Afrjettarlínu, frá þeirri sömu ~~stefnu~~ línu ræður Brúará að austan suður að Strýtuhólum beina stefnu vestur í Bleikhól, og þaðan beina sjónhendingu í fyrnefndan Grástein.

Þessi landamerki, sem eru undirskrifuð af eigendum jarðarinnar Efstadals og öllum eigendum og umráðamönnum kringum liggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Efstadal 21. mai 1887.

Magnús Magnúsarson.

Tómas Gunnarsson.

Eiríkur Eiríksson, umráðamaður Böðmóðsstaða.

Ásmundur E. Þorleifsson.

St. Stephensen umráðamaður Miðdalsjarða

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 Borgað 1,00 kr.

№ 192.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Böðmóðsstöðum í Grímsneshreppi.

Grásteinn er hornmark frá Böðmóðsstöðum, Hólum og Efstadal, þaðan beina línu í svonefndan Bleikhól, og svo sömu línu til beint til Brúarár, móts við Syðri-Reykjagil. Svo eptir Brúará til Hagaóss og svo eptir honum til Hólaár, og svo með Hólaá til vörðu þeirrar sem þar er hlaðin, og úr fyrnefndri vörðu í mitt maurholt og svo sömu sjónhendingu í fyrnefndan Grástein.

Böðmóðstöðum 20. mai 1887.

Eiríkur Eiríksson (fyrir hönd jarðarinnar)

Framanrituð merki samþykkjum vjer:

Grímur Jónsson.

Magnús Magnúsarson.

Tómas Gunnarsson.

Ásmundur E. Þorleifsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 Borgað 1,00 kr.

№ 193.

Landamerki jarðarinnar Laugardalshóla í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Frá Hólaá ræður Farið vestur í Farklofa, þaðan sjónhending um Markalækjarminni í vörðu á Smáholtum og vörðu á Markagarði austan við Miðdalskotstún í Gljúfursgil upp í fjallsbrún, og sömu stefnu vestast í Prestshæð, verður þá landið oddmyndað norðan í fjallsbrúninni á móts við Vatnsheiðarvatn. Þaðan sjónhending til suðurs um stóran stein austan undir Grensás, suður af fjalli, niður um Þrívörður í Grástein og frá Grásteini sjónhending um Maurholt suður í Hólaá, svo ræður Hólaá norður og vestur að aðurnefndu Fari.

Þessi landamerki, sem eru undirskrifuð af eigendum jarðarinnar Laugardalshóla og öllum eignar og umráðamonnum kringum liggjandi jarða, skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Laugardalshólum þann 21. mai 1887

Grímur Jónsson

Magnús Magnúsarson

Eiríkur Eiríksson umráðamaður Böðmóðsstaða

Ásmundur E. Þorleifsson

Tómas Gunnarsson

St. Stephensen umráðamaður Miðdalsjarða

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 Borgað 1,00 kr.

№ 194.

Landamerki Stóra-Mosfells í Grímsnesi.

Milli Stóra-Mosfells og Sels ræður sjónhending úr Selsós um mitt tjarnarvikið yfir háfjallið, og svo sama stefna vestur af fjalli og um stóran stein í heiðinni fyrir vestan það, og kallaður er Latur, og í stóra buginn á Líkatjarnarlæk, sem einnig er nefndur Vatnsholtslækur. Nefndur lækur ræður mörkum þangað til hann fellur í Svartós, en síðan Svartós og Stangarlækur þangað til Fagrilækur fellur í Stangarlæk. Úr því ræður Fagrilækur að upptökum. Frá Fagralækjarupptökum ræður síðan sjónhending í útnorður hornið á Minna-Mosfells túngarði; þá ræður túngarðurinn að vindauga í Stóru-Mosfellströðum og þar hjá hlaðnri vörðu. Úr þeirri vörðu er sjónhending um Skiptikrók í vörðu sem hlaðin er á svokölluðum Vesturrima, þaðan bein sjónhending í Kaldósminni. Síðan ræður Brúará mörkum að fyrstnefndum Selsós.

Stóra-Mosfelli 26. mai 1887

St. Stephensen prestur

Guðjón Finnsson eigandi Reykjaness

Þorkell Jónsson vegna Vatnsholts

Arnór Jónsson eigandi og ábúandi Minna-Mosfells.

Guðjón Vigfússon vegna Neðra-Apavatns.

Árni Guðmundsson vegna Þoroddsstaða.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: Þingl. 0/75 bókun 0/25 Borgað 1,00 kr.

№ 195.

Landamerki jarðarinnar Háholts á Skeiðum eru þessi: milli Háholts og Kálfholts er tekin stefna frá Ullarhól beint að Þjórsá þannig, að stefnt er í klettinn fyrir ofan bæjinn Kamb í Holtasveit. Milli Háholts og Borgarkots er tekin stefna frá Ullarhól í Kjálkhól. Milli Háholts og Blesastaða er tekin stefna frá Kjálkhól í Nónhól, og aptur frá Nónhól í vörðu austur á Markagarði – frá vörðunni á Vatnamýrarbæjum að bera austan vert við Úlfsgil í Vörðufelli – frá Vörðunni ræður Markagarðurinn og stefna hans að Þjórsá, síðan ræður Þjórsá allt fram að hinum áðurgreindu mörkum milli Háholts og Kálfholts.

Háholti á Skeiðum í maí 1887.

Jón Jónsson.

Framanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir:

Vegna Kálfholts; G. Halldórsson

vegna Borgarholts; Ófeigur Sigurðsson

vegna Blesastaða, Þ. Einarsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntþ. sum. 1887. Gjöld til landssjóðs, bókun 0,25 Þingl. 0,75 borgað 1 kr.

№ 196.

Landamerki á milli Hlíðar í Gnúpverjahreppi og kringum liggjandi jarða, sett og samþykkt af undirskrifuðum vorið 1888.

1. Milli Hlíðar og Steinsholts eru mörkin frá Nónsteini austan á Grenshlíð, fram og vestur hliðarbrúnina, að vörðubroti fyrir austan Hvíldarbug; frá því í vörðubroti ræður bein lína mörkum í suður fram í Smalaskálaþúfu, og sýnir þá línu smá vörðubrot fram Hvíld.
2. Milli Hlíðar og Hols eru mörkin frá fyrnefndum Smalaskála beint vestur í Heiðarskarð; þaðan beina línu í suðvestur í moldaskurð í Skjónugilstanga, og eptir honum í sömu línu í Borgarhól, og þaðan niður Þvergilsbotna; þá ræður Þvergil mörkum úr því niður í svo kallað Fossagil, og það úr því, þangað til Háholtsland tekur við, vestast með því að framan, sem það einnig ræður þar mörkum vestur í Laxá.
3. Milli Hlíðar og Laxárdals eru morkin frá fyrnefndum Nónsteini, vestur í vörðubrot úti á fjallabrún, upp yfir Hágrensás. Þaðan beint niður í litla lækjarsytru, sem rennur niður í Markagil, og ræður hún mörkum, þangað til í Markalæk kemur, og hann úr því út í Laxá um Yðustein.
4. Laxá, sem skilur hreppana, ræður mörkum að austan.

Jörðin Hlíð á skógarítak í Ásolfsstaða landi, sem kallast Hlíðartorfa; hún liggur á milli tveggja lækja ofanúr Háfjalli niður í Hvamsá, er rennur fram með henni að neðan.

Hlíð 23. maí 1888.

Í umboði jarðaeiganda, herra umboðsmanns St.Stephensen á Akureyri. L. Guðmundsson.

Gísli Einarsson, vegna Láxárdals.

Einar Gestsson vegna Hælis.

Í umboði jarðareiganda, vegna Álfsstaða, Einar Gestsson.

Vegna Háholts, Bjarni Jónsson.

Vegna Steinsholts og Bala, Valdimar Briem.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1888. Gjöld til landssjóðs, bókun 0,25 Þingl. 0,75 borgað 1 kr.

№ 197.

Fyrir Hagalandi í Gnupverjahreppi. – Að sunnan og austan ræður Þjórsá, að norðan innri lækurinn, er rennur í Þjórsá fyrir framan Bringu, og bein stefna þaðan og vestur yfir fjallið á framanverðan fremri Blakkdal; ræður svo Þverá landa-landamerkjum að vestan þar til hún fellur í Þjórsá. Svokölluð Hagaey í Þjórsá, er að miklu leiti liggur fyrir Hagalandi, fylgir öll jörðinni.

Haga 3. júní 1887.

Þ. Matthiasson (umráðamaður)

Á. Benediktsson (ábúandi)

Hannes Hannesson (meðeigandi).

Í umboði eiganda jarðanna: Ásólfsstaða og Fossness, Einar Gestsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Gjöld: Þingl. 0,75 Bókun 0,25 borgað 1 kr.

№ 198.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Iðu í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu. Jörðin Iða á það land er nú skal greina: Hún á allt land að Merkjagarði, og úr Merkjagarði í Svartagil, og úr Svartagili í Markós. Þettað eru landamerki jarðarinnar Iðu og Fjalls í Skeiðahr. Úr Markási í Markavörðu, úr Markavörðu, úr Markavörðu í Markárgljúfur; úr Markárgljúfri beina stefnu í Markarima. Og er í þeirri stefnu hlaðin varða, er nefnist Markaþúfa, og er þettað mörk milli jarðanna Iðu og aptur Helgastaða og Eiríksbakka, þaðan bein lína í Laxá, og eru það mörk milli jarðanna Iðu og Eiríksbakka. Nú ræður miður (medius) farvegur Laxár í Hvítá; því næst ræður miður farvegur Hvítár fram að merkjagarði þeim, sem ræður mörkum Iðu og jarðarinnar Fjalls á Skeiðum.

Iðu í Biskupst. 19. maí 1888.
Guðmundur Guðmundsson eigandi og ábúandi (handsalað)
Sigmundur Friðriksson eigandi og ábúandi (handsalað)
Jón Vigfússon eigandi (hands.)

Samþykkur þessari skrá: Eiríkur Jóhannsson, Helgastöðum.
Jón Jónsson og ~~Eiríkur~~ Ófeigur Ófeigsson á Fjalli.
Fyrir hönd Rannveigar Vigfúsdóttur í Mosfelli eiganda að sjöttungi úr Iðu.
St. Stephensen.

[á spássíu]: Þingl. sumarið 1888. Borgun: Þingl. 0/75 Bókun 0/25 borgað = 1 kr.

№ 199.

Landamerki gjörð 31. maí 1887, fyrir Litlu Ármót og Halakot í Hraungerðishreppi.

Að austan milli Langholts, byrja á Smalaskála bein lína sem ræður í klett austanhalt á Miðholti, og þaðan sömu stefnu í Lambaþúfu, milli Stóra Ármots, beina stefnu úr Lambaþúfu og í þúfu á litlu heiðinni fyrir norðan túnið, og svo beina á garð þann, er hlaðin er Tegnum í fremri enda á honum; svo þaðan milli Laugardæla í þúfu á Kirkjurima; þaðan beina stefnu í Smalaskála.

Magnús Einarsson (jarðaeig. og umráðamaðr).

Guðm. Guðmundsson í Laugardælum.

Sigurður Sigurðsson, vegna Langholts.

Jón Eiríksson, ábúandi og eigandi að Stóra Ármóti.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi Hraungerðishr. 3. júní 1887. Gjald: Þingl. 0/75 Bókun 0/25 Borgað = 1 kr.

№ 200.

Landamerki jarðarinnar Miðbýlis á Skeiðum eru þessi:

Milli Miðbýlis og Útverka ræður sjónhending frá Gráhellu um vörðu frá Torfholtinu að Hvítá og er þar sett markavarða á árbakkanum.

Milli Miðbýlis og Vorsabæjar ræður sjónhending frá Gráhellu í Stórhól, sem er hornmark.

Milli Miðýlis og Framness ræður bein stefna frá Stórhól um Fjallsborg í Vörðu á Markarima.

Milli Miðbýlis og Fjalls ræður bein stefna frá vörðunni á Markasteina í árbakkahornið og er þar sett markavarða.

Miðbýli í júní 1887.

Jón Jónsson (fyrir hönd jarðeigendanna).

Framan og ofanskráðum landamerkjum
vegna Fjalls: Jón Árnason
vegna Vorsabæjar: Jón Einarsson.

[á spássíu]: Þingl. Sumarið 1887. Gjald: þingl. 0/75 bók. 0/25 Borgað = kr.

Nº 201.

Landmerki jarðarinnar Litla Háls í Grafningshreppi í Árnessýslu: Jeg undirskrifaður hef álitið landamerki þessi og skrásett eptir beiðni og í umboði jarðareigandans, ekkjunnar Kristínar Ólafsdóttur í Hafnarfirði í Gullbringusýslu, samkvæmt skriflegri fullmagt dags: 10.sept. 1886.

Landamerkjalínan byrjar þar sem svo kölluð Þverá fellur í Tungu-ytri-á, og er þar hornmark milli jarðanna Stóra-Hals og Litla-Hals; eptir Tungu-anni stefnu til landsuðurs, og Tunguland að austan eptir ánni, þar til Litlahálslækur fellur í hana þar er hornmark millum jarðanna Litla-Háls og Torfastaða, úr anni stefnu til suðurs í markaþúfu á barðinu fyrir framan Litlahálslækjarmýri í sömu stefnu til suðurs í svokallaða Markastand, sem er bergsnös, neðst við ræður Ingólfsfjalls; sömu stefnu stefnu upp af brúninni, í stóra grjótvörðu, sem gjörast á sem hornmarksvarða millum Torfastaða og Alviðru á vestur enda Grenshólahæðarinnar; úr þeirri vörðu stefna í Ing[hól]~~ólfsfjall~~, úr Inghól í Ragahnuk, úr Ragahnúk í merkjavörðu, sem gjörast á sem hornmarksvarða millum Stóra-Hals og Litla Hals. Varða þessi á að gjörast á svokölluðum Þverárbakka, svo þaðan stefna til landnorðurs eptir Þveránni, þar til hún fellur í áður nefnda Tungu.

Engir máldagar hafa fundist fyrir jörð þessari, en bæði er þettað sú sama landamerkjalína, sem hefur verið alla þá tíð, sem menn nú muna til og hafa sögur af, svo líka álít jeg hana í alla staði sanngjarna og rjetta móts við kringum liggjandi jarðir.

Búrfelli 25. októbr. 1886.

Jón Ögmundsson.

Samkvæmt fullmagt samþykkir fyrir hönd eigenda jarðarinnar Alviðru: Jón Árnason

vegna jarðarinnar Hvams: Steindór Steindórsson

Samþykkur framanrituðu, sem eigandi jarðarinnr Torfastaða. Chr. J. Mattíasson.

[á spássíu]: Þingl. sumarið 1886 á manntalsþ. Borgun: þingl. 0/75 bókun 0/25 Borgað = 1. kr.

№ 202.

Landamerki jarðarinnar Úlfljótsvatns í Grafningshreppi í Árnessyslu. Að sunnanverðu: Veiðihóll við Sogið, fyrir neðan Ýrufoss, þaðan til vesturs bein stefna í syðri markaþúfuna fyrir austan heiðartjörnina, þaðan beina stefnu í stein við Kolgrafarlá, þaðan í Markagarð í dælunum undir Háafelli; þaðan sjónhending á stóran stein á Háafelli; þaðan sjónhending í efri endan á Baulugil; þaðan til útsuðurs yfir um Kjóavelli í vörðuna við syðri endan á Efjamýri, þaðan til útnorðurs yfir hæsta melhrigginn, er skilur Klóarbugagil að sunnan og Villingavatnsbotna að norðan, í vörðu í miðjum slakkanum milli Kyllisfell og Klóarfjalls. Frá hornmarkavörðu þessari, eptir lægsta slakkanum, niður í Laxárdalsbotn; þaðan ræður áin, sem að ofan verðu kallast Króksá og að neðan verðu Villingavatnsá, alla leið niður í Þingvallavatn, sem að norðan verðu ræður að Soginu. – Að austanverðu ræður Úlfljótsvatn eptir því miðju fyrir austan Hrútey og Flatey, sem báðar liggja undir Úlfljótsvatni; síðan ræður Sogið niður að áðurnefndum Veiðihól.

Úlfljótsvatni 28. marz 1887.

Þórunn Magnúsdóttir, Gísli Þórðarson, Sigríður Þórðardóttir, Ingveldur Pjetursdóttir: eigendur Úlfljótsvatns.

Sem eigandi Reykjatorfunnar samþykkur: Sæmundur Sæmundsson.

Fyrir hönd Sigríðar dóttur minnar, sem eiganda Hlíðar í Grafningi, undirskrifa jeg sem samþykkur. Páll Melsteð.

Fyrir hönd prófasts Sra J.Kr. Briems, ridd. af dbr. í Hruna, sem eiganda Úlfljótsvatns og Króks í Grafningi, og sem umboðsmaður hans, er jeg framanskrifuðum landamerkjum, að því leyti sem þau liggja að nefndum jörðum hans, samþykkur.

p.t. Þingvöllum 7. júní 1887.

Jens Pálsson.

Sem eigandi Bíldsfells er jeg framanskrifuðu landabrjefi samþykkur

Magnús Guðmundsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1887. Borgun: þingl. 0/75 bókun 0/25 Borgað = 1. kr.

№ 203.

Landamerki jarðarinnar Galtar í Grímsnesi innan Árnessýslu, eru þessi: Úr Vatnshamrinum nyrzt bein stefna í stein á Skútum, þaðan í þúfu á efra Fífugrófarholti bein stefna í þúfu niður við læk, ræður svo lækurinn upp að annari þúfu á vestri bakka lækjarins, síðan bein stefna í Rauðkolluflóð og úr því í mark í Galtartjörn; úr þeirri tjörn eptir Galtarlæk, sem svo ræður austur í Hestvatn; ræður svo Hestvatn í áðurnefndan Vatnahamar.

Þessi landamerki staðfestast af undirskrifuðum ábúendum kringumliggjandi jarða.

Göltur 5. maím. 1888.

Guðm. Þorsteinsson fyrir Kiðjaberg.

Guðrún Sigurðardóttir fyrir Eyvík.

Eyjólfur Þorleifsson fyrir Mýrarkot.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1888. Borgun: þingl. 0/75 bókun 0/25 = 1. kr.

№ 204.

Landamerkjaskrá fyrir fasteignum Stóranúpskirkju.

Landamerki jarðanna Stóranúps og Minnanúps gagnvart jörðum þeim, er að liggja.

1. Milli Núpanna og Þjórsárholts ræður bein stefna úr vörðu norðaustan á Þjórsárholts-holti, rjett við Þjórsá, í Sauðaklett.
2. Milli Núpanna og Skaptaholts ræður bein stefna úr Sauðakletti í vörðu á Markhól, þaðan bein stefna í vörðu á Svarthól fyrir norðan Skaptaholtsgötur, þaðan bein stefna í Steinkerið í Núpsheiði.
3. Milli Núpanna og Ása ræður bein stefna úr Steinkerinu í vörðu í Markarima í Núpsmýri, þaðan bein stefna [í Markgil; svo eptir gilinu í vörðu uppi á brúninni og þaðan bein stefna] í vaðið á Hamarsheiðargili.
4. Milli Núpanna og Hamarsheiðar ræður bein stefna úr Hamarsheiðargili fyrir ofan vaðið hæst í suðvestasta hnúkinn í Hellnaholti.
5. Milli Núpanna og Fossness ræður bein stefna úr hnúknum á Hellnaholti í Djáknastein skammt fyrir ofan mót Þverár og Þjórsár; þaðan sama stefna í ána.
6. Milli Núpanna og Landsveitar í Rangárvallasýslu, ræður Þjórsá niður á móts við fyrstnefnda vörðu á Þjórsárholts-holti.

Samkvæmt gömlum máldögum og lögfestu 22. maí 1829, þinglesinni 23. maí 1829, 16. júní 1838 og 27. maí 1852 fylgir nefndum jörðum það er hjer segir:

1. Hólmar í Þjórsá: Viðey (Minnanúpshólmi?), Hrúthólmi og Valdísarsker.
2. Selstöðuland og eru takmörk þess í lögfestunni ákveðin þannig: „Að Lómstaðagil að norðan, öll Vörðukinn austantil og Langhamrar austan til og allur Seljadalur og Geitafell að vestanverðu.“ Um notkun Sellands þessa hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um, að ábúendum Núpanna sje þar heimil fjárbeit haust og vor, eða hvenær sem beitt verður að vetrinum, ef þeir ekki hafa þar í seli á sumrum.
3. Allur skógur á Sölmundarholti eða hinn svo nefnd Núpsskógur. Eptir nefndri lögfestu eru takmörk skógarins þessi: „Fyrst ræður gata sú, sem liggur sunnan undir Minnanúpshöfða og kölluð var Tíðagata, allt austur í Sandlautina, sem kallast Farið; á milli Sandártungu og Sölmundarholts ræður vatnsfarvegur allt að almennings skógargötu, sem liggur milli Sölmundaholts og Þórðarholts; ræður svo gatan allt vestur í Sandlautina, sem liggur með öllu Sölmundarholti vestur og suður í fyrnefnda Tíðugötu.“

Stóranúpi, 28. maí 1888,
Valdimar Briem.

Minnanúpi s.d.
Jón Jónsson.

Framanskrifuðu erum við samþykkir að því er snertir landamerkin gagnvart vorum jörðum, og annað það, er oss við kemur.

Vegna Þjósarholts: Guðmundur Guðmundsson

Vegna Skaptaholts: Þorvaldur Jónsson

Vegna Ása: Guðmundur Þormóðsson.

Vegna Hamarsheiðar, vegna Fossness og Sellandsins: Einar Gestsson í umboði.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1888. Borgun: þingl. 0/75 bókun 0/25 = Borgað 1. kr.

Nº 205.

Landamerki milli Steinsholtshverfisins (jarðanna Steinholts, Bala og Austurhlíðar) og kringumliggjandi jarða.

1. Milli hverfisins og Hamra ræður bein stefna á vörðu við Kálfa í endan á skurði niður úr Markagili; síðan ræður skurðurinn og gilið upp í Markagilsbotn, þaðan bein stefna í vörðu nyrst á Hamraholti, þaðan bein stefna í vörðu við Hamragilsbotn; síðan ræður Hamragil fram í Þrætukelduós.
2. Milli hverfisins og Eystrageldingaholts ræður Þrætukelda frá því hún hún rennur í Hamragil, síðan bein stefna frá keldubotninum í vörðu fyrir neðan brúna á Þrætukeldusundi, þaðan bein stefna í vörðu austan við Markhvam.
3. Milli hverfisins og Hælis ræður bein stefna úr vörðunni við Markhvam í aðra vörðu vestan í Nónhólnum í Ásgeirsholti; þaðan bein stefna í vörðu á Langhömrum, uppi á eggjunum, framan við einstigið, þaðan bein stefna í vörðu hæst á Smalaskála.
4. Milli hverfisins og Hlíðar ræður bein stefna úr Smalaskálavörðunni í vörðu fyrir ofan Hvíldarbug; þaðan sama stefna í aðra vörðu uppi á Grenshlíð; þaðan bein stefna í Nónstein.
5. Milli hverfisins og Skáldabúða ræður bein stefna úr Nónsteini í vörðu á Moldás, þaðan sama stefna í Markagilsbotn; síðan ræður Markagil niður í Kálfá.
6. Milli hverfisins og jarðanna austan Kálfár (Minni Mástungna, Stórumástungna, Ása og Skaptaholts) ræður Kálfá fram á móts við fyrstnefnda vörðu niður undan skurðinum úr Markagili.

#

Landamerki.

Milli Austurhlíðar sjerstaklega og jarðanna Bala og Steinsholts annarsvegar: Úr markavörðunni nyrzt í Hamraholti ræður bein stefna í Lakaflóð; af flóðinu fylgir hálfskæra Austurhlíð; úr Lakaflóði bein stefna í keldu í mýrarsundinn fyrir vestan Hlíðina; þaðan bein stefna í vörðu í Kirkjuholti, þaðan bein stefna í Rjúpnagilsbotn; síðan veðan Rjúpnagil niður í Kálfá.

Vegna jarðanna Steinholts, Bala og Austur-hlíðar.
Stóranúpi, 28. maí 1888
Valdimar Briem.

Framanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir:
Vegna Hamra og Geldingaholts: Jón Ólafsson.
Vegna Hælis: Einar Gestsson.
Vegna Hlíðar og Skáldabúða: L. Guðmundsson.
V. Mástungnanna: Kolbeinn Eiríksson.
V. Ása Guðm. Þormóðsson.

V. Skaptaholts Þorvaldur Jónsson.

\# #

Ennfremur tilheyrir Stóranúpskirkju samkvæmt gömlum máldögum og lögfestum allur skógur í Dimon, sem fyr var eign Steinsholtskirkju, er niður var lögð með Kgsbr. 10. júlí 1789, og er því öllum óheimil yrking hans nema prestinum á Stóranúpi og þeim, sem hann leyfir.

Stóranúpi, 28. maí 1888.

Valdimar Briem.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1888. Borgun: þingl. 0/75 bókun 0/25 = 1. kr.

№ 206.

Landamerkjalýsing jarðarinnar Hælls í Gnúpverjahreppi.

1. Milli Hælls og Steinholtshverfis byrja morkin í norður kantin á svokölluðum Smalaskála um vörðu, úr henni bein stefna austur við Smjörvörðuás, suður í vörðu á Langhömrum framanvert við Einstigið, úr þeirri vörðu í aðra vörðu austanvert við Nónhól á Ásgeirsholti; þaðan beint í vörðu austanvert við Markhvam.
2. Milli Hælls og Eystrageldingaholts úr vörðunni í Markhvammi beina stefnu út og suður í Grástein, þaðan sama stefna í vörðu vestan við Torfholtið, þaðan í aðra vörðu úti í mýrinni.
3. Milli Hælls og Vestrageldingaholts, úr þeirri vörðu bein stefna eptir merkjavörðum út að Háholtsgili um vörðu á gilbrúninni.
4. Millum Hælls og Háholts, upp með Háholtsgili til upptaka, svo frá gilbotninum bein stefna með vörðum í hólmana í Flóðunum, þaðan beint Hellnagilsskurð upp og norður Þrætublett, svo upp með gilinu að Markaskurði úr Hlíðargerðismýri, þaðan upp með gilinu með Hlíðargerðislandi að brúnarhrorni, þaðan bein stefna í fyrnefnda vörðu á Smalaskála.
5. Milli Eyðijarðarinnar Hlíðargerðis (sem nú fylgir Hæli) og Háholts; úr fyrnefndum skurði vestan við Hellnagil beint í vörðu við upptök Hlíðargerðis keldu, þaðan úr með keldunni þar til Miðnesgilið myndast úr henni, síðan ræður gilið út fyrir Miðnessporð, þar sem Fossgilið rennur saman við það.
6. Milli Hlíðar og Hlíðargerðis ræður fyrnefnt Fossagil frá Miðnesgilinu austur að svo nefndu Þvergili vestan við Langabakka, úr Þvergilis klofanum beint í Borgarhólinn; úr honum í vörðu efst við skurðinn í Skjónugilstanga, úr henni beint austur um Heiðarskarð og í Smalakálavörðu.

Hæli 27. maí 1888.
Einar Gestsson.

Undirskrifaðir eigendur kringumliggjandi jarða og þeirra fullmektugir samþykkja:
fyrir Steinholtshverfi: Valdimar Briem
fyrir Eystrageldingaholt: Ólafur Jónsson
fyrir Vestrageldingaholt: Ólafur Jónsson
fyrir Háholt: Bjarni Jónsson, Jón Jónsson
fyrir Hlíð: L. Guðmundsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1888. Borgun: þingl. 0/75 bókun 0/25 Borgað = 1. kr.

№ 207.

Landamerkjabrjef fyrir Eystrageldingahóls- og Hamraland.

Millum Eystra- og Vestrageldingahóls: varða í miðju sundi fyrir austan Tjarnarholt; frá henni ræður kelda fram í Bæjargil; síðan ræður Bæjargil til Þýfismarka varða á heimri gilsbakka; þaðan bein stefna í vörðu í túnjaðri, þaðan stefnu í vörðu við túngarðsenda, svo ræður túngarður til túnmarka að vestan, en austurbæjar-ábúandi áskilur sjer stungu utangarðs til við hólagarðinn; túnmörk að vestan eptir merkjum frá túngarði í eystri markalág, eptir henni og niður á miðhrigg á Fornufjósum, úr þeim hrikk bein stefna niður í stein í túngarði vestan traðarkjapt; svo ræður túngarður vestur í horn fyrir neðan laushús; úr því horni stefna í vörðu á Hánónásum, þaðan stefna í krók á Markagili ofantil um markastein, svo ræður gilið til Markasteins, úr þeim steini milli Stóra-Hófs og Eystrigeldingahóls stefna í svo nefnt Hraunsnef við Kálfá, svo ræður Kálfá upp í Hamragilskjapt, síðan ræður Hamragil inn í Þrætukeldu milli Eystrigeldingahóls og Bala, kelda, sem rennur í Hamragil, eftir þeirri keldu stefnu í vörðu fyrir vestan efri endan á Gráholti, úr henni beint í vörðu neðan til í Markhvammi milli Hæls og Eystrageldingahóls, úr þeirri vörðu beina stefnu í Grástein, úr honum sömu stefnu í vörðu við torfhólinn, úr henni í fyrstnefnda vörðu.

Milli Hamra og Skaptholts ræður Kálfá frá því Hamragil rennur í hana og upp í merki, sem eru milli Austurhlíðar og Hamra, þau eru þessi varða á árbakkanum, úr henni beina stefnu upp í skurð, niður í Markagili eptir honum, eptir gilinu upp í botn, úr gilbotninum beina stefnu í vörðu nyrzt úr Hamrahólskapti, úr þeirri vörðu beint í vörðu fyrir ofan Hamragilsbotn, svo ræður milli Hamra og Steinholts og Bala Hamragil framfyrir nefnda Þrætukeldu, þar sem hún rennur í gilið; milli Hamra og Geldingahóls ræður sama gil þar til það fellur í Kálfá sem fyr segir.

Eystrageldingaholti 26. maí 1888.

Ólafur Jónsson.

Vegna Hælls: Einar Gestsson.

Vegna Stórhófs: Vigfús Pálsson, Illugi Árnason.

Vegna Hamraland: Jón Ólafsson.

Vegna Skaptholt: Þorvaldur Jónsson.

Vegna Vestrageldingaholt, að svo miklu leyti sem það er samhljóða Landamerkjaskránni fyrir Vestrageldingaholt Ólafur Jónsson.

[á spássíu]: Þingl. á manntalsþingi sumarið 1888. Borgun: þingl. 0,75 bókun 0,25 Borgað = 1. kr.

№ 208.b

Ágreining þann, sem verið hefur á milli okkar undirskrifaða um landamerki milli eignarjarða okkar Brattholts og Tópta, innan Stokkseyrarhrepps, höfum við orðið ásáttir um, að leggja í 5 manna gjörð og kosið til þess: söðlasmið Gissur Bjarnason á Litlahrauni, kaupmann Guðmund Ísleifsson á Stóruháeyri og bændurna Runólf Nikulásson í Ranakoti, Benedikt Benediktsson á Vestra Íragerði og Júlíus Pálsson á Syðra Seli.

Felum við þessum mönnum að gjöra gjörð þessa hlutdræginslaust, eptir beztu þekkingu og þannig sem þeir ætla að dómur mundi falla í málinu ef það væri lagt undir merkjadóm; en skuldbindum okkur og eptirmenn okkar til að hvíla við gjörð þessa eins og órjúfanlegan dómi, og þau landamerki sem í henni verða ákveðin, haldast um aldur og æfi.

Þessu til staðfestu ritum vjer hjer undir nöfn okkar í viðurvist tilkvadda votta.

p.t. Brattholti þann 20. júní 1888

Jón Björnsson, Þórður Pálsson (handsalað).

Vottar:
Einar Jónsson
Einar Gíslason

[á spássíu]: óþingl. Bókun 0,50 þingl. 0,75 = 1,25

Nº a.

Ár 1888, laugardaginn hinn 7. júlímánaðar, komu ofantaldir gjörðarmenn saman að Stokkseyri, eptir það fleirum sinnum að hafa komið á þrætustaðinn og kynnt sjer vandlega landsháttu og land það, sem ofanritaðir jarðeigendur og málsaðilar kalla hjer, hvor í sínu lagi samt ítarlega yfirvegað vitnisburði þá, sem fram eru komnir um hin umþrættu landamerki, og hvað þá meiri hlut þeirra upp svo lútandi.

Gjörð:

Landamerki milli Brattholts og Topta skulu vera hin sömu sem að fornu hafa verið, nefnilega: Frá Brattholtsvatni að austannorðanverðu ræður „Neskeldan“ sem er örstutt uppí „Hellisflóð“; svo frá sem Neskeldan fer úr flóðinu beint yfir flóðið í aðalósinn þar sem „Borgarholtshella“ kemur í flóðina, ræður svo nefnd Borgarholtshella upp og austur upp fyrir fremsta floðkýlinn, sem er í keldunni, ber frá „Ívarshól“ um „Brúnkollu“ eða „Svæluskarð“, og er þar hornmark við kelduna fyrir ofan flóðkýlinn; þaðan ræður sjónhending beina línu yfir Brúnkolla skarð uppí Ívarshól á Breiðumýri og liggur sú stefna nokkuð vestar en í hánorður.

Frá flóðkýlnum í Borgarholtskeldu, gegnum Brúnkolla eða Svæluskarð og alla leið upp í Ívarshól, eiga merkin að sjást glöggt, samkvæmt landamerkjalögum af 17. martz 1882, 2. Grein.

Þessa gjörð staðfestum við með undirskriptum okkar.

R. Nikulásson.

Guðm. Ísleifsson.

G. Bjarnason.

a

Árið 188[?] dag 16. júní var sáttafundur haldinn á Eyrarbakka í tilefni af kæru bóndans Jóns Sveinbjörnssonar á Litluháeyri móti Þórði bónda Pálssyni á Brattholti, út af slægjustykki á milli Tópta og Brattsholtshverfis svo nefndri Tóptadæl. Jamframt kom contra stefna frá Þórði Pálssyni móti Jóni Sveinbjörnssyni viðvíkjandi ranghermi, er hann álítur í kæru Jóns. Báðir málspartar mættir. Eptir að ýmsa umástungur höfðu verið ræddar, komst á svolátandi Sætt:

Báðir málspartar ganga inn á það að taka sjer gjörðarmenn, sína 2 hver, en ef ágreinininingur skyldi verða milli þessara 4 manna, svo málið hljóti að fá enda, komu þeir sjer saman um að taka söðlasmið herra Gissur Bjarnason á Litla Hrauni fyrir oddamann. Gjörðar dagur er ákveðin miðvikudaginn þann 20. júní.

ut supra.
Jón Sveinbjörnsson.
Þórður Pálsson.
Jón Björnsson.
Guðm. Ísleifsson

rjett afritað vottar
Jón Björnsson.

Nº 209.
Landamerki

sem nú eru fyrir Auðsholts og Auðsholtshjáleigulandi eru þessi:

I. Gagnvart Kirkjuferju: Arnadys beina línu í Væludý, úr Væludýi beina línu fram í Ölversá.
II. Gagnvart Bakkarholtshverfi: Úr Arnadys beina línu í Arnarþúfu á Mágstígsholti, úr Arnarþúfu beina línu í Markaþúfuna á vesturbakka gamla Varmár-farvegs, sem ber í Þurár-hnjúk.
III. Gagnvart Arnarbælistorfu: Frá fyrgreindri markaþúfu ræður gamli Varmárfarvegur í Halavað norðan við Egilsstaðabæ, svo ræður Sandá fram í Ölversá.

Auðholti 26. maí 1886
Eigendur: Guðm. Thorgrímsson, Jakob Arnason
vegna Kirkuferju Grímur Gíslason
vegna Arnarbælis Ísleifr Gíslason
vegna Bakkarhverfis Jón Arnason
vegna Auðsholtshjáleigu Hjörtur Sigurðsson

Þingl. 75 a bókun 25 a Ein króna.
Borgað.
Bjarnarson.

[á spássíu]: Þinglesið á manntalsþingi á Kröggólfsstöðum 29. mai 1889.

Nº 210 [sjá bls. 323]
Landamerki

þau, sem nú eru fyrir Arnarbælistorfu í Ölvesi og bændaeigninni Osgerði eru þessi:

I. Gagnvart Bakkarholtshverfi: frá markavörðu við landnorðurhorn „Stuðlaengja“ beina stefnu í markavorðu í svokölluðum „Lambhaga“ vestanvert við gamla Varmárfarveg.
II. Gagnvart Auðsholti og Auðholtshjáleigu: frá fyrnefndri markavörðu í „Lambhaga“ ræður gamli „Varmárfarvegur“ í „Halavað“, norðan við Egilsstaðabæ; síðan ræður Sandá suður í Ölvesá.
III. Gagnvart „Bæjarþorpi“: frá fyrgreindri markavorðu við landnorður horn „Stuðlaengja“ beina stefnu í markavorðu við „Forkeldupytt“ (Djúpapoll); þaðan beina stefnu í markavorðu á „Bræðraborg“ (í Forinni); þaðan beina stefnu í markavorðu hjá „Álfsós“ þar sem hann begir til vesturs. – Í þessum 2 síðastnefndu vorðum er steinn með stofunum: A.K. Því næst ræður Þolleifulækur og þegar honum sleppir, Nauteyrarós allt útí Ölvesá.
IV. Veiðimork í Ölvesá
a. Gagnvart Hraunshverfi: bein lína í ánni, þar sem yzta odda af Nauteyrartanga ber í þúfu á vestanverðum „fremra-Meitli“ á Hellisheiði
b. Gagnvart Kaldraðarnesi: hornmark í síðastnefndri línu, þar sem Arnarbælisbæ ber í Hraunsbæ, vestan undir Ingólfsfjalli og ræður þessi stefna uppá móts við Álptahólma; síðan ræður mið á upp á móts við mynnið á fyrrgreindri Sandá.

Arnarbæli og Osgerði 28.maí 1889.
Ísl. Gíslason, p.t. beneficiarius Arnarbælis.
Magnús Ólafsson ábúandi og að nokkru leyti eigandi Osgerðis.
Vegna Kaldaðarness: Einar Ingimundsson (umboðsmaður)
Vegna Bæjarþorpsins Eyjúlfur Gíslason.
Vegna Bakkarholtstorfunnar Guðni Símonarson, Jón Arnason.
Vegna Hraunhverfisins Magnús Magnússon.
Vegna Auðsholts og Auðsholtshjáleigu Jakob Arnason, Hjörtur Sigurðsson.

Þingl. 75, Bókun 25 = ein krona

[Á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Kröggólfsstöðum 29. Mai 1889.

Nº 211.
Landamerkjabrjef

fyrir Hlíðarenda í Ölvushreppi þrívorður við sjó (hornmark) þaðan bein stefna í Markhól, sem er vesturaf Hlíðarenda fjallsenda, og er merktur með L.M. Úr honum beint í Fálkaklett.

Fyrir Nes: Guðmundur Olafsson
Fyrir Hlíðarenda Jón Jónsson
20 september 1886

Landamerki fyrir Hlíðarenda við Litlaland og Þorlakshöfn.
Austur miðjan sand frá sjó til heiðar í vörðu sem er klappaður kross í klöppina undir vörðunni, úr henni í Þrívörður, þaðan í Fuglastapa þúfu, úr henni í Nátthaga auxlina, þaðan í vörðu sem stendur við stórugjá, þaðan í ~~vörðu~~ í Eyturhól, sem er í Lambafellshvammi úr honum í Fjallið eina.

Fyrir Hlíðarenda Jón Jónsson
Fyrir Litlaland Magnús Magnússon
Fyrir Þollákahofn Jón Arnason.
20 September 1886.

[á spássíu]: Þinglesið á manntalsþingi á Kröggólfsstöðum 29. Mai 1889.
Þinglýsing 75a Bókun 25.
Gr. eink.

№ 212.

Landamerki

milli Þoroddsstaðar og Riftúns.
Hornmark á bakka fram við Þorleifslæk Þufnarás sem ræður upp í Forarmót í Tjörn. Úr henni beint í Reiftunslæk þar sem hann klýfst svo ræður hann upp undir alfaraveg, og þaðan beint í torfatóttir, úr þeim í klett í brúninni fyrir austan Reiftún, þaðan beint yfir fjöll og hálsa inn í Reykjafell.

Landamerki

milli Þoroddsstaða og Ytri Þuraár eru mörkin þessi: Hornmark við ós á Þorleifslæk og beina leið að Lambakró og uppí stekk og upp í Þóroddsstaða háaleyti og svo beina leið í eystra horn á Reykjafelli.

Efri Grímslæk 28. Maí 1889
Eyjulfur Eyjulfsson

№ 213.

Landamerki milli Grímslækjar og Hrauns:
Úr Lambeyrarós upp Hrauns engjaós og Láengjaós í krossmark á Ferðamannahól og tvær vörður saman upp í Tíðargötu, sem liggur ~~liggur~~ frá Breiðabólstað að Hjallá.
Milli Hjalla og Grímslækjar:
Úr Sólusteini í Klapparhól norðan með † þaðan í Lækjarbotnalæk, og ræður hann svo í tjörn fyrir ofan Efri Grímslæk úr henni ræður Grímslækós fram í Lambeyrarós.

Grímslæk 28. Maí 1889
Þorleifur Grímsson.
Eyjúlfur Eyjulfsson
Eyjulfur Gíslason.
Vegna Hraunstorfunnar samþykkir Magnus Magnússon.
Vegna Hjallatorfunnar samþykkir Jón Arnason.

Þinglýsing 75a. Bókun 25. Er ein króna.

[á spássíu]: Þinglesið á manntalsþingi að Kröggólfsstoðum 29. Maí 1889.

№ 214. Ltra. a.
Markalýsing.

Samkvæmt lögum um landamerki af 17. maí 1882 skulum við hjermeð lýsa landamerkjum eignarjarða okkar Reykjatorfunnar, liggjandi í Ölveshreppi í Árnessýslu sem eru 5 býli: kirkjustaðurinn Reykir, Reykjakot, Reykjahjáleiga, Vellir og Kross. Mörkum skal hjer með lýst eins og við vitum þau rjettust og sönnust, og samhæmt því sem ábúendur þessara jarða hafa brúkað þau um ómunatíð og einsog þau koma rjettast heim við manna vitnisburði er við höfum leitað og fengið upplýsingar hjá.

Að suðvestan úr Farkeldupitt eptir árfarveg er liggur til norðurs vestan með Reykjaengjum og liggur þetta árfar í krókum til norðurs alla leið í „Varmá“ vestan til niður við Vossabæ, þaðan ræður Varmá alla leið inná móts við Reykjakotstún þaðan nefnist þessi á Hengladallsá og eptir stærsta farveg hennar eru mörkin inn að Helluvaði, sem er fyrir vestan Írstaðarfjall og úr Helluvaði beina stefnu til austnorðurs í einkennilega gjá, er liggur í krókum til norðurs. Eptir þessari gjá eru merkin og úr nyrðsta gljúfri gjáarinnar beina stefnu til norðurs í rauðleita melhnúk fyrir framan svokallaða Kýrgilshnúka (hornmark), þaðan liggja mörkin til austurs um Raufarberg og yfir Brúkollublett norðan verðan, beina stefnu í grjóthól sunnan í Tjarnarhnjúkum, þaðan í bergnef sunnanvert við Álftartjörn. Þaðan beina stefnu austur yfir Folaldaháls í grjóthól er stendur einstakur í Killirssellsmýri og sömu stefnu austur yfir Klóarfjall og í hæsta melhrygg er skilur Klóarbugagil að sunnan og Villingaholtsvatnsbotna að norðan og enn beint í vörðu sunnan við innri Efjumýri, en austan í Álút (hornmark).

Þaðan liggja mörkin til suðurs eptir uppsettum vörðum, austanvert með öllu Reykjafjalli beint alla leið fram í fögru brekku, framan í svokölluðum Múlum; Þaðan liggja merkin beina línu eptir vörðum, sem ~~þar eru uppsettar í dálitinn grjótmel~~ austasta í hól sem sem á Dagmálaholti milli ~~Reiðingsholts og Reiðingskletts og Móholts~~ úr holum í vörðu á eigninni, og eins sömu stefnu í Rauðalæk. Þaðan ræður Rauðilækur landamerkjum, þartil er krókottur lækjarfarvegur liggur úr hrauni. Sá lækjarfarvegur skilur lönd allt að þúfu einni er stendur austanvert á Svartateigshorni (hornmark). Úr þeirri þúfu liggja merkin til vesturs í svonefndan Farkeldupitt (hornmark), en þar byrjaði landamarkalýsing þessi.

A framangreindu markalýsingu biðjum við alla eigendur eða umboðsmenn þeirra jarða er lönd eiga til móts við okkur að rita hjer undir til samþykktar eða þá mótmæla ef þeir treysta sjer til að sanna annað rjettara.

Elliðavatni og Reykjakoti 23. august 1884

Sæmundur Sæmundsson, Gísli Guðmundsson eigendur Reykjatorfunnar.

Samkvæmt umboðsbrjefi og fullmakt herra prófasts séra Jóh. Kr. Briems R. af Dbr. á Hruna dagsettri að Hruna 28. júní 1884, samþykki jeg fyrir hönd og í umboði hans sem eiganda

jarðanna Kross og Ölvesvatns með hjáleigunni Hagavík landamerkjalýsingu þessa að því er þessar jarðir snerta

Jens Pálsson

sem eigendur Úlfljótsvatns í Grafningi og Sogns í Ölvesi samþykkja

Þórun Magnúsdóttir, Guðm. Magnusson, Sigríður Þórðardóttir, Gísli Þórðarson

fyrir hön(d) Sogn Ingimundur Gíslason eigandi að hálfri jörðunni.

Björn Jóhannsson á Þúfu

Þorgeir Þórðarson Núpum

Guðni Símonarson á Kröggólfsstöðum

Eyjúlfur Gíslason vegna Gljúfurholts.

[á spássíu]: Þinglesið á manntalsþingi að Kröggólfsstöðum 29. maí 1889.
Þinglýs: 75a. Bókun 50a; 1kr 25a.

№ 214. Ltra. b.

Landamerkjalýsing jarðarinnar Yxnalæks í Ölveshreppi í Árnessýslu er landamerkjalýsing svolátandi:

Úr neðra sniði sem er millum jarðanna Yxnalækjar og Vorsabæjar á suðurbakka (Hengladalsáar) þaðan bein stefna yfir Breiðutorfu og beina stefnu í svonefndu fornu Vorsabæjar Þúfu er liggur mitt á milli tjeðra jarða úr fornu Þúfu í lækjarmynnið þar sem það fellur í Varmá fyrir austan Yxnalækjartún; Úr lækjarmynninu fram eptir Varmá í þúfu á eystri Varmárbakka; Úr þeirri þúfu beina stefnu í svokallaða Opnu. Að vestanverðu milli Yxnalækjar og Saurbæjar úr áðurgreindri Opnu eptir gömlu árfari er liggur til vesturs í Þúfu sem er á milli svo kallaðrar spildu og miðengis úr þeirri þúfu í vörðu á milli tjeðra bæja beina stefnu í svokallaðann Skyggnir úr Skyggnirnum sem stefnir í áðurgreinda Hengladala á. Engjastykki sem kallað er Yxnalækjar – Reyn á jörðin austur í Reykjatorfu engjum.

Undirskrifaðir eigendur jarðarinnar

Ölvesvatni og Reykjakoti 20. aprilm. 1887

Ingimundur Gíslason, Gísli Guðmundsson

Vegna Saurbæjar og Ossabæjar Þorgeir Þórðarson.

[á spássíu]: Þinglesið á manntalsþingi á Kröggólfsstöðum 29. maí 1889. Þingl. 75 Bókun 25 Er ein kr.

Nº 215.

Markaskrá fyrir Kotstrandarlandi sem liggur með Bakkarholts, Gljúfur og Gljúfurholtslondum.

Rauðilækur að ofan við svokallaðann Gljúfurs bug svo eptir gömlum lækjarfarvegi vestur með Gljúfurholtsengjum. Svo til suðurs eptir uppsettum markaþúfum, úr þeim markaþúfum í þúfu fyrir sunnan Gljúfurá. Úr þeirri þúfu á Sandárenginu og úr þeirri þúfu eptir uppsettum mörkum upp í Kelduna fyrir framan Kotstrandar tún úr þeirri Keldu beina stefnu í Öskholt þaðan í Lauga Nef við Hvamsá Svo upp með Hvamsá í upphlaðna vörðu á Langa Nefi úr þeirri vörðu beina stefnu í útí Gljúfurholtsá og markið á að bera í Gilið á milli Leiniranna á Núpafjalli þar úr ánni eptir henni Nyður eptir að svokölluðum Rauðalæk Í þessu landi er engjastykki sem lagt hefir verið frá Kotströnd, lagt til Gljúfurs fyrir beit. Stykkið er á lengd 160 á breidd 100 faðmar Ofanskrifuð engi er í munnmælgum að hafi verið lagt fyrir kúabeit á sumrum til Kotstrandar.

Staddir á Kotströnd 15. Maí 1889.

Eyjúlfur Gíslason

Magnús Guðmundsson

Vegna Gljúfurs Asgrímur Sigurðsson, Einar Eyjúlfsson.

Vegna Bakkarholts samþykkur Jón Arnason.

[á spássíu]: Þinglesið á manntalsþingi að Kröggólfsstöðum 29. maí 1889
Þinglýs. 75a Bókun 25a Er ein kr.

№ 216.
Skrásetning

fyrir landamerki Bakkarholtstorfunnar í Ölfushr.
Milli Kotstrandar og Bakkarholtstorfunnar liggur merkjalína úr þúfu á „Sandárengisbökkum“ í keldu fyrir framan Kotstrandartún, þaðan í þúfu á litla Öskjuholti þá beina stefnu í Langanef, og þaðan beint yfir „Lambhagatá“. Milli Hvamms og Bakkarholtstorfunnar úr síðast töldu örnefni beina stefnu í melbarð við fremsta „Lambhagagil“. Milli Hvols og Bakkarholts úr síðast töldu merki beint í „Ferjuborg“.
Milli Kirkjuferju og Bakkarholtstorfunnar úr síðasttöldu merki beint í „Árnadis“. Milli Auðsholts og Bakkarholtstorfunnar beint úr „Árnadis“ í „Arnarþúfu“ fremst á „Másteigsholti“ svo beina línu út engjar í vörðu fremst á „Lambhagata“ við „Halaspildu“.
Milli Arnarbælistorfu og Bakkarholtstorfu úr fyrtaldri vörðu til hánorðurs í vörðu efst á „Þúfuengi“. – Milli Sogns engja og Bakkarholtstorfu úr síðast talinni vörðu er stefnan til austurs í vörðu við „Sanda“ svo í þúfu sem stendur milli Grænhóls og Gljúfurholts engja, þaðan í fyrst talda þúfu á „Sandár engisbökkum“.
Bakkarholti 28. Mai 1889
Jón Arnason eigandi Bakkarholts.
Vegna jarðeiganda Bakkarholtsparts Jakob Arnason.
Vegna jarðareiganda Grænholts Jóhann Jóhannsson.
Sem eigandi Kotstrandar samþykkur Eyj. Gíslason.
Vegna Auðsholts samþykkur Jakob Arnason.
Vegna Arnarbælis Ísl. Gíslason p.t. beneficiarius Arnarbælis.
Vegna Hvols Ísl. Gíslason samkvæmt fullmakt.
Vegna Kirkjuferju Eiríkur Bjarnarson.
Vegna Hvamms Steindor Steindórsson.

[á spássíu]: Þinglesið á manntallsþingi að Kröggólfsstöðum 29. Maí 1889
Þinglýs. 75a Bókun 25a Er ein kr.

№ 217.

Skrásetning yfir landamerki Hjallatorfunnar í Ölfushreppi.

Milli Riftuns og Hjallatorfunnar er „Sigmundarvað“ hornmark þaðan liggur línan í klett fyrir utan Riftún merktan með X; þaðan í torfu í svonefndum „Litlahvammi“; á efri brún hennar kemur Þoroddsstaðaland á móti landi Hjallatorfunnar og liggja merkin úr næst töldu örnefni beint í vörðu á Háskálafelli og þaðan beint í vörðu austan á „Reykjafelli“. Úr nefndri vörðu beint í „Lambafell“ móti Ölfuss afrjettar landi.

Milli Breiðabólstaðar og Vindheima annarsvegar og Hjallatorfunnar hinsvegar liggur línan úr „Lambafelli“ beint í vestasta hornið á „Lönguhlíð“ og þaðan beint í Skóghlíðargafl.

Milli Hrauns og Hjallatorfanna liggja mörkin austur svonefnda „Tíðagötu“ fyrir neðan „Skoghlíðargafl“ að Sólarsteini. Milli Grímslækjanna og Hjallatorfunnar liggja mörkin úr „Sólarsteini“ í „Klapparhól“, sem merktur er með X, þaðan í svonefndan „Lækjarbotnalæk“ og ræður hann svo og tjörn fyrir ofan Efri Grímslæk, Úr henni ræður „Grímslækjarós“ fram í „Lambeyrarós“, sem ræður mörkum að neðanverðu og svo „Þorleifslækur“ upp að fyrst töldu merki „Sigmundarvaði“.

Hjalla 28. Mai 1889

Jón Arnason eigandi að ½ Hjallaeigninni.

Eyjúlfr Gíslason.

Vegna Grímslækja samþykkur Þorleifr Grímsson.

Vegna Breiðabólstaðar samþykkur Isl. Gíslason.

Vegna Hrauns samþykkur Magn. Magnusson.

Fyrir Ölveshrepps afrjett Jón Jonsson.

[á spássíu]: Þinglesið á manntallsþingi að Kröggólfsstöðum 29. maí 1889
Þingl. 75 Bókun 25 Er ein kr.

Nº 218.

Skrásetning yfir landamerki jarðanna Breiðabólsstaðar og Vindheima í Ölfushreppi.

Hornmark að sunnan og vestan á milli Litlalands, Breiðabólsstaðar og Vindheima varða í „Hálfförum“; úr henni liggur merkjalínan í „Drangshellir“, þaðan beint í „Gríslinga hlíð“, þá beina línu um miðja „Þúfnavelli“ og er þeim sleppir beint í Rauðhól.

Milli Ölfus afrjettar og Breiðabólsstaðar og Vindheima úr Rauðhól beina stefnu í „Lambafell“. Milli Hjallatorfunnar og ofantalinna jarða úr „Lambafelli“ beina stefnu í vestasta hornið á „Lönguhlíð“, þaðan beint í Skóghlíðargafl. Milli Hraunstorfunnar og fyrrtaldra jarða úr síðust töldu örnefna í vörðu fyrir ofan „Miðþúfu“, þá bein lína niður „Grjótin“ um tvær vörður, er standa sín á hverri klöpp; þá í vörðu fyrir ofan „Leirurnar“. Milli Þorlákshafnar og fyrrtaldra jarða. Úr síðast talinni vörðu beina línu í fyrst talda vörðu í Hálfförum.

Við allar hjer taldar fimm vörður er klappað „M“ í klappir þær sem vörðurnar standa á.

Breiðabólsstað og Vindheimum 28. Mai 1889

Ísl. Gíslason eigandi að meir en helming Breiðabólst.

Jón Arnason eigandi Vindheima.

Vegna Litlalands og Hrauns samþykkur Magn. Magnússon

Eyjúlfur Gíslason vegna Hjallatorfunnar

Fyrir Ölfushrepps afrjett Jón Jónsson.

[á spássíu]: Þinglesið á manntallsþingi að Kröggólfsstöðum 29. Mai 1889
Þingl. 75 Bókun 25 Er ein kr.

Nº 219.
Landamerkjabrjef fyrir Hraun

Framan frá sjá í vörðu fyrir ofan Leirur og svo í fjórar vörður sem bera allar saman beina stefnu að sjá í Skóghlíð og mark „M“ hjá þeim uppað „tíðagötu“ frá Breiðabólstað að Hjalla hana austur þar til varða sjest á hrauninu fyrir framan veginn og önnur í Eiríks stekkatúni og krossmark á klöpp í „ferðamannshól“ alt í sömu línu, svo ósinn áfram sem liggur milli Lágeingja og Grímslækjar-eingja svo upp með Lambeyrum að norðan; milli Grímslækjar ness og Lambeyrar og svo Lækjarnesi og fram með Nauteyrum og Lambeyrum í blá Naureyrartungu. Veiðimörk í Ölvesá gagnvart Arnarbæli er bein lína þar sem Naureyrartunga vestast ber í þúfu á vestanverðum fremra Meitli á Hellisheiði, svo gagnvart Flóagaflshverfi fram í miðja árkjapt.

Litlalandi 27. Mai 1889
Fyrir hönd Hraunstorfunnar Magnús Magnusson.
Vegna Þorlákshafnar Jón Arnason.
Vegna Ytri Grímslækjar Þorl. Grímsson.
Vegna Arnarbælis: Ísl. Gíslason p.t. benef. Arnarbæl

[á spássíu]: Þinglesið á manntallsþingi að Kröggólfsstöðum
Þingl. 75 Bókun 25 Er ein kr.

Nº 220.
Landamerkjabrjef fyrir Litlalandi.

Hornmarks varða í sandinum vestan til við veginn frá Hlíðarenda og fram í Höfn Úr henni í 3 þrívörður Þaðan beina stefnu fuglastapaþúfu á milli bæja þaðan í Nátthagaöxl þaðan í vörðu á stóru gjá og er klappaður X hjá þaðan við ystur horn á Geitafelli beint að sjá á fjallið eina og innað afrjetti svo í Riðhól Úr honum fram fyrir miðja Þúfna velli í Grislinga hlíð og í Drygshellir svo upp í vörðu fram í miðjum sandi og út sand í fyrnefnt hornmark

Litlalandi 27. Mai 1889
Magnús Magnússon

Fyrir Hlíðarenda Jón Jónsson
Vegna Breiðabólstaðar Ísl. Gíslason eigandi að meir en helmingi Breiðabólstaðar.
Vegna Þorlákshafnar Jón Arnason
Vegna Vindheima samþykkur Jon Arnason

[á spássíu]: Þinglesið á manntallsþingi að Kröggólfsstöðum 29. Mai 1889
Þingl. 75a Bókun 25a Er ein kr.

№ 221.

Landamerki Hvams í Ölvershreppi eru sem hjer segir:

1. Milli Hvams og jarðanna Stóra- og Litla Hóls í Grafningi ræður sjónhending frá Inghól í Kaga og svo þaðan í vörðu sem er norðan í Sandfelli.
2. Milli Hvams og Gljúfurs ræður sjónhending frá vörðunni (norðan í Sandfelli) í Orustuhól og þaðan aptur í svarta bakkann við Hvamsá; og er þar hornmark Kotstrandar og Gljúfurs.
3. Milli Hvams og Kotstrandar ræður Hvamsá, alt að vörðunni sem sett verður í Langaflag.
4. Milli Hvams og Bakkarholts ræður sjónhending frá vörðunni í Langaflagi í stein sem stendur á Mel við syðsta Lambhagagil.
5. Milli Hvams og Hvolls ræður sjónhending frá steininum sem er við Lambhagagil í Leirtunguna og svo úr Leirtungunni mitt á milli Hólstaðagilja norðanhalt við Gráhól og þaðan í vestur í Storhæð og þaðan beint í aður nefndann Inghól.

Hvammi 26. mai 1885.
Eigendur Gísli Guðmundsson, Steindór Steindorsson

Einar Þorsteinsson
Einar Steindórsson
Asgrímur Sigurðsson
Vigfús Arnason
H. Hannesson.

[á spássíu]: Þinglesið á manntalsþingi að Kröggólfsstöðum 29. mai 1889
Þinglýsing 75 Bókun 25 Er ein kr.

№ 222.

Landamerki Stóru Háeyrar eru sem hjer greinir

1. Úr Efri Einbúa ræður sjónhending til sjávar um austanverðan Garðbæ á bakkanum austan miðjan Þvottaklett, og austan miðju Hrafnsskers í fjörunni og í klofann á Klofakletti, sem liggur vestarlega fram undan Markaskeri, og verður línan þá yfir Mark eða Skipósanna upptæk, þess innri landmegin og útfall þess syðri.
2. Úr Efri Einbúa ræður sjónhending austur í Smalaskála, sem stendur austnorðanvert við Blaktjarnir og mjög nærri þeirri Blaktjörninni, sem nú er að mestu leyti vaxin blástargresi.
3. Úr Smalaskála sem er hornmark Stóru-Háeyrar Hrauns og Kaldraðaness samt Stokkseyrar og Sandvíkanna, að því leyti sem hin svokallaða óskipta þeirra nær líka að tjeðu örnefni ræður sjónhending til sjáfar um klettinn milli Hrauns og Háeyrar þúfna svokallaðra og stendur hann einna fremstur kletta í fjörunni.

Stóru Háeyri 24. Martz 1886.

Vegna Háeyrartorfunnar Guðm. Ísleifsson

Vegna Skúmsstaða samþykkr G. Thorgrímsen

Vegna Kaldaðarnesstorfunnar E. Ingimundsson.

Vegna Hraunstorfunnar E. Jónsson, Þork. Jónsson, Jon Sveinbjörnsson, Jon Jonsson, Jón Bjornsson, Þordr Pállsson.

Vegna Stokkseyrartorfunnar Grímur Gíslason, Kristinn Adolfsson.

Vegna Vesturparts Stóru Sandvíkur Grímur Gíslason, Jón Jónsson

vegna hálfrar Eyði-Sandv. St. Bjarnarson.

Vegna eignar minnar í Sandvíkurhreppi samþykkur Gísli Hannesson.

Vegna eignar minnar í Eyði-Sandv. er samþykk Kristín Einarsdóttir.

№ 223.

Landamerki jarðarinnar Holta ásamt hjáleigunnar Breiðumýraholts, liggjandi í Stokkseyrarhrepp í Árnessýslu

1. Milli Holts og Votmúla: Úr Gölt sem er hornmark beggja jarðanna beina línu í vörðu sem er ofanvert við morgunrimana. Á þessari línu skal stefnan vera sú, að Digrivörðu beri í Bárar miðju.
2. Milli Holts og Hæringsstaða: Úr áðurnefndr vörðu ofanvert við Morgunrima, sem er hornmark beggja jarðanna, sjónhending í Litla Holtssel. A línu þessari eru kakkavörður hjer og þar á mörkum. – Úr Litla Holtsseli, sjónhending í Valhöll. Úr ~~Litlu Holtsseli~~ Valhöll sjónhending í Kúfhól (ɔ: „Vöðlahól“) Úr Kúfhól sjónhending í Efri Ormstjarnarenda. Úr syðri enda Ormstjarnar beina línu í vörðu á nyrðri Laskalækjarbakka. Ræður síðan Laskalækur landamerkjum alla leið út að Tóptalandi, og er þar lítil þúfa í lækjarbakkanum, sem er mark milli Holts og Tóptar.
3. Milli Holts og Tópta: Úr síðastnefndri vörðu sjónhending í Fremri Skyggnir í Holtsheiði. Úr Fremri Skyggnir sjónhending í vörðu á Langarima. Úr þeirri vörðu sjónhending í þúfu vestast á Breiðumýrarholtsheiði. Úr þeirri vörðu sjónhending í Ívarshól.
4. Milli Holts og Stokkseyrar: Úr Ívarshól sjónhending í Gölt, sem fyrst var nefndur.

Holti 4. júní 1889
Jón Jónsson.
Jóhann Þorkellsson.

Við sem skrifum nöfn okkar hjer undir erum samþykkir framanskrifuðum landamerkjum.
Vegna Stokkseyrartorfunnar Grímur Gíslason, Einar Jónsson.
Vegna eignar minnar í Votmúlanum samþykkur Lafrans Bjarnason.
Sem eigandi Tóptanna Jón Sveinbjörnsson.
Vegna hálfrar Hæringsstaðatorfunnar (Þorleifs gjafarinnar Einar Jónsson.
Fyrir hönd móður minnar Magnús Gunnarsson.

[á spássíu]: Þinglesið á manntalsþingi að Eyrarbakka 12. Jun 1889
Þinglýsing 75a Bókun 25 Ein króna

№ 224.

Samkvæmt byggingarbréfi útgefnu af biskupinum sál. mag. Þórði Þorlakssyni 1687 og byggingarbréfi biskupsins sál. mag. Brynjólfs Sveinssonar dateruðu í Skálholti 2. dag maímánaðar 1640 og með hliðsjón af landamerkjabrjefi skrifuðu að Hólum í júnímánuði 1884 af Jóni hreppstjóra Jónssyni eru landamerki jarðarinnar Hóla í Stokkseyrarhreppi sem hjer er greint.

Við lækinn á Beinateigsodda er garðslitur sem ræður merkjum milli Hóla og Tungu í Tjörn sem Gola heitir framanvið túnið í Hólum, þaðan eptir lautinni til austurs í túnlækinn við Seiglutjörn, ræður svo lækurinn í Grjóttjörn, með Grjóttjörn þar til Hólakelda kemur í hana, síðan ræður Hólakelda uppí Áladæl og í henni er hornmarkssteinn jarðanna Hóla Gaulverjabæjar og Arnarhóls, frá nefndum hornmarkssteini ræður sjónhending í þúfuna á Lambatanga við Skammalæk, því ræst ræður lækurinn í Þakvatni uppað garðslitrinu framan til í Kvísmýri, ur þeim garði með landi Lölukots um þúfu á brúnunum sjónhending í vörðuna í Blástrargróf þaðan sjónhending um litla grjótvörðu og í fremri enda Stóru-grjóttjarnar, er það hornmark Leiðólfsstaða, en Baugsstaðir eiga því næst land móts við Hólaland sjónhending um Snorrahól og þúfuna fyrir vestan Hróarsholtslæk gagnvart garðslitrinu á Beinareigsodda sem fyrst var nefndur.

Magnús Hannesson Baugsstöðum
Guðmundur Jónsson Baugsstöðum
Guðmundur Hannesson Tungu
Jón Steingrímsson beneficiarius Gaulverjabæjar
Steinþór Eiríksson Arnarhóli
Bjarni Jónsson Leiðólfsstöðum
Snorri Sveinbjarnarson Leiðólfsstöðum

[á spássíu]: Þinglesið á manntalsþingi að Eyrarbakka 12. Júni 1889
Þinglýs. 75 Bókun 25 Er ein króna

№ 225.

Landamerki Baugsstaða í Stokkseyrarhrepp eru þau er hjer segir:

1. Milli Baugsstaða og Skipa ræður bein stefna frá Hörpuhólslæk, um Markaflóð í gráan stein með þúfu á; þaðan bein stefna í Markaþúfu; þaðan bein stefna í Skruggudæl; Þaðan bein stefna í Markaklett; þaðan bein stefna í Máfaklett og ræður sú stefna þaðan í sjó fram.
2. Milli Baugsstða og Traðarholts ræður Hörpuhólslækur austur að Leirvík.
3. Milli Baugsstaða og Leiðólfsstaða ræður sjónhending frá Leirvík í fremri enda Grjóttjarnar.
4. Milli Baugsstaða og Hóla ræður sjónhending fremra enda Grjóttjarnar í Snorrahól og þaðan sjónhending í Hróarsholtslæk við Beinateigsodda.
5. Milli Baugsstaða og Tungu ræður bein stefna frá Beinateigsodda að Tunguholmakeldu.
6. Milli Baugsstaða og Loptsstaða ræður sama stefna frá Tunguhólmakeldu í vörðubrot á Háamel; þaðan sjónhending í Arnarklett við Þverá – sem líka nefnist ýmist Bleikalón eða Bryggjulón – og með henni austur í Síkisútfall fyrir austan Bleikalóns tanga og beint í Selós við Brimgarð.

Ritað að Baugsstöðum í júní 1884.
Vegna mín og sameigenda minna Gr. Gíslason
Vegna Loptsstaða Jón Jonsson, Jón Jónsson, Gísli Jónsson
Vegna jarðarinnar Skipa í umboði eigandans Jón Jónsson
Vegna Hóls Þorkell Jónsson
Vegna Leiðolfsstaða Bjarni Einarsson

[á spássíu]: Þinglýst á manntallsþingi að Eyrarbakka 12. Júni 1889
Þinglýsing 75 Bókun 25 Er ein króna

Nº 226.
Landamerki fyrir jörðinni Asgarði í Grímsnesi

Milli Asgarðs og Syðri Brúar ræður lækurinn, sem liggur fyrir sunnan Hólmavaðið og ræður hann í Giljatungu sporðinn. Úr Giljatungu sporði sjónhending yfir Hauborgarbrún í stóru lágina sem liggur inní fjallið milli Skefilfellanna. Þaðan sjónhending í fjallsgnýpuna á háfjallinu, þaðan sjónhending um Sauðadalinn í Hnífhól. Úr Hnífhól bein sjónhending í Gyldruhólinn. Úr Gyldruhól sjónhending í Klett þann sem Hestur er nefndur og liggur austan undir Tjarnarhól. Úr Hesti bein sjónhending í steininn í Nónhólataglinu. Þaðan bein stefna í há Grensásinn og þaðan í Þrengslaásþúfuna.

Milli Miðengis og Asgarðs eru merkin bein stefna úr Þrengslaásþúfunni um Álfhól og Smalaskála í hólma í Alptavatni. Síðan ræður Alptavatn og Sogið að fyrst greindum merkjum milli Asgarðs og Syðri Brúar.

Ítak á jörðin í Grafningshreppi í Torfustaðalandi utan Álptavatns og eru þetta merki kringum það. Að austan ræður Alptavatn. Að sunnan ræður bein stefna úr steini á vatnsbakkanum í þúfu á Vatnsholtsrimanum. Þaðan er bein stefna í buginn á læknum sem liggur meðfram ferðamannaveginum og síðan úr lækjarbugunm í Alptavatn.

Torfastaðir í Grafningi eiga aptur ítak í Asgarðslandi og eru merkin þessi: Ferðamannagatan sem liggur frá Alptavatni upp að Asgarði ræður að austan, að sunnan ræður hraunbrúnin, að vestan Sogið og að norðan hraunbrúnin.

Búrfelli 16. júlí 1887

Guðmundur Jónsson eigandi og ábúandi Miðengis.

Magnús Sæmundsson eigandi að Búrfelli og hálfum Ásgarði.

Chr. J. Mattiasson eigandi Torfustaða.

Ólafur Guðmundsson eigandi að ½ Ásgarði.

Jón Þorsteinsson umboðsmaður Syðri Brúnar.

[á spássíu]: Þinglesið á manntallsþingi að Stóruborg hinn 23 Mai 1889
Þinglýsing 75a. Bókun 25a Er ein króna

№ 227.

Landamerkjabrjef fyrir kirkjujörðinni Miðdal með hjáleigunum Ketilvöllum og Miðdalskoti.

Milli Hjálmsstaða og Miðdals eru þessi mörk: Osfarið við Laugarvatnsvatn upp mosann í vestan verðum Hrístanga, þaðan ráða götur þær sem liggja austur Rolubakkann sjónhending í svokallað Engjavað á Skillandsá; frá Engjavaði ræður áin að Bitruós; frá Bitruós sjónhending um austanverða Kringlumýri, og vörður í hæðunum upp af henni í hnúkinn á Mjóudalabrún vestri; þaðan sjónhending í hnúkinn á austanverðri Hrossadalsbrún; þaðan gagnvart afrjetti, sjónhending í vestustu nýpuna á Rauðafelli; þaðan gagnvart Efstadal, sjónhending í Vatnsheiðarvatn; Úr Vatnsheiðarvatn gagnvart Laugardalshólum sjónhending í Gljúfurgil á fjallsbrúninni og liggur sú stefna um Pretshæð; úr Gljúfurgilinu í fjallsbrúninni er bein sjónhending um vörður þær, sem hlaðnar eru á Markagarði, Smáholtum og við Markalæk í Farklofána; þaðan ræður Hólaá og Laugarvatnsvatn að fyrstnefndu Osfari.

Ár 1889 dag 9. maímánaðar.

St. Stephensen umboðsmaður Miðdals og Miðdalskots.

Magnús Eyjúlfsson, Ásm.E.Þorleifsson, Magnus Magnusson ábúendur og eigendur Efstadals.

Grímur Jónsson ábúandi og eigandi Laugardalshóla

Guðbrandur Arnason ábúandi Miðdals.

Þorleifur Guðmundsson ábúandi Ketilvalla

Arni Guðbrandsson ábúandi Miðdalskots

Guðmundur Pállsson ábúandi og eigandi Hjálmsstaða.

Eyjúlfur Magnússon, ábúandi á Snorrastöðum

Magnús Magnusson, ábúandi og umráðamaður Laugarvatns.

[á spássíu, sem er rifin]: Þinglesið á manntall[s]þingi a[ð] Stóru-B[org] 23 Maí [...] Þinglýsing [...] Bókun [...] Er 1$^{kr}$ (e[...]

№ 228.

Landamerki jarðarinnar Vaðness í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessi:

Að utanverðu, úr Grjóthól framan í Markabrekkum (sem er hornmark) beina stefnu í vörðu vestast í Kjöltöglum, þaðan beina stefnu í þúfu á Stóravikshöfðum, þaðan beint í þúfu utarlega á Norðurnefi, svo sjónhending í þúfu á Þrívarðabrúnni og þaðan beina stefnu í eystri árþúfuna og þaðan beint í Hvítá fyrir utan Borgarvik, svo ræður Hvítá austur að Höskuldslæk, svo ræður Höskuldslækur upp að Torfavaði svo þaðan sjónhending í Þúfu á Löngumýrarhæð, þaðan sömu stefnu um vörðu á heiðinni beint í upphlaðna vörðu á Fossleyti og þaðan beint í áðurnefndum grjóthól framan á Markabrekkum.

Þessi framanskráðu landamerki sem eru samþykkt og undirskrifuð af eiganda jarðarinnar Vaðness og öllum eigendum og umráðamönnum kringum liggjandi jarða skulu standa óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Vaðnes 19. maímánaðar 1889

Guðrún Ketillsdóttir.

Vegna jarðarinnar Snæfoksstaða Jón Magnússon.

Vegna jarðarinnar Arnarbæli Bjarni Ögmundsson.

Vegna jarðarinnar Hraunkots Guðrún Ólafsdóttir.

Vegna jarðarinnar Klausturhóla St. Stephensen umráðamaður.

[á spássíu, sem er rifin]: Þinglesið á [m]anntalls[þ]ingi að [St]óru Borg [h]inn 23. mai 1889. Þinglýsing 75 [B]ókun 25 Kr. 1, er ein

Nº 229.
Landamerkjaskrá.

Umhverfis land jarðarinnar Nesjavalla í Grafningshreppi er landamerki þessi:

Milli Ölvisvatnstorfu og Nesjavalla hefjast landamerkin við Þingvallavatn í gjá þeirri, er liggur í vatn fram milli svonefndra Grámela; liggja þau úr gjá þessari eptir gjáardrögum, er liggja í Rauðhólsgjáarendann hinn nyrðri, og eptir Rauðhólsgjá endilangri og úr syðri enda hennar beina stefnu í Ölvisvatnsskyggnir og þaðan beina stefnu í hrygg þann, sem liggur milli Ölversvatns-laugar og Köldulaugar. Þaðan liggja landamerki Nesjavalla eptir beinni stefnu í Vörðuskeggja og úr honum beina stefnu í Dyradalshnúk, úr Dyradalshnúk beina stefnu í skarðið milli Jórutinds og Hátinds („Tindaskarð“). Þaðan eptir því skarði miðju norður á móts við norðurenda „Hátindstagls“ og þaðan beina stefnu í svonefndan Markhól norður við Þingvallavatn. Markahóll þessi er sandhóll áfastur við svonefndann „Stapa“ sunnanverðan. Að norðanverðu við Nesjavallaland liggur Þingvallavatn og á jörðin silungsveiði fyrir öllu landi sínu og norður í djúp vatnsins til móts við aðrar jarðir er sunnan að vatninu liggja.

Utan þessara landamerkja á jorðin Nesjavellir skógarítak (skógarhögg) í Nesjalandi í Jórukleif. Umhverfis ítaksspildu þessa liggur: að norð~~an~~austan Heiðarbæjarland, að suðaustan vegurinn (reiðgatan) allt að stórum steini við veginn, fyrir sunnan „Syðrugil“, að suðvestan bein stefna upp í „Eggjar“. Móts við skógarítak þetta á jörðin Nesjar slægnaítak, þ.e. rjett til heyskapar í Botnadal og í „Vegghamrahólum“ inn um Nesjavallalands.

Nesjavöllum 27. marz 1886.

Jóhann Grímsson.

Þessa landamerkjaskrá álítum vjer undirskrifaðir greina sönn og rjett landamerki og samþykkjum.

Fyrir eign minni 3/5 úr Nesjum Vigfús Þorvaldsson.

Fyrir eign minni 1/5 úr Nesjum Þorv. Guðmundsson.

Samkvæmt umboðsbrjefi dagsettu 28. júní 1884 samþykkir fyrir hönd séra Jóh. Kr. Briems riddara af dbrg. í Hruna sem eiganda Ölvisvatns með Hagavík

Jens Pállsson prestur á Þingvelli.

Fyrir afrjett Öveshrepps er jeg samþykkur

Þorgeir Þórðarson að Núpum.

[á spássíu]: Þinglesið á manntallsþingi að Ulffljótsvatni hinn 24. maí 1889. Þinglýs. 75 Bókun 25 Er 1 ein kr.

№ 230.

Eptir beiðni óðalsbónda Chr. J. Mattiesens á Hliði á Alptanesi í Gullbringusýslu, hefi jeg undirskrifaður álitið landamerki á eignarjörð hans Torfastöðum liggjandi í Grafningshreppi í Arnessýslu af honum þartil skriflegu fullmaktaður. Skoðunargjörð á landamerkjum tjeðrar jarðar var af mjer framkvæmd 14. dag júní mánaðar 1884 að viðstöddum báðum ábúendum Torfustaða og bóndanum herra Jóni Arnasyni á Alviðru.

Er þá landamerkjalínan sem hjer segir: Í Tunguármynni, þar sem hún fellur í Sogið, þar sem hún rennur og hefir runnið syðst í það, eptir ánni miðri til útsuðurs þar til hún skiptist í tvent, þá eptir ytri kvíslinni sömu stefnu í svokallað Litlahálslækjarmynni, þar sem hann hefur runnið vestast í ána; þar tekur Litlahálsland við á móti árfarvegsmynninu í merkjavörðu niður undir áðursögðu lækjarmynni; þaðan stefnu í hafsuður eptir svokölluðum Hrapalæk og merkjavörðum sem þar eru hlaðnar í markastand sem er klettasnös á melhrygg neðantil á rótunum á Ingólfsfelli, þá stefnu þar til vörðurnar enda á þeirri stefnu og Alviðruland kemur. Snýst stefnan til austurs við hornmark við stóra grjótvörðu á norðanverðri Grænhóllshæð norðan til á Ingólfsfelli, þaðan eptir vörðum þeim sem þar eru hlaðnar austur af Ingólfsfellseggjum í skoru þá, sem nyrðra renslið í hádegisholtsgilið rennur niður úr eggjunum; þaðan fyrir norðan hádegisholt í grjótvörðu á móanum norðantil við preststanga austur í vörðu þá, sem hlaðin er í miðjum Arnarhólma í Alptavatni, þaðan austur í miðt Alptavatn uppeptir miðju Alptavatni meðan það endist, svo eptir Soginu miðju þegar það tekur við upp með Torfustaðahólmum að austan fyrir utan systa og austasta hólmann sem liggur í Asgarðslandi, þaðan áfram upp eptir Soginu uppá móts við Tunguármynni.

Bíldsfelli 24. júní 1884

Jón Ögmundsson.

Samþykkur fyrir hönd eiganda jarðarinnar Alviðru Jón Arnason

Sigurður Sigurðsson ábúandi á Tungu.

Athugasemd. Einnig skal þess getið að Skógarítak liggur undir Torfustaðina í Asgarðslandi móti slægju ítaki sem liggur undir Asgarðinn í Torfustaðamýri. Um merki á þessum ítökum veit ég ógjörla nema úr lausu lofti og vil því ekkert um þau skrifa hjer. Þessi ítök munu haldast við af gamalli venju, en ekki reynt að lögum hvert þurfi að viðhaldast áfram, sem jeg áskil mjer oskertan rjett til að laga eða mínum erfingjum, ef okkur svo sýnist.

Hliði á Alptanesi 9da des. 1888

Chr. J. Mathiasson eigandi Torfustaða.

Olafur Guðmundsson Abúandi á ½ Asgarðinum.

Magn. Sæmundsson eigandi að ½ Asgarði,

[á spássíu]: Þinglesið á manntallsþingi að Ulffljótsvatni hinn 24. maí 1889. Þinglýs. 75 Bókun 25 100 au.

Nº 231.

Landamerki Oddgeirshólatorfunnar einsog þau hafa verið talin að fornu og sem auk lands Oddgeirshóla með hjáleigunum Höfða og Austurkoti innilykja landeign jarðanna Stóru-Reykja, Litlu-Reykja og Lauga eru svo sem nú skal greina:

Frá gráum steini sem er á árbakkanum milli Oddgeirshóla og Brunastaða er tekin stefna til landsuðurs í Markavörðu, enda ræður sama stefna frá tjeðum steini til norðuráttar upp yfir eyju þá, sem þar er í Hvítá. Þannig skiptist eyjan svo að ætlað er að 2/3 hlutar hennar verði vestanmegin stefnunnar og heyra þeir Oddgeirshólum til eins og að fornu hefir verið. Frá Markavörðunni ræður garðlag að Hestaklett sem stendur í sunnanverðu Brúnastaðaholti þaðan liggja mörkin til suðuráttar í Snuggu, þaðan til útsuðurs í Föxuþúfu, þaðan til vesturáttar í hellu sem stendur í Bleikholti, þaðan í Þúfuna á Titlingsholti, þaðan í Alptahól, þaðan til norðuráttar í Markhól, þaðan í Markastein sem stendur í heiðinni milli Langholts og Oddgeirshóla, þaðan í hólinn á Markey; síðan ræður Hvítá til fyrsagðra ummerkja.

Auk þess sem allar jarðir torfunnar hafa engjar heima fyrir, eiga bæði Oddgeirshólar og hjáleigan Höfði afmörkuð engjastykki, sem liggja fyrir framan Litlu-Reyki. Allt beitarland óskipt og notkar hver ábúandi það að tiltölu rjettri.

Þannig samið í september 1887

Samþykkur J.K. Briem.

Framanskrifuð landamerki samþykkja undirskrifaðir nágrannar.

Vegna Hraungerðis Sæm. Jónsson.

Vegna Brúnastaða Jón Einarsson.

Vegna Langholtsparts Úlfh. Eiríksdóttir.

Vegna Langholts Guðm. Hannesson.

Vegna Langholts Sigurður Sigurðsson

Vegna Ölvaðsholts Bjarni Bjarnason, Vernharðr Kristjánsson.

[á spássíu]: Þinglesið á manntallsþingi að Hraungerði 16. maí 1889. Þingl. 75 Bokun 25 Kr. 1 er ein

Nº 232.

Maríu kirkja í Krísuvík á í Arnessýslu samkvæmt máldögum jörðina Herdísarvík.

Landamerki Herdísarvíkur eru þau er nú skal greina:

Að austanverðu, milli tjeðrar jarðar og kirkjujarðarinnar Stakkavíkur: bein stefna úr Breiðabás (= Helli samkvæmt máldögunum) sem er fjöruvik nokkurt ekki allskamt fyrir austan Herdísarvík, með litlum hellisskúta í hrauninu fyrir ofan, í Kongsfell, sem er gömul, ekki há, grá mosavaxin eldborg umhverfis aflangan djúpan gíg, til hægri handar við þjóðveg úr Selvogi til Hafnarfjarðar góðan spöl fyrir austan Kerlingarskarð, nálægt veginum.

Að vestanverðu, milli Herdísarvíkur og Krísuvíkur ræður mörkum stefnulína frá áður nefndu Kongsfelli í Seljabótarnef lágan hraunhnúk, vestast í Seljabót, við sjó fram. –

Kirkjan á þriðjung hvalreka og allann annann reka fyrir landi jarðarinnar frá Breiðabás að Seljabótarnefi og sömuleiðis allar landsnytjar innan hjer taldra ummerkja, með þeim takmörkunum, er síðar greinir (sbr. Nº 2)

Ítök sem aðrir eiga í jörðinni Herdísarvík eru þessi:

1. Tveir þriðjungar hvalreka frá Breiðabás (= Helli) að Seljabótarnefi eru eign Strandakirkju í Selvogi.
2. Allir brennisteinsnámar sem finnast á landi jarðarinnar með öllum þeim ~~málm~~ „málmjarðartegundum“ öðrum er námarnir kunna að geyma, hagagöngu fyrir hross í „vanalegum bithögum og áfangastöðum“ rjetti til vegagjörða og húsbygginga með „hæfilegum maturtagarði“ sem „nauðsynlegt“ er til þess að geta yrkt námana o.sv.fr. allt samkvæmt afsalsbrjefi 30. september og 4. Októb. 1858. Ítak þetta tilheyrir þrotabúi hins íslenzka brennisteins og koparfjelags.

Krísuvík 20. Nóvember 1886
Gíslason.

Framanritaða merkjalýsing hefi jeg nákvæmlega yfirlesið og er jeg henni samþykkur
ut supra E. Sigfússon prestur í Vogsósum.

[á spássíu]: Þinglesið Á manntallsþingi að Nesi í Selvog 3. júní 1889. Þingl. 75 Bókun 25 1 = ein króna.

№ 233.

Landamerki Vorsabæjar á Skeiðum eru: frá þverrima þúfunni er tekin stefna Gíslaþúfu, þaðan í Seiðishól, þaðan í Stóru Gráhellu, þaðan í þúfuna á Reiðiningsrima, þaðan í Efstahól og þaðan í Þverrima þúfuna, sem áður var nefnd.

Vorsabæ 28. mai 1888.

Jón Einarsson

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir
Stefán K. Ólafsson búandi á Framnesi
Br. Jónsson prestur á Ólafsvöllum

Samþykkur þessari landamerkjaskrá fyrir hönd Ólafsvallahverfis
Halldór Halldórsson búandi á Efri Brúnavöllum.
Hafliði Jónsson ábúandi á Birnustöðum.
Gísli Sigfússon ábúandi á Syðri-Brúnavöllum.

[á spássíu]: Þinglyst á manntallsþingi að Húsatóptum 18. Mai 1889. Þingl. 75a Bókun 25 1 króna.

Nº 234.
Landamerki jarðarinar Útverka.

Frá Gráhellu er tekin stefna um vörðu á
1. Torfholtinu að Hvítá og er þar sett varða á árbakkanum.
2. Frá Gráhellu ræður bein stefna í Ósinn síðan ræður Baulu-Ós að Hvítá svo áin allt upp að áðurnefndri vörðu á árbakkanum.

Útverkum í júní 1887.
Vegna jarðareigendanna Jón Jónsson.
Samþykkur sem benificiarius Olafsvalla prestakalls.
Ólafsvöllum 18. mai 1889
Br. Jónsson
Guðmundur Jónsson ábúandi Miðbýlis.

[á spássíu]: Þinglesið á manntallsþingi að Húsatóptum 18 Mai 1889. þingl. 75a Bókun 25a 1 kr

Nº 235.

Landamerki Syðri-Brúnavalla í Skeiðum eru þessi:

1. Milli Syðri-Brunavalla og Vorsabæjar ræður bein stefna úr Gíslaþúfu í Seiðishól.
2. Milli Syðri-Brúnavalla og Efri-Brúnavalla ræður bein stefna úr Brenniþúfu í Gíslaþúfu.
3. Milli Syðri-Brúnavalla og Húsatópta ræður sjónhending úr Brenniþúfu í Markhól og úr honum beint í Grautarvörðu.
4. Milli Syðri Brúnavalla og Brúnavallakoti sem eru mörk:
    a. Úr Seiðishól í Stutthól.
    b. Bein stefna frá austasta hesthúsinu á Syðri-Brúnavöllum og í Grautarvörðu

Syðri-Brúnavöllum í júní 1886.
Vegna jarðarinnar Gísli Vigfússon.
Þessum landamerkjum erum við samþykkir vegna Vorsabæjar Jón Einarsson
Sem ábúandi jarðarinnar Efri-Brúnavalla er jeg samþykkur þessari landamerkjaskrá
Halldór Halldórsson, Eiríkur Jóhannsson.
Sem ábúandi Húsatópta er jeg samþykkur þessari landamerkjaskrá
Gestur Eyjúlfsson, Jón Guðnason.

[á spássíu]: Þingl. á manntallsþingi að Húsatóptum 18. mai 1889. Þingl. 75a Bókun 25a 1 er ein kr.

Nº 236.
Landamerki jarðarinnar Bjarkar í Sandvíkurhreppi samin í júnímánuð 1889.

Kerhóll sem sem er hornmark milli Bjarkar, Selfoss, Votmúla og Jórvíkur. Úr Kerhól í Bjarkarvörðu, úr Björkurvörðu í Dýblissu, úr Dýblissu niðurmeð henni inn í hól sem stendur í útnorður frá Björk, úr þeim hól í Strokkhól, úr Strokkhól í Virkisvörðu, sem er hornmark á milli Björkur, Sandvíkur, Byggðarhorns og Jórvíkur. Úr virkisvörðu í hól sem stendur í landsuður af Björk, úr þeim hól í hið fyrstnefnda hornmark Kerhól.

Sem eigandi Björkur meiri hluta Selfoss og Norðurkots
Arnbjörn Þórarinsson.
Vegna eignar minnar í Sandvíkurtorfunni
Þ. Guðmundsson, Lafrans Bjarnason, Gunnar Bjarnason, Guðm. Einarsson, Guðm. Hannesson Gunnar Einarsson.

[á spássíu]: Þinglesið á manntallsþingi að Litlu Sandvík 12 júní 1889. Þingl. 75a Bókun 25 $1^{\underline{kr}}$

Nº 237.
Skrá yfir landamerki Votmúlatorfunnar í Sandvíkurhreppi, samin í maímánuði 1889.

Fyrsta mark Gráhella sem er hornmark á milli Selfoss, Smjördalatorfu og Votmúlatorfunnar úr Gráhellu í Dysvörðu, úr Dysvörðu í Digruvörðu, sem er hornmark á milli ~~Tor~~ Votamúlatorfunnar, Hæringsstaða og Smjördalatorfunnar, úr Digruvörðu bein stefna í Gölt sem er hornmark milli Votmúlatorfunnar, Holts, Stokkseyrartorfunnar og Byggðarhorns. Úr Gölt bein stefna milli Votmúla og Jórvíkur í Kerhól sem er hornmark Milli Votmúla Jórvíkur Bjarkar og Selfoss, Úr Kerhól bein stefna í áðurnefndu Gráhellu, sem stendur í útnorður frá bænum Diðriksstöðum.

Sem eigandi og ábúandi á nokkrum hluta af Votmúla samþykkur
Lafrans Bjarnason.
Sem eigandi að nokkrum hluta af Votmúla er jeg samþykkur
Þ. Guðmundsson
Sem eigandi og ábúandi að Selfossi
Arnbjörn Þórarinsson
Vegna Stokkseyrar Grímur Gíslason, Einar Jónsson
Sem eigandi Smjördalatorfunnar
Jón Sveinbjörnsson
Vegna eignar minnar í Votmúla og Holti
Jón Jónsson
Vegna Byggðarhorns Grímur Gíslason

[á spássíu]: Þinglesið á manntalsþingi að Sandvík 12 júní 1889. Þingl. 75a Bokun 25a 1 króna

№ 238.
Skrá yfir landamerki Sandvíkurtorfunnar, samin í maímánuði 1889. –

Milli Selfoss Björkur og Sandvíkurtorfunnar í Dyblissu, úr Dyblissu í Strokkhól fyrir vestan túnið í Björk, úr Strokkhól í virkisvörðu, sem er hornmark milli Björkur, Jórvíkur, Byggðarhorns og Sandvíkurtorfunnar, úr Virkisvörðu í Gráhellu fyrir vestan Byggðarhorn, úr Gráhellu í Grástein, sem er hornmark milli Sandvíkur torfunnar Byggðarhorns og hliðarmark Stokkseyrartorfunnar, úr Grásteini í Trjevörðu, úr Trjevörðu í vörðu sem stendur á landnorðurshorni vestri Blakktjörninni, sem er hornmark milli Sandvíkurtorfunnar, Stokkseyrar, Hrauns Háeyrar og Kaldaðarnesstorfunnar. Úr þessari vörðu bein stefna í Ketilvörðu sem er hliðarmark milli Sandvíkur og Kaldaðarnestorfunnar, úr Ketilvörðu bein stefna í Habeinsstaðarborg, úr Hábeinsstaðarborg bein stefna í lækjarmynnið fyrir vestan Kotferju. Svo ræður lækurinn mörkum milli Sandvíkur$^{torfunnar}$ og Kotferju upp í lækjarbotn, úr lækjarbotn eða enda læksins bein stefna í ána fyrir vestan Kotferju Stekkartún, svo ræður Ölvesá mörkum, miður farvegur hennar upp á móts við áður nefnda Dýblissu. Það hefur verið venja að ábúandi Kotferju hafi frýja fjenaðarbeit í Sandvíkurtorfunnar landi mots við Kaldaðarnestorfuna, og enda slegið nokkuð í óskiptu landi Sandvíkanna, en ábúendur Sandvíkanna víst flestir haft frýjan flutning yfir Ölfusá, en sett skipin að og frá ferjustað án borgunar.

Sem eigandi að nokkrum hluta Sandvíkurtorfunnar
Þ. Guðmundsson, Grímur Gíslason.
Vegna Stokkseyrartorfunnar Gr. Gíslason, E. Jónsson.
Vegna umboðsins er jeg samþykkur Einar Ingimundarson.
Vegna ábúðarjarðar minnar er jeg ofanskrifuðum landamerkju samþykkur
Filippus Björnsson.

Fyrir hönd hálfrar Eyði-Sandvíkur samþykki jeg Stefán Bjarnarson í Gerðiskoti þessi landamerki.

Arnbjörn Þórarinsson.

Vegna Háeyrartorfunnar samþykkur með þeirri athugasemd að í landamerkjabrjef Háeyrar er varðan eða hólnum lýst þannig Úr Efri einbúa í Smalaskála sem stendur austnorðanvert við Blakktjarnir og mjög nærri þeirri Blakktjörninni sem nú er að nokkru leyti vaxin blástargresi.

Guðm. Ísleifsson

[á spássíu]: Þinglýst á manntallsþingi að Litlu Sandvík 12. Júní 1889. Þingl. 75a Bókun 25 ein 1$^{kr}$

№ 239.

Afskript

Jeg Brynjúlfur Sigurðsson sýslumaður í Arnesþingi, lögfesti hjer með eignarjörð mína Hlíð 20hndr að dýrleika liggjandi í Grafningi og Úlfljótsvatns kirkjusókn, akra og töðuengjar og skóga, holt og haga og allar landsnytjar, þær er því landi eiga að fylgja til yztu ummerkja þeirra er aðrir menn eiga í móti að þessum landamerkjum tilteknum: úr Geithamragili til vesturs í vörðuna, sem er við syðri endann á efri mýrum sem gilið ræður. Þaðan sjónhending til landnorðurs um þvera Kjóavelli og í efri endann á Baulugili, þaðan sjónhending í stóra steininn á miðju Háfafelli, svo í garð þann sem liggur yfrum mýrina undir Háfafelli, næstan fyrir neðan Grænaskjól; síðan úr honum sjónhending upp í heiðina og upp á hryggium til vesturs við Kolviðargröf og síðan í botninn á hellisgilinu við Kringlumyri; þaðan sjónhending í Seljavað á Hlíðará (áður kallað Smiðjuvað), svo með ánni að vestan suður í Markalaut, og þaðan í í fyrrnefnt Geithamragil.

Legg jeg við þessa lögfestu fimtarstefnu og býð mig til á henni eða endrarnær innan árs og dags hana að forsvara, þar gjörð er eptir mjög gömlum skjölum og vitnisburðum, ef þeir sem land eiga í móti kæra vilja, og staðfesti hana með hönd og signeti að Hjálmholti þann 3.nóvember 1751.

Brynjúlfur Sigurðsson. (L.S.)

Framan og ofanskrifuð lögfesta var upplesin við Úlfljótsvatnskirkju í safnaðarins nærveru, að afstaðinni messugjörð þann 5ta desember 1751. Til vitnis

Þorvarðr Bjarnason, Magnús Rafnsson Sigurður Jónsson Halldór Brandsson Jón Sturlaugsson Sigurður Pjetursson Þorsteinn Jónsson.

Sjeð hef ég þetta og lesið Eiríkur Brynjólfsson.

Varða stendur milli Kringluvatnsdals og vestustu (hornmarks) vörðunnar, úr henni þvert yfir dalinn var landamerkjalína fast sett af eigendum Hlíðar og Stóra Háls 1825 nefnl. Sgr. Vernharði Gunnarssyni, þá búandi í Eyvindartungu og mjer Etatsráði Ísleifi Einarssyni.

Þetta skjal hefi jeg skrifað á Brekku á Alftanesi árið 1840 eftir frumskjali sýslumanns Brynjúlfs Sigurðssonar og grein þeirri, sem þar á var rituð með eigin hendi Ísleifs etatsráðs tengdaföður míns

Páll Melsted.

Ofan og framanskrifuð afskript er samhljóða afskript skrifaðri 1840 af Páli Melsted, er mjer hefur verið sýnd, hvað að hjermeð vottast nótarialites eptir nákvæmann samanburð.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 12/3 1879.

Borgun 25 a. borguð E.Th. Jonassen.
E.Th.J.

Framanskrifuð landamerki fyrir jörðinni Hlíð gagnvart kringumliggjandi jörðum samþykkjum við sem undirskrifaðir eigendur eða ábúendur fyrir okkar jarðir.

Grafningi 25. maí 1887.

Fyrir hönd eignar minnar í Úlfljótsvatni 5/8 hlutum Þórunn Magnúsdóttir.

Fyrir mig og hönd systur minna að 2/8 Gísli Þórðarson.

Sem ábúandi samþykkir Guðm. Magnússon

Fyrir hönd Bildsfells sem eigandi og ábúandi Magnús Guðmundsson

Fyrir hönd Tungueignar Sig. Sigurðsson

Fyrir hönd Stórahólseignar Einar Þorsteinsson (handsal.)

Nº 240.
Landamerki
jarðarinnar Snæfokstaða í Grímsneshreppi innan Árnessýslu, eru þessi.

Úr hornmarki Gráhellu á Markabrekkum, beina stefnu í vörðu vestast í Kjöltöglum, þaðan beina stefnu í þúfu á Stóravíkurhöfðum, þaðan beint í þúfu utarlega á Norðurnefi, svo sjónhending í þúfu í Þrívarðahrauni og þaðan bein stefna í eystri Árþúfuna, þaðan beint í Hvítá fyrir utan Borgarvík. Svo ræður Hvítá til útsuðurs í Stangarvík, þaðan til útnorðurs úr gilmynninu um austasta Stangarklett, þar sem hann er hæðstur, þaðan bein stefna um þúfu á rimanum í vörðu við Kirkjugötuna á Skógarholti, þaðan aframhaldandi bein stefna um vörðu Svankatóptum og aðra á Svankahrauni í þúfu á Kolgrafarhól, þaðan bein stefna um þúfu á Finnheiði í Farklöpp, þaðan til landnorðurs í þúfu norðaní Finnheiði bein stefna í vörðu fyrir sunnan farbotninn sjónhending í vörðu í Rauðhólshrauni, beint í sömu stefnu í þúfu á vestri Vatnskérsbrún á Tjarnarhólum, og þaðan beint í áðurnefnda Gráhellu.

Hagbeit í Sauðholtsmýri ásamt öllu Nesinu skal framvegis, einsog að undanförnu, vera sameiginleg fyrir jarðinar Snæfoksstaði og Öndverðarnes, samt á hvor jörðin fyrir sig rjett á að slá innan sinna Landamerkja.

Þessi framaskráðu Landamerki jarðarinnar Snæfokstaða skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu
Snæfokstöðum 31. maí 1890
Jón Magnússon Þorkell Gíslason
Fyrir Norðurkot Guðrún Sigurðardottir
Fyrir Vaðnes Eggert Einarsson
Fyrir Miðengi Guðmundur Jonsson
St.Stephensen umráðamaður Klausturhóla.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi á Stóruborg 6. júní 1890. Þingl. 75a, Bókun 25a, ein 1Kr

Nº 241.
Landamerki
jarðarinnar Kiðjabergs í Grímsnesi innan Árnessýslu eru þessi:

Úr vestra Laugarásnefinu yfir austanverðan Laugarás sjónhending í Hestvatn, sem svo ræður í nyrsta Vatnshamar, úr honum bein stefna í stein uppá Skúlum, merktan 88, þaðan í þúfu á Fífugrófarholti sjónhending niður að læk, ræður svo lækur þessi mörkum í aðra þúfu við lækinn og þaðan sjónhending í Rauðkolluflóð, úr því flóði beina stefnu yfir Langholtsenda í þúfu á Markholti, úr því holti í Markakeldu, sem svo ræður merkjum alla leið fram í Hvítá, og svo Hvítá í fyrstnefnt Laugarásnefið vestra.

Landamerki þessi staðfestast sem órjúfanleg með undirskriptum ábúenda og umráðamanna kringumliggjandi jarða.

Kiðjaberg 31. maí 1890
Gunnl. Þorsteinsson.

Bjarni Ögmundsson fyrir Arnarbæli
Ágúst Helgason fyrir Gölt
Einar Einarsson vegna Hests.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Stóruborg 6. júní 1890. Þingl. 75aur Bókun 25aur ein 1 Kr

Nº 242.

Landamerki

jarðarinnar Neðra Apavatns í Grímsnesi innan Árnessýslu eru þessi:

Úr Apármynni svo lengi sem Apá ræður, fyrir norðan efra Smiðjuholt og úr áarbotninum þar beint í Stórhól og þaðan sjónhending í Þrasaborgir, úr Þrasaborgum sjónhending í „Markholt“ í þúfu á því, vestan undir nyrsta odda á Lingdalsmýrum, úr Markholti í þúfu á syðstu Lingdalshæð, þaðan sjónhending í þúfur á Melhól, mið Hoffmannahól, nyrsta Tjaldhól og beint í Morulækjarmynni, sem fellur í Stangarlæk, og ræður svo sá lækur merkjum útí Apavatn, sem svo ræður í fyrstnefnt Apármynni.

Þessi landamerki eru samþykkt af okkur ábúendum og umráðamönnum kringumliggjandi jarða og skulu vera oraskanleg um aldur og æfi.

Neðra Apavatni 2. júní 1890

Gunnl. Þorsteinsson

Fyrir Efra Apavatn. Guðmundur Guðmundsson Ingvar Sigurðsson.

Árni Guðmundson vegna Þóroddsstaða

Jónas Sigurðsson vegna Bjarkar

St. Stephensen umboðsmaður Klausturhóla og Mosfells.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi á Stóruborg 9. Júní 1890. Þingl. 75a, Bókun 25a, er ein Kr.

Nº 243.
Landamerkjabrjef
fyrir Laugarvatni í Grímsnesi.

Milli Laugarvatns og Eivindartungu ræður litla áin í sínum gamla farveg þangað til að gilið, sem er norðanundir Skógarhólnum kemur í hana, úr því gilmynni beina stefnu í vörðu á Kolhól, þaðan sjónhending rjetta í stóra steininn á Blönduhálsi; þaðan beint fram í Blönduhálsklofa, þaðan sjónhending í vörðu á Biskupsbrekku; þaðan sjónhending rjetta í Þrastarborgir, sem er hæsti hnúkurinn á sunnanverðri Lingdalsheiði; þaðan sjónhending í nyrðri Driptarendan á vestustu Driptinni, þaðan sjónhending í Hamraselshelli, sem er langt vestur á hrauni, þaðan aptur beina sjónhending í Eldborgir á Hrafnabjargahálsi, úr Eldborgum sjónhending í háan hnúk á norðan og austanverðri Hrossadalsbrún, úr nefndum hnúk aptur sjónhending fram á fjallsbrúnina, þar sem hellisskúti er efst í Markagili; síðan ræður Markagil niður að mýrinni, en úr því sjónhending niður í Hjálmstaðaá, þar sem Fuglstapaþúfa er, Hjálmstaða meigin og stenzt sú þúfa á við borgarstæðið á Lambhagaholti. Frá áður nefndri þúfu ræður Hjálmsstaðaá niður í Laugavatn.

Laugarvatni 12. maí 1890
M. Magnússon.

Framanskrifuð Landamerki samþykkjum við undirskrifaðir:
Hannes Guðmundsson eigandi að Miðfelli.
Eiríkur Grímsson ábúandi og eigandi á Gjábakka.
Eyjúlfur Magnússon ábúandi á Snorrastöðum.
Guðmundur Pálsson ábúandi á Hjálmsstöðum.
Asmundur Eiríksson ábúandi á Eivindartungu.
Þorsteinn Þorsteinsson Eigandi
Þorkell Jónsson vegna Grafar og Efra-Apavatns og Kaldárhöfða.
Gunnl. Þorsteinsson fyrir Neðra-Apavatn
Jón Sigurðsson fyrir Búrfell.
St. Stephensen umráðamaður Klausturhóla.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Stóruborg 6. júní 1890. Þingl. 75, Bókun 25, er ein Kr.

Nº 244.
Landamerkjaskrá
Þingvallakirkju-jarðarinnar Syðri-Brúar í Grímsnesi.

Land jarðarinnar Syðribrúar takmarkast:

1. Að vestanverðu af Soginu. –
2. Að norðanverðu, millum lands Efribrúar og Syðribrúar liggja landa merkin vestan úr Sogi eptir Keldulæk einum, er rennur í Sogið fyrir sunnan Ljósafoss, og ræður sá lækur upp að krók þeim, er á honum er fáum föðmum neðar, en þar, er hann greinist og hverfur í tvær keldur. Úr þessum krók á læknum ræður bein stefna austur yfir Hallinn til Draugagils; þá ræður gilið mörkum norðan við nyrðra Hallvelli til Brúar-ár gegnt Gunnlaugslækjarmynni í Svartabakka austan við ána; frá Gunnlaugslækjarmynni í Svartabakka ræður bein stefna í Dagmálagil við Búrfellsrætur og eptir því gili upp eptir fjallshlíðinni, og svo efst úr gljúfri þess beina stefnu í Vatnsás uppi á Búrfelli.
3. Að sunnanverðu við Syðrabrúarland, millum þess og Asgarðslands, og svo að austanverðu, allt frá Soginu til fjalls, eru þessi landamerki:
   Neðan frá Sogi ræður lækur sá, er fellur millum Holmavaðsmýrar og Kalfshólamýrar uppí Giljatungusporðinn, þaðan bein stefna upp yfir Há-Borgarbrún í miðja hina djúpu laut, sem liggur uppí Búrfellsfjall milli hnúka (svo nefndra Skefilfjalla, úr þeirri laut beint í Fjallsgnýpuna, og þaðan í Vatnsás uppi á Búrfellsfjalli.

Þessum landamerkjum veitum vjer undirskrifaðir samþykki vort, til þess þau standi hjeðan af, með því vjer álítum þau í alla staði sönn og rjett.

Staddir að Asgarði 30. apríl 1887
Jens Palsson benificarius Þingvallastaðarkirkju.
Sem eigandi hálfrar jarðarinnar Asgarðs: Magnús Sæmundsson
Fyrir hönd eiganda hálfrar jarðarinnar Asgarðs Margrétar Haldórsdóttur: Ólafur Guðmundsson.
Sem eigandi hálfrar jarðarinnar Efribrúar: Jón Guðmundsson
Sem eigandi ¼ hlutar jarðarinnar Efribrúar:
Hafnarfirði 8. maí 1887
Ólafur Þorvaldsson
Sem eigandi ¼ jarðarinnar Efribrúar:
Miðfelli 27. maí 1887
Pjetur Guðmundsson.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Storuborg 6. júní 1890. Þingl. 75aur Bókun 25 er ein kr.

Nº 245.
Landamerki
jarðarinnar Eyvindartungu í Grímsneshreppi eru þessi:

1. Frá Laugarvatnsvatni, til vesturs eptir gömlum farveg (Litluáar) í Litluá, þaðan eptir anni uppí gilmynnið, sem er á millum Nónhóls og Katrínarhóls. Úr gilmynninu bein stefna í vörðuna á Kolhól, þaðan sjónhending vestur í stóran stein á Markahrygg, þaðan eptir Markahrygg suður í Blönduhálsklofa.
2. Úr Blönduhálsklofum ræður Djúpá alla leið austur í Laugarvatnsvatn.

Framangreind merkjalýsing þessi er samin og skrásett til samþykkis. Síðan samþykkt og undirskrifuð af eiganda jarðarinnar Eyvindartungu og eigendum og umráðamönnum allra kringum liggjandi jarða.
Skulu Landamerki þessi vera óraskanleg um aldur og æfi.
Að Eyvindartungu 22. okt. 1889
Í umboði eiganda jarðarinnar herra Þorsteins Þorsteinssonar á Nesjum í Grafningi, undirskrifar fyrir hans hönd:
Dbrm. Þorkell Jónsson á Ormstöðum.
Þorsteinn Þorsteinsson
Ófeigur Guðbrandsson ábúandi á Útey.
Eiríkur Eyvindsson ábúandi á Útey.
Magnús Magnússon eigandi og ábúandi á Laugarvatni
Guðríður Halldórsdóttir ábúandi á Gröf.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Stóruborg 6. júní 1890. Þingl. 75aur Bókun 25aur er ein króna

Nº 246.
Landamerki
jarðarinnar Norðurkots í Grímsneshreppi innan Árnessýslu, eru þessi:

Úr Selvík í Alptavatni ræður Alptarhólagarðurinn heim að túngarðinum, svo ræður túngarðurinn til suðurs, allt á móts við þúfu þá, er stendur í móanum, utsunnanvert við túnið; úr þeirri þúfu beina stefnu í þúfu sunnan í móanum á millum túnanna, þaðan sjónhending um þúfu á Flagabakkanum fyrir norðan túnið á heimajörðinni (Öndverðarnesi) og aðra er stendur miðmýris í þúfu vestanvert við Skógarholtsflagið við svonefnda Kirkjugötu, þaðan áframhaldandandi stefna í vörðu við áðurnefnda Kirkjugötu á Skógarholti; þaðan til útnorðurs, um vörðu á Svankatóptum og aðra á Svankahrauni, beina stefnu í þúfu á Kolgrafarhól, þaðan beina stefnu um þúfu á Finnheiði í Farklöpp; þaðan sjónhending útí Reiðvík í Alptavatni, þar sem Miðlækurinn rennur í það; þaðan ræður Alptavatn til suðurs allt fram í Selvík, sem í byrjun brjefs þessa var nefnd.

Þessi framanskráðu Landamerki jarðarinnar Norðurkots skulu vera óraskanleg um aldur og æfi.

Til staðfestu
Norðurkoti 2. júní 1890
Guðmundur Vigfússon Guðrún Sigurðardóttir
Fyrir Öndverðarnes:
Fyrir Snæfoksstaði: Jón Magnússon
Fyrir Miðengi: Guðmundur Jónsson

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Stóruborg 6. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a er ein króna

№ 247.
Landamerkjabrjef
fyrir jörðinni Klausturhólum með tilheyrarndi hjáleigu.

1. Milli jarðanna Klausturhóla og Neðra-Apavatns eru þessi merki: Þrasaborgir hornmark, þaðan bein stefna í þúfu, sem er fyrir ofan austasta Lyngdalsmýraroddan, þessi þúfa er hornmark milli Klausturhóla og Bjarkar
2. Milli Klausturhóla og Bjarkar eru þessi merki: Næstnefnd þúfa og úr henni sjónhending í stóran stein (Stóri-Steinn) austarlega á Langamel, þaðan sjónhending í syðstu þúfu á Skógarholti, sem er hornmark milli jarðanna Klausturhóla, Bjarkar og Stóruborgar.
3. Milli Klausturhóla og Stóruborgar eru þessi merki: Úr áðurnefndri þúfu á Skógarholti sjónhending í Tvíbytnu í Ljósaviki, þaðan ræður Tvíbytnulækur að Engjatungulæk.
4. Milli Klausturhóla og Foss eru þessi merki: Markakelda, sem er vestri bakka Engjatungulækjar; úr Markakeldu sjónhending í Árnahreysi, sem er hornmark milli Klausturhóla, Foss og Hraunkots.
5. Milli Klausturhóla, Hraunkots og Vaðness eru þessi merki: Úr áðurnefndu Árnahreysi í Gráhellu.
6. Úr Gráhellu er bein stefna í vörðuna á Kálfshólakeri, þaðan sam bein stefna í Hæðarendalæk
7. Svo ræður Hæðarendalækur mörkum uppí Bauluvatn, úr Bauluvatni ræður Hrólfsgil upp undir miðja Nýpuhálsflöt, þá sjónhending í miðjan Nýpuhól og úr honum sama stefna í fyrstnefndar Þrasborgir.

Mosfelli 3. júní 1890
St. Stephensen.

Þessi merki samþykkjum vjer undirskrifaðir
Ábúandi Klausturhóla Guðj. Vigfússon.
Ábuandi Hæðarenda Hróbjartur Þorsteinsson
ábúandi Stóruborgar Jón Asmundsson
Jón Magnússon fyrir Snæfoksstaði
Jón Þorsteinsson vegna Foss
Gunnl. Þorsteinsson vegna Neðra Apavatns
Eggert Einarsson vegna Vaðness.
Þorkell Jónsson vegna annars eiganda.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Stóruborg 6. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a er ein króna

Nº 248.
Landamerki
jarðarinnar Stóruborgar í Grímsneshreppi Arnessýslu,
mens: jörð Staðarkirkju í Grindavík í Gullbringusýslu.

Að sunnan og austanverðu eru landamerki þessi:
Frá Héðinslækjarmynni ræður Hjeðinslækur, á móts við efri enda Hjeðinsholts, frá læknum sjónhending um „þúfu“ á austurhorni Héðinsholts, í „klöpp“ austanhallt á Eystritóttum „Ásnum“, áframhaldandi sjónhending um þúfu á Há-Oddsholti, um göturnar beina línu uppá milli túna í þúfu (vörðu) austanhallt Stórhól, norður í hornmarks þúfu á Farkjaftshæð; þaðan til vesturs bein stefna um Hlauphólaþúfu vestanvert við Bjarkargötu í hornmarksþúfu á Há-Skógarholti, þaðan beint suður Tvíbytnu, svo ræður Tvíbytnulækur til Engjalækjar, Engjalækur til Hörskuldslækjar og Höskuldslækur gagnvart áður nefndu Hjeðinslækjarmynni.

Þessi eru og hafa verið landamerki ofannefndrar jarðar Stóruborgar í Grímsnesi.

Stað 22. október 1889

umboðsm: Staðarkirkju Oddur V. Gíslason (prestur)

St. Stephensen umráðamaður Klausturhóla.

Fyrir Minni-Borg: Guðrún Sigurðardóttir

Fyrir Björk: Jónas Sigvaldason.

Fyrir Mýrarkoti: Eggert Einarsson

Fyrir Foss: Jón Þorsteinsson.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Stóruborg 6. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a er ein króna

Nº 249.

Landamerkjalysing

I umboði sameignar manna minna lýsi jeg Landamerkjum fyrir ábýlisjörð minni Bíldsfelli liggjandi í Grafningshreppi í Arnessýslu.

Mörkin milli Tungu og Bíldsfells eru í markavörðu á vatnsbakkanum í Markalag, þaðan eptir markavörðum til útsuðurs, yfir mýrarsundið, svo efri brúnina á Borgarvellinum, yfir heiðina stefna til efra enda Grænutoptarsunds, með austanverðu Mjóasundi að framan og upp yfir um miðju, og út brún þess í framanvert Útsundsgilið út með fremri jaðri þess upp yfir mitt Útsundið vestur yfir heiðina útí Markalág, út við ána framan við Seljamýrina, þar í miðja ána, eptir henni miðri í svokallað Smiðjuvað. Er þá hlíðarland tekið við úr Smiðju-vaði eptir markavörðum stefnu til norðurs eptir hlíðinni í stóra grjótvörðu á Kringlumýrarhöfðanum í stefnu eptir brúninni í stóran stein á Dælabrúnunum við Kolgrófarlágarbotn, hver steinn er hornmark millum Hlíðar,Bíldsfells og Úlfljótsvatns. Í stein þennan er högginn kross. Úr steinunum stefna til landnorðurs yfir heiðina yfir efra enda Heiðartjarnarinnar í syðri Markavörðu austur á Veiðihól, austur við Sogið, sömu stefnu útí það mitt, eptir því fyrir austan Einirhólmana austan Sakkarhólma, svo eptir því miðju fram á móts við ofanskrifaða Markalág.

Bíldsfelli 15. maí 1890

Magnús Guðmundsson.

Fyrir hönd jarðareiganda Úlfljótsvatns Guðm. Magnússon ábúandi.
Fyrir hönd jarðeiganda Hlíðar Guðmundur Jónsson, ábúandi.
Fyrir Tungu Sigurður Sigurðsson, ábúandi (handsalað).

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Úlfljótsvatni 9. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna

Nº 250.
Landamerkjabrjef
fyrir jörðinni Nesjum í Grafningi.

Fyrst milli Nesja og Nesjavalla hefjast þannig úr Sandhólnum austanvert á svonefndum Stapa við Þingvallavatn í merkjasteina norðantil á Krummahlíð, þaðan í Brúnkolluhól og svo í skarðið milli Jórutinds og Hátinds, þaðan í Dýradalshnúk, þaðan í Vörðuskeggja, svo beint norður í Sköflunga, svo í Klofningatjarnir sem er hornmark milli Heiðarbæjarlands og Nesjalands, svo sjónhending austur í vörðuna norðan til við há-Lönguhlíð; þaðan eptir jarðfallinu norðan við Þríhyrning fram á svonefnda Jórukleyf, þaðan í Miðbungumel við Þingvallavatn.
(Þrotun búnga)

Athugasemd.

Þess skal getið, að Nesjar eiga ítak til slægna í Nesjavallalandi í Botnadal og vestan megin Illagils, en Nesjavellir skógarítak í Jórukleyf frá stóra steininum norðvestan á vatnsbrekkunni, brekkuna norður að skriðu og niður að götu.

Nesjum 15. maí 1890
Þorsteinn Þorsteinsson Ófeigur Vigfússon
Sem umráðsmaður Þingvallakirkjujarðarinnar Heiðarbæjar: Jón Thorsteinsen.
Fyrir Nesjavallaland: Jóhann Grímsson, eigandi
Fyrir afrjett Grafningshrepps: Guðm. Magnússon

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Úlfljótsvatni 9. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a er ein króna

Nº 251.
Landamerki
fyrir Laugalandi:

Hornmark að vestan er Gráskjóni, þaðan ræður bein stefna í vörðu á Vikarholti, sem er annað hornmark, þaðan sjónhending í vörðu á Háhnúk, sem er hið þriðja hornmark, þaðan ræður Háhnúksgil þangað til það kemur framúr þrengslunum fyrir austan Háhnúksás, þaðan sjónhending í vörðu norðan undir Smalaskála að vestanverðu frá þeirri vörðu Smalaskálagil, sem neðar er kallað Hraktangagil, vestur í Laugalæk, þá lækurinn þangað er Glæsisgil kemur í hann, síðan Glæsisgil, og úr upptökum þess bein stefna yfir Núpagerði í Gráskjóna.

Laugum 4. júní 1885
Einar Jónsson

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir:
Grímur Einarsson bóndi á Þórarinsstöðum
Einar Jónsson eigandi að meiri hluta Lauga.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Gröf 3. júní 1890. Þingl. 75au Bókun 25au Er ein króna

№ 252.
Lýsing
á mörkum fyrir Laxárdalslandi.

Að vestan ræður Laxá. Að norðan ræður bein lína úr háfjallinu hjá Kaldbak, sem kallað er Nál og austur í Lambafell. Að austan ræður bein lína suður um vestur brún Hrútafells, og um Kragás; þaðan suður um austurbrún Hlíðarfjalls, sem kallað er Grenshlíð í Nónstein, sem stendur austan á fjallsbrúninni. Að sunnan ræður bein lína úr Nónsteini vestur í vörðubrotið fyrir ofan há-Grensás, og þaðan bein lína niður í Markalæk fyrir framan Brúngljúfur og úr því ræður lækurinn útí Laxá um Yðustein

Laxárdal 16. júní 1884
Rannveig Einarsdóttir

Framanskrifuðum mörkum á milli Hlíðar og Laxárdals er jeg samþykkur.
L. Guðmundsson.
Mörkum þessum milli Hrunakróks og Laxárdals er jeg samþykkur
Steindór Briem prestur í Hruna.
Vegna Sólheima: E. Jónsson
vegna Skáldabúða: Jónas Jonsson
vegna Horgsholts:
vegna Kallbaks:
vegna Flóa og Skeiðamannaafrjettar Jón Jónsson, Þ. Guðmundsson

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Gröf 3. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Ein króna

Nº 253.
Landamerkjaskrá
Asólfsstaða í Gnúpverjahreppi:

Fyrst ræður lækur, sem rennur í Þjórsá fyrir framan Bringu; frá lækjarupptökunum er sjónhending sunnan vert fremri Blakkdal við Þverá; svo ræður Þverá inní Hannesargljúfur; þá ræður gljúfrið meðan það nær til; þaðan er sjónhending í Grjótá um Kistu; svo ræður Grjótárgljúfur meðan það endist; svo sjónhending þaðan í mynnið á Víðigili; þaðan sjónhending í Brunaskógshæð; þaðan sjónhending í Seljatungusporð; svo ræður Hvammsá þangað til hún kemur í Sandá; svo Sandá fram í Þjórsá, svo Þjórsá fram á móts við áðurnefndan læk.

Hæli 1. marz 1890

Vegna eiganda Asólfsstaða, herra Höskuldar Jónssonar Einar Gestsson.

Framanskrifuðu erum vjer samþykkir að því er vorum löndum viðkemur:

Vegna Skriðufells: Bergur Jónsson (handsalað)

vegna Haga: Vigfús Asmundsson

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Stóra-Núpi 2. júní 1890. Þingl. 75au Bókun 25au Er ein króna

Nº 254.
Landamerkjaskrá
Fossness í Gnúpverjahreppi:

Að suðaustan ræður Þjórsá allt að Djáknasteini; þaðan sjónhending í vörðu á suðvestasta hnúknum á Hellnaholti; þaðan sjónhending í hæsta hnúkinn á Hellnaholti; þaðan sjónhending í Innri Skálhól, þaðan sjónhending í hæstu vörðu á Vörðukinn, þaðan sjónhending í Bognakarl, þaðan sjónhending í Rauðafoss vestast í Seljadal, þaðan sjónhending í Grjótármynni, svo ræður Þverá fram í Þjórsá.

Hæli 1. marz 1890

Vegna eiganda Fossness, herra Höskuldar Jónssonar Einar Gestsson.

Framanskrifuðu erum vjer samþykkir að því, er vorum löndum viðkemur:

Vegna Stóranúps og Minnanúps: Valdimar Briem.

Vegna Haga: Vigfús Asmundsson

Vegna Hamarsheiðar: Valdimar Briem (í umboði)

vegna Asa-sellands: Guðm. Þormóðsson

Vegna Flóa og Skeiðamanna afrjettar Jón Jónsson Þ. Guðmundsson.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Stóra-núpi 2. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a er ein kr.

Nº 255.
Landamerki
fyrir jörðinni Stóra-Mástungu í Gnúpverjahreppi:

1. Að sunnanverðu ræður Tungá frá því hún rennur í Kálfá, alla leið inná hinn svonefnda fremri Krók norðan við Þverbrekknagljúfur.
2. Af fremri Króknum ræður bein stefna í vörðu fremst á Kálfarfitjarfjalli, á móts við svokallað Fitjagil.
3. Frá áðurnefndri vörðu ræður bein stefna í Slakkan á Selfelli, þaðan beint í Storaskignir og frá Stóraskigni bein stefna í endan á Fossagljúfrinu, síðan ræður Langagil alla leið í Kálfá, þá Kálfá, þar til Tungá rennur í hana, eins og segir í 1. málsgrein.

Stóru Márstungu 13. sept. 1888.
Kolbeinn Eiríksson.

Ofanskrifuðum landamerkjum eru við undirskrifaðir samþykkir, sem rjettir hlutaðeigendur aðliggjandi jarða og afrjettar.
Ásum: Guðmundur Þormóðsson
Hamarsheiði: Valdimar Briem
Minni Márstungu: Eiríkur Ólafsson
Fyrir Flóamanna afrjetti: Jón Jónsson Þ. Guðmundss.
Fyrir Steinsholtshverfið: Valdimar Briem

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Stóra-núpi 2. júní 1890. Þingl. 75aur Bókun 25aur Er ein króna

Nº 256.
Landamerki
fyrir jörðinni Minni Mástungum í Gnúpverjahrepp.

1. Að sunnan ræður Langagil, þar til Fossagljúfur enda að norðan, þá bein lína í Stóraskigni, þaðan bein lína í slakkan á Selfelli og úr þeim slakka í vörðu fremst á Kálfafitjafjalli.
2. frá áður nefndri vörðu ræður bein lína í Kálfá á móts við Fitjagil, úr því ræður Kálfá alla leið þar til hið áðurnefnda Langagil rennur í hana.

Minni Márstungu 13. sept. 1888
Eiríkur Ólafsson, ábúandi
Milli Eymu og Vogsósa: Við sjó ræður Markhella; þaðan beina línu í vörðu, vestanvert við Eymuhjáleigu. Þaðan bein lína í Eymuvörðu. Þaðan bein lína í vörðuna á Vörðufelli; og þar er í mörkum hella, sem höggvið er á III. Þaðan liggja mörkin norður yfir Eymuból, austan til við Vindássel, og í Gapa á Hellholt; þaðan bein lína í Kálfahvamm, vestan í Geitafelli.
Þorkelsgerði í Selvogi, 13. maí 1890
Árni Arnason.

Landamerkjaskrá þessi samþykkist hjer með fyrir viðkomandi jarðir
Fyrir Þorkelsgerði: Eyjólfur Gíslason, Jón Eiríksson Nikulás Gíslason E. Sigfússon prestur.
Fyrir Vogsósa: E. Sigfússon.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Nesi 12. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna.

Nº 210.
[Arnarbælistorfa]

Í landamerkjabrjefi því fyrir Arnarbælistorfu, sem eg ljet þinglýsa á Kröggólfsstaðaþingi f.á., hefir af vanþekkingu minni á örnefnum til fjalla, er eg afritaði bréfið, slæðst inní sú villa, að í veiðitakmörkunum í Ölvesá, milli Arnarbælis og Hraunshverfis er nefndur: „Fremri-Meitill“ í staðin fyrir: „Eystri Meitill“, sem, eins og hlutaðeigendur munu játa, var ákveðinn sem mið til fjalla, og kom það af því, að eg af vanþekkingu áleit, að Fremri og Eystri Meitill væri eitt og hið sama.

Arnarbæli 10. júní 1890
Ísl. Gíslason.
Vegna Hraunhverfis: M. Magnússon.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Kröggólfsstöðum 10. júní 1890.

Nº 294.
Skrásetning
yfir landamerki jarðarinnar Bjarnastaði í Selvogi.

Að vestan:
Úr Þrætupytti í fjörunni bein lína í „Grástein“ og sama lína áfram uppí túngarðinn eða túngarðs[hliðið]~~brotið~~. Þar frá túngarðinum beina línu í vörðu 40 faðma í austur frá „Svarthól“. Frá þeirri vörðu bein lína í Kalfahvammsöxl við Geitafell. Alla þessa leið á Gatan land á móti Bjarnastöðum.

p.t. Bjarnastöðum þann 13. maí 1890
Fyrir hönd eigandans Jóns Jónssonar: R. Nikulásson.

Sem eigandi Götunnar er jeg samþykkur þessari merkjalýsingu Þorbjörn Guðmundsson.

Við undirskrifaðir umboðsmenn eigenda jarðarinnar Ness og Bjarnastaða í Selvogi höfum í dag komið okkur saman um landamerki milli nefndra jarða að þessu leyti: Úr „Kálfahvammi“ beina stefnu í stein rjett austan við svonefnda „Hasteina“, og höfum við falið ábúendum tjeðra jarða, að höggva stafina N og B í þennan stein. – Að öðru leyti verða landamerki milli þessara jarða að ákvarðast með landamerkjadómi.

p.t. Bjarnastöðum 19. nov. 1888.
Ísl. Gíslason
R. Nikulásson.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Nesi 12. júní 1890. Þingl. 75au Bókun 25au Er ein króna.

Nº 295.
Skrásetning
yfir landamerki jarðarinnar Götu í Selvogi:

að austan:
Úr Þrætupytti í fjörunni beina línu í „Grástein“ og sama lína áfram uppí túngarðinn eða túngarðshliðið, þar frá túngarðinum beina línu vörðu 40 faðma í austur frá Svarthól. Frá þeirri vörðu beina línu í Kálfahvammsöxl við Geitafell.
að vestan:
Við sjó ræður hella merkt með M. Þaðan bein lína í klett vestanvert við túngarðinn í Götu með M í. Þaðan í lítinn hól, austanvert við „Storaklif“, þaðan í miðjan „Gjáardal“. Þaðan um þúfuna á Gjánni. Þaðan í Svarthól. Þaðan bein lína í vestri „Kálfahvammsöxl“ á Geitafelli.
Nesi þann 13. maí 1890
Þorbjörn Guðmundsson

Fyrir hönd eiganda Bjarnasotða samþykki jeg þessa merkjalýsingu R. Nikulásson.
Fyrir Þorkelsgerði samykkist þessi landamerkjalýsing hjer með Jón Eiríksson
E. Gíslason, Nikulás Gíslason E. Sigfússon

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Nesi 12. júní 1890. Þingl. 75au Bókun 25au Er ein króna.

Nº 296.
Landamerkjaskrá
jarðarinnar Þorkelsgerðis í Selvogi í Arnessýslu, og kringum liggjandi jarða.

Landamerki milli Þorkelsgerðis og Götu eru þessi: Við sjó ræður hella, merkt með M. Þaðan bein lína í klett, vestan vert við túngarðinn í Götu, með M í. Þaðan í lítinn hól austanvert við Stóraklif. Þaðan í miðjan Gjáardal. Þaðan um Þúfuna á Gjánni. Þaðan í Svarthól. Þaðan bein lína í vestri Kálfahvammsöxl í Geitafelli. –
Landamerki milli Þorkelsgerðis og eyðijarðarinnar Eymu eru þessi: Við sjó ræður lína úr markaskerjum í stein, með M. í, sem er ofan til í kampinum. Ur þeim steini bein lína í annan stein vestan í túninu, að norðan, sem einnig er merktur M. Þaðan bein lína í Gunnustekk. Þaðan bein lína í vörðu, vestanundir Bjargarhelli. Þaðan bein lína í klöpp, austan í Strandarhæð. Þaðan í Leturhól. Þaðan bein lína í Kálfahvamm.
Þorkelsgerði í Selvogi, 13. maí 1890
Eyjólfur Gíslason Jón Eiríksson Nikulás Gíslason E. Sigfússon

Landamerkjaskrá þessi samþykkist hjer með fyrir viðkomandi jarðir:
Fyrir Tungu: Arni Arnason
Fyrir Götu: Þorbjörn Guðmundsson

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Nesi 12. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna.

Nº 297.
Landamerkjabrjef fyrir Selvogsafrjetti og Ölvesafrjetti, að innan,
en Hlíðarbæja að neðan samþykkt af undirskrifuðum

Úr Vífilfelli í Olafsskarð, þaðan beina línu biður eptir Lambafellshrauni, í vörðu, sem er norðaustan til á há-Geitafelli, úr henni beina línu í Fálkaklett.

Fyrir Selvogshrepp: Stakkavík Sæmundur Ingimundsson, Bartakoti Kristján Oddsson.

Fyrir Ölveshrepp: Hlíðarenda Jón Jónsson Vindheimum Sæmundur Eiríksson

24. september 1889

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Nesi 12. júní 1890. Þingl. 75au Bókun 25au Er ein króna.

Nº 298.
Skrá
yfir landamerki jarðarinnar Túns í Hraungerðishreppi samin í maímánuði 1890.

1. Smalaskáli, sem er hornmark milli Laugardæla, Túns og Króks; úr Smalaskála í Digralækjarvörðu, úr Digralækjarvörðu milli Arnarstaða og Túns í Gráhellu, úr Gráhellu milli Sölfholts og Túns í Hrafnaklett, úr Hrafnakletti milli Laugardælatorfunnar bein stefna í fyrnefndan Smalaskála.

Sem eigandi 2/3 parta Túns: Þ. Guðmundsson
Ábúandi Túns: Bjarni Eiríksson
Vegna Laugardælatorfunnar: Guðm. Guðmundsson.
Magnús Þorkelsson í Sölfholti.
Magnús Gamalíelssson á Arnarstöðum.
Þorkell Ögmundsson í Króki.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Hraungerði 29. maí 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna.

Nº 299.
Landamerki
jarðarinnar Sölfholts.

1. Milli Sölfholts og Smádala hornmark torfvarða fyrir vestan Bárarfjárhús og þaðan beina stefnu í Gráklett og úr honum útí Virkisþúfu í Laugardælavelli.
2. Milli Sölfholts og Laugardæla: Úr Virkisvörðu í Háaleitisþúfu og þaðan í Hrafnakletta, svo í Gráhellu, og er hjer líka Túnsland ásamt Laugardælalandi öðru megin en Sölfholts hinumegin.
3. Milli Sölfholts og Arnarstaða ~~Hroarsholts~~: Úr Gráhellu í Einbúa.
4. Milli Sölfholts og Hróarsholts: Úr Einbúa bein stefna í Torfvörðuna fyrir vestan Bárarfjárhús (Einbúinn á að bera í Sýlingarklettinn í Oddgeirshólum).

Með þessi landamerki erum við samþykk.
Sölfholti 27. maí 1890.
Magnús Þorkelsson vegna Sölfholts.
Bjarni Eiríksson vegna Túns
Vegna Laugardælatorfunnar: Guðm. Guðmundsson;
vegna Bárar: Þorvarður Magnússon;
vegna Arnarstaða: Þorbergur Helgason.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Hraungerði 29. maí 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna.

Nº 300.
Landamerki Brúnastaða.

1. Milli Brúnastaða og Oddgeirshóla: úr Grásteini við Hvítá í vörðu við Lautina, úr þeirri vörðu í Hestastein framan í Brúnastaðaholti, og úr Hestasteini í Snugguhól.
2. Milli Brúnastaða og Ölvaðholts: Úr Snugguhól í Markhól.
3. Milli Brúnastaða og Hryggjar: úr Markhól í Skigni, og þaðan í Syðri Markastein.
4. Milli Brúnastaða og Hjálmholts: úr Syðri-Markasteini í Skagahrauni í Nyrðri-Markastein og þaðan til landnorðurs beina línu í Sandskörð á Brúnastaðaflötum. Hjer að auki eiga Brúnastaðir 1/3 – þriðjung – af eynni, sem liggur í Hvítá milli Oddgeirshóla og Brúnastaða.

Laugum 24. maí 1890
Jón Einarsson

Ofanskrifuð landamerki samþykkja undirskrifaðir nágrannar:
Vegna Hjálmholts: Ólafur Þormóðsson
vegna Oddgeirshóla: Oddur Ögmundsson
vegna Hryggs: Sigurður Jónsson
vegna Ölvaðholts: Bjarni Bjarnason Vernharður Kristjánsson

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Hraungerði 29. maí 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna.

Nº 301.

Þessi eru landamerki Laugardælatorfunnar:

Milli Armóts stóra og Laugardæla:
Úr endanum á landamerkjagarðinum milli Minna Armóts og Stóru Armóts þar sem hann er fullhlaðin upp beina stefnu í Hrossatangataglið. Milli Minna Armóts, Halakots og Langholts, úr nefndum gaðsenda í vörðu á hinum flata grjóthól fyrir ofan Rimakot, þaðan í vörðu skamt fyrir norðan krikjuveginn frá Minna Armóti, þaðan í Smalaskála.
Milli Túns og Laugardæla:
Úr Smalaskála sjónhending í Hrafnakletta.
Milli Sölvaholts, Smjördalatorfunnar og Selfoss:
Úr Hrafnaklettum beina línu í Háaleyti, þaðan beina línu í Strokkhól hinn austasta, sem sumir kalla Virkisvörðu, og svo þaðan aptur beina leið til mynnisins á Fosslæk.
Frá Hrossatangatagli til Fosslækjar ræður Ölvesá.
Einnig heyra undir torfuna varpeyjar 2 í ánni.
Þessum landamerkjum samþykkur
Laugardælum 27. maí 1890
Guðm. Guðmundsson jarðeigandi.

Vegna Stóra-Armóts: Jón Eiríksson
vegna Túns: Bjarni Eiríksson
vegna Smjördalatorfunnar: Þ. Jónsson
vegna Sölvaholts: Magnús Þorkelsson Þorbjörg Vigfúsdóttir (handsalað)
vegna Selfoss: Gunnar Einarsson Arinbjörn Þórarinsson.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Hraungerði 29. maí 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna.

№ 302.
Landamerki
fyrir Jörðinni Bár. Maí 3. 1889.

Fyrst úr Hróarsholtslæk, milli jarðanna Hróarsholts og Bárar beina stefnu útað Sölfholtslandi að Bárarborg, á að bera í Skútu milli Bárar og Hroarholtsjarða, þar til að Einbúinnn ber í Sýlingarklettinn vestast í Oddgeirshólaklettum, svo er bein stefna undan honum milli Barar og Sölfholtslanda suður í vörðu þá, sem er fyrir vestan Bárarfjárhús, svo er sama stefna móts við jörðina Smádali suður í vörðu þá, er stendur á Alptardælarbakka (sem er hornmark), svo er bein stefna úr þeirri vörðu austur í Hróarsholtslæk, að sjá í Markhól fyrir austan lækinn, sem er hornmark og er móts við jarðirnar Meðalholtahjáleigu og Miðmeðalholt að framanverðu; svo upp eptir miðju Lækjarstykki milli Stokka fyrst á móti Króki svo á móti Flögu, svo á móti Kambi, allra þessara jarða milli, og svo uppað Hróarsholtslandi aptur.

Sem eigandi að Meðalholtahjáleigu er jeg samþykkur: Þ. Guðmundsson

Þ. Jónsson S. Guðlaugsson M. Þorkelsson

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Hraungerði 29. maí 1890. Þingl. 75au Bókun 25au Er ein króna.

№ 303.
Skrá
yfir landamerki jarðarinnar Jórvíkur í Sandvíkurhreppi í Arnessýslu
samin í maí 1890.

1. Hornmark Kerhóll á milli Bjarkar og Jórvíkur og Selfoss, úr Kerhól í Alptaflóðsvörðu, úr Alptaflóðsvörðu í Gölt, úr Gölt í Markavörðu, sem stendur á milli Byggðarhorns og Jórvíkur; úr Markavörðu í Lómhól, úr Lómhól í Þrívörður, úr Þrívörðum í Virkisvörðu í Markhól, úr Markhól í fyrnefndan Kerhól.

Guðmundur Einarsson Guðmundur Hannesson (ábúendur Jórvíkur)

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir vegna Votmúla.
Þ. Guðmundsson Lafranz Bjarnason.
Vegna Byggðarhorns: Gunnar Bjarnason
vegna Geirakots: Þ. Guðmundsson
vegna Selfoss: Arnbjörn Þorarinsson, Gunnar Einarsson

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Sandvík 27. maí 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna.

Nº 304.
Landamerkjabrjef
fyrir Selfosslandi.

1. Milli Selfoss og Laugardæla[landa]: er hornmark að austan Virkisvarða, og þegar Virkisvarða ber rjett í þúfu eða vörðu á Háaleiti í Sölfholtsholtum, þá á að halda þeirri stefnu úr að mynninu á Fosslæk við Ölvesá.
2. Milli Selfoss og Smádalatorfulanda: er áður nefnd Virkisvarða hornmark, og frá henni er tekin bein stefna útí Gráhellu sem er norðanvert við Votmúlastekk.
3. Mill Selfoss og Votmúlajarða ræður ofan nefnd Gráhella, og frá henni er tekin bein stefna útí Kerhól, sem er hornmark að sunnanverðu; þessi fyrnefndi hóll er hafður fyrir hornmark á Selfoss-, Votmúla-, Jórvíkur- og Bjarkar-löndum, og frá honum er tekin bein stefna útí Ölvesá svoleiðis, að varða, sem nefnd er Fossvarða á að bera í kletta, sem eru á fjárhústúnum á Þórustöðum í Ölvesi.

Selfossi dag 21. maí 1890
Þetta erum við undirskrifaðir samþykkir
Arnbjörn Þórarinsson Gunnar Einarsson Jón Sveinbjörnsson.
Vegna Votmúla: Þ. Guðmundsson L. Bjarnason
Vegna Laugardælatorfunnar: Guðm. Guðmundsson

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Sandvík 27. maí 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna.

Nº 305.
Landamerki
Smjördalatorfunnar eru þessi:

Frá Digruvörðu er tekin stefna í Gráhellu, sem stendur (fyrir) norðan Votmúlastekk; þaðan í Virkisvörðu þaðan í Gráklett, sem er (fyrir) norðan Smjördalastekk; þaðan í nornmark, vörðuna, sem stendur (fyrir) utan Bárarfjárhús, en hún er þar rjett sett, sem Einbúann ber í Sílingarklettinn norðan Oddgeirshóla, og Virkisvörðu í Grímsklett í Ölvesi. Frá hornmarksvörðunni ræður sjónhending í Kjálkaþúfu (Klofaþúfu); þaðan í Digruvörðu, sem áður er nefnd.

Staddur að Smjördölum 16. júní 1887
fyrir hönd eigandans: Jón Jónsson.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir
Arnbjörn Þórarinsson vegna Selfoss
Gunnar Einarsson vegna Selfoss.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Sandvík 27. maí 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna.

Nº 306.
Landamerki
Hæringsstaðatorfunnar eru:

úr Einstig sjónhending í Klofaþúfu (Kjálkaþúfu); frá henni ber Votmúlabæinn framaní há-Skútafell, og Uppsalabæinn vestanvert í Búrfelli; frá Klofaþúfu sjónhending í Digruvörðu, en hana ber þá í há Selvogsheiði, frá Digruvörðu sjónhending til útsuðurs í Nýjuvörðu, sem stendur skammt fyrir ofan „Gölt“, ber þá Digruvörðu um bæjarhlaðið í Bár, frá Nýju-vörðu sjónhending í hólinn, sem er fyrir ofan og norðan Holtssel og kallaður er Kúahóll (Minnaholtssel), frá honum ræður sama stefna fyrir framan Vöðlalækinn í þann hól, sem nefndur er Vöðlahóll, (Kúfhóll) frá honum sjónhending í Skarðið á Ormstjörn, úr Skarðinu sjónhending í vörðu á Laskakækjarbakkanum, og er hún í beinni stefnu úr Ormstjarnarskarðinu á Baugstaði, frá vörðunni er Laskalækurinn látinn ráða allt fram að vörðu, sem stendur á rimabarði austan lækjarins, frá henni ræður sjónhending í Blástursgrófarvörðu, en frá henni sjónhending í þúfu í Brúnunum og aptur frá henni sjónhending þar að læknum fyrir ofan Arnarhólsvað, sem tjeða þúfu ber rjett í Leiðólfsstaði, þar frá læknum á líka Lölukot að bera sunnanvert við Skálafell, og bæinn Holt á norðurhorn Hengilsins. Síðan ræður Stórilækurinn allt upp að Einstíg, sem áður var nefndur. –

Hæringsstöðum sumarið 1890
Einar Jónsson

Magnús Gunnarsson vegna Hæringsstaða
Magnús Hannesson vegna Hóla
Þorkell Jónsson vegna Hóla
Jón Sveinbjörnsson vegna Smjördala og Holts.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi á Eyrarbakka 16. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna.

Nº 307.
Útdráttur úr jarðabók Árna Magnússonar.
J.S. 47 bls. 79.

Stokkseyri.
Skógarhögg á jörden í takmörkuðu plátse í Búrfelle fyrer ofan Eistre Hrepp, sem kallast Stockseiringur. Var þar áður nægur skógur til Kolgiörðar og nockur til raftviðar, er nú nærre giöreiddur, síðan Hekla brann síðast, og spillte honum, brúkast því sialdan.

Að þetta sje rjett ritað og útdregið úr jarðabók Arna Magnússonar í landabókasafninu votta:
Reykjavík 1. júní 1890
Vald. Asmundarson, ritstjóri
Richard Torfason, cand.theol.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi á Eyrarbakka 16. júní 1890. Þingl. 75au Bókun 25au Er ein króna.

№ 308.
Landamerki
yfir Brattholtstorfu:

Úr Brattholtsvatni ræður kelda, sem liggur til landnorðurs þangað til Brúnkolludrag ber í markavörðu í Markarima, og liggur sú lína nærfellt til útnorðurs út að Breiðamýrarholtslæk, og er þar markaþúfa á lækjarbakkanum á milli Brattholts og Topta; aptur til útsuðurs úr Brattholtsvatni ræður Seigludrag framí Neslæk, sem ræður mörkum fram að Kirkjubrú, frá henni bein lína útí markalæk, sem skilur Brattholts og Kotleysu engjar og ræður sú stefna útí Andartjarnir og heilt af út að Stokkseyrarlandi þangað til Kotleysu ber í markavörðu framá sjávarbakka, og liggur sú lína uppí Brandhól, frá honum uppí Ivarshól, frá hinum ræður sjónhending fram á Breiðumýrarholtslæk og er varða upp af Brandsborg í línunni, sem á að bera í Tóptastekk, þegar staðið er á Ivarshóli.

Brattsholti þann 14. júní 1890.

Þórður Pálsson eigandi og ábúandi.

Sem umboðsmaður Keldnakots eigandans: Þ. Guðmundsson

Vegna Stokkseyrarinnar: Grímur Gíslason

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi á Eyrarbakka 16. júní 1890. Þingl. 75au Bókun 25au Er ein króna.

Nº 309.
Skrásetning
yfir landamerki jarðarinnar Topta í Stokkseyrarhreppi.

Að vestan verðu eru mörkin eins og þau eru ákveðin í gjörðardómi frá 7. júlí 1888, sem hjer með fylgir.
En frá Ivarshól, sem er norðasta hornmark við Toptaland, liggja mörkin til landsuðurs beina línu í „Tóptaskigni“ og somu línu áfram í lítinn flóðkýr, sem þar er í „Leiðolfsstaðakeldu“. Flóðkýllinn er hornmark, því úr því ræður Leiðólfsstaðakelda mörkum framí Leiðólfsstaðavatn. Svo fra keldunni sjónhending yfir vatnið að „Tóptahlöðunni“. Frá Tóptahlöðum vestur að Brattholtsvatni, bein lína að stefa á „Seigludrag“ sem er hinumegin við vatnið. En úr Brattholtsvatni ræður Neskeldan, eins og tilgreint er í áminnstri, meðfylgjandi Gjörð frá 7. júlí 1888 og eru þar tilgreind landamerkin að vestanverðu, allt uppí fyrnefndan „Ivarshól“.

Litlu Háeyri þann 29. maí 1890.
Jón Sveinbjörnsson

Fyrir Holt og Breiðumyrarholt eru samþykkir: Jón Sveinbjörnsson Jóhann Þorkelsson.
Fyrir Leiðólfsstaði samþykkir: Bjarni Einarsson.
Fyrir Traðarholt samþykkir: Þórður Þorvarðsson (handsalað) Jón Sveinbjörnsson.

Ágreining þann, sem verið hefir millum okkar undirskrifaðra, um landamerki milli eignarjarða okkar, Brattholts og Tópta innan Stokkseyrarhrepps, höfum við orðið ásáttir um að leggja í 5 manna gjörð og kosið til þess: Söðlasmið Gissur Bjarnason á Litla hrauni, kaupmann Guðmund Ísleifsson á Stóru háeyri og bændurna Runólf Nikulásson á Ranakoti, Benedikt Benediktsson á Vestra-Iragerði og Júníus Pálsson á Syðra Seli. Felum við þessum mönnum að gjöra gjörð þessa hlutdrægnislaust, eptir beztu þekkingu og þannig sem þeir ætla, að dómur mundi falla í málinu, ef það væri lagt undir merkjadóm; en skuldbindum okkur og eptirmenn okkar til að hvíla við gjörð þeirra eins og órjúfanlegan dóm, og þau landamerki, sem í henni verða ákveðin skulu haldast um aldur og æfi.

Þessu til staðfestu ritum við hjer undir nöfn okkar, í viðurvist tilkvaddra votta:
p.t. Brattholti þann 20. júní 1888.
Jón Sveinbjörnsson Þórður Palsson (handsalaði)

Vottar: Einar Jónsson Einar Gíslason.

Árið 1888 þann 7. júlímánaðar komum við allir ofantaldir gjörðarmenn saman að Stokkseyri, eptir það fleirum sinnum að hafa komið á þrætustaðinn og kynnt oss vandlega landsháttu og land það, sem ofanritaðir jarðaeigendur og málsaðilar kalla sjer, hvor í sínu lagi, samt ítarlega

yfirvegað vitnisburði þá, sem fram eru komnir um hin umþrættu landamerki. Varð það sameiginlegt álit okkar, sem urðum í meirihluta og hjer undirritum nöfn vor, að kveða upp svolátandi

Gjörð:

Landamerki milli jarðanna Brattholts og Tópta, skulu vera hin sömu, sem þau að fornu hafa verið, nefnil: Frá Brattholtsvatni að austnorðanverðu ræður „Neskeldan", sem er örstutt uppí „Hellisflóðið", svo frá því sem Neskeldan fer úr flóðinu, beint í aðalrásina þar sem „Borgarholtskelda" kemur í flóðið. Ræður svo nefnd Borgarholtskelda upp og austur, upp fyrir fyrir fremsta flóðkýlinn, sem er í keldunni. Ber þá „Ivarshól" um „Brúnkollu" eða „Skæluskarð", og er þar hornmark við flóðkýlinn. Þaðan ræður sjónhending beina línu yfir Brúnkolluskarð uppí „Ívarshól" á Breiðumýri og liggur sú stefna nokkuð vestar en í há-norður. Frá flóðkýlnum í „Borgarholtskeldu" gegnum „Skæluskarð" eða „Brúnkollaskarð" og alla leið uppí Ivarshól eiga merkin að gerast glögg, samkvæmt landamerkjalögum. 17. marz 1882.

Þessa gjörð staðfestum við með undirskriptum okkar:

p.t. Stokkseyri þann 7. júlí 1888.

Guðm. Ísleifsson. R. Nikulásson. G. Bjarnason.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi á Eyrarbakka 16. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna.

Nº 310.
Skrá
yfir landamerki kringum lönd Miðmeðalholta og Meðalholtahjáleigu
við nærliggjandi jarðir.

Þar sem Einstígur fellur úr Hróarsholtslæk beina línu á Digruvörðu útá Kaplatanga við Oddagarðakeldu, svo ræður Oddagarða kelda uppí Alptadæl beina línu austur í Markhól, sem er hornmark milli Hróarsholts og Súluholtstorfanna og Austur-meðalholta, svo úr Markhól beina línu milli Austur og Miðmeðalholta um Markarima beint í Hróarsholtslæk; svo ræður lækurinn uppað áðurnefndum Einstig

Meðalholt og Meðalholtahjáleiga 12. júní 1890.
Ábúendur jarðanna: Þorvarður Jónsson Magnús Brynjólfsson

Þeir sem mæstir búa:
Halldór Björnsson vegna Hróarsholtstorfunnar
Vegna Súluholtstorfunnar: Ingimundur Jóhannsson
vegna Bárar: Þorvarður Magnússon.

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi að Gaulverjabæ 17. júní 1890. Þingl. 75a Bókun 25a Er ein króna. Sjá nr. 338.

Nº 331.
Landamerkjabrjef jarðarinnar Tungu í Grafningshreppi í Arnessýslu.

Byrjar í vörðu við Sogið í svokallaðri Markalág þaðan stefnu til vesturs í vörðu við Þröngasundsmynnið, begist þar stefnan lítið eitt til norðurs og liggur svo beint í ána við fremra Seljamýrarhornið, og þaðan stefnu yfir svokallaða Tungu í Geithamragil við efri enda á svokölluðum Fúlakrók, þar sem gatan liggur ofaní gilið milli Hlíðar og Stóraháls. Svo ræður Geithamragilsáin niður undir svörtu bakka, þar kemur önnur á að utan sem rennur þar í hina við áðurnefnda Svörtubakka og ráða svo landamerkjum báðar árnar í sameiningu alla leið milli Litlaháls og Tungu og Torfastaða og Tungu alla leið austur í Sog og svo ræður Sogið upp í áðurnefnda markalág.

Garðhúsum 11. maí 1890
Einar Jónsson eigandi að Tungu í Grafningi.

Fyrir jörðina Bíldsfell er jeg hjer að framanskrifuðu samþykkur Magnús Guðmundsson
Guðmundur Loptsson Torfastöðum
Sveinn Arnfinnsson Torfastöðum
Guðmundur Jónsson Hlíð

[á spássíu] Á að þinglýsast 1891. Borgun: Þingl. 75a. bókun 25a.

Nr. 332.
Landamerkjaskrá.

Þessi eru landamerki Þingvallakirkjujarðarinnar Kárastaða, þau er jeg veit sönnust og rjettust.

1. Þingvallavatn liggur fyrir Kárastaðalandi að sunnanverðu.
2. Landamerki milli Kárastaða og Brúsastaða eru þessi: Rjúpnagarðurinn skilur löndin fyrir neðan Almannagjá, millum hennar og Þingvallavatns; síðan ræður Almannagjá norður að Nónþúfu; Þaðan bein stefna í miðjan Stórhöfðann, úr honum bein stefna í Markagilið, úr Markagilinu bein stefna í Markagilsbotnana og úr þeim í Hákjöl.
3. Landmerki milli Kárastaða og Skálabrekku: Bein stefna frá Þingvallavatni austanvert við Grjótnestána í vestari þúfuna í Grjótnesgjánum, í stein við þúfuna eru klappaðir stafirnir L.M.; þaðan bein stefna í Nónmelinn, úr honum í vörðu á Ytra-Hlíðarhorni og þaðan ræður bein stefna í fremri enda Markatjarnar hinnar eystri.
4. Landamerki milli Kárastaða og Selkotslands eru þessi: Úr norðurenda Eystri-Markatjarnar yfir Jakobssund til Kjálkaár, sem ræður mörkum til upptaka, og frá þeim bein stefna í Há-kjöl.

Þingvöllum 2. Sept. 1890.
Jón Thorstensen
Framanskrifuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir:
Björn Ólafsson Skálabrekku.

Lesið á manntalsþingi að Þingvöllum 2. júním. 1892 og ritað í landamerkjabók Árnessýslu nr. 332, bls. 340-341.
Sigurður Ólafsson.

Gjald:
Þinglestur 0.75
bókun 0.25
= 1.00
– Ein króna –
Borgað
Sigurður Ólafsson

Nr. 333.
Landamerkjaskrá
Þingvallakirkjujarðarinnar Brúsastaða.

1. Landamerki milli Brúsastaða og Þingvalla eru: Öxará neðan frá Þingvallavatni allt upp að Búrfellsgili, þá Búrfellsgil til upptaka sinna, þaðan bein stefna í Há-kjöl.
2. Landamerki milli Brúsastaða og Kárastaða eru: Rjúpnagarðurinn milli Þingvallavatns og Allmannagjár, Almannagjá norður að Nónþúfu, þaðan bein stefna í miðjan Stórhöfðann, úr honum bein stefna í Markagilið, úr Markagili í Markagilsbotna, og úr þeim í Há-kjöl.
3. Þingvallavatn takmarkar Brúsastaðaland að sunnan.

Ítök:
Í Brúsastaðalandi eiga Þingvellir rjett til beitar í þinginu móts við Þingvallabæ og í Almannagjá, og til slægna í Hestagjá; en þar í móti eiga Brúsastaðir torfristu í Brúsastaðamýri og vetrarbeit í Brúsastaðabrekkum. Þingvallakirkja á alla urriðaveiði í Öxará.
Þingvöllum 1. septbr. 1890
Jón Thorstensen.

Lesið á manntalsþingi að Þingvöllum 2. júním. 1891 og ritað í landamerkjabók Árnessýslu nr. 333, bls. 342.
Sigurður Ólafsson.

Gjald:
Þinglýsing 0.75
bókun 0.25
= 1.00
– Ein króna –
Borgað
Sigurður Ólafsson.

Nr. 334.
Landamerkjaskrá
Strandarkirkjueignarinnar í Selvogi, og kringum liggjandi jarða.
(Lög. 17. Marz 1882)

Að vestanverðu eru landamerki þessi:
bein stefna úr Breiðabás (= Helli samkvæmt máldögum), sem er fjöruvik nokkurt, ekki allskammt fyrir austan Herdýsarvík, með litlum hellisskúta í hrauninu fyrir ofan, í Kóngsfell, sem er gömul, en ekki há, grámosavaxin eldborg, umhverfis aflangan djúpan gíg, til hægri handar við þjóðveg úr Selvogi til Hafnarfjarðar, góðan spöl fyrir austan Kerlingarskarð, nálægt veginum.

Ítök kikjunnar í annars landi eru:

a) kirkjan á tvo þriðjunga (= 2/3) alls hvalreka fyrir Herdýsarvíkurlandi, frá Breiðabás (= Helli), að Seljabótarnefi; en einn þriði (= 1/3) er eign Krýsuvíkurkirkju.
b) Ítak, sem annar á í Strandarkirkjulandi, er: einn fjórði (= 1/4) af öllum hvalreka, sem tilheyrir Krýsuvíkurkirkju. –

Að austanverðu eru landamerki milli Strandarlands og Eymu þessi: Við sjó ræður markhella: M. Þaðan bein lína í vörðu, vestanvert við Eymuhjáleigu. Þaðan bein lína í Eymuvörðu. Þaðan bein lína í vörðuna á Vörðufelli; og þar er mörkum hella, sem höggvið er á M. Þaðan liggja mörkin norður yfir Eymuból, austan til við Vindássel, og í Gapa í Hellholt. Þaðan bein lína í Kálfahvamm, vestan í Geitafelli.

Vogsósum, 4. September 1890.

E. Sigfússon

Landamerkjaskrá þessi samþykkist hjer með af hlutaðeigendum.

Fyrir Krýsuvíkurkirkju: Gíslason.

Fyrir eyðijörðina Eymu: Á. Árnason.

Lesið á manntalsþingi að Nesi 5. júním. 1891 og ritað í landamerkjabók Árnessýslu nr. 334, bls. 343-4.
Sigurður Ólafsson

Gjald:
Þinglýsing 0.75
bókun 0.25
= 1.00
– Ein króna –
Borgað. Sigurður Ólafsson.

Nr 335.

Vjer undirskrifaðir Bjarni Grímsson Jón Jónasson og Ólafur Árnason lýsum því hjer með yfir, að landamerki jarðarinnar Kaðlastaða niður á bakkanum að austanverðu eru sem hjer segir: Austan við Kaðlastaðatúnið ræður túngarðurinn, sem þar er frá Löngudæl niður að veginum og þaðan beina sjónhending í samskeytin á vesturenda Sandferilssjógarðsins og austurenda sjógarðs þess er við höfum látið gjöra þar nú í vetur af Jóni sál í Unhól og fleirum. – Vestan við þegar nefnda landamerkjalínu eru nú sem stendur kál- eða matjurtagarðar tómthúsmanna sem búa í landi jarðarinnar Grímsfjósa ca. 23 metra til vesturs inná landi jarðarinnar Kaðlastaða, og skal afgjald þessara jarða talið helfingur (sic) af tómthúsgjaldinu meðan núverandi tómthússamenn hafa þessa garða, sem hjer um ræðir og þeim ekki verður sagt upp vegna eldri byggingar en hvað eptir að garðar þessir losna ræður ólafur Árnason yfir þeim að hálfu og Bjarni Grímsson og Jón Jónsson að hálfu eins og öðru landi jarðarinnar Kaðlastaða.

Til samþykkis undriskrifa málspartar.

Stokkseyri 3. febr. 1910

Ólafur Árnason

Bjarni Grímsson

Jón Jónasson.

[á spássíu] Fyrirfram innritað 7. nóv. 1914 til þinglýsingar í Stokkseyrarhreppi 1915.
Gjald: Þinglýsing. Kr. 2.00 – tvær krónur

Nr. 336.

Að gefnu tilefni lýsi jeg hjermað yfir því, að við áreið á landamerki jarðanna Kaldaðarnes og Stóru-Háeyrar, sem fram fór áður en merkjalýsing jarðanna var skrásett samkvæmt ákvæðum 3. greinar landamerkjalaganna 17. marz 1882, varð það, að því er jeg veit sannast, að samkomulagi milli umráðamanns Kaldaðarness og eiganda Stóru-Háeyrar, að land það, sem í jarðabókinni 1861 er talið vera þrætuland milli nefndra jarða, og metið er til dýrleika 3.1$^{hndr}$, skyldi framvegis að öllu leyti fylgja Stóru-Háeyri. Mjer er og kunnugt um, að ábúandi Stóru-Háeyrar hefur um mörg undanfarin ár, að minnsta kosti síðan árið 1890, greitt lögboðin ábúðarskatt til landssjóðs af landi þessu.

Kaldaðarnesi, 29. nóvember 1916.

Sigurður Ólafsson

[á spássíu] Fyrirfr. innritað 5. janúar 1917 til þinglýsingar í Eyrarbakkahreppi 1915. Gjald: þingl. Kr. 2.00 – tvær krónur –
Borgað

Nr 337.

Ár 1920, hinn 12. maí áttu hreppsnefndir Grímsnes og Laugardalshreppa fund með sér til að koma sér niður á skiftingu afrétta milli hreppanna breytingu á réttahöldum og fl. Á fundinum voru mættir allir hreppsnefndarmenn Grímsneshr. og 2 úr hreppsnefnd Laugardalshrepps, Jóhann Ólafsson gat ekki mætt vegna forfalla; fundarstjóri var kosinn Magnús Jónsson Klausturhólum og var þar:

1. Lesin upp fundargerð frá 20. Ág. f.á. er haldinn var að Laugarvatni til ráðagerðar um afréttarmál framvegis, samkvæmt þeirri fundarsamþykkt er þessi fundur haldinn.
2. Eftir nokkrar umræður kom nefndarmönnum saman um að skifta Afréttinum að fullu og öllu þannig milli hreppanna: Kálfstindar ráða inn að Skífilfjallahorni, þaðan sjónhending um Skjaldbreið í Laugafell, þaðan í svartan hnjúk vestan í Langjökli inn af Jökulkróknum.
3. Samkomulag varð um að Grímsnesingar hirtu fé Langdæla úr fyrstu réttum í Borgarfjarðarsýslu: Oddstaðarétt, Rauðsgilsrétt, Eyjarétt, Brekkurétt og gildir sá samningur um 10 ára leit fyrir það fyrsta. Aftur lofa Laugdælir Grímsnesingum að hirða fé þeirra úr Biskupstungnaréttum öllum jafnlangan tíma, þó með því skilyrði að mega reka það með sínu fé út í Laugardal, alla aðra millirekstra og fjarskil annist hl. hr. sjálfir.
4. Laugdælir haldi við dilk fyrir sig í Hólarétt en Grímsnesingar í Laugardalsrétt.
5. Hreppsnefndarmenn Laugardalshrepps leggja ríka áherzlu á að Grímsnesingar reki allt sitt sauðfé, sem til afréttar á að fara, svo fljótt sem hreppsnefnd telur það fært að vorinu enda hafi hún alla umsjón með rekstrinum, svo sem að ráða rekstrarforingja og annað er að þessu lítur.
   Sýslunefndarmönnum hreppanna var falið að sjá um að ákvæði þessu viðvíkjandi komist inn í fjallskilareglugerð vestan Hvítár.
6. Hvor hreppur er skyldur til að sjá um refaveiðar í sínu landi á sinn kostnað, sömuleiðis hefur hvor hreppur andvirði óskilafjár í sínum réttum.
7. Barmarétt fellur niður en aðalrétt Laugdæla verður framvegis á Laugarvatni.

Fundi slitið.

Magnús Jónsson Páll Guðmundsson Gunnl. Þorsteinsson Böðvar Magnússon Magnús Þorkelsson Guðl. Þorðarson Ásmundur Eiríksson.

[á spássíu] Innfært 21/2 1922. Gjald: 1 – ein – kr. Þingl. að Minniborg 27/6 1922. MT.

Nr. 338.

Við undirritaðir eigendur og ábúendur á Mið-Meðalholtum og Meðalholtahjáleigu lýsum því hér með yfir í viðurvist tveggja votta að við erum samþykkir landamerkjum milli Hæringsstaðatorfunnar og nefndra jarðeigna okkar, þeim sem tilgreind eru í landamerkjabréfi útgefnu 1890, þinglesnu á manntalsþingi á Eyrarbakka 16. júní sama ár.

(sjá 306 og 310)

Meðalholtahjáleigu 4. maí 1927.
Þorvarður Jónsson fyrir Meðalholtin
Ívar Helgason Vestur-meðalholt.

Vitundavottar
Gísli Pálsson
Kristinn Ögmundsson

Nr. 339.
Yfirlýsing.

Hér með lýsum við undirritaðir yfir því, að austurmerki landspildunnar „Njarðar“ á Stokkseyri eru – frá deginum í dag að telja – milli þjóðvegar og sjóvarnargarðs um girðingu móts við hesthús á Kaðlastaðatúni, suður við þjóðveginn. Til nánari glöggvunar er tekið fram, að austan við téða merkjagirðingu tekur við svonefndur „Kvenfélagsgarður“.

Til staðfestu eru undirrituð nöfn okkar f.h. Kaðlastaða og „Njarðar“.

Stokkseyri 1. sept. 1945.

Katrín Kristinsdóttir eig. ½ Kaðlastaða.

Vegna „Njarðar“ Hjálmtýr Sigurðsson.

F.h. ríkissjóðs sem eig. ½ Kaðlastaða Magnús Gíslason.

Innf. 4/9 1945.

Nr. 340.
Landamerki
fyrir landi jarðarinnar Jötu í Hrunamannahreppi.

Úr vörðu á Háhnúk ræður mörkum bein stefna í vörðu á Vikarholti, þaðan sjónhending í vörðu framan við Steinboga og úr þeirri vörðu bein stefna í vörðu á svonefndum Dalholtum. Þaðan sjónhending í vörðu á Hábrún og úr þeirri vörðu beint í vörðu við Litlu-Laxá innarlega á Fagradal.

Þá ræður Litla-Laxá mörkum niður að svonefndum Blálækjum. Þaðan sem Blálækir falla í Litlu-Laxá, ræður sjónhending í áðurnefnda vörðu á Háhnúk.

Samið eftir landamerkjabréfum nærliggjandi jarða og samþykkt af undirrituðum ábúendum þeirra.

Í maímánuði 1949.

Guðjón Helgason, eigandi Jötu.

Matthías Jónsson, Fossi.

Þorsteinn Loftsson, Haukholtum.

Magnús Loftsson, Haukholtum.

Jón Bjarnason, Skipholti.

Marel Jónsson, Laugum.

Eiríkur Jónsson, Berghyl.

[Nokkur laus blöð aftan við bókina]:

Landamerki

fyrir landi jarðarinnar Jötu í Hrunamannahreppi.

Úr vörðu á Háhnúk ræður mörkum bein stefna í vörðu á Vikarholti, þaðan sjónhending í vörðu framan við Steinboga og úr þeirri vörðu bein stefna í vörðu á svonefndum Dalholtum. Þaðan sjónhending í vörðu á Hábrún og úr þeirri vörðu beint í vörðu við Litlu_Laxá, innarlega á Fagradal.

Þá ræður Litla-Laxá mörkum að svonefndum Blálækjum.

Þaðan sem Blálækir falla í Litlu-Laxá, ræður sjónhending í áðurnefnda vörðu á Háhnúk.

Samið eftir landamerkjabrjefum nærliggjandi jarða og samþykkt af undirrituðum ábúendum þeirra.

Í maímánuði 1949.

Guðjón Helgason, eigandi Jötu
Matthías Jónsson Fossi
Þorsteinn Loftsson Haukholtum
Magnús Loftsson Haukholtum
Jón Bjarnason Skipholti
Marel Jónsson Laugum
Eiríkur Jónsson Berghyl

[- - -]

Hjer með vil jeg biðja yður herra sýslumaður að gefa mjer, og helst, sem fyrst, afrit af landamerkjum þeim, sem þjer finnið snertandi Gaulverjabæjartorfuna.

Það má heita að ágreiningur sje allt í kring. Sjerstaklega eru það þó að ofanverðu gagnvart Efravelli. Sjá meðlagt brjef, og svo þykist jeg, samkvæmt máldaga er jeg hef um Bæjartorfuna d.s. 26. mai, 1885, ekki mega samþykkja landamerki þau sem haldin hafa verið milli Bæjar og Loptsstaða hjá Nauthól. Þar er um sljett gott slægjuland að ræða. Máldagi sá, sem jeg hef er hvorki undirskrifaður af Loptstaðamönnum nje þinglesinn, og því ekki að treysta.

Jeg hef skrifað Hannesi Þorsteinssyni skjalaverði, en hann fynnur ekkert viðkomandi Gaulverjabæjartorfunni. En máldaga um Stokkseyrarkirkjujarðir hef jeg frá honum. Það er Nr. 94 dagsettur 3. okt. 1884, þinglesin 16. júní 1885.

Hinn máldaginn er Nr. 135, d.s. 26. mai 1885, óþinglesinn eins og áður er sagt. Aðra máldaga hef jeg enga.

Það er einkum viðvíkjandi Loptsst. sem mig vantar.

Virðingarfyllst
Dagur Brynjúlfsson.

Til sýslumannsins í Árnessýslu.
þingl. 10/6 1886

[- - -]

Ár 1920 hinn 12. maí, áttu hreppsnefndir Grímsness og Laugardalshreppa fund með sér, til að koma sér niður á skiftingu afrétta milli hreppanna breytingu á Réttarhöldum og fl. A fundinum vóru m ættir allir hreppsnefndarmenn Grímsneshr. og 2 úr hreppsnefnd Laugardalshrepps, (Jóhann Ólafsson gat ekki mætt sakir forfalla, fundarstjóri var kosinn Magnús Jónsson Klausturhólum, og var þar:

1. Lesin upp fundargerð frá 20. Ag. f.á. er haldin var að Laugarvatni til ráðagerðar um afréttarmál framvegis, samkvæmt þeirri fundarsamþykkt er þessi fundur haldinn.
2. Eptir nokkrar umræður kom nefndarmönnum saman um að skifta Afrettinum að fullu og öllu þannig milli hreppanna:
   Kálfstindar ráða ynnað Skífilfjallahorni, þaðan sjónhending um Skjaldbreið í Laugafell, þaðan í Svartan hnjúk vestan í Langjökli ynnaf jökulkróknum.
3. Samkomulag varð um að Grímsnesingar hirtu fé Laugdæla úr fyrstu réttum í Borgarfjarðarsýslu: Oddstaðarétt Rauðsgilsrétt Eyjarétt Brekkurétt og gildir sá samningur um 10 ára bil fyrir það fyrsta. Aftur lofa Laugdælir Grímsnesingum að hirða fé þeirra úr Biskupstungnaréttum öllum jafnlangan tíma, þó með því skilyrði að meiga reka það með sínu réttafé út í Laugardal, alla aðra millirekstra og fjárskil annast hl. hr. sjálfir.
4. Laugdælir haldi við dilk fyrir sig í Hólarétt Grímsnesingar í Laugardalsrétt.
5. Hreppsnefndarmenn Laugardalshrepps leggja ríka áherslu á að Grímsnesingar reki allt sitt sauðfé, sem til afréttar á að fara, svo fljótt sem hreppsnefndin telur það fært að vorinu enda hafi hún alla umsjón með rekstrunum svo sem að ráða rekstraforingja og annað er að þessu lítur.
   Sýslunefndarmönnum hreppanna var falið að sjá um að ákvæði þessu viðvíkjandi komist ynní Fjallskilareglugjörðina vestan Hvítár.
6. Hvor hreppur er skyldur að sjá um Refaveiðar í sínu landi á sinn kostnað, sumuleiðis hefur hvor hreppur andvirði óskilafjár í sínum ~~hreppi~~ réttum.
7. Barmarétt fellur niður, en aðalrétt Laugdæla verður framvegis á Laugavatni.

Fundi slitið.

Magnús Jónsson. Páll Guðmundsson. Gunnl. Þorsteinsson. Böðvar Magnússon. Magnús Þorkelsson. Guðl. Þórðarson. Ásmundur Eiríksson.

Lesið á manntalsþingi að Minniborg 27/6 1922 og fært inn í landamerkjabók nr. 337.
Magnús Torfason.
Gjald: 1 – ein – kr.
Gr. MT.

[- - -]

Eptir beiðni Ófeigs Vigfússonar að eg vildi gefa vottorð mitt, hvað eg heyrt hafði um mörk milli Árness og Gullbringu (og) Kjósarsýslu, og er það ekki annað, en endamark að sunnan væri í svokallaðan Sýslustein undir Geitahlíð og beina stefnu eptir háfjöllum til norðurs, sem þá væri um hæst Vífilfell, og eptir áliti þáverandi sýslumanns í Árnessýslu Þórðar sál. Sveinbjörnsson, (sem eg var þá á ferð með) að sú stefna væri til norðurs beint í nefndan Sýslhólma í Laxá, og mundi sú beinasta stefna um svokallað Lyklafell og vestanvert um Borgarhóla, og það nefnda línu án þess að nokkur vötn eða örnefni gera boga til austurs eða vesturs. Meira eður víðara hef ég ekki heyrt þessu til upplýsingar.

Dag 26. apríl 1871

Guðmundur Jakobsson, fyrrum búandi á Reykjum í Ölfusi, síðan á Vatnsenda og í Lambhúsum í Gullbr.sýslu.

Rétt afskript af frumritinu, er lagt var fram við aukarétt Árnessýslu 22. sept. 1873, en nú er geymt í Þjóðskjalasafninu. Vottar

Reykjavík 7. okt. 1921

Hannes Þorsteinsson

[- - -]

Útskript

úr lýsingu Árnessýslu eptir sýslumann P. Melsted, dagsettri í marzmánuði 1842 í handritasafni hins íslenska bókmenntafélags í Landsbókasafninu.

------------------------------

Jafnvel þó ég viti, að herra adjunctus Björn Gunnlaugsson hafi nákvæmlega dregið upp og skýrt frá takmörkum Árnessýslu í landakorti því, er hann hefur samið yfir hana, og þó eg sjálfur ei hafi aðra vissu en sögusögn manna fyrir takmörkum sýslunnar að vestan og norðanverðu tek eg samt tilgreina hér, hvað ég um téð takmörk heyrt hefi og hvað eg hef þar um í sýslunnar skjalasafni skrásett fundið.

Sá syðsti punktur takmarkanna millum Árness- og Gullbringusýslu eru þeir svonefndu Sýslusteinar undir Geitahlíð millum bæjanna Herdísarvíkur, sem heyrir til Árnessýslu, og Krýsuvíkur, sem heyrir til Gullbringusýslu. Frá Sýslusteinum ganga takmörkin beina stefnu yfir fjallið nálægt Vífilfelli til hins stóra steins, austan undir Lyklafelli, sem nefnist Sýslusteinn, þaðan beina stefnu í Borgarhóla á Mosfellsheiði, þaðan á syðri-Moldbrekkur, þaðan í Rjúpnagil millum bæjanna Stardals í Kjósar- og Stíflisdals í Árnessýslu, þaðan í vörðu, sem hlaðin er á Stóra-Sauðafelli, þaðan í Sýsluhólma í Stóru-Laxá, þaðan í Steinkirkju, þaðan í Súlur. Frá fjalli þessu byrja takmörk millum Árness- og Borgarfjarðarsýslu og ganga beina stefnu til Hrosshæða, þaðan til Uxahryggjar, þaðan í Leirárhöfða og þaðan til Eiríksnýpu í Baldjökli. Á öræfum uppi eru takmörkin milli Árnessýslu og Norðurlands ekki tilgreind eptir nokkrum örnefnum, svo að eg til viti, en líklega ráða hæstu fjallgarðar, eptir því sem vötnum hallar. Að austan og suðaustanverðu ræður Þjórsá takmörkum millum Árness og Rangárvallasýslna þaðan sem hún hefur sín upptök og allt til þess hún fellur í sjó út.

--------------------------------

Rétta útskript úr fyrrnefndri sýslulýsingu Árnessýslu vottar
Reykjavík 7. október 1921
Hannes Þorsteinsson

[- - -]

Sýslumörk

milli Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu hins vegar, eptir því sem eg heyrði í ungdæmi mínu fullorðna bændur og tilnefni eg hér 3: Gísla sál. Gíslason á Villingavatni, Þorleif sál. Guðmundsson á Nesjum og Guðmund sál. Sæmundsson á Hagavík, háaldraðan mann hér getinn og barnfæddan í Grafningnum nefna þar: Sýslusteinn á Krýsuvíkurbergi, þaðan fjöll norður í Kóngsfell, þá yfir Lyklafell (hvar stór steinn stendur norðanvert við fellið, sem þeir kölluðu alltíð Sýslustein) Borgarhóla og í Rjúpnagil, þaðan Sýsluhólma í Laxá í Steinkirkju, Kjöl norður gegnum Botnssúlur.

Þetta hér að ofanskrifað hef ég alltíð heyrt á báðar hliðar viðurkennd sýslumörk.
Ölvesvatni dag 29. júlí 1869
Ingimundur Gíslason.

Rétt afskript af skjali lögð fram við aukarétt Árnessýslu 22. sept. 1873, en nú geymt í Þjóðskjalasafninu.
Vottar
Reykjavík 7. okt. 1921
Hannes Þorsteinsson

[- - -]

Sýslumörk

milli Gullbringu- og Kjósarsýslu, samt Borgarfjarðarsýslu annars vegar og Árnessýslu hins vegar (eptir því sem ég heyrði í ungdæmi mínu fjölvísan mann, Kristján sál. Magnússon í Skógarkoti nefna þau)

Sýslustein á Krýsuvíkurbergi, þaðan fjöll norður í hæst Vífilfell, þá yfir Lyklafell, Borgarhóla og í Rjúpnagil, þaðan í Sýsluhólma í Laxá, í Steinkirkju, Kjöl norður gegnum Botnssúlur, yfir Öxahryggi í Leirárhöfða og Fanntófell og svo til austurs yfir Kaldadal í Jökul.

Þetta hérnefnda hef ég alltíð heyrt á báðar síður viðurkennt að vera sýslumörk
Hvammkoti þann 9. september 1869
Á. Björnsson.

Rétt afskript af frumritinu, er lagt var fram við aukarétt Árnessýslu 22. sept. 1873, er nú geymt í Þjóðskjalasafninu
vottar
Reykjavík 7. október 1921
Hannes Þorsteinsson